


Ársskýrsla 2013

Ársskýrsla 2013



Persónuvernd

Umbrot: Persónuvernd
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja 
ISSN 1670-3782

Formáli



Mannréttindi eru tiltölulega ný af nálinni í sögulegu tilliti, hvort sem litið er til hugmyndarinnar um réttindi sem allir njóti óháð staðbundnum aðstæðum eða til þeirra réttarreglna í landsrétti einstakra ríkja og í alþjóðlegum samningum sem ætlað er að vernda slík réttindi. Þess gætti að vísu í fornöld og á miðöldum að viðraðar væru hugmyndir um mikilvægi lífs og um að réttindi væru áskilin einstaklingum á grundvelli kynferðis þeirra, aldurs, trúar o.fl., til dæmis í lögum Hammúrabís og Kýrusar mikla Persakonungs. Það var hins vegar ekki fyrr en með Upplýsingunni sem sú skoðun fékk byr undir báða vængi að tiltekin réttindi væru allra, öðrum réttindum æðri og bæri að virða sérstaklega. Í kjölfarið tóku ríki til við að lögfesta sérstakar réttindaskrár fyrir borgarana, fyrst í hinum vestræna heimi.

Það er svo enn styttra síðan friðhelgi einkalífs og persónuvernd hlutu almenna viðurkenningu sem mannréttindi. Lítið er um ákvæði til verndar slíkum réttindum í fyrstu rituðu stjórnarskránum. Það er ekki í raun fyrr en komið er fram á 20. öld sem þess er víða farið að gæta í alþjóðlegum sáttmálum og að landsrétti að viðurkenndur sé réttur einstaklinga til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt og að til þess einkalífs heyri meðal annars persónuupplýsingar þeirra.

Því þarf ekki að koma á óvart að tekist sé á um persónuvernd. Þegar við bætist að friðhelgi einkalífs og persónuvernd eru meðal réttinda sem stangast geta á við önnur réttindi, svo sem tjáningarfrelsi, er viðbúið að seint verði komist að endanlegri niðurstöðu um hver þessi réttindi séu eða hvaða takmarkanir verði að viðurkenna á þeim.

Við ungan aldur persónuverndar og viðkvæma sambúð við önnur réttindi bætist svo að tæknibyltingu síðustu aldar hefur fylgt mikil ásókn í upplýsingar, einkum persónuupplýsingar. Bæði ríki og einkaaðilar eru sífellt að nýta tæknina til að vinna með fleiri tegundir persónuupplýsinga á nýstárlegri hátt en áður. Ríki réttlæta slíka vinnslu gjarnan með því að með henni verði öryggi borgaranna aukið og þjónusta ríkisins bætt eða að dregið verði úr kostnaði við rekstur þess. Einkaaðilar bjóða svo stöðugt upp á fleiri tegundir þjónustu við viðskiptavinum sína en gjarnan gegn því að fá æ ítarlegri upplýsingar um viðkomandi. Hinum nýju notum tækninnar fylgir að stöðugt meira af einkalífi borgaranna er afhjúpað og þjóðfélagsgerðin leiðir til þess að það forræði sem þeir hafa á persónuupplýsingum sínum minnkar.

Persónuvernd er því varnarbarátta sem er jafnt og þétt að tapast.

Á liðnu ári var ljóstrað upp um umfangsmiklar njósnir bandarískra stjórnvalda og margra annarra ríkisstjórna á Vesturlöndum um samskipti og persónulega hagi almennings víða um heim. Háttsemi sem almenningsur hafði talið að bundin væri við alræðisríki reyndist einnig stunduð af ríkjum sem litið hefur verið til sem brjóstvörn einstaklingsfrelsis og mannréttinda. Með aðstoð Netsins og tölvutækninnar búa þessi stjórnvöld nú yfir ítarlegri og áreiðanlegri upplýsingum um sérhvern borgara og líf þeirra en fordæmi eru fyrir í sögunni. Þrátt fyrir töluverðar opinberar umræður um afleiðingar þessa ægivalds og mikilvægi þess að draga úr því er fátt sem bendir til þess að gerðar verði grundvallarbreytingar sem stemmi stigu við þessari þróun. Varnarbaráttan virðist því dæmd til að halda áfram að tapast, að minnsta kosti að sinni.

31. mars 2014

*Hördur Helgi Helgason,
settur forstjóri*

Efnisyfirlit

Formáli	6
Efnisyfirlit	7
1. Almenn	11
1.1. Persónuvernd	11
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2013	11
1.3. Um starfið árið 2013	11
1.4. Um fjárreiður 2013	13
2. Hlutverk Persónuverndar	15
2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar	15
2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar	15
2.3. Um úttektir	16
3. Nánari umfjöllun um ýmis mál	17
3.1. Veitt leyfi 2013	17
3.1.1. Starfsleyfi fyrir Creditinfo Lánstraust hf.	17
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði	17
3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna	27
3.2. Nánar um ýmis mál	28
3.2.1. Miðlun og varðveisla persónuupplýsinga hjá opinberum aðilum – mál nr. 2013/369	28
3.2.2. Birting upplýsinga um að umsókn um greiðsluaðlögun hafi verið samþykkt – mál nr. 2013/920	29
3.2.3. Ólögmet uppfletting í vanskilaskrá – mál nr. 2013/898	29
3.2.4. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Þjóðskrá Íslands – mál nr. 2013/999	29
3.2.5. Persónuupplýsingum kvartanda miðlað til óviðkomandi aðila – mál nr. 2013/419	33
3.2.6. Meðferð tölvupósts hjá vinnuveitanda – mál nr. 2013/619	34
3.2.7. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands (ákvæði um heimild til öflunar persónugreinanlegra fjárhagsupplýsinga) – mál nr. 2013/743	35
3.2.8. Óheimil miðlun persónuupplýsinga frá lögreglu – mál nr. 2013/458	37
3.2.9. Synjun á leyfi vegna rannsóknar – mál nr. 2013/489	38
3.2.10. Óheimil miðlun myndefnis úr eftirlitsmyndavélum – mál nr. 2013/331	39
3.2.11. Skortur á viðvörðun um rafræna vöktun – mál nr. 2013/339	40
3.2.12. Óheimil vinnsla á upplýsingum úr skattskrá – mál nr. 2012/1203	43

3.2.13. Varðveisla sakavottorða hjá Akureyrarbæ – mál nr. 2013/512	49
3.2.14. Synjun á leyfi vegna rannsóknar – mál nr. 2013/213	54
3.2.15. Eftirlitsmyndavélar hjá kjötvinnslufyrirtæki – mál nr. 2013/119	59
3.2.16. Miðlun persónuupplýsinga um hælisleitanda – mál nr. 2012/1380	60
3.2.17. Almenn álit um vímuefnapróf – mál 2013/315.....	64
3.2.18. Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við erfðarannsókn – mál nr. 2013/52	67
3.2.19. Birting á gögnum hjá stjórnvaldi – mál nr. 2013/527	69
3.2.20. Fjárhagsupplýsingar um foreldra fjárráða einstaklinga – mál nr. 2012/180	72
3.2.21. Meðferð mynd- og hljóðefnis á dansípróttamótum – mál nr. 2012/981	76
3.2.22. Götusýn Já.is – mál nr. 2013/563	78
3.2.23. Vinnsla persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd – mál nr. 2012/964.....	83
3.2.24. Birting persónuupplýsinga í skýrslum rannsóknarnefnda – mál nr. 2013/382	89
3.2.25. Notkun eftirlitsmyndavéla á réttargeðdeild – mál nr. 2013/299	92
3.2.26. Aðgangur að gögnum hjá barnaverndarnefnd – mál nr. 2012/729	93
3.2.27. Fræðsluskylda vegna gæðarannsóknar á Landspítala – mál nr. 2011/1146	94
3.2.28. Fræðsluskylda Vinnumálastofnunar – mál nr. 2012/1390	94
3.2.29. Notkun eftirlitsmyndavéla – mál 2012/993	95
3.2.30. Miðlun upplýsinga um stéttarfélagsaðild – mál nr. 2012/1391	95
3.2.31. Miðlun persónuupplýsinga í tölvupósti – mál nr. 2012/377 og 212/376.....	97
3.2.32. Ákvörðun um leyfissynjun og um samþykki til áætlunar arfgerða – mál nr. 2012/1404	100
3.2.33. Spurningalisti lagður fyrir starfsmenn sveitarfélaga – mál nr. 2011/1189.....	109
3.2.34. Öflun tollstjóra á upplýsingum um skipverja – mál nr. 2012/1480	114
3.2.35. Skráning kennitalna sjúklinga í Vinnustund – mál nr. 2012/1433	114
3.2.36. Samþykkisyfirlýsingar hjá umboðsmanni skuldara – mál nr. 2012/1298	116
3.2.37. Miðlun persónuupplýsinga til óviðkomandi – mál nr. 2012/355	117
3.2.38. Birting upplýsinga á heimasíðu stjórnvalds – mál nr. 2012/867	118
3.2.39. Bakgrunnsathuganir lögreglu – mál 2012/969.....	118
3.2.40. Miðlun Vinnumálastofnunar til ráðningarpjónustustofa – mál nr. 2012/942.....	119
3.2.41. Synjað um endurupptöku – mál nr. 2012/1091	121
3.2.42. Fjárhagsupplýsingar sendar á opið póstfang – mál nr. 2012/983	124
3.2.43. Ólögð miðlun persónuupplýsinga frá banka – mál nr. 2011/1306	127
3.2.44. Eyðing persónuupplýsinga sem komu gegnum svikahnapp VÍS.....	128
3.2.45. Beiðni líknarsamtaka um skattframtal heimil – mál nr. 2012/691.....	133
3.2.46. Vinnsla VIRK ekki talin vera of viðtæk – mál nr. 2012/1074	133

3.2.47. Óheimil miðlun umboðsmanns skuldara – mál nr. 2012/831	135
3.2.48. Óheimil miðlun Landsbókasafns á félagatali kommúnista – mál nr. 2011/766	136
3.2.49. Óheimil miðlun nafnalista vegna rannsóknar – mál nr. 2012/398	137
3.2.50. Ættartengsl skilanevndarmanna; leyfisumsókn – mál nr. 2012/1436	139
3.2.51. Öflun fjárhagsupplýsinga um maka – mál 2012/633.....	141
3.2.52. Reglur fyrirtækis um aðgang að tölvupósti starfsmanna – mál nr. 2012/1403.....	141
3.2.53. Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara – mál nr. 2013/1247	141
3.2.54. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár – mál nr. 2013/1238	141
3.2.55. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands – mál nr. 2013/782	142
3.2.56. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar – mál nr. 2013/805	142
3.2.57. Drög að reglugerð ESB um vernd persónuupplýsinga – mál nr. 2012/1235	144
3.2.58. Umsögn um reglugerð um netöryggissveit – mál nr. 2012/1012.....	152
3.2.59. Umsögn um frumvarp til nýrrar stjórnarskrár – mál nr. 2012/1419	155
4. Erlent samstarf	157
4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana	157
4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana	157
4.3. Alþjóðlegt samstarf	158
4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins.....	158
4.5. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB.....	158
5. Ýmislegt fréttæmt af erlendum vettvangi	161
5.1. Vinnuhópur um upplýsingasöfnun Bandaríkjastjórnar á Netinu.....	161
5.2. Úttekt persónuverndarstofnunar í Lúxemborg á öryggi gagna hjá Skype og Microsoft	161
5.3. Rannsókn evrópskra persónuverndarstofnana á öryggi SWIFT greiðslumiðlunar	162
6. Lög og reglur.....	163
6.1. Lög nr. 77/2000	163
6.2. Breyting á auglýsingu um flutning persónuupplýsinga til annarra landa	180
6.3. Breyting á reglum nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.....	181
6.4. Breyting á reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.....	186



1. Almenn

1.1. Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2013

Formaður stjórnar var Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Auk hennar sátu í stjórn stofnunarinnar Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður, Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður og Sigrún Gunnarsdóttir, formaður Skýrslutæknifélagsins. Varamenn voru Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson, héraðsdómslögmaður, Ástríður Grímsdóttir, héraðsdómari og Þorvarður Kári Ólafsson, gæða- og öryggisstjóri frá Skýrslutæknifélagi Íslands.

Skipaður forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir (í leyfi 1. apríl 2013 til 31. mars 2014). Settur forstjóri í fjarveru hennar var Hörður Helgi Helgason hdl. Kolbrún B. Bjarnadóttir var skrifstofustjóri.


Starfandi lögfræðingar voru Þórður Sveinsson, Alma Tryggvadóttir (úr leyfi í september), Vigdís Eva Líndal (í leyfi frá október), Anna María Káradóttir (lét af störfum í mars), Teitur Skúlason (í leyfi frá febrúar) og Helga Grethe Kjartansdóttir.

1.3. Um starfið árið 2013

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölulið. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er þrettánda ársskýrsla Persónuverndar.


Líkt og fyrri ár hefur stöðug aukning orðið í fjölda innkominna erinda. Nýskráð mál á árinu 2013 voru 1.638 en á árinu voru einnig til afgreiðslu 190 óafgreidd mál frá fyrra ári. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 1.888 mál. Þar af höfðu 1.658 mál verið afgreidd við árslok.

Ný skráð mál Persónuverndar



Á árinu 2013 bárust Persónuvernd 485 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. Eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir tegundir og fjölda nýskráðra mála 2013.

Tegundir	Fjöldi
Erlent samstarf	116
Frumkvæðismál	31
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	510
Kvartanir/kærur/úrskurðir	90
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	29
Leyfisumsóknir	143
Mál vegna tilkynninga	485
Úttektarmál	0
Veitt leyfi	118
Annað	116
Alls	1638



1.4. Um fjárreiður 2013

Fjárveitingar á fjárlögum til Persónuverndar árið 2012 námu 62,9 millj.kr., þar af 60,0 millj.kr. framlag úr ríkissjóði en gert ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 2,9 millj.kr. Framlag úr ríkissjóði nam samtals 66,6 millj.kr., en það er hækkun um 2,5 millj.kr. frá árinu 2012. Sértekjur stofnunarinnar námu 15,8 millj.kr., sem komu til vegna vistaskiptasamninga við forsætisráðuneyti um forstjóra stofnunarinnar og við innanríkisráðuneyti um einn af lögfræðingum hennar. Því voru 82,4 millj.kr. til ráðstöfunar á árinu. Gjöld stofnunarinnar námu 74.567.580 millj.kr. og nam hagnaður ársins því 7,9 millj.kr. Í upphafi árs var greiðslustaða við ríkissjóð neikvæð um 6,0 millj.kr. en í lok árs jákvæð um 1,4 millj.kr.

Rekstrarreikningur ársins 2013

Helstu stærðir ársreikningsins eru þessar:

	2013	2012	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	15.826.238	521.985	2.900.000
Gjöld samtals.....	74.567.580	73.988.286	69.500.000
Framlag úr ríkissjóði.....	66.600.000	64.100.000	66.600.000
Hagnaður/tap ársins.....	7.858.658	-9.366.301	
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	1.419.718	434.462	
Skuldir samtals.....	189.903	7.063.305	
Höfuðstóll í árslok.....	1.229.815	-6.628.843	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	1.419.718	-6.002.360	

2. Hlutverk Persónuverndar

2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er 510 9600. Faxnúmer er 510 9606. Netfang er postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök

lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd.

Á ábyrgðaraðila hvílir skylda til að tilkynna Persónuvernd um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningar eru flestar sendar rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is. Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga eru nr. 712/2008. Í 4. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn má skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is.

Við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna fer Persónuvernd að verklagsreglum nr. 340/2003.

2.3. Um úttektir

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk, sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt, getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lúandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megji að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.

3. Nánari umfjöllun um ýmis mál

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2013. Fyrst er gerð grein fyrir starfsleyfum samkvæmt 45. gr. laganna, en síðan er gerð grein fyrir leyfum vegna ýmissa vísindarannsókna.

3.1. Veitt leyfi 2013

3.1.1. Starfsleyfi fyrir Creditinfo Lánstraust hf.

2013/1169 – Persónuvernd Creditinfo Lánstrausti hf. þann 19. desember 2013 nýtt starfsleyfi til vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni *einstaklinga*. Fallist var á að í stað þess að alfarið væri óheimilt að vinna með upplýsingar um endanlega samþykktu greiðsluáðlögun yrði það óheimilt þegar greiðsluáðlögunartímabili, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga, væri lokið.

3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ýmissa vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2013/89 – Emilíu Guðmundsdóttir, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Urði Njarðvík, lektor við Háskóla Íslands, Sigurrós Jóhannsdóttur, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Evald Sæmundsen, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og Lindu Hrönn Ingadóttur, cand. psych. nema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Athugun á tíðni og einkennum sérkennilegrar og áráttukenndrar hegðunar meðal barna með röskun á einhverfurófi í ljósi nýrrar skilgreiningar í DSM-5“.

2012/1504 – Karli Andersen, hjartalækni á LSH, og Davíð O. Arnar, yfirlækni hjartagáttar LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár Landspítala vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Gáttatíf og heilaáföll: CHA₂DS₂-VASc score í íslensku þýði“.

2012/1498 – Þórarni Sveinssyni, dósent við Háskóla Íslands, Héðni Jónssyni, sjúkraþjálfara, Ingu Dagmar Karlsdóttur, nema í sjúkraþjálfun, og Maríu Kristínu Valgeirsdóttur, nema í sjúkraþjálfun, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á reynslu lækna og sjúklinga af notkun hreyfiseðla“.

2012/1492 – Agnesi Þórólfsdóttur, geislafræðingi á geisladeild LSH, Önnu Einarsdóttur, geislafræðingi á LSH, og Jaroslövu Baumruk, geislafræðingi á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Stafrænar myndir nýttar til mats á skekkjum við geislameðferð krabbameina í grindarholi“.

2012/1437 – Ólöfu Sigurðardóttur, lækni á LSH, og Helgu Sigrúnu Sigurjónsdóttur, lífeindafræðingi á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Nærrannsóknir á Landspítala“.

2012/1402 – Maríu K. Jónsdóttur, Ph.D., verkefnisstjóra í taugasálfræði, sálfræðiþjónustu LSH, dags. 27. nóvember 2012, um leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „IQCODE (Informant questionnaire on cognitive decline in the elderly): Notkun og gagnsemi á minnismóttöku Landakots“.

2012/1333 – Önnu Maríu Halldórsdóttur, sérfræðilækni á LSH, Jóni Jóhannesi Jónssyni, yfirlækni lífefna- og sameindalíffræðistofu læknaeildar HÍ, Hlíf Steingrimsdóttur, yfirlækni á

Blóðlækningadeild LSH, Ólafi Eysteini Sigurjónssyni, forstöðumanni nýsköpunar og rannsókna, og Bjarka Guðmundssyni, doktorsnema í lífefna- og sameindalíffræðistofu læknaeildar HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Greining DNA skemmda í stofnfrumueiningum með tvívíðum þáttháðum rafdrætti“.

2012/1328 – Jens A. Guðmundssyni, yfirlækni kvenna- og barnasviðs á Landspítala, Krístrúnu R. Benediktsdóttur, lækni við Rannsóknastofu í meinafræði á Landspítala, Karli Ólafssyni, lækni á kvenna- og barnasviði á Landspítala, og Ásdísi Brögu Guðjónsdóttur, læknanema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár Landspítala og FSA, sem og aðgangs að Krabbameinsskrá, vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fellibelgsvefjarþunganir (Gestational trophoblastic disease): Tíðni á Íslandi árin 1981-2010“.

2012/1327 – Vilmundi Guðnasyni, forstöðulækni Hjartaverndar, Helga Jónssyni, lækni á LSH, Laufeyju Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Krabbameinsfélags Íslands, og Hrefnu Stefánsdóttur, meistaranema í lýðheilsuvísindum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tengsl milli hlutfalls fingralengdar (2D:4D) og blöðruhálskirtilskrabbameins (Second to fourth digit ratio (2D:4D) is associated with prostate cancer“.

2012/1288 – Hildigunni Svavarsdóttur, framkvæmdastjóra bráða-, fræðslu- og gæðasviðs og framkvæmdastjóri hjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri og Bergþóri Steini Jónssyni, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur endurlífgunar utan sjúkrahúsa árið 2012“.

2012/1469 – Þórdísi Katrínu Þorsteinsdóttur, verkefnastjóra Rannsóknarstofu LSH og HÍ í bráðafræðum; Guðlaugu Rakel Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra Bráðasviðs LSH, Fossvogi; og Önnu Ingibjörgu Gunnarsdóttur og Elínu Ingibjörgu Jacobsen, lyfjafræðingum á Apóteki LSH, Fossvogi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Lyfjasaga á bráðamóttöku; mat á ávinningi þess að lyfjafræðingur taki lyfjasögu“.

2013/62 – Helgu Zoëga, lektor við Háskóla Íslands, Drífu Pálín Geirsdóttur, meistaranema í lýðheilsuvísindum, Matthíasi Halldórssyni, lækni á geðsviði Landspítalans, Þórólfi Þórlindssyni, prófessor á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands, og Grétari Sigurbergssyni, geðlækni á læknamiðstöðinni Uppsölum, var veitt leyfi til aðgangs að lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun örvandi lyfja við ADHD (öfverkirni með athyglisbrest) meðal fullorðna á Íslandi 2003-2012“.

2013/75 – Halldóri Jónssyni Jr, yfirlækni á bæklunarskurðdeild LSH var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hryggáverkar alvarlegra hestaslysa“.

2013/89 – Emilíu Guðmundsdóttur, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Urði Njarðvík, lektor við Háskóla Íslands, Sigurrós Jóhannsdóttur, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Evald Sæmundsen, sálfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og Lindu Hrönn Ingadóttur, cand. psych nema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Athugun á tíðni og einkennum sérkennilegrar og áráttukenndrar hegðunar meðal barna með röskun á einhverfurófi í ljósi nýrrar skilgreiningar í DSM-5“.

2013/203 – Halldóri Jónssyni Jr, yfirlækni á bæklunarskurðdeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár Landspítala vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „LIA (Local Infiltration Analgesia) verkjastilling við gerviliðaaðgerðir á hnjúm“.

2013/211 – Elínu Vigdísi Guðmundsdóttur, laganema, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá ráðuneytinu og Útlendingastofnun vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Réttarstaða barna á flóttu samkvæmt alþjóðasamningum og íslensk lög og framkvæmd“.

2013/266 – Rúnari Helga Andrasyni, yfirsálfræðingi á Reykjalundi, og Elvu Brá Aðalsteinsdóttur, meistaranema við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá VIRK starfsendurhæfingarsjóðs vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Sérhæft mat á skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs: Tengsl sálfræðilegra prófa, markmiðssetningar og meðferðarúrreða“.

2013/278 – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur af endurlífgunum utan spítala á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2008 til og með 2011“.

2013/408 – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á Landspítala, Ármanni Jónssyni, deildarlækni á Landspítala, Tómasi Guðbjartssyni, yfirlækni á Landspítala og Bergrósu Kristínu Jóhannesdóttur, deildarlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Slasaðir með stunguáverka meðhöndlaðir á Landspítala árin 2000-2012“.

2013/368 – Maríu K. Jónsdóttur, verkefnisstjóra í taugasálfræði á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Íslensk þýðing Frontal Behavioral spurningalistans og gagnsemi hans á Minnismóttöku Landakots: Forrannsókn“.

2013/343 – Dagmar Kr. Hannesdóttur, sálfræðingi á Þroska- og hegðunarstöð, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Langtímarannsókn á tengslum ADHD einkenna á leikskólaaldri við námserfiðleika í grunnskóla“.

2013/322 – Gísla H. Sigurðssyni, prófessor og forstöðulækni á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „D vítamín búskapur hjá bráðveikum sjúklingum“.

2013/318 – Þóru Steingrímsdóttir, fæðingalækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Sitjandafæðingar á kvennadeild LSH 2001-2012“. Rannsóknin er verkefni Sigrúnar Tinnu Gunnarsdóttur, þriðja árs læknanema við Háskóla Íslands, til BS prófs í læknisfræði.

2013/289 – Elísabet Benedikz, yfirlækni á bráðadeild Landspítala í Fösvogi, Hilmari Kjartanssyni, sérfræðilækni og Bryndísi Sigurðardóttur, sérfræðilækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Öryggi og árangur á meðferð með cefazolin/probenesíð einu sinni á dag sem göngudeildarmedferð við húðnetjubólgu“.

2013/286 – Davíð O. Arnar, yfirlækni á hjartadeild Landspítala (LSH), var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tengsl gáttatífs og blóðflæðis til heila“.

2013/269 – Margréti Gísladóttur, sérfræðingi í hjúkrun á barna- og unglíngageðdeild Landspítala, og Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur, prófessors, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Meðferðarsamræður við fjölskyldur unglínglinga með ADHD borið saman við hefðbundna meðferð“.

2013/267 – Valgerði Sigurðardóttur, yfirlækni á Líknardeild Landspítala og Guðlaugu Helgu Ásgeirsdóttur, sjúkrahúspresti Þjóðkirkjunnar, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Alþjóðleg forprófun á áreiðanleika og gildi spurningalista um andlega líðan, EORTC-QLQ SW36“.

2013/256 – Grétari Guðmundssyni, sérfræðingi í taugalækningum, Jónínu Hólmfríði Hafliðadóttur, hjúkrunarfræðingi, Alfons Ramel, fræðimanni á Rannsóknarstofu í næringarfræði og Ólöfu Guðný Geirsdóttur, sérfræðingi á rannsóknarstofu Landspítalans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Næringarástand sjúklinga með Parkinson sjúkdóm“.

2013/247 – Árunu K. Sigurðardóttur, prófessor við Háskólann á Akureyri, Sólveigu Ásu

Arnardóttur, lektor við sjúkráþjálfunardeild Háskóla Íslands, og Steinunni Birnu Svavarsdóttur, hjúkrunardeildarstjóra heilsugæslunnar á Selfossi og meistaranema við Háskólann á Akureyri, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi (HSU) vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Heilsueflandi heimsóknir til 80 ára einstaklinga á Árborgarsvæðinu“.

2013/228 – Þórdísi Katrínu Þorsteinsdóttur, verkefnastjóra Rannsóknastofu LSH og HÍ í bráðafræðum, Hlíf Guðmundsdóttur, sérfræðingi í öldrunarhjúkrun á LSH, Elísabetu Guðmundsdóttur, verkefnastjóra á fjármálasviði LSH, Helgu Rósu Másdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, Lovísu A. Jónsdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, og Ingibjörgu Sigurþórsdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá Landspítala vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Endurteknar komur aldraðra á bráðamóttökur Landspítala árin 2008-2012“.

2013/224 – Birni Rúnari Lúðvíkssyni, prófessor og yfirlækni á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hlutverk örveru og ensím hindrandi peptíða í ónæmisfræði sóra“. Samstarfsaðilar Björns Rúnars eru Bolli Bjarnason, húð- og kynsjúkdómalæknir hjá Útlíslækning ehf., Guðmundur Bergsson og Una Bjarnadóttir, náttúrufræðingar á ónæmisfræðideild Landspítala.

2013/181 – Óskari Þór Jóhannssyni, Ásgerði Sverrisdóttur, Helga Sigurðssyni, og Sigurði Björnssonar, sérfræðinga í krabbameinslækningum á Landspítala, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Fjölsetra rannsókn á notkun Trastuzúmab Emtansíns (T-DM1) hjá sjúklungum með langt gengið staðbundið brjóstakrabbameins eða brjóstakrabbameins með meinvörpum, sem tjáir HER2-viðtakann, og áður hafa fengið meðferð með mótefnum gegn HER2 eða krabbameinslyfjum“.

2013/180 – Magna Sigurjóni Jónssyni, Dóru Lúðvíksdóttur, Eyþóri Björnssyni, Gunnari Guðmundssyni, og Stefáni Þorvaldssyni, sérfræðingum í lungnasjúkdómum á Læknasetrinu, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Fjölsetra, slembiröðuð, tvíblind, rannsókn þar sem borin eru saman áhrif meðferðar með QVA 149 (indacateról maleate / glycopyrroníum brómíð) ásamt lyfleysu við salmeteról/flútíkason ásamt lyfleysu, í 52 vikur, á tíðni versnana hjá sjúklungum með meðal slæma eða mjög slæma langvinna lungnateppu“.

2013/102 – Rúnari Reynissyni, heimilislækni á Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Eyjólfri Þorkelssyni, lækni hjá HSA og Elísabetu Gylfadóttur, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Ómskoðanir á meðgöngu í heilsugæslu í dreifbýli á 10 ára tímabili“.

2013/94 – Guðrúnu Kristjánsdóttur, prófessor í hjúkrunarfræði og forstöðumanni fræðasviðs barnahjúkrunar, Lilju Björk Sigmundsdóttir og Lóu Rún Björnsdóttur, nemum í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Blóðeitrun meðal nýbura á Landspítala árin 2010-2011: algengi, einkenni og áhættuþættir“.

2013/85 – Fritz H. Berndsen, yfirlækni á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HSV), og Mörtu Rós Berndsen, kandídat, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangur Gallkögunar á Sjúkrahúsi Akraness 2003-2010“.

2013/82 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi í þágu Áhættuþáttakönnunar Hjartaverndar: REFINE Reykjavík Study.

2013/81 – Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, sérfræðilækni á LSH og Andra Snæ Ólafssyni, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Addison-sjúkdómur á Íslandi, algengi, meðferð og tíðni annarra sjúkdóma hjá þessum sjúklingahóp“.

2013/80 – Helga Sigurðssyni, prófessor og yfirlækni í krabbameinsslækningum, Laufeyju Tryggvadóttir, klínískum prófessor og Gunnari Kristjánssyni, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og Krabbameinsskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Meðferð og forspárþættir íslenskra brjóstakrabbameinssjúklinga árin 1980 - 2011“.

2013/68 – Kristínu Huld Haraldsdóttur, skurðlækni og Margréti Brands Viktorsdóttur, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Meðferð á miltisáverkum 2006-2012. Áhrif æðaþræðingar í miltisslagæð á aðgerðartíðni“.

2013/44 – Önnu Sigríði Vernharðsdóttur, yfirljósmóður og deildarstjóra fæðingardeildar 23 A á Landspítala (LSH), Ragnheiði Bjarnadóttur, fæðingarlækni á kvennadeild LSH og Hildi Sólveigu Ragnarsdóttur, hjúkrunarfræðing og ljósmóðurnema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Inngrip í fæðingarferlið - Fagleg úttekt“.

2013/28 – Eddu Björgu Bjarnadóttur, sálfræðinema við Háskólann í Reykjavík, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá á Stuðlum vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhættumat ungmenna á Stuðlum“.

2013/21 – Rafni Benediktssyni, prófessor við Háskóla Íslands og yfirlækni innkítla- og efnaskiptadeildar Landspítala og Andreas Bergmann, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Gæði og árangur meðferðar við sykursýki á legudeildum Landspítalans“.

2012/1410 – Örnú Guðmundsdóttur, sérfræðilækni á Landspítala (LSH), Laufeyju Dóru Áskeldsdóttur, 3. árs læknanema, Ómari Sigurvin Gunnarssyni, deildarlækni og meistaranema og Hildi Harðardóttur, yfirlækni á Kvennadeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og Fæðingarskrá landlæknis í þágu rannsóknarinnar „Sykursýki 2 í kjölfar meðgöngusyksýki“.

2012/1243 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi í þágu Öldrunarrannsóknar Hjartaverndar.

2012/1105 – Herdísí Finnbogadóttur, Erlu Sigríði Grétarsdóttur, Guðbjörgu Daníelsdóttur, Þóreyju Eddu Heiðarsdóttur, Katrínu Sverrisdóttur, og Sólveigu Ernu Jónsdóttur, sálfræðinga á geðsviði Landspítala var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Árangursmat á sex mánaða göngudeildarmeðferð, Lífsfærni (díalektískri atferlismeðferð-DAM) (*dialectical behavior therapy* (DBT)), fyrir einstaklinga með jaðarpersónuleikaröskun (*borderline personality disorder*)“.

2012/1318 – Rafni Benediktssyni, prófessor og sérfræðingi í innkirtlafræðum, og Þórunni Halldórsdóttur, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber heitið „Tegund 1 sykursýki meðal fullorðinna á Íslandi; aftursæ hóprannsókn“. Þá var einnig veitt leyfi til öflunar upplýsinga frá Sjúkratryggingum Íslands.

2012/1394 – Sigurði Guðmundssyni, smitsjúkdómalæknis og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og Alexander Elfarssyni, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Heilaígerðir á Íslandi 1993-2012“.

2012/1463 – Margréti Árnadóttur, sérfræðilækni, var veitt heimild til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Brátt síðuheilkenni: samanburður við bráða nýrnabilun af öðrum toga“.

2013/98 – Reyni Tómasi Geirssyni yfirlækni á kvenna- og barnasviði Landspítala, Aroni Bertel Auðunssyni læknanema, Ragnheiði Ingibjörgu Bjarnadóttur sérfræðilækni og lektor, Páli Torfa Önundarsyni yfirlækni og prófessor, Ásbirni Jónssyni framkvæmdastjóra rannsóknarsviðs Landspítala og Sigurði Yngva Kristinssyni, sérfræðilækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Blóðsegamyndun hjá íslenskum konum á barneignaraldri“.

2013/100 – Ásgeiri Haraldssyni, yfirlækni á Barnaspítala Hringisins, Landspítala og prófessor í barnalækningum við Háskóla Íslands, Karli G. Kristinssyni, yfirlækni á Sýklafræðideild Landspítala og prófessor í sýklafræði við Háskóla Íslands, og Helgu Erlendsdóttur, lífeindafræðingi og klínískum prófessor í lífeindafræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og samkeyrslu upplýsinga frá Sjúkratryggingum Íslands við lyfjagagnagrunn landlæknis og bólusetningargrunn sóttvarnarlæknis vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Vice - Áhrif pneumókokkabólusetninga á Íslandi“.

2013/101 – Einari B. Björnssyni, prófessor og yfirlækni, Guðmundi Bergssyni, náttúrufræðingi og Birni Rúnari Lúðvíkssyni, prófessor og yfirlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun Calprotectins við mat á virkni anti-TNA á lyfja á ristilbólgu“.

2013/162 – Þorvaldi Ingvarssyni, framkvæmdastjóra þróunarviðs Össurar ehf., var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hönnun og prófun mjadmaspelkna til meðferðar á slitgigt í mjöðm“.

2013/169 – Runólfi Pálssyni, yfirlækni nýrnalækningaeiningar Landspítalans, Ólafi Skúlasyni sérfræðilækni á nýrnalækningaeiningunni og Elíasi Kristinssyni læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Algengi og framrás arfgengs blöðrunýrnasjúkdóms með ríkjandi erfðamáta“.

2013/197 – Halldóru Eyjólfsdóttur, staðgengli yfirsjúkraþjálfara á Landspítala, Maríu Ragnarsdóttur, rannsóknasjúkraþjálfara og leiðbeinanda Halldóru til PhD gráðu og Guðmundi Geirssyni, sérfræðilækni og umsjónarkennara Halldóru til PhD gráðu, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Virgkni grindarbotnsvöðva, mynstur öndunarhreyfinga og líkamsstaða í standandi stöðu hjá konum með og án áreynsluþvagleka. Einblinduð samanburðar- og þversniðsrannsókn“.

2013/202 – Tryggva Helgasyni, sérfræðingi í barnalækningum á Landspítala, Ölmum Björk Guttormsdóttur, hjúkrunarfræðingi, Berglinði Brynjólfsdóttur, sálfræðingi, Önnu Sigríði Ólafsdóttur, næringarfræðingi og Ragnari Bjarnasyni, barnalækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif holdafars, líðan og lífstíls á frávik í efnaskiptum barna og unglínga“.

2013/248 – dr. Zuilmu Gabríelu Sigurðardóttur, dósent í sálfræðideild Háskóla Íslands, Maríu Sigurjónsdóttur, þroskaþjálfara á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og mastersnema í sálfræðideild HÍ, og Atla Frey Magnússyni, atferlisfræðingi á Greiningar- og ráðgjafarstöð, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Áhrif vals á þjálfunaraðstæðum á nám barna með einhverfu“.

2013/282 – Elínu Diónnu Gunnarsdóttur, dósent við Háskólann á Akureyri, Ingvari Þóroddssyni, deildarlækni á endurhæfingardeild Kristnesspítala, og Sigrúnu Heimisdóttur, sálfræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhrif þverfaglegrar meðferðar á verkjastjórnun“.

2013/300 – Má Kristjánssyni, yfirlækni á smitsjúkdómadeild Landspítala, Ólafi Guðlaugssyni, yfirlækni á sjúklingavarnadeild Landspítala, og Maríu Reynisdóttur, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Spítalablóðsýkingar á skurð- og lyflækningadeildum LSH 2007-2011“.

2013/356 – Sigurlaugu Maríu Jónsdóttur, sálfræðingi í átröskunarteymi geðsviðs LSH - Hvítabandi, Andra Steinþóri Björnssyni, lektor við sálfræðideild Háskóla Íslands, Herðísi Finnbogadóttur, sálfræðingi í lífsfærniteymi geðsviðs LSH og Ásmundi Gunnarssyni, cand. psych. nema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber

yfirskriftina „Líkamsskynjunarröskun (body dysmorphic disorder): Algengi og meðferðarsvörun á Hvítabandi LSH“.

2013/517 – Herdísí Sveinsdóttur, prófessor og forstöðumanni fræðasviðs aðgerðarhjúkrunar á hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Rakel Valdimarsdóttur, hjúkrunarfræðingi á geðsviði Landspítala, Halldóri Kolbeinssyni, yfirlækni endurhæfingar geðsviðs á Landspítala, Sigurði P. Pálssyni, yfirlækni öryggis- og réttargeðþjónustu á Landspítala og Rósu Dagbjörtu Hilmarsdóttur, hjúkrunarfræðinema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Rannsókn á sjálfsskaðandi hegðun sjúklinga á geðsviði LSH“.

2013/521 – Garðari Mýrdal, forstöðumanni geislaeðlisfræðideildar Landspítala, Mariu Sastre, eðlifræðingi við geislaeðlisfræðideild Landspítala og Þóru Sif Guðmundsdóttur, meistaranema í geislafræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Þættir sem ráða árangri geislameðferðar gegn leghálskrabbameini“.

2012/601 – Barnaverndarstofu, dr. Urði Njarðvík, dósent við Háskóla Íslands og Lucindu Árnadóttur, sálfræðinema við Háskóla Íslands var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Líðan og hegðun barna sem búð hafa við heimilisofbeldi á Íslandi“.

2013/392 – Ingibjörgu Hjaltadóttur, hjúkrunarfræðingi PhD á lyflækningasviði Landspítala, Ástu Thoroddsen, PhD og dósent við Háskóla Íslands, Guðrúnu Dóru Guðmannsdóttur, MSc, sérfræðingi í öldrunarhjúkrun á lyflækningasviði Landspítala, Eydísi Sveinbjarnardóttur, PhD, geðhjúkrunarfræðingi á geðsviði Landspítala, Hólmsfríði Guðmundsdóttur, MSc og tannlækni hjá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, var veitt leyfi til aðgangs að RAI-gagnagrunni landlæknis vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Gæði umönnunar, þróun á heilsufari, færni og lifun íbúa á hjúkrunarheimilum“.

2013/363 – Herdísí Steingrímsdóttur, lektor við hagfræðideild Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn og Örnú Varðardóttur, doktorsnema í hagfræði við Hagfræðiháskóla Stokkhólms í Svíþjóð, var veitt leyfi til aðgangs að fæðingarskrá landlæknis vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afleiðingar streitu á meðgöngu: Áhrif fjármálakreppunnar á Íslandi á fæðingarútkomur kvenna“.

2013/306 – Elísabetu Benedíks, yfirlæknis bráðalækninga á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Aukin dánartíðni innan 30 daga vegna örtraðar á bráðamóttöku“.

2013/270 – Aroni Björnssyni, yfirlækni á heila- og taugaskurðdeild Landspítala, Hildi Einarsdóttur, sérfræðilækni á myndgreiningardeild Landspítala, Guðrúnu Lilju Óladóttur, deildarlækni á myndgreiningardeild Landspítala og Elfari Úlfarssyni og Ingvari H. Ólafssyni, sérfræðilæknum á heila og taugaskurðdeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afdrif sjúklinga í kjölfar myndrannsóknna á lendhrygg“.

2013/236 – Helga Jónssyni, prófessor, Vilmundi Guðnasyni, forstöðulæknis Hjartaverndar og Þorvaldi Ingvarssyni, bæklunarlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Er þétt tPA (tissue plasminogen activator) í sermi á miðjum aldri áhættuþáttur fyrir því að þurfa gervilið í hné eða mjöðm vegna slitgigtar“.

2013/138 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna úr landi vegna lífsýna sem unnið er með í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar, sem og svonefndu CARTARDIS-verkefni sem felur í sér tiltekið samstarf við erlenda aðila vegna bæði Öldrunarrannsóknarinnar og Áhættuþáttkönnunnar Hjartaverndar.

2013/469 – Hjartavernd var veitt leyfi til aðgangs að dánarmeinaskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Áhættuþáttkönnun Hjartaverndar“.

2013/567 – Karli Andersen, hjartalækni á Landspítala, Rafni Benediktssyni, yfirlækni á Landspítala, Vilmundi Guðnasyni, forstöðulækni Hjartaverndar, Ingu S. Þráinsdóttur, hjartalækni á Landspítala, Ísleifi Ólafssyni, yfirlækni á Landspítala, Bylgju Kjærsted, deildarstjóra á Landspítala, Auði Ketilsdóttur, hjúkrunarfræðingi á Landspítala, Þórarni Árna Bjarnasyni, læknanema við Háskóla Íslands, og Lindu Björk Kristinsdóttur, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Sykursýki og skert sykurþol í bráðum kransæðasjúkdómi“.

2013/568 – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á meltingardeild Landspítala, Hólmfríði Helgadóttur, læknanema, og Magdalenu Sigurðardóttur, hjúkrunarfræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og lyfjagagnagrunni landlæknis vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Munur á skömmtum á prótónpumpuhemlum til karla og kvenna“.

2013/579 – Kristjáni Linnet, lyfjafræðingi á Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Jóhanni Ágústi Sigurðssyni, yfirlækni Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Magnúsi Jóhannssyni, lækni hjá embætti landlæknis, Emil Lárusi Sigurðssyni, yfirlækni heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og lyfjagagnagrunni landlæknis, ásamt samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun svefnlyfja og róandi lyfja á Íslandi, algengi og nýgengi og tengsl við sjúkdómaklasa“.

2013/621 – Kolbrúnu Gísladóttur, hjúkrunardeildarstjóra á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Heilbrigðisþjónustu yfir landamæri - tækifæri og áskoranir fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu“.

2013/640 – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni á meltingardeild Landspítala, Baldvini Inga Gunnarssyni, læknanema, Mariönnu Garðarsdóttur, Hjalta Má Björnssyni og Sigurði Ólafssyni, sérfræðilæknum í myndgreiningu, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Gallvegaskaði af völdum lyfja“.

2013/698 – Jónínu Sigríði Birgisdóttur, yfirljósmóður á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og meistaranema, og Helgu Gottfredsdóttur, dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fæðingarsamtal við ljósmóðir í 36. viku meðgöngu“.

2013/747 – Vinnumálastofnun var veitt heimild til miðlunar persónuupplýsinga til Mímis-símenntunar vegna verkefni sem ber yfirskriftina „Greining á starfsmenntun pólskra atvinnuleitenda á Íslandi“.

2013/748 – Jóni Gunnlaugi Jónassyni, prófessor og yfirlækni Krabbameinsskrár Íslands, Bjarna A. Agnarssyni, prófessor og yfirlækni Rannsóknarstofu í meinafræði á LSH, og Hrafnhildi Birgisdóttur, meistaranema við líffræðideild HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og krabbameinsskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Hvert er mikilvægi þess að greina óeðlilega (atypíska) kirtla í grófnálarsýnum frá blöðruhálskirtli?“

2013/794 – Þórði Þórkelssyni, yfirlækni á Barnaspítala Hringsins, Hörpu Viðarsdóttur, doktorsnema við HÍ, Ragnari G. Bjarnasyni, yfirlækni Barnaspítala Hringsins, Reyni T. Geirssyni, yfirlækni kvennadeildar Landspítala, Leifi Franzsyni, sérfræðingi í klínískri lífefnafræði við sameinda- og erfðalæknisfræðideild Landspítala, Unni A. Valdimarsdóttur, dósent við lýðheilsudeild HÍ og Þórhalli Inga Halldórssyni, lektor og deildarforseta næringar- og matvælafræðideildar HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tengsl mjög mikillar fæðingarþyngdar og efnaskipta í móðurkviði“.

2013/740 – Dagmari Kristínu Hannesdóttur, sálfræðingi var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Breytingar á stýrifærni (executive functions) hjá

börnum með ADHD á Snillinganámskeiði“.

2013/892 – Kristjáni Skúla Ásgeirssyni, Þorvaldi Jónssyni, skurðlæknum á Landspítala, og Jóni Gunnlaugi Jónassyni, meinafræðingi á Landspítala var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Getur samburður á meinafræði og skurðmeðferð brjóstakrabbameina á Íslandi og í Færeyjum varpað ljósi á mikilvægi kembileitarinnar?“.

2013/1270 – Jóni Ólafi Skarphéðinssyni, prófessor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tíðni óráðs hjá sjúklingum á gjörgæsludeildum LSH“.

2013/1132 – Gísla Heimi Sigurðssyni, yfirlækni á Landspítala-háskólasjúkrahúsi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „International Multicentre PREvalence Study on Sepsis (IMPRESS)“.

2013/1116 – Önnu Kristínu Newton, sálfræðingi á Stuðlum - meðferðarstöð ríkisins, Ásgeiri Péturssyni, meistaraneima í félagsráðgjöf og Freydísi J. Freysteinsdóttur, dósent við Háskóla Íslands var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Tengsl þroskaskerðingar við niðurstöður áhættumats“.

2013/1065 – Halldóri Jónssyni Jr, yfirlækni á Landspítala-háskólasjúkrahúsi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Klínískt matskerfi fyrir sjúklinga sem eru að fara að - og eru búnir að gangast undir heildarmjaðmaliðarskipti“.

2013/967 – Dagmari Kr. Hannesdóttur sálfræðingi var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Athugun á kvíðaeinkennum í klínísku þýði með ADIS greiningarviðtali“.

2013/951 – Vigdís Pétursdóttur, lækni og sérfræðingi í meinafræði á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og lífsýnasafni vegna rannsóknarinnar „Risafrumuæðabólga (GCA) og varicella zoster virus (VZV)“.

2013/821 – Karli G. Kristinssyni, yfirlækni á Landspítala, Maríu Heimisdóttur, yfirlækni á Landspítala og Magnúsi Gottfredssyni yfirlækni á Landspítala, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Áhrif sparnaðar á sýklalyfjanotkun, greiningu og afdrif sjúklinga með smitsjúkdóma“.

2013/800 – Reyni Arngrímssyni, dósent, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Genaleit í ættlægi meðgöngueitrun í fjölskyldum á Íslandi“.

2013/776 – Magnúsi Gottfredssyni, yfirlækni á Landspítala, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Ættlægni dauðsfalla af völdum mislinga á Íslandi“.

2013/709 – Þórarni Gíslasyni, yfirlækni á Landspítala og prófessor, og Íslenskri erfðagreiningu ehf., var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Áhættuþættir kæfisvefns og afleiðingar hans“.

2013/622 – Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur, forstöðumanni félagsvísindastofnunar Íslands, og Rannveigu Traustadóttur, prófessor og forstöðumanni Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Rannsóknar á þjónustu sveitarfélaganna til fatlaðs fólks og áhrifum hennar á val á búsetu“.

2013/601 – Steinunni Bergmann, f.h. Barnaverndarstofu, Dr. Urði Njarðvík, dósent við sálfræðideild Háskóla Íslands, og Lucindu Árnadóttur, sálfræðinema við Háskóla Íslands, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Líðan og hegðun barna sem búið hafa við heimilisofbeldi á Íslandi“.

2013/579 – Kristjáni Linnet, lyfjafræðingi á Þróunarstofu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Notkun svefnlyfja og róandi lyfja á Íslandi, algengi og nýgengi og tengsl við sjúkdómaklasa“.

2013/577 – Vilmundi Guðnasyni, forstöðulækni hjá Hjartavernd, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Áhættumat fyrir æðakölkun í hálsslagæðum“.

2013/1586 – Þórði Þorkelssyni, yfirlækni á vökudeild Barnaspítala Hringingsins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Skemmdir í hvíta efni heila fyrirbura - tíðni, helstu áhættuþættir og afleiðingar“.

2013/1471 – Elfu Þöll Grétarsdóttur, hjúkrunarfræðingi á Landspítala háskólasjúkrahúsi Landakoti, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Forprófun á matstækinu Pain assessment in advanced dementia (PAINAD) til að meta verki hjá einstaklingum sem eiga erfitt með að tjá sig um verki“.

2013/1411 – Íslenskri erfðagreiningu og Þorvaldi Jónssyni ásamt Embætti landlæknis og Krabbameinsskrá var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga, samkeyrslu og miðlunar í þágu íslenska krabbameinsverkefnisins (ÍKV).

2013/1372 – Karli Erlingi Oddasyni, deildarlækni á skurðsviði Landspítala, Baldvini Þ. Kristjánssyni, þvagfæraskurðlækni á Landspítala og Garðari Mýrdal, eðlisfræðingi á Landspítala var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Innri geislameðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli á Íslandi“.

2013/1291 – Birni Guðbjörnssyni, sérfræðingi á LSH og prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Meðferðarárangur líftæknilyfja í flokki TNF-a hemla (adalimumab, etanercept, infliximab) við iktsýki (Rheumatoid Arthritis=RA) og sóragigt (Psoriatic Arthritis=PsA) með sérstöku tilliti til stuðningsmeðferðar með methotrexate (MTX), ásamt samanburði á meðferðarheldni þessara sjúklingahópa og athugun á ástæðu fyrir stöðvun meðferðar“.

2013/1209 – Jónu Benný Kristjánsdóttur var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Tryggir íslensk löggjöf um sjúklingatryggingu jafnræði fyrir sjúklinga sem lenda í áföllum í tengslum við læknismeðferðir“.

2013/1145 – Óttari Ármannssyni, heilsugæslulæknis, var veitt heimild til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Meðferð og afdrif sjúklinga með bráða kransæðastíflu í Egilsstaðalæknishéraði á árunum 2008–2013“.

2013/1071 – Viðari Erni Eðvarðssyni, sérfræðingi í nýrnalækningum barna á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Klínísk rannsókn á lyfjameðferð sjúklinga með APRT-skort: Ný aðferð til mælinga á 2,8-dihydroxýadeníni og annarra lykilmúrína í þvagi“.

2013/1025 – Ragnari Danielsen, sérfræðingi í almennum lyflækningum og hjartalækningum, og Ingibjörgu J. Guðmundsdóttur, sérfræðingi í hjartalækningum, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Slembaðrar, fjölsetra samanburðarrannsóknar við lyfleysu með samhliða hópum til að ákvarða áhrif meðferðar með AMG 145 á sjúkdómsbyrði vegna kransæðakölkunar sem mæld er með ómun hjá sjúklingum sem gangast undir hjartaþræðingu“.

2013/951 – Vigdís Pétursdóttur, lækni og sérfræðing í meinafræði á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Risafrumuæðabólga (GCA) og varicella zoster virus (VZV)“.

2013/900 – Rósu Björk Barkardóttur var veitt leyfi til flutnings lífsýna til Englands vegna rannsóknarinnar „Leit að fleiri erfðavísimum tengdum brjóstakrabbameini“.

2013/857 – Íslenskri erfðagreiningu ásamt Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Rannsóknastofunni í Mjódd var veitt heimild til aðgangs að sjúkraskrá og miðlunar í þágu rannsóknarinnar „Leit að erfðabáttum sem stuðla að frávikum ýmissa blóðgilda“.

2013/722 – Gunnari Þóri Gunnarssyni, sérfræðingi í lyflækningum og hjartasjúkdómum, Runólfi Pálssyni, sérfræðingi í lyflækningum og nýrnasjúkdómum og Berglinni Aðalsteinsdóttur, deildarlækni lyflækningasviðs á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Arfgerð og svipgerð sjúklinga með Fabry-sjúkdóm á Íslandi“.

2013/680 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna til Þýskalands vegna Áhættuþáttakönnunar Hjartaverndar.

2013/679 – Hjartavernd var veitt leyfi til flutnings lífsýna til Þýskalands vegna öldrunarrannsóknar Hjartaverndar.

3.1.3. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna annarra rannsóknarverkefna en þeirra sem voru á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

2013/50 – Pálinu Ásbjörnsdóttur, laganema, var veittur aðgangur að gögnum hjá Útlendingastofnun og ráðuneyti vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Stjórnsýsluframkvæmd á brottvísunum skv. 20. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002“.

2013/176 – Kolbrúnu Þorkeldsdóttur, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og Barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Réttur barna seinfærra foreldra“.

2013/506 – Barnaverndarstofu var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Áhrif bakgrunnsbreyta á frásögn barna á kynferðislegu ofbeldi.“ Vinnsluaðili rannsóknarinnar er Gunnhildur Gunnarsdóttir, sálfræðinemi við Háskóla Íslands.

2013/520 – Barnaverndarstofu var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Þróun áhrifaþátta í framburði barna í Barnahúsi. Samanburður á gögnum Barnahúss frá '98-'03 og '08-'10 og þeim þáttum í framburði barna sem hafa áhrif á birtingu ákæra og sakfellingar.“ Vinnsluáðilar rannsóknarinnar eru Bjarki Þór Sigvarðsson og Linzi Trosh, sálfræðinemar við Háskóla Íslands.

2013/46 – Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. var veitt leyfi til flutnings persónuupplýsinga úr landi, n.t.t. til Rio Tinto Shared Services í Ástralíu.

2013/179 – Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. var veitt leyfi til flutnings persónuupplýsinga úr landi til Rio Tinto India Private Limited, Indlandi, ADP Workspace Inc. í Bandaríkjunum og CSC Australia PTY Ltd. í Ástralíu.

2013/763 – Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Helga Michael Magnússyni, B.A.-nema í afbrotufræði við Stokkhólmsháskóla, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Umfang skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi“.

2013/823 – Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og Sunnefu Burgess, meistaranema í afbrotufræði við University of Leicester var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Kortlagning ofbeldisbrota (skilgreint sem kynferðisbrot önnur en sífjaspell, rán og líkamsárásir) á höfuðborgarsvæðinu“.

2013/1207 – Eiríki Valberg og Ríkissaksóknara var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í

þágu rannsóknarinnar „Eru yfirheyrsluaðferðir notaðar af lögreglu á Íslandi árangursríkar í að kalla fram heildræna og áreiðanlega framburði?“

2013/1120 – Hafnarfjarðarbæ, Steinunni Hrafnasdóttur, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Drífu Andrésdóttur, meistaranema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Rannsókn á aðgerðum barnaverndarnefndar í Hafnarfirði vegna barna sem bíða tjóns af áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra“.

2013/1032 – Kristrínu Kristjánsdóttur, meistaranema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, Unni V. Ingólfssdóttur, aðjúkt við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar og Barnaverndarnefnd Kópavogs var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Persónulegur ráðgjafi í barnaverndarmálum - Rannsókn á stuðningsúrræðinu persónulegur ráðgjafi á árinu 2012 hjá barnavernd Kópavogs og Hafnarfjarðar“.

2013/1012 – Þóru Árnadóttur, meistaranema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Eðli og umfang barnaverndartilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur“.

2013/869 – Sigurveigu H. Sigurðardóttur, dósents í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og Margréti Eddu Yngvadóttur, nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Hver eru afdrif einstaklinga eftir þátttöku í Grettistaki?“.

2013/849 – Velferðarsviði Reykjavíkurborgar f.h. Sunnu Ólafsdóttur, nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Hver eru líf skjör eftir nám í Kvennasmiðju?“.

2013/837 – Velferðarráðuneytinu var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Framhaldsrannsókn á aðstæðum og afdrifum fjölskyldna sem misstu húsnæði sitt á nauðungarsölu á Suðurnesjum á árunum 2008–2011.“

2013/866 – Þjóðskjalasafni Íslands og Auði Þóru Björgúlfssdóttur var veitt heimild til vinnslu skjala úr utanríkisráðuneytinu frá árabílinu 1940–1946 um íslenska fanga í vörslu breskra stjórnvalda í síðari heimstyrjöld í þágu lokaritgerðar hennar í sagnfræði .

2013/918 – Braga Guðbrandssyni, f.h. Barnaverndarstofu, og Soffíu Elínu Sigurðardóttur, doktorsnema í sálfræði við Háskóla Íslands, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Fósturbörn á Íslandi“.

2013/923 – Freydísi Aðalsteinsdóttur, meistaranema í félagsráðgjöf við HÍ, Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, dósent við félagsráðgjafardeild HÍ og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Fósturbörn og afbrot“.

2013/1552 – Evaldi Sæmundsen, sviðsstjóra rannsókna á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu rannsóknarinnar „Er seinkun í greiningu einhverfu hjá börnum innflytjenda á Íslandi? - Frumrannsókn“.

3.2. Nánar um ýmis mál

3.2.1. Miðlun og varðveisla persónuupplýsinga hjá opinberum aðilum – mál nr. 2013/369

Persónuvernd úrskurðaði um meðferð, þ.m.t. miðlun, ráðuneytisins og sýslumannsins í Kópavogi á persónuupplýsingum um kvartanda í tengslum við erindi sem stafaði frá kvartanda sjálfum hjá ráðuneytinu sem og eftirfarandi varðveislu upplýsinganna. Persónuvernd úrskurðaði að

ráðuneytinu hafi verið heimilt að miðla umræddum upplýsingum til sýslumanns og ekkert lægi fyrir um að sýslumaður hefði miðlað þeim til óviðkomandi þriðja aðila.

Hins vegar benti Persónuvernd á að auknar skyldur hvíli á stjórnvöldum um varðveislu gagna sem það fær í hendur, á grundvelli laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Sagði í úrskurðinum að samkvæmt 5. gr. laga nr. 66/1985 skyldu m.a. stofnanir sem heyra undir stjórnarráðið og aðrar stofnanir í eigu ríkisins afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu. Þá segði í 7. gr. laganna að afhendingarskyldum aðilum sé óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala. Sé framangreint loks áréttað í 26. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, þar sem segi að um skráningu mála, skjalaskrár og aðra vistun gagna og upplýsinga fari að ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands, sem og í einstökum reglugerðarákvæðum á borð við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 17/1992 um málaskrár og gerðarbækur vegna aðfarargerða, kyrrsetningar, löggeymslu og lögbanns, þar sem segi að framlögð skjöl með t.d. aðfararbeiðni skuli varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi sýslumannsembættis þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni. Með vísun til alls framangreinds taldi Persónuvernd að ákvæði laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands hefðu að geyma fyrirmæli um varðveislu gagna hjá stjórnvöldum og stofnunum. Því félli það í hlut Þjóðskjalasafns Íslands, en ekki Persónuverndar, að túlka skilyrði 5. og 7. gr. laga nr. 66/1985, m.a. um heimild stjórnvalds til eyðingu gagna. Þar sem ekki lægi fyrir sérstök heimild frá Þjóðskjalasafni Íslands fyrir ónýtingu þeirra skjala sem málið varðaði yrði í þessu máli að miða við að málefnaleg ástæða væri fyrir varðveislu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000.

Persónuvernd taldi því að ekki væri unnt að verða við beiðni kvartanda um eyðingu þeirra upplýsinga sem um ræddi.

3.2.2. Birting upplýsinga um að umsókn um greiðsluaðlögun hafi verið samþykkt – mál nr. 2013/920

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi birtingu Creditinfo Lánstraust hf. á upplýsingum um það hvort tiltekin umsókn um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara hefði verið samþykkt. Niðurstaða Persónuverndar var að heimilt hefði verið að birta upplýsingarnar en ekki eftir að greiðsluaðlögun kvartanda hefði verið endanlega samþykkt. Byggðist sú niðurstaða á þágildandi starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf. en samkvæmt því var óheimilt að vinna með upplýsingar um endanlega samþykta greiðsluaðlögun.

Við endurnýjun umrædds starfsleyfis (sjá um mál 2013/1169 hér að framan) var gerð sú breyting að slík vinnsla var lýst óheimil einungis ef hún færi fram að loknu greiðsluaðlögunartímabili, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.

3.2.3. Ólögmet uppfletting í vanskilaskrá – mál nr. 2013/898

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem Tryggingamiðstöðin hf. fletti kvartanda upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. að honum forspurðum í tilefni af ósk sambýliskonu hans um tilboð í tryggingar. Persónuvernd úrskurðaði að uppflettingin hefði farið í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga enda yrði ekki séð að hún hafi fallið undir neina heimild í 8. greinar laganna.

Þá var í úrskurðinum lagt fyrir Tryggingamiðstöðina að eigi síðar en 2. desember 2013 senda Persónuvernd skriflega lýsingu á því hvernig tryggt yrði framvegis að uppflettingar fyrirtækisins í skrá Creditinfo Lánstrausts hf. um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga samrýmdust lögum.

3.2.4. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Þjóðskrá Íslands – mál nr. 2013/999

Persónuvernd úrskurðaði í máli um lögmeti upplýsingaöflunar Þjóðskrár Íslands um veitt samþykki kvartanda fyrir því að eiginkona viðkomandi hefði gengist undir tækniþróun og hvort

líta bæri á þær upplýsingar sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnslan hefði samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í úrskurðinum segir meðal annars að Persónuvernd hefði borist með tölvupósti kvörtun frá [A] (hér eftir nefnd[...] kvartandi), varðandi útgáfu fæðingarvottorðs hjá Þjóðskrá Íslands. Í kvörtuninni hefði m.a. sagt að kvartandi teldi starfshætti Þjóðskrár Íslands hvað varðar persónuupplýsingar ekki samrýmast lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá kom fram að við útgáfu fæðingarvottorðs til handa [barni] kvartanda hefði Þjóðskrá óskað eftir afriti af samþykki kvartanda, um að eiginkona hennar hefði gengist undir tæknifrjógvun, frá læknastrinu Art Medica en kvartandi hefði hvorki fengið fræðslu um umrædda upplýsingaöflun né veitt samþykki sitt fyrir henni.

Þjóðskrá Íslands var boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við ákvæði stjórnsýslulaga og í svari hennar kom m.a. fram að Þjóðskrá annaðist almannaskráningu samkvæmt lögum nr. 54/1962, m.a. útgáfu fæðingarvottorða sbr. 2. mgr. 19. gr. laganna. Um málavexti segir í svari Þjóðskrár m.a. að henni berist upplýsingar um börn sem fæðist hér á landi frá ljósmæðrum til samræmis við 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu. Í slíkri tilkynningu komi fram nafn foreldra barns og fari svo eftir lögum og hjúskaparstöðu foreldra hvort og hvernig foreldri barns er skráð, t.d. hvort faðir teljist sjálfkrafa faðir barns að lögum. Í bréfinu er vísað til 6. gr. barnalaga nr. 76/2003 en þar er fjallað um foreldri barns sem getið er með tæknifrjógvun en þar segir í 2. og 3. mgr.:

[...] Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjógvun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjógvun telst foreldri barns sem þannig er getið. Sama á við um konur sem skráð hafa sambúð sína í Þjóðskrá.

Maður sem samþykkt hefur að tæknifrjógvun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjógvun telst faðir barns sem þannig er getið. Sama á við um mann og konu sem skráð hafa sambúð sína í Þjóðskrá. [...].

Í svarbréfi Þjóðskrár kom einnig fram að þegar stofnuninni bærisk tilkynning frá ljósmóður þar sem fram kemur að barn eigi tvær mæður þyrfti að ganga úr skugga um hvort 2. mgr. 6. gr. barnalaga eigi við svo unnt sé að skrá barnið réttilega og að sú skráning sé í samræmi við lög. Á fæðingarskýrslu fyrir barn kvartanda hafi verið nefndar tvær mæður sem skráðar voru gíftar í þjóðskrá. Sú sem fæði barnið sé sjálfkrafa móðir þess en þar sem tvær mæður séu tilgreindar á fæðingartilkynningu geti hin ekki verið foreldri þess nema 2. mgr. 6. gr. barnalaga eigi við. Aðeins ein heilbrigðisstofnun hefði leyfi hér á landi til að framkvæma tæknifrjógvun en það væri Art Medica samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1996, um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa til stofnfrumurannsókna. Af þeirri ástæðu teldi Þjóðskrá Íslands sér skylt að afla upplýsinga um hvort sú móðir sem ekki fæddi barn, teldist foreldri þess samkvæmt lögum, en án slíkra upplýsinga gæti Þjóðskrá ekki haldið rétta skrá líkt og lög gerðu kröfu um né gefið út fæðingarvottorð þar sem réttir foreldrar eru skilgreindir. Hefði Þjóðskrá því óskað eftir staðfestingu frá Art Medica um það að barn kvartanda hefði verið getið með tæknifrjógvun samkvæmt lögum um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa til stofnfrumurannsókna nr. 55/1996, en sú framkvæmd hefði verið í samræmi við þágildandi verklagsreglur hjá Þjóðskrá Íslands.

Um heimild til vinnslunnar segir að stofnunin telji hana styðjast við 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar taldi Þjóðskrá að ekki væri um að ræða vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 og því ætti 9. gr. laganna ekki við um vinnsluna.

Að lokum kom fram í bréfi Þjóðskrár að stofnunin hefði, í kjölfar athugasemda kvartanda, tekið

umrætt vinnsluferli til endurskoðunar hjá stofnuninni. Þar til skýrari verklagsreglur hefðu verið settar í samvinnu við Art Medica, og með hliðsjón af álitum Persónuverndar á umræddri miðlun og vinnslu upplýsinga, myndu konur í skráðri sambúð eða hjúskap sjálfar þurfa að miðla upplýsingum um samþykki sitt fyrir tæknifrjógvun til Þjóðskrár en ekki yrði óskað eftir umræddum upplýsingum frá Art Medica.

Var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar Þjóðskrár Íslands og var sérstaklega óskað eftir afstöðu kvartanda til þess hvort hún teldi ágreining enn vera til staðar milli hennar og Þjóðskrár og ef svo væri, í hverju hann fælist.

Í svarbréfi kvartanda sagði m.a.:

„Felst ágreiningurinn m.a. í eftirfarandi:

1. Þjóðskrá mótmælir þeirri afstöðu undirritaðrar að um viðkvæmar persónuupplýsingar sé að ræða en úr því er nauðsynlegt að skera.
2. Þjóðskrá hefur ekki upplýst undirritaða með nokkrum hætti um breyttar verklagsreglur né svarað erindum og því er ósannað að verklag sé breytt hjá stofnuninni hvað undirritaða varðar.
3. Þó að verklagi sé breytt í þá veru sem Þjóðskrá lýsir er enn um að ræða mismunun á grundvelli kynhneigðar að mínu mati þar sem sama verklag er í raun viðhaft sem felst í því að aðeins samkynhneigð pör þurfi að sanna samþykki glasafrjógvunar en ekki gagnkynhneigð pör sem gengið hafa í gegnum sams konar ferli. Lögum samkvæmt er bannað að framkvæma glasafrjógvun nema með samþykki og skyldi því slíkt samþykki óþarft og ekki viðhöfð slík gagnaöflun gagnvart einum þjóðfélagshóp.“

Í kjölfarið upplýsti Persónuvernd kvartanda um að stofnunin hefði framsent hluta kvörtunar hennar, n.t.t. sem lýst er í liðum 2. og 3. hér að ofan, til Þjóðskrár Íslands þar sem stofnunin hefði ekki vald til að skera úr um það, hvort stjórnvald hefði mismunað skjólstaðingum sínum á grundvelli kynhneigðar og að úrlausn slíkra mála félli utan valdmarka stofnunarinnar.

Eftir stóð því tvíþættur ágreiningur: Annars vegar hvort um viðkvæmar persónuupplýsingar væri að ræða og hins vegar hvort umrædd vinnsla hefði verið heimil. Um þetta tvennt segir svo í niðurstöðum úrskurðarins:

„[...]“

2.

Eðli upplýsinganna

Í máli þessu hefur kvartandi afmarkað ágreiningsefnið við það hvort upplýsingaöflun Þjóðskrár um veitt samþykki kvartanda, fyrir því að eiginkona hennar hafi gengist undir tæknifrjógvun, hafi verið lögmæt og hvort líta beri á þær upplýsingar sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki, sbr. 5. mgr. 9. gr. laganna.

Í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 er að finna tæmandi talningu á því hvaða flokkar upplýsinga teljast viðkvæmir. Samkvæmt c-lið 8. tölul. 2. gr. teljast upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun viðkvæmar persónuupplýsingar.

Hugtakið „heilsuhagir“ hefur verið túlkað rúmt og er ekki bundið við sjúkdóma eingöngu. Í 1. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísna manna til stofnfrumurannsókna er tæknifrjógvun skilgreind sem getnaður sem verður í framhaldi af tæknisæðingu eða glasafrjógvun. Þá er einungis heimilt að framkvæma tæknifrjógvun á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra og undir eftirliti sérfræðinga í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp sbr. 1. mgr. 2. gr. sömu laga. Í athugasemdum í frumvarpi því

er varð að lögunum er talað um tæknifrjógungunarmedferð sem lækni taki ákvörðun um en hugtakið meðferð er einnig skilgreint í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 sem rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem lækni eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling. Upplýsingar um tæknifrjógungunarmedferð geta einnig, eftir atvikum, borið með sér upplýsingar um undirliggjandi heilsufarsleg vandamál þess sem undirgengst slíka meðferð.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd að upplýsingar um að einstaklingur hafi farið í tæknifrjógungunarmedferð séu upplýsingar um heilsuhagi hans samkvæmt c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 og teljist þar af leiðandi viðkvæmar persónuupplýsingar um þann tiltekna einstakling. Hins vegar er hér til úrlausnar hvort upplýsingar um veitt samþykki kvartanda, um að eiginkona hennar hafi farið í tæknifrjógungun, teljist vera viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda enda hefur hann óskað eftir úrlausn um vinnslu þeirra upplýsinga hjá Þjóðskrá Íslands sbr. kvörtun, dags. 27. ágúst 2013.

Er það mat Persónuverndar að upplýsingar um samþykki kvartanda, um að eiginkona hennar hafi undirgengist tæknifrjógungunarmedferð, teljist ekki viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda þrátt fyrir að umræddar upplýsingar geti borið með sér viðkvæmar persónuupplýsingar um þriðja aðila, þ.e. maka hennar. Eftir stendur ágreiningur um lögmæti vinnslu Þjóðskrár Íslands sem lýtur að öflun upplýsinga um veitt samþykki kvartanda frá þriðja aðila.

3.

Lögmæti

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stoð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er greint á milli almennra persónuupplýsinga og viðkvæmra. Talsvert strangari kröfur eru gerðar til lögmætis vinnslu persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 en til vinnslu annarra persónuupplýsinga. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf hún að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. sem og eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í máli því sem hér er til úrlausnar hefur kvartandi haldið því fram að vinnsla persónuupplýsinga, hvað varðar persónuupplýsingar um hana, hjá Þjóðskrá Íslands samrýmist ekki ákvæðum laga nr. 77/2000. Þar sem umræddar upplýsingar um veitt samþykki kvartanda teljast ekki viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda er ekki tilefni til að taka til skoðunar viðbótarskilyrði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Þegar um ræðir vinnslu á vegum stjórnvalda reynir einkum á 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr., þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu þess sem ábyrgð ber á vinnslunni eða sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds.

Við vinnsluna þarf jafnframt að gæta að skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna, þ. á m. að upplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti; fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.);

Í 3. gr. laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu er hlutverk Þjóðskrár Íslands afmarkað en þar kemur fram að Þjóðskrá annast almannaskráningu samkvæmt lögunum, útgáfu vottorða og skilríkja og annað það er lögin mæla fyrir um. Hlutverk sitt leysir Þjóðskrá Íslands af hendi með því m.a. að láta opinberum aðilum og almenningi í té upplýsingar og vottorð sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Almannaskráning byggir m.a. á tilkynningum ljósmæðra um fæðingar sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Jafnframt byggir almannaskráning á upplýsingum sem Þjóðskrá Íslands aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða sem henni berast á einn eða annan hátt, eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. Þá kemur fram í 5. gr. laganna að Þjóðskrá geti krafist

Þess af opinberum aðilum að þeir láti henni í té skýrslur samkvæmt 4. og 5. gr. laganna, þ.m.t. skýrslur ljósmæðra um barnsburð, og geti knúid hlutaðeigandi með dagsektum til að skila slíkum skýrslum innan tilskilins frests sbr. 1. mgr. 6. gr.

Ákvæði 3. gr. barnalaga nr. 76/2003 fjallar um ákvörðun um faðerni barns þegar almennum feðrunarreglum um börn hjóna og foreldra í skráðri sambúð sleppir. Í 2. mgr. 3. gr. segir að um foreldri barns sem getið er við tæknifrjövgun gilda ákvæði 6. gr. laganna. Í 1. mgr. 6. gr. segir að kona sem ali barn sem getið er við tæknifrjövgun teljist móðir þess. Að sama skapi telst kona, sem samþykkt hefur að tæknifrjövgun fari fram á eiginkonu sinni eða sambýliskonu, foreldri barns sem þannig er getið sbr. 2. mgr. 6. gr. Sams konar regla gildir um mann sem samþykkt hefur að tæknifrjövgun fari fram á eiginkonu sinni en hann telst einnig foreldri barns sem þannig er getið sbr. 3. mgr. 6. gr. barnalaga.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 55/1996, um tæknifrjövgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, er óheimilt að framkvæma tæknifrjövgun hér á landi nema fyrir liggja skriflegt og vottað samþykki þeirrar konu sem gengst undir tæknifrjövgun og maka hennar. Þjóðskrá Íslands barst í þessu tilviki afrit af skýrslu frá ljósmóður um fæðingu barns kvartanda, þar sem kvartandi og eiginkona hennar voru tilgreindar sem foreldrar barns, en þær voru jafnframt skráðar giftar í þjóðskrá. Persónuvernd telur í ljósi þeirra viðtæku heimilda sem Þjóðskrá Íslands hefur til gagnaöflunar vegna almannaskráningar að umrædd vinnsla, er laut að öflun samþykkis kvartanda vegna útgáfu fæðingarvottorðs fyrir barn hennar og skráningu þess í þjóðskrá, hafi uppfyllt ákvæði 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. [laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga] enda hafi hún farið fram í málefnalegum tilgangi, nánar tiltekið til að rannsaka hvort lagaskilyrðum 2. mgr. 6. gr. barnalaga nr. 76/2003 væri fullnægt og til að tryggja rétta og áreiðanlega almannaskráningu.“

3.2.5. Persónuupplýsingum kvartanda miðlað til óviðkomandi aðila – mál nr. 2013/419

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi miðlun persónuupplýsinga frá þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness til óviðkomandi aðila og komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að með vinnslunni hefði verið brotið gegn reglum um öryggi við meðferð persónuupplýsinga.

Um málavexti sagði í erindi kvartanda m.a.:

„Þann [...] afhendir starfsmaður Miðgarðs þjónustumiðstöðvar Grafarvogs leigusamninginn minn í hendur [þriðja aðila] sem var umboðsmaður á leigusamningnum.

Starfsmenn Miðgarðs tjáðu mér að hann hafi komið, sagst vera bróðir minn og honum afhentur samningurinn.

Ég var stödd erlendis, [...] ég var ekki látin vita af þessu en komst að þessu þegar ég fékk ekki húsaleigubætur þann 1. júlí 2013.

Þá var hann búin að fara með samninginn til sýslumanns, falsa nafnið mitt og láta rifta samningum. Ég er búin að kæra hann til lögreglu.

Ég endaði á götunni, og hafði mikið fyrir því að Miðgarður reddaði mér gistingu fyrir þeirra mistök [...].

Ég hef ekki ennþá fengið að vita hvaða starfsmaður afhenti honum samninginn og ástæðuna af hverju hann fékk samninginn í hendurnar.“

Persónuvernd veitti Miðgarði færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Í svarbréfi Miðgarðs segir m.a.:

„Miðgarður harmar það mjög að röngum aðila voru látin persónuleg gögn í hendur er starfsmanni urðu á mistök í starfi. Málið er litið alvarlegum augum og farið hefur verið yfir

verkferla við mál sem þetta og reglur varðandi afhendingu gagna verið ítrekaðar við starfsmenn. Þá hafa frekari kröfur verið gerðar til sönnunar á því að réttum aðila séu færð persónuleg gögn í hendur og má m.a. nefna að ávallt er nú óskað persónuskilríkja við afhendingu gagna.

Fyrir hönd Miðgarðs þá biðst undirrituð innilega afsökunar á þeim skaða og óþægindum sem þjónustumiðstöðin hefur valdið [A] og vonar að slík atvik endurtaki sig ekki aftur.“

Í niðurstöðum Persónuverndar segir m.a.:

„Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er regla um öryggi persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. ber að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þá segir í 2. mgr. 11. gr. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Einnig ber að virða reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Í 5. gr. þeirra kemur m.a. fram að skilgreina skuli með skýrum hætti hlutverk og skyldur hvers starfsmanns sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, sem og að gera skuli nauðsynlegar ráðstafanir til þess að starfsmönnum sé með reglubundnum hætti gerð grein fyrir starfsskyldum sínum og þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér að brjóta þær, sbr. 3. og 4. tölul.

Vegna eðlis slíkra gagna, sem mál þetta varðar, telur Persónuvernd, einkum í ljósi áður nefndra krafna 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 11. gr. laga nr. 77/2000, að viðhafa beri sérstakar öryggisráðstafanir við afhendingu þeirra, t.d. að sá sem óskar afhendingar sé ávallt beðinn um að framvísa persónuskilríkjum og að auki skriflegu umboði þegar upplýsingar eru sagðar sóttar fyrir annars hönd. Fyrir liggur að ekkert slíkt var gert í umræddu tilviki og var því brotið gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 og reglum Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Fyrir liggur að Miðgarður hyggst koma í veg fyrir að tilvik, eins og það sem hér um ræðir, endurtaki sig. Af því tilefni skal minnt á að samkvæmt 5. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 skal sá sem ábyrgð ber á vinnslu persónuupplýsinga skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir, sbr. nánari fyrirmæli í 3. gr. reglna nr. 299/2001. Með vísan til þess er hér með lagt fyrir Miðgarð að afhenda slík gögn um öryggi persónuupplýsinga – þar sem m.a. komi fram hvernig fyrirbyggja eigi ólögmetta afhendingu gagna – eigi síðar en 2. desember nk.

Varðandi það að kvartanda hafi ekki verið veittar upplýsingar um nafn þess starfsmanns, sem afhenti umræddan húsaleigusamning, vísast til upplýsingaskyldu stjórnvalda innan þess ramma sem þeirri skyldu er markaður í II og III. kafla upplýsingalaga nr. 140/2012. Sé beiðni um afhendingu gagna samkvæmt þeim lögum synjað, þ. á m. gagna um verk tiltekinna starfsmanna, er unnt að bera réttmæti þeirrar synjunar undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sbr. V. kafla laganna.“

3.2.6. Meðferð tölvupósts hjá vinnuveitanda – mál nr. 2013/619

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi meðferð vinnuveitanda á tölvupósti fyrrum starfsmanns [C]. Nánar tiltekið hafði vinnunetfangi kvartanda hjá [C] hafi verið lokað og lykilorði netfangsins breytt í kjölfar starfsloka.

Taldi Persónuvernd að ekki lægi fyrir að [C] hefði, við meðferð á vinnunetfangi kvartanda, brotið gegn ákvæðum reglna nr. 837/2006 sem gilda um meðferð tölvupósts á vinnustað.

3.2.7. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands (ákvæði um heimild til öflunar persónugreinanlegra fjárhagsupplýsinga) – mál nr. 2013/743

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð (þskj. 14, 14. mál á 142. löggjafarþingi), fyrst þann 25. júní þegar frumvarpið kom fram á sumarþingi og svo aftur þann 10. september, þegar frumvarpið var lagt fram að nýju með breytingum.

Í fyrri umsögn Persónuverndar segir meðal annars:

„1.

Umrætt frumvarp lýtur bæði að upplýsingum um einstaklinga og lögaðila. Eftirfarandi athugasemdir, lúta að þeim þætti frumvarpsins sem tengist persónuupplýsingum einstaklinga, sbr. skilgreiningu þess hugtaks í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og starfssvið stofnunarinnar eins og það afmarkast af 37. gr. og 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Hins vegar skal vakin athygli á því að í vissum tilvikum kunna upplýsingar um lögaðila að vera það nátengdar tilteknum einstaklingi að líta beri á þær sem persónuupplýsingar um hann. Það getur t.d. átt við þegar um ræðir lítið fyrirtæki og upplýsingar um það eru svo nátengdar eigandanum að í raun eru þær um hann, sbr. umfjöllun í álitni nr. 4/2007 frá ráðgjafarhópi um túlkun tsk. nr. 95/46/EB um persónuvernd sem liggur lögum nr. 77/2000 til grundvallar (bls. 23 og 24 í álitinu).

2.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um grunnregluna um friðhelgi einkalífs. Samkvæmt 1. mgr. 71. gr. skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þá segir í 3. mgr. að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. megi með sérstakri lagaheimild takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu „ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra“. Verður 71. gr. einnig skýrð með hliðsjón af 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem áskilur hverjum manni rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Samkvæmt 2. mgr. hennar skulu stjórnvöld ekki ganga á þennan rétt nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi „vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra“, svo sem segir í ákvæðinu .

Þær persónuupplýsingar sem frumvarpið fjallar um falla ótvírætt undir friðhelgi einkalífs einstaklinga samkvæmt framangreindum ákvæðum og umrædd vinnsla felur þannig í sér afskipti af þeim réttindum. Verði umrætt frumvarp að lögum mun verða til persónugreinanlegur gagnagrunnur hjá stjórnvöldum með ítarlegum fjárhagsupplýsingum um landsmenn alla sem unnið verður með a.m.k. næstu fjögur árin. Þótt frumvarpið geri því ráð fyrir að vinnsla umræddra upplýsinga á grundvelli þess kunni að vera tímabundin, sbr. ákvæði 6. gr. með tillögu að ákvæði um endurskoðun í árslok 2017, mun hún samt sem áður standa yfir um langt skeið. Þá er alls óvíst hvort niðurstaða slíkrar endurskoðunar yrði að láta af umræddri vinnslu og eyða þeim gagnagrunni sem fyrirhugað er að koma á fót eða viðhalda honum til langframa.

Af athugasemdum með frumvarpinu verður ráðið að vinnslan eigi að koma að gagni við mótun aðgerða sem greiði úr fjárhagsvanda fjölskyldna og einstaklinga. Ljóst er að þar er um mikilvægt, þjóðfélagslegt markmið að ræða. Við rækslu þess verður hins vegar að gæta meðalhófs, sbr. 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lýst er að framan.

Ekki verður skýrt ráðið af skýringum í greinargerð með frumvarpinu hvers vegna svo víðtæk upplýsingasöfnun sem hér um ræðir er álitin nauðsynleg til að ná markmiðum þess. Af því tilefni skal bent á að Persónuvernd hefur áður heimilað rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila.

Vinnsla persónuupplýsinga vegna þeirrar rannsóknar byggðist á leyfum Persónuverndar, veittum með vísan til 3. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, til Seðlabanka Íslands, Íbúðalánasjóðs, banka, fjármögnunarfyrirtækja, sparisjóða, Ríkisskattstjóra, Vinnuálastofnunar og lífeyrissjóða, dags. 9. febrúar, 27. mars, 6. apríl og 3. júní 2009 (mál nr. 2009/72, 2009/332, 2009/448 og 2009/401). Útgáfa leyfanna vegna vinnslunnar, sem var mjög víðtæk, byggðist á sérstökum aðstæðum. Öllum persónugreinanlegum upplýsingum, sem unnið var með vegna umræddrar rannsóknar, var eytt að henni lokinni.

Ein leiðin til að ná fram markmiðum frumvarpsins kynni að vera sú að gera rannsókn á borð við þá sem að framan greinir með reglubundnum hætti. Í frumvarpinu kemur ekki skýrt fram hvers vegna sams konar verklag eða eftir atvikum aðrar leiðir, sem fela í sér viðaminni vinnslu persónuupplýsinga en frumvarpið gerir ráð fyrir, eru ekki álitnar nægja. Persónuvernd telur því ekki fram komið að sú takmörkun á réttinum til friðhelgi einkalífs sem frumvarpið hefði í för með sér fullnægði þeim skilyrðum sem 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu setja fyrir slíkum takmörkunum.

Telji löggjafinn engu að síður þörf á að samþykkja umrætt frumvarp skal vakin athygli á að í ákvæðum þess er hvergi vikið að því hvernig öryggis umræddra upplýsinga skuli tryggt heldur er látið nægja að fjalla um það atriði almennum orðum í greinargerð með frumvarpinu. Í 11. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er að finna almenn ákvæði um upplýsingaöryggi sem ljóst er að myndu gilda um umrædda vinnslu. Þegar sett eru sérlög um óvenju viðamikla vinnslu persónuupplýsinga er hins vegar nauðsynlegt að löggjafinn taki sérstaklega afstöðu til þess hvernig öryggis skuli gætt við þá vinnslu. Telur Persónuvernd að til þess nægi ekki athugasemdir í greinargerð með lagafrumvarpi heldur þurfi ákvæði í lögnum sjálfum að taka af skarið hvað það varðar svo þeir sem fá það hlutverk að hrinda lögnum í framkvæmd hafi við ákveðnar og lögmæltar viðmiðanir að styðjast í störfum sínum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003.

3.

Eins og fyrr greinir segir í athugasemdum með umræddu frumvarpi að tekið hafi verið tillit til umsagnar Persónuverndar, dags. 17. maí 2010, um frumvarp til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Í því sambandi er í athugasemdunum vísað til þess að í því frumvarpi, sem nú hefur verið lagt fram, sé gert ráð fyrir endurskoðun ákvæða þess eigi síðar en í árslok 2017. Þá er vísað til þess að það falli ekki í hlut ráðherra heldur Hagstofunnar að safna umræddum upplýsingum, en hún hafi yfir að ráða þrautreyndum verkferlum og öryggiskerfum.

Af þessu tilefni skal bent á að í 7. gr. þess frumvarps, sem fyrrgreind umsögn Persónuverndar laut að, var gert ráð fyrir að lög á grundvelli þess féllu úr gildi 1. maí 2013. Fyrir þann tíma skyldi þeirri rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila, sem fjallað var um í ákvæðum frumvarpsins, vera lokið og öllum samkeyrðum gögnum eytt. Í því frumvarpi, sem nú er lagt er fram, er ekki að finna ákvæði um eyðingu upplýsinga heldur aðeins um að ákvæði skuli endurskoðuð. Að þessu leyti er því nú gengið skemur í að takmarka líftíma umræddrar vinnslu en gert var í frumvarpinu frá 2010. Ekki verður því séð á hverju sú staðhæfing í frumvarpinu grundvallast að tekið hafi verið tillit til athugasemda Persónuverndar í umsögninni frá 2010 hvað þetta varðar.

Það að stofnun með mikla reynslu á sviði upplýsingavinnslu sé fengið það hlutverk að safna umræddum upplýsingum má telja til þess fallið að auka öryggi viðkomandi vinnslu. Hins vegar skal bent á að í frumvarpinu frá 2010 var gert ráð fyrir að lög á grundvelli þess hefðu að geyma efnisleg ákvæði um upplýsingaöryggi. Eins og lýst hefur verið skortir hins vegar á það í því frumvarpi sem nú hefur verið lagt fram þrátt fyrir að lagaákvæði þar að lútandi séu nauðsynleg þegar sett er löggjöf um svo viðamikla vinnslu persónuupplýsinga og hér um ræðir.

4.

Með vísan til framangreinds lýsir Persónuvernd, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, yfir áhyggjum af þeirri viðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem ráðgerð er í frumvarpi þessu. Persónuvernd hefur efasemdir um nauðsyn þess að komið sé á fót opinberum gagnagrunni með jafn viðtækum persónuupplýsingum og hér um ræðir til þess að grípa megi til aðgerða til að greiða úr fjárhagsvanda fjölskyldna og einstaklinga. Í frumvarpinu skortir útskýringar á því hvers vegna þörf er talin á svo viðurhlutamiklum afskiptum af friðhelgi einkalífs. Telji löggjafinn engu að síður tilefni til að veita frumvarpinu lagagildi er lagt til að gerðar verði endurbætur á því þannig að skýrt verði mælt fyrir um hvernig öryggis verði gætt við vinnslu persónuupplýsinga í umræddum gagnagrunni, um tímamörk á varðveislu þeirra og um eyðingu gagnanna að þeim liðnum.“

Í síðari umsögn Persónuverndar er fyrst vísað í síðastnefnda athugasemd, merkt nr. 4 hér að framan. Síðan segir:

„Í umræddri tillögu að breytingu á frumvarpinu er nánar fjallað um hvernig öryggis verði gætt við vinnslu umræddra upplýsinga, auk þess sem varðveislutími er afmarkaður, mælt fyrir um eyðingu og skýrar tilgreint hjá hverjum upplýsinga um útlán verði aflað og hvaða upplýsinga. Að þessu leyti hefur verið komið til móts við athugasemdir Persónuverndar. Hins vegar telur stofnunin enn skorta á rökstuðning fyrir nauðsyn umræddrar upplýsingasöfnunar sem af ákvæðum frumvarpsins er ljóst að er mjög viðtæk. Þá er til þess að líta að samkvæmt orðum fulltrúa sérfræðingahóps um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og kosti og galla leiðréttingasjóðs, á fundi allsherjar- og menntamálanefndar hinn 2. september 2013, ættu upplýsingar um útlán á skattframtölum að nægja hópnum við gerð tillagna um aðgerðir í þágu skuldugra heimila.

Fyrrgreind umsögn Persónuverndar, dags. 25. júní 2013, byggist m.a. á því að óljóst sé hvers vegna umrædd upplýsingaöflun sé nauðsynleg til að ná markmiðum frumvarpsins. Persónuvernd telur þá forsendu enn eiga við og áréttar því fyrri umsögn hvað það varðar.“

Frumvarpið varð svo, með frekari breytingum, að lögum nr. 104/2013.

3.2.8. Óheimil miðlun persónuupplýsinga frá lögreglu – mál nr. 2013/458

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með vísan til þagnarskylduákvæðis lögreglulaga taldi Persónuvernd að munnleg miðlun til þriðja aðila um mál kvartanda hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði farið í bága við ákvæði persónuverndarlaga. Lagt var fyrir lögregluna að upplýsa Persónuvernd um það til hvaða ráðstafana hún hefði gripið til að girða fyrir að slík öryggisatvik endurtækju sig.

Í framkominni kvörtun var því haldið fram af A, fyrir hönd B, kvartanda í málinu, að starfsfólk tilkynningar- og boðunardeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefði greint [ættingja] B frá máli vegna kynferðisofbeldis sem [kvartandi] hafði kært. Sagði í kvörtuninni að [kvartandi] hefði verið [á milli 18 og 20] ára að aldri þegar brotið var framið og hefði [sjálfur verið búinn] að ákveða að upplýsa [viðkomandi ættingja sinn] ekki um málið að svo stöddu. Í svarbréfi Lögreglunnar, sem barst eftir að henni hafði verið veitt tækifæri á að tjá sig um hina framkomnu kvörtun, sagði meðal annars:

„Embættið getur staðfest tilvikin sem tilgreind eru í erindi lögmannsins; [...]

Umræddur starfsmaður gerir sér grein fyrir mistökum sínum og hefur óskað eftir að koma á framfæri afsökunarbeiðni til B vegna þess.“

Í niðurstöðum úrskurðar Persónuverndar segir meðal annars:

„Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er regla um öryggi persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. ber að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda

persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þá segir í 2. mgr. 11. gr. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Einnig ber að virða reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Í 4. gr. þeirra segir m.a. að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi öryggisráðstafanir og beri ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður. Markmið skipulags- og tæknilegra öryggisráðstafana sé að tryggja nægilegt öryggi og vernda persónuupplýsingar m.a. gegn því að þær glatist. Við val öryggisráðstafana skuli taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Þá segir m.a. að þær skuli tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Vegna viðkvæms eðlis slíkra persónuupplýsinga sem mál þetta varðar telur Persónuvernd, einkum í ljósi áður nefndra krafna 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 11. gr. laga nr. 77/2000, að gæta beri sérstaks öryggis við meðferð þeirra. Þurfa öryggisráðstafanir m.a. að miða að því að starfsmenn veiti ekki munnlega upplýsingar úr skráðum gögnum sem varðar skulu trúnaði. Í því sambandi ber m.a. að líta til 4. tölul. 5. gr. reglna nr. 299/2011 um öryggi persónuupplýsinga, settra með stoð í m.a. 11. gr. laga nr. 77/2000. Í umræddu ákvæði reglnanna kemur fram að í þágu öryggis persónuupplýsinga skuli starfsmönnum með reglubundnum hætti gerð grein fyrir starfsskyldum sínum og þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér að brjóta þær.

Samkvæmt 22. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 hvílir þagnarskylda á lögreglumönnum og öðru starfslíði lögreglu um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þá segir að þetta taki til m.a. upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari samkvæmt lögum, starfsreglum lögreglu eða eðli máls. Fyrir liggur að í umræddum símtölum voru veittar upplýsingar um mál í tilefni af kærðu kvartanda sem féllu undir þagnarskyldu samkvæmt framangreindu. Af því leiðir jafnframt að farið var í bága við fyrrgreind ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 11. gr. laga nr. 77/2000.

Í ljósi framangreinds, og með vísan til 1. mgr. 38. gr. laga nr. 77/2000, er hér með lagt fyrir Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að upplýsa Persónuvernd um það fyrir 1. desember nk. til hvaða ráðstafana hún hafi þá gripið til að girða fyrir að slík öryggisatvik og hér um ræðir endurtaki sig.“

3.2.9. Synjun á leyfi vegna rannsóknar – mál nr. 2013/489

Persónuvernd tók ákvörðun varðandi umsókn rannsakanda um viðbótarleyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „X“. Samkvæmt umsókninni var ráðgert að senda lífsýni til N í Bandaríkjunum þar sem niðurstöður arfgerðargreiningar á sýnunum yrðu færðar í gagnagrunn til sameiginlegra nota vísindamanna í svonefndu „Z“-samstarfi. Var niðurstaða Persónuverndar sú að samþykki þátttakenda næði ekki til frambúðarvarðveislu hjá öðrum en Lífsýnasafni rannsóknastofu í meinafræði og var því synjað um umbeðið viðbótarleyfi.

Í niðurstöðum ákvörðunar Persónuverndar segir meðal annars að fyrir liggi að umræddar upplýsingar verði ekki auðkenndar með persónuauðkennum hjá N. Á heimasíðu N komi hins vegar fram sú afstaða að engu að síður sé um að ræða upplýsingar sem unnt geti verið að rekja til einstaklinga

Því næst sagði í niðurstöðum ákvörðunarinnar:

„Þegar litið er til framangreinds ber að líta svo á að hér ræði um vinnslu persónuupplýsinga sem falli undir valdsvið Persónuverndar. Svo að hún sé heimil þarf, eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga, að vera fullnægt einhverju skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 8. gr. laga nr.

77/2000. Þar sem um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar, þ.e. um erfðaeiginleika, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga, þarf einnig að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrða 9. gr. laganna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga. Við mat á hvaða ákvæði 8. og 9. gr. geti hér átt við ber að líta til dóms Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003, en þar birtist sú túlkun á 71. gr. stjórnarskrárinnar að varðveisla persónugreinanlegra heilsufarsupplýsinga í þágu vísindarannsóknna á heilbrigðissviði verði að byggjast á annaðhvort samþykki viðkomandi einstaklings eða lagaheimild. Þá ber að líta til alþjóðlegrar yfirlýsingar Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) frá 18. október 2003, en þar segir m.a. að fyrirfram skuli afla upplýsts, yfirlýsts samþykkis fyrir söfnun upplýsinga um erfðaeigni manna, hvort sem upplýsinganna er aflað með beinni íhlutun (s.s. sýnatöku) eður ei, sbr. a-lið 8. gr. yfirlýsingarinnar. Einnig kemur fram í ákvæðinu að hið sama gildi um eftirfarandi meðferð upplýsinganna og varðveislu, hvort sem opinberir aðilar eða einkaaðilar hafa vinnsluna með höndum. Takmarkanir á þessari samþykkiskröfu geti aðeins byggst á brýnum ástæðum og löggjöf sem samrýmist alþjóðlegum mannréttindareglum.

2.

Í ljósi alls framangreinds telur Persónuvernd að byggja verði á að hér sé um að ræða persónuupplýsingar, sem og að samþykki þurfi til að færa megi þær í umræddan gagnagrunn og varðveita þar til frambúðar, sbr. og einnig ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samþykkisyfirlýsingar þeirra einstaklinga, sem tekið hafa þátt í rannsókninni „X“, liggja fyrir í gögnum málsins. Í þeim kemur fram að með undirskrift samþykkis sé fallist á að Lífsýnasafn Rannsóknastofu í meinafræði varðveiti erfðaeigni, lífsýni og upplýsingar sem viðkomandi einstaklingur hefur leyft söfnun á. Þá kemur fram í skriflegri fræðslu til þátttakenda að rannsóknin sé unnin að hluta til í samvinnu við erlenda vísindamenn og vísindastofnanir og kunni sýni því að verða send utan til rannsókna, sem og að samvinnu við líftæknifyrirtæki kunni hugsanlega að verða komið á síðar meir.

Ekki verður litið svo á að í framangreindu felist samþykki til frambúðarvarðveislu upplýsinga um arfgerð hjá öðrum aðilum en Lífsýnasafni rannsóknastofu í meinafræði. Þar sem ekki verður séð að heimilt geti verið að varðveita upplýsingarnar til frambúðar á öðrum grundvelli eru ekki forsendur til að fallast á framkomna beiðni um viðbótarleyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna umræddrar rannsóknar, þ.e. til að senda lífsýni til N þar sem niðurstöður arfgerðargreiningar á sýnunum verði færðar í gagnagrunn til sameiginlegra nota vísindamanna í svonefndu Z-samstarfi.“

3.2.10. Óheimil miðlun myndefnis úr eftirlitsmyndavélum – mál nr. 2013/331

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi miðlun myndefnis úr eftirlitsmyndavélum Portsins hf. Á myndbandinu sést kvartandi við skyldustörf sín sem lögreglumaður en fyrir lá í málinu að því hafði verið miðlað til tiltekins lögmanns, í tengslum við kærú sem skjólstaðingur hans hafði lagt fram hjá lögreglu. Taldi Persónuvernd að óheimilt hefði verið að afhenda öðrum en lögreglu afrit af myndefninu.

Í niðurstöðum úrskurðarins sagði meðal annars:

„Um rafræna vöktun, s.s. með eftirlitsmyndavélum, er m.a. fjallað í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en þar segir: „Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.“

Í reglum Persónuverndar nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun, með síðari breytingum, sem settar eru með stöð í 5. mgr. 37. gr. laga

nr. 77/2000, er útfært nánar hvenær rafræn vöktun er heimil. Í 4. gr. reglnanna segir að rafræn vöktun verði að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis og eignavörslu. Þá segir í 5. gr. reglnanna:

„Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.“

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um varðveislu vöktunarefnis með viðkvæmum persónuupplýsingum, s.s. um refsiverða háttsemi, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Þar kemur fram að söfnun slíks efnis er háð þeim skilyrðum:

a. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;

b. að það efni, sem til verður við vöktunina, verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að *afhenda lögreglu* efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað, en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;

c. að því efni, sem safnast við vöktunina, verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það.

Ákvæði 2. mgr. 9. gr. er nánar útfært í 7. gr. reglna nr. 837/2006. Í 3. mgr. þeirrar greinar segir að persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun megi aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem gerist þörf í þágu tilgangsins. Þá eru áréttuð framangreind ákvæði 2. mgr. 9. gr. um að ekki megi vinna með upplýsingarnar eða afhenda öðrum nema samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar en þó sé heimilt að *afhenda lögreglu* upplýsingar um slys eða refsiverðan verknað.

Beiðni lögreglu um afhendingu á umræddri upptöku var lögð fram í tengslum við rannsókn á meintu refsiverðu broti og styðst því við framangreind ákvæði um afhendingu til lögreglu. Veitingastaðurinn Portið ehf. hefur hins vegar ekki sýnt fram á heimild fyrir afhendingu upptökunnar til lögmanns B.

Með vísan til framangreinds er ljóst að ábyrgðaraðili vinnslunnar, Portið ehf., fór ekki að framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000, og reglum settum á grundvelli þeirra, þegar hann afhenti lögmanni B umræddar upptökur. Hins vegar er honum heimilt að afhenda lögreglunni umræddar upptökur. Þá hefur ábyrgðaraðili fallist á að eyða þeim upptökum sem til eru. Er því lagt fyrir hann að leggja fram staðfestingu til Persónuverndar fyrir 1. október næstkomandi þess efnis að þær upptökur sem hér um ræðir hafi verið eytt.“

3.2.11. Skortur á viðvörðun um rafræna vöktun – mál nr. 2013/339

Persónuvernd hefur úrskurðað í máli varðandi rafræna vöktun á vegum Fiskistofu. Þar sem ekki var varað sérstaklega við vöktuninni, eins og persónuverndarlög gera áskilnað um, leit Persónuvernd svo á að vöktunin hefði farið fram leynilega og þegar af þeirri ástæðu brast Fiskistofu heimild til hennar.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„Hinn 2. mars 2013 barst Persónuvernd kvörtun frá A yfir því að Fiskistofa hafi sett upp leynilega eftirlitsmyndavél við X. Með bréfi, dags. 27. mars 2013, veitti Persónuvernd Fiskistofu færi á að tjá sig um þessa kvörtun. Hún svaraði með bréfi, dags. 17. apríl s.á. Þar segir m.a.:

„Fiskistofa fer með eftirlit með vigtun og skráningu sjávaraflla lögum samkvæmt. Í því felst meðal

annars að ganga úr skugga um að allur afli skips sé fluttur á hafnarvog við löndun með það að markmiði að afli skráist til aflamarks á veiðiskip.

Í tilviki því sem hér um ræðir hafði Fiskistofa rökstuddan grun, sem m.a. byggðist á eftirliti á vettvangi í lok síðasta árs, um að tiltekið skip landaði hluta af afla sínum og flytti hann burt án þess að aflinn hefði verið veginn á hafnarvog líkt og lög gera ráð fyrir. Enn fremur má nefna að Fiskistofa hefur áður upplýst mál þar sem afli umrædds skips, sem fylgst var með, hafði verið fluttur fram hjá hafnarvog. Af þessu tilefni taldi Fiskistofa nauðsynlegt að ganga úr skugga um réttmæti þessa. Í því skyni voru eftirlitsmenn Fiskistofu í nokkur skipti við störf við X þar sem þeir m.a. gerðu myndatökur.“

Einnig segir í bréfi Fiskistofu:

„Samkvæmt skilgreiningu er rafræn vöktun, vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.

Þar sem ekki er um að ræða viðvarandi vöktun eða vöktun sem endurtekin er reglulega heldur einstök tilvik þar sem fylgst er með skipi að gefnu tilefni hefur Fiskistofa talið að eftirlitsaðgerðir af þessum toga féllu ekki undir ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Rétt aflaskráning er grunnstoð fiskveiðistjórnunarkerfisins og telur Fiskistofa aðgerðir þessar hafa byggst á málefnalegum forsendum enda mikilvægur liður í lögbundnu eftirliti stofnunarinnar. Ítrekað er að Fiskistofa taldi aðgerðirnar ekki falla undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem þær fela ekki í sér rafræna vöktun.“

Með bréfi, dags. 30. apríl 2013, var A veitt færi á að tjá sig um framangreint svar Fiskistofu. Hann svaraði með tölvubréfi hinn 7. maí 2013. Þar segir:

„Ég fékk afrit af svarbréfi Fiskistofu og vil benda á að það eru myndavélar á bryggjunni sem hafnarverðir hafa aðgang að og Fiskistofa FÆR ekki aðgang að af því að það er bannað að njósna um fólk með videoupptökum, þessar myndavélar eiga einungis að vera í gangi þegar erlend skip eru í lestun eða upplestun og þá bryggjan vírgirt. Ef þeir geta sýnt fram á heimild dómara um að mega þetta þá skal ég láta kyrrt liggja og varðandi rafræna vöktun held ég að þeir séu að vinna í því að fá það um bord í skip og þá væntanlega er það bæði merkt og almennt munu allir vita af þessum upptökum.“

2.

Með bréfi, dags. 5. júlí 2013, óskaði Persónuvernd þess að Fiskistofa lýsti framkvæmd umrædds eftirlits nánar, þ.e. hvers konar tækni var beitt við eftirlitið og hversu oft það fór fram og hversu lengi í hvert sinn. Fiskistofa svaraði með bréfi, dags. 12. ágúst 2013. Þar segir:

„Í upphafi árs gerði Fiskistofa tilraun með að nýta upptökuvél við eftirlit við X. Um var að ræða samtals fjögur skipti, á rúmlega mánaðartímabili, þar sem vélinni var komið fyrir á hafnarsvæðinu til upptöku. Auk þess var myndavélin á hafnarsvæðinu í eitt skipti án þess að upptaka væri framkvæmd. Í öll skiptin var vélinni beint að tilteknu skipi með það að markmiði að kanna hvort allur afli skipsins væri veginn á hafnarvog líkt og lög áskilja. Upptökur áttu sér stað tvívegis í janúar og stóðu yfir í samtals 18 klukkustundir (10,5 klst. og 7,5 klst.) og tvívegis í febrúar og stóðu yfir í rétt rúmlega 5 klst. (2,8 klst. og 2,3 klst.). Í þrjú skipti sáust skipverjar bera ílát í land en eftirlitsmenn Fiskistofu könnuðu málið frekar í eitt skipti og reyndust ílátin innihalda afla (flök) sem ekki hafði verið veginn á hafnarvog. Reyndust það vera flök, en ekki er leyfilegt að vinna afla um bord í skipti því sem var til skoðunar. Málið var kært til lögreglu.

Vert er að nefna að á umræddu hafnarsvæði er merki sem segir: „Aðvörðun eftirlitsmyndavél“ en

Því var ekki komið upp af Fiskistofu. Merkið er staðsett nærri þeim stað þar sem upptökur fóru fram og nærri löndunarstað skipsins. Meðfylgjandi eru myndir af skiltinu.“

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hugtakið tekur til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og sjónvarpsvöktunar sem fram fer með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

Af framangreindu er ljóst að umræddar upptökur Fiskistofu í X fólu í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000. Fyrir liggur að upptökurnar, sem stóðu nokkuð lengi yfir í hvert sinn, fóru fram fjórum sinnum á tveggja mánaða tímabili. Af því leiðir að þær fóru fram reglulega og fólu því í sér rafræna vöktun í skilningi laga nr. 77/2000.

2.

Til að rafræn vöktun sé heimil verður að vera fullnægt skilyrðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000. Þar er kveðið á um að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis, þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sé jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Einnig verður m.a. að gæta að því við rafræna vöktun að með merki eða á annan áberandi hátt sé gert glögglega viðvart um vöktunina og hver sé ábyrgðaraðili, sbr. 24. gr. laganna.

Fiskistofa hefur það hlutverk að hafa eftirlit með því að farið sé að löggjöf um fiskveiðar, sbr. m.a. 18. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og 13. gr. laga nr. 57/1996. Við framkvæmd þess eftirlits ber Fiskistofu að halda sig innan þess ramma sem grunnregla 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs setur. Það að fólk sé vakt að leynilega án dómsúrskurðar eða sérstakrar lagaheimildar fer gegn því ákvæði, sbr. og fyrrnefnt ákvæði 24. gr. laga nr. 77/2000.

Jafnvel þótt skilti um rafræna vöktun væri í grennd við svæðið, sem vakt að var, hefur það ekki þýðingu í máli þessu, enda var þar ekki um að ræða viðvörun um vöktun á vegum Fiskistofu. Þar sem ekki var varað sérstaklega við þeirri vöktun, sem hér er kvartað undan, verður að líta svo á að hún hafi farið fram leynilega. Af því leiðir að vöktunin var ekki í samræmi við 24. gr. laga nr. 77/2000 og þegar af þeirri ástæðu brast Fiskistofu heimild til hennar.

Þar sem Fiskistofu brast heimild til að stunda framangreindar upptökur og engin sjálfstæð heimild er fyrir vinnslu þess efnis sem safnað var með upptökunum er vinnsla þess efnis ekki heimil. Því mælir Persónuvernd fyrir um, í samræmi við 2. ml. 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, að Fiskistofa eyði því efni sem safnað var með upptökunum og að því loknu sendi hún Persónuvernd staðfestingu um að öllum eintökum af efninu hafi verið eytt. Skal sú staðfesting berast

Persónuvernd fyrir 1. nóvember 2013.

Að lokum skal bent á að í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er að finna heimildir sem eiga að tryggja samfélagslega hagsmuni af að refsiverð háttsemi sé rannsökuð. Það fellur hins vegar í hlut lögreglu að beita þeim heimildum, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna, m.a. til að taka myndir af fólki og fylgjast með því í þágu rannsóknar á almannafæri eða á stöðum sem almenningur á aðgang að, sbr. 2. mgr. 82. Eigi önnur stjórnvöld en lögregla að hafa slíkt eftirlit þarf skýra lagaheimild til.“

3.2.12. Óheimil vinnsla á upplýsingum úr skattskrá – mál nr. 2012/1203

Persónuvernd tók ákvörðun varðandi miðlun Creditinfo-Lánstrausts hf. á upplýsingum um einstaklinga úr skattskrá til áskrifenda sinna til nota við lánsþátttöku og markaðssetningu. Var niðurstaða Persónuverndar sú að tilgangur vinnslu Creditinfo Lánstrausts hf. félli ekki innan ramma 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og væri því óheimil.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„Hinn 19. október 2012 barst Persónuvernd kvörtun, dags. 18. s.m., frá einstaklingi yfir að Creditinfo Lánstraust hf. seldi upplýsingar um hann til lögaðila úr skattskrá ársins 2010 á rafrænu formi. Bréfaskipti áttu sér stað vegna kvörtunarinnar þar sem bæði Creditinfo Lánstrausti hf. og kvartanda var veitt færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, auk þess sem aflað var svara við tilteknum spurningum frá Ríkisskattstjóra. Með tölvubréfi til Persónuverndar hinn 4. júní 2013 dró kvartandi kvörtun sína til baka. Með tölvubréfi til Creditinfo Lánstrausts hf. hinn 20. s.m. greindi Persónuvernd frá því að engu að síður myndi stofnunin taka umrædda vinnslu persónuupplýsinga til athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Fyrir liggur að lögaðilum, sem keypt hafa áskrift að upplýsingakerfi Creditinfo Lánstrausts hf., var sent tölvubréf haustið 2012 þar sem m.a. segir:

„Eftirfarandi upplýsingar er hægt að fá: útsvar, tekjuskattur, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur. Hægt er að samkeyra kennitölur úr viðskiptavinasafni og fá þessar upplýsingar fyrir sitt eigið viðskiptavinasafn eða hluta viðskiptavinasafns. Einnig er hægt að kaupa úrtak úr skattskránni vegna markaðssetningar (t.d. miðað við útsvarshæstu eða greiddur auðlegðarskatts) eða skrána í heild sinni á rafrænu formi. Lágmarksvinnsla hjá okkur eru 1000 kennitölur (samkeyrsla eða úrtak).“

Í bréfaskiptum hefur einnig komið fram að upplýsingar úr skattskrá séu birtar í svonefndum einstaklingsskýrslum þar sem fram koma upplýsingar um stöðu þeirra á skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust auk upplýsinga um tengsl við félög skráð í hlutafélagaskrá og eignatengingar við lögheimili.

Hér á eftir verða raktar þær skýringar Creditinfo Lánstrausts hf. varðandi framangreint sem fram komu undir rekstri kvörtunarmálsins, sem og svör Ríkisskattstjóra, auk annarra atriða sem þörf þykir að tiltaka samhengisins vegna.

2.

Í bréfi frá Creditinfo Lánstrausti hf. til Persónuverndar, dags. 15. nóvember 2012, kemur m.a. fram að um sé að ræða upplýsingar úr skattskrá sem ríkisskattstjóri leggur fram að álagningu skatta lokinni, sbr. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Ekki sé hins vegar um að ræða upplýsingar úr álagningarskrá sem hefur að geyma ráðgerða álagningu skatta eins og hún lítur út fyrir lok frests til að kæra slíka álagningu, sbr. 1. mgr. 98. gr. laganna.

Vísað er til þess í bréfinu að samkvæmt 2. mgr. 98. gr. umræddra laga er opinber birting á upplýsingum í skattskrá um álagða skatta heimil, sem og útgáfa þeirra í heild eða að hluta. Segir

að hér sé um að ræða sérákvæði sem gangi framur ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Vísað er til álits umboðsmanns Alþingis frá 22. júní 1995 (mál nr. 1299/1994) í því sambandi þar sem m.a. var fjallað um muninn á umræddum skráum, en þar sagði að þrátt fyrir að þágildandi lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, giltu um skattskrá væri ótvírætt og óumdeilt að birta mætti opinberlega upplýsingar úr henni, þ.e. vegna ákvæðis í þágildandi lögum um tekjuskatt, nr. 75/1981, sem var samhljóða fyrrnefndu ákvæði 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003.

Þá er í bréfinu vísað til nefndarálits með breytingatillögu við það frumvarp sem varð að lögum nr. 7/1984, en þau bættu umræddu ákvæði við lög nr. 75/1981. Nánar tiltekið er vitnað til þeirra orða í álitinu að „[ó]tvírætt [sé] að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild [sé] til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattfyrvöldum virkt aðhald og gegni[...] slík birting því að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa“. Með þrengingu aðgangs að skattskrá yrði tekið fyrir umræðu um skattmál sem gjarnan fylgir birtingunni, en mikilvægt sé að koma í veg fyrir það.

Einnig er vitnað til dóms héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. apríl 2009 þar sem tekin var afstaða til þeirrar málsástæðu að 1. mgr. 98. gr. tekjuskattslaga um birtingu álagningarskrár bryti gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Taldi dómurinn það markmið löggjafans að veita framteljendum virkt aðhald með birtingunni vera málefnalegt og með vísan til m.a. þess var umræddri dómkröfu hafnað. Eins og nefnt er í bréfi Creditinfo Lánstrausts hf. var málinu áfrýjað til Hæstaréttar sem vísaði málinu frá á þeim grundvelli að málshefjandi hefði ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, sbr. dóm frá 14. október 2010 í máli nr. 779/2009.

Að auki er í bréfinu vísað til álits tölvunefndar, forvera Persónuverndar, frá 18. júlí 1994 í máli nr. 95/152, en þar kom fram sú afstaða nefndarinnar að til staðar væri lagaheimild til að gefa út og selja upplýsingar úr skattskráum – ólíkt því sem gildi um upplýsingar úr álagningarskrá. Þá er rakið að samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 45. gr. laga nr. 77/2000, sé handhafa starfsleyfis til rekstrar fjárhagsupplýsingastofu heimilt að vinna með upplýsingar úr opinberum skráum.

Með hliðsjón af framansögðu telur Creditinfo Lánstraust hf. ljóst að upplýsingar í skattskrá teljist opinberar upplýsingar sem eigi að vera öllum aðgengilegar samkvæmt afdráttarlausu ákvæði í tekjuskattslögum. Það eigi jafnt við hvort sem upplýsingum sé miðlað rafrænt eður ei. Í því sambandi lítur fyrirtækið sérstaklega til þeirra sjónarmiða sem löggjöf um álagningarskrá byggist á og sem rakin eru í fyrrnefndum frumvarpsathugasemdum. Þá segir m.a.:

„Hér ber einnig að hafa í huga að í Noregi var sambærilegt ákvæði í skattalögum og er í 2. mgr. 98. gr. tekjuskattslaganna. Margir fjölmiðlar landsins veittu aðgang að umræddum upplýsingum í gegnum vefsíður sínar þar sem hægt var að leita eftir upplýsingum í skattskrá á grundvelli nafns, heimilisfangs, kennitölu o.s.frv. allan sólarhringinn, alla daga ársins. Mikil umræða skapaðist um umrædda framkvæmd sem á endanum leiddi til þess að lögnum var breytt þannig að sérstaklega var tiltekið í lögum að rafræn opinber birting upplýsinganna væri óheimil, en áður hafði verið kveðið á um heimild til opinberrar birtingar án sérstakrar takmörkunar.“

Einnig er m.a. tekið fram í bréfi Creditinfo Lánstrausts hf. að fyrirtækið birti ekki upplýsingar úr skattskrá opinberlega heldur bjóði þeim lögaðilum, sem í viðskiptum séu við fyrirtækið, að kaupa umræddar upplýsingar.

3.

Í bréfi Creditinfo Lánstrausts hf. til Persónuverndar, dags. 8. janúar 2013, er m.a. bent á að upplýsingar úr álagningarskrám hafi í allmörg ár verið birtar í svonefndum tekjublöðum, en ekki hafi verið gerðar við það athugasemdir. Þar séu unnir listar eftir m.a. atvinnustéttum, menntun, starfsheitum og vinnustöðum og mánaðarlaun hlutaðeigandi einstaklinga reiknuð og birt. Ólíkar

upplýsingar um einstaklinga séu því tengdar og teknar saman í eina skrá sem birt sé í blaði seldu í flestum söluturnum og verslunum landsins. Engar hömlur séu lagðar á kaupendur blaðanna hvað varði endurnot upplýsinganna.

Einnig er bent á að Ríkisskattstjóri birtir árlega á heimasíðu sinni lista yfir tekjuhæstu einstaklinga á ákveðnum landsvæðum sem unnir eru upp úr álagningarskrá. Ekki hafi verið settar skorður við endurnotum þessara upplýsinga og geti lánveitendur, sem og aðrir, því nýtt þá með þeim hætti sem þeir kjósi hverju sinni. Þar sem ekki hafi verið sett sérstök skilyrði um endurnot hafi ekki verið litið svo á að ákvæði laga nr. 77/2000 um tilgang vinnslu og viðvörunarskyldu eigi við. Tenging Creditinfo Lánstraust hf. á skattskrá við aðrar skrár gangi skemur en framangreint fyrirkomulag, enda séu ekki reiknuð út mánaðarlaun, birtar upplýsingar um vinnustað og starfsheiti eða öllum almenningi veittur aðgangur. Það að miðlun upplýsinganna sé rafræn breyti hér engu, enda leggi 2. mgr. 98. gr. tekjuskattslaga engar hömlur á tegund miðlunar. Þá sé rafræn vinnsla til bóta fremur en hitt þar sem notkun upplýsinga verði rekjanleg.

Vísað er til þess í svari Creditinfo Lánstrausts hf. að í framkvæmd Evrópudómstólsins sé gerður greinarmunur á persónuupplýsingum eftir því hvort þær hafi verið birtar opinberlega eður ei, sbr. dóm dómstólsins frá 24. nóvember 2011 í máli nr. C-468/10. Í þeim dómi kemur fram að skerðing á réttindum einstaklings, sem felst í meðferð persónuupplýsinga, teljist alvarlegri en ella þegar upplýsingar hafa ekki áður verið birtar opinberlega (sjá 44. og 45. gr. dómsins). Meðal annars í ljósi þess telur Creditinfo Lánstraust hf. að friðhelgi einkalífs geti ekki talist raskað þegar aðili miðlar til annars aðila opinberum upplýsingum sem báðir aðilar – og allur almenningur – hafa aðgang að lögum samkvæmt.

Að auki segir að miðlun fjárhagsupplýsinga þurfi ekki að byggjast á leyfi Persónuverndar þegar upplýsingarnar koma frá opinberum skrárhöldurum. Samkeppnisaðili Creditinfo Lánstrausts hf., Keldan ehf., hafi fengið að miðla slíkum upplýsingum án starfsleyfis og fæli það því í sér mismunun ef umrædd miðlun upplýsinga úr skattskrá yrði gerð leyfisskyld.

Vísað er til þess í bréfi Creditinfo Lánstrausts hf. að samkvæmt athugasemdum við 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, útilokar fjárhagslegur tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga ekki að hún sé í þágu almannahagsmuna. Einnig telur fyrirtækið sölu umræddra upplýsinga heimila óháð þeim tilgangi sem viðskiptavinir hyggjast nýta þær í, en í því sambandi er bent á að ekki hafa verið sett skilyrði þar að lútandi í tengslum við útgáfu svokallaðra tekjublaða. Þá segir að viðskiptavinir fyrirtækisins hafi augljóslega þörf fyrir umræddar upplýsingar í tengslum við lánveitingar. Þar sé um að ræða uppflettingar á aðgangsstýrðu vefsvæði, en um það segir nánar:

„Þar er hægt að fletta upp einni kennitölu í einu og sjá upplýsingar um álagt útsvar hlutaðeigandi, auk tölfræðiupplýsinga um fjárhæð útsvars þess aðila í samanburði við aðra hópa byggt á aldri og sveitarfélagsbúsetu. Þá geta viðskiptavinir félagsins skoðað töflu sem sýnir tiltekið útsvarsbil og hvaða launabil fellur innan þess fyrrnefnda. Umrædd vinnsla er bæði málefnaleg og gengur miklu mun skemur en vinnsla upplýsinga úr álagningarskrá. Félagið fær ekki séð hvernig umrædd miðlun opinberra upplýsinga úr skattskrá geti talist ólögmat. Öll notkun er skráð og þar af leiðandi rekjanleg.“

Tekið er fram í bréfi Creditinfo Lánstrausts hf. að fyrirtækið hafi ákveðið að láta af sölu upplýsinga úr skattskrá í þágu markaðssetningar. Fram kemur að fyrirtækið telur sölu upplýsinganna í því skyni þó vera lögmæt. Um það segir:

„Þessi þjónusta er önnur en sú sem lýst er að ofan, en viðskiptavinir geta óskað eftir upplýsingum um aðila á tilteknu útsvarsbili o.þ.h., en slíkt felur í sér að félagið vinnur lista upp úr skattskrá skv. beiðni viðskiptavinar. Um þessa þjónustu gilda sérstakir skilmálar félagsins er m.a. byggja á reglum Þjóðskrár um bannlista, reglum Ja.is og eftir atvikum fjarskiptalögum nr. 81/2003. Félagið

telur sér heimilt að vinna slíka lista skv. beiðni viðskiptavina þess enda verði ekki séð að viðskiptalegur tilgangur geti komið í veg fyrir miðlun opinberra upplýsinga úr skattskrá.“

Einnig segir að upplýsingar úr skattskrá séu ekki samkeyrðar við aðrar skrár Creditinfo Lánstrausts hf., heldur eingöngu við Þjóðskrá, sem sé opinber skrá. Því sé samkeyrslan heimil á grundvelli 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 246/2001.

4.

Með bréfi til Ríkisskattstjóra, dags. 27. mars 2013, óskaði Persónuvernd eftir því að embætti hans upplýsti hvort átt hefðu sér stað bréfaskipti milli þess og Creditinfo Lánstrausts hf. varðandi afhendingu skattskrár til fyrirtækisins og sendi þá Persónuvernd afrit af þeim. Þá var óskað eftir að upplýst yrði hvort embættið hefði, við slíka afhendingu, sett skilyrði um hvernig vinna mætti með upplýsingar úr skránni. Ríkisskattstjóri svaraði með bréfi, dags. 10. maí 2013. Þar kemur fram að með bréfi, dags. 19. ágúst 2011, hafi verið fallist á erindi A um heimild til útgáfu skattskráa manna og lögaðila 2010. Jafnframt hafi honum verið afhent eintök skrána með upplýsingum um nafn hvers gjaldanda, heimilisfang, fyrstu sex stafir í kennitölu og álagða skatta og gjöld. Sett hafi verið það skilyrði að skránum yrði skilað til embættisins jafnskjótt og afritun væri lokið en í síðasta lagi innan sex vikna frá móttöku skrána. Hafi A einn haft með útgáfu skattskráa að gera síðastliðna áratugi og viti Ríkisskattstjóri ekki til þess að aðrir hafi staðið fyrir slíkri starfsemi. Útgáfa A hafi verið í bókarformi svo sem upphafleg heimild til birtingar skattskrár hafi staðið til.

Fram kemur að Ríkisskattstjóri hefur hins vegar ekki afhent Creditinfo Lánstrausti hf. skattskrá til útgáfu. Þá kemur fram að með bréfi, dags. 14. ágúst 1998, hafi Ríkisskattstjóri synjað Lánstrausti hf., forvera Creditinfo Lánstrausts hf., um aðgang að skránni í því skyni að gera áskrifendum að upplýsingakerfum fyrirtækisins kleift að flett upp upplýsingum eftir nöfnum eða kennitölum. Fjármálaráðuneytið hafi, í kjölfar stjórnslukæru Lánstrausts hf., staðfest þá niðurstöðu með úrskurði hinn 4. september 1998 með vísan til þess að ákvörðun um heimild til útgáfu skattskrár samkvæmt 2. mgr. 98. gr. þágildandi laga nr. 75/1981 heyrði undir skattyfirvöld, en þau hefðu ekki tekið ákvörðun um að heimila afhendingu á tölvutæku formi til almennrar birtingar.

Einnig vísar Ríkisskattstjóri m.a. til bréfaskipta á árinu 2008 þegar til meðferðar var beiðni Lánstrausts hf. um leyfi Persónuverndar til þess m.a. að nota upplýsingar úr skattskrá til útreiknings á lánshæfismati. Óskaði stofnunin þá eftir afstöðu Ríkisskattstjóra til slíkrar vinnslu og barst svar, dags. 15. febrúar 2008, þess efnis að umrædd útgáfuheimild næði ekki til rafrænnar birtingar. Lyktaði málinu með bréfi Persónuverndar, dags. 3. mars 2008, þar sem minnt var á að það hlutverk stofnunarinnar að veita leyfi til vinnslu fæli ekki í sér að hún gæti skyldað aðila, í þessu tilviki Ríkisskattstjóra, til að láta upplýsingar af hendi í þágu þeirrar vinnslu sem umsókn lyti að.

Að auki segir í bréfi Ríkisskattstjóra:

„Af framansögðu þykir ljóst vera að það birtingarform sem hér er til umfjöllunar gengur þvert á upphaflegan tilgang löggjafans og afstöðu þeirra stjórnvalda sem hafa látið sig málið varða, þ.e. að sú birting upplýsinga sem skattaðilum er gert að þola með framlagningu álagningarskrár og síðar skattskrár yrði hvað útgáfu skattskrár varðar takmörkuð við hefðbundið pappírform. Hvarvetna í útgáfu bóka og rita er gerður skýr greinarmunur á hefðbundinni útgáfu á pappír og rafrænni útgáfu þess sama rits. Ríkisskattstjóri telur að bein eða framvirk lögskýring á ákvæði 2. mgr. 98. gr. heimili ekki útgáfu á rafrænu formi. Verður ekki séð að það hafi verið ætlan löggjafans að heimild til útgáfu skattskrár verði látin ná til birtingarforms sem ekki var til á þeim tíma sem ákvæði þetta var lögtekið. Er það skoðun ríkisskattstjóra að ef heimila eigi birtingu af því tagi sem CL hf. fer fram á verði að liggja fyrir skýr og ótvíræð lagaheimild.

Ríkisskattstjóra er ennfremur til efs að sá birtingarháttur sem viðhafður er af aðila sem komist

hefur yfir skattskrá frá útgefanda hennar teljist útgáfa á skattskrá „í heild eða að hluta“, sbr. lokamálslið 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Aukinheldur er vert að setja spurningarmerki við að sá framgangsmáti að einstakar upplýsingar úr skattskrá séu tengdar við aðrar skrár, og þar með allt annað en útgáfa á hefðbundinni skattskrá, teljist venjuhelguð útgáfa svo sem áratuga framkvæmd hefur verið háttáð og skattaðilar hafa mátt una við frá upphafi. Að endingu er rétt að áréttta að CL hf. hefur ekki fengið heimild ríkisskattstjóra til útgáfu á skattskrá með þessum hætti.“

5.

Með bréfi, dags. 15. maí 2013, veitti Persónuvernd Creditinfo Lánstrausti hf. færi á að tjá sig um framangreind svör Ríkisskattstjóra. Fyrirtækið svaraði með bréfi, dags. 31. maí 2013. Þar kemur fram að það hafi keypt skattskrá af áður nefndum A sem gefið hefur hana út með samþykki Ríkisskattstjóra eins og fyrr greinir. Af bréfi Ríkisskattstjóra verði ráðið að A hafi ekki verið sett nein skilyrði varðandi notkun skattskrár, en engu að síður lýsi embættið skoðunum sínum á því með hvaða hætti birta megi upplýsingar úr skránni, sem og notkun þeirra.

Einnig segir m.a. að með lögum nr. 7/1984 hafi löggjafinn tekið af allan vafa um heimild til birtingar og útgáfu skattskrár, en tilgangurinn hafi verið að heimila birtingu upplýsinga í skattskrá til að „skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald“ líkt og sagði í nefndaráli fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 13. desember 1983, auk þess sem mikilvægt væri að þrengja ekki rétt almennings að umræddum upplýsingum. Þá segir:

„Með hliðsjón af framangreindu verður ekki séð að rafræn birting upplýsinga úr skattskrá gangi þvert gegn tilgangi löggjafans líkt og haldið er fram af hálfu RSK. Á tímum internets, rafrænna miðla og rafrænna/pappírslausra viðskipta má ljóst vera að rafræn útgáfa skattskrár er betur til þess fallin að einstaklingar geti nýtt sér lögbundinn rétt sinn til aðgangs að skattskráupplýsingum. Þannig styðji rafræn birting betur við tilgang laga nr. 7/1984 og er líklegri til að skapa „virkt aðhald“.“

Með vísan til framangreinds segir að túlkun Ríkisskattstjóra leiði til þess að aðgengi að upplýsingum skapi ekki það aðhald sem bæði embættinu og gjaldendum sé ætlað að þola. Nú á dögum sé það svo að fólk kjósi að sækja upplýsingar með rafrænum hætti en skeyti síður um rétt sinn ef afla þurfi upplýsinga á pappírformi þar sem slíku fylgi aukin fyrirhöfn. Að auki er bent á að Ríkisskattstjóri birti árlega lista yfir þá einstaklinga sem hafa þurft að þola hæstu skattálagninguna á landinu öllu, þ. á m. kennitölur þeirra. Segir að slíkar upplýsingar séu birtar rafrænt á heimasíðu embættisins, auk þess sem það sendi út fréttatilkynningu þessa efnis. Hér sé um að ræða rafræna vinnslu á upplýsingum úr álagningarskrá sem um gildi þrengri reglur en um skattskrá og sé með ólíkindum að Ríkisskattstjóri, sem viðhefur þessa vinnslu, skuli jafnframt halda því fram að umrædd vinnsla Creditinfo Lánstrausts hf. sé brot á lögum. Virðist sem röksemdir Ríkisskattstjóra byggist á lagatúlkun sem taki mið af því hver á hlut að máli, en á slíkt sé ekki unnt að fallast. Þá segir m.a.:

„Félagið telur tilvísanir embættisins til „framvirkra lögskýringa“ haldlausar. Meginreglan í skattalögum er sú að tilteknar skattaupplýsingar séu opinberar og heimilt sé að gefa slíkar upplýsingar út í heild eða að hluta. Frávik frá þeirri reglu beri að skýra þröngt. Hvernig upplýsingarnar eru gerðar opinberar getur ekki skipt máli, annaðhvort eru upplýsingarnar opinberar eða ekki. Aðrar lögskýringar fái ekki stoð í lögum nr. 77/2000 né í lögum nr. 90/2003. Þá staðfestir birting RSK á upplýsingum um tekjuhæstu einstaklingana að rafræn vinnsla og birting sé heimil.

Þegar skattalögum sleppir þá taka við ákvæði persónuverndarlaga. Félagið hefur ótvírætt heimild til að vinna með opinberar upplýsingar og samtengja opinberar upplýsingar, sbr. 2. mgr. 3. gr. rg. nr. 246/2001 sem veitir félaginu heimild til að vinna með „upplýsingar um nafn manns eða lögaðila, heimilisfang, kennitölu, félagsform, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er

að fá úr opinberum skrá“ líkt og orðrétt segir í ákvæðinu. Í máli þessu greinir aðila ekki á um að skattskrá sé opinber skrá, sbr. 98. gr. laga nr. 90/2003. Þá gilda tilteknar reglur um starfsemi félagsins sem er ætlað að koma í veg fyrir að misfarið sé með gögn.“

Í niðurlagi bréfs Creditinfo Lánstrausts hf. segir að upplýsingar úr skattskrá séu mikilvægar við könnun á lánstrausti í viðskiptum og mati á lánshæfi, sbr. m.a. 10. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Í samræmi við það nýti viðskiptavinir fyrirtækisins upplýsingar úr skránni í tengslum við lánveitingar. Þá segir m.a. að fyrirtækið gangi skemur en 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 heimili þar sem upplýsingarnar séu eingöngu aðgengilegar viðskiptavinum þess en ekki öllum almenningi.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Þá gilda löginn einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 45. gr. laganna en það mál sem hér er til úrlausnar lýtur einungis að meðferð upplýsinga um einstaklinga. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Heimild til vinnslu

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf að vera fullnægt einhverju skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 8. gr. laga nr. 77/2000. Sá sem fer með ákvörðunarvald í tengslum við vinnslu þarf að ganga úr skugga um að svo sé áður en hann hefur vinnslu, en þar er átt við ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Ábyrgðaraðili er nánar tiltekið sá sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Fyrir liggur að Creditinfo Lánstraust hf. átti frumkvæði að því að afla upplýsinga úr skattskrá ársins 2010 og gera þær aðgengilegar þeim lögaðilum sem eru áskrifendur að upplýsingakerfum félagsins. Af því leiðir jafnframt að fyrirtækið telst vera ábyrgðaraðili í framangreindum skilningi.

Á meðal framangreindra heimilda 8. gr. laga nr. 77/2000 er m.a. að vinnslan sé nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra, sbr. 7. tölul. 1. mgr. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, er ekki nauðsynlegt að um sé að ræða hagsmuni ábyrgðaraðila sjálfs eða þess þriðja manns sem tekur við upplýsingunum og því getur ákvæðið átt við þótt um hagsmuni annarra sé að ræða. Ávallt er þó skilyrði að hagsmunir séu lögvarðir.

Þegar vinnsla persónuupplýsinga er heimilud með lögum og er innan ramma lagaheimildarinnar ber að líta svo á að fullnægt sé skilyrðinu um lögmæta hagsmuni í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og til hliðsjónar 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga, þess efnis að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar á grundvelli sérstakrar lagaheimildar.

Í 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt segir: „Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.“ Samhljóða ákvæði var upphaflega sett með lögum nr. 7/1984 um breytingu á þágildandi lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Í breytingatillögu við það frumvarp, sem varð að lögum nr. 7/1984, eru raktar forsendurnar fyrir setningu umrædds ákvæðis, þ.e. með tilvísun til frumvarps sem áður hafði verið lagt fram með tillögu um umrætt ákvæði en hafði ekki hlotið afgreiðslu. Nánar tiltekið er vísað til þess að tölvunefnd hafði álitnið lagaheimild skorta til útgáfu skattskrár. Af þeirri ástæðu hefði sá aðili (þ.e. B), sem haft hafði útgáfuna með höndum, ekki heimild til slíkrar útgáfu fyrir árið 1982. Þá segir að ótvírætt sé að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild sé til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald. Mikilvægt sé að aðgangur almennings að skránni sé ekki þrengdur og þar með tekið fyrir þá umræðu um skattamál er gjarnan fylgi birtingu umræddra upplýsinga.

Framangreind lagaheimild felur í sér íhlutun í réttinn til friðhelgi einkalífs, sem nýtur verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Undantekningar frá þeim grundvallarrétti ber að túlka þröngt. Fyrir liggur að Creditinfo Lánstraust hf. hefur afritað upplýsingar úr skattskrá í því skyni að selja þær áskrifendum sínum í viðskiptalegum tilgangi, þ.e. til að meta lánshæfi manna. Þá hafa upplýsingar verið seldar til nota í þágu markaðssetningarstarfsemi, en fyrir liggur þó að Creditinfo Lánstraust hf. hyggst láta af því. Framangreind notkun umræddra upplýsinga felur ekki í sér birtingu eða útgáfu í þágu aðhalds með gjaldendum og skattyfirvöldum eða til að stuðla að umræðu um skattamál. Creditinfo Lánstraust hf. hefur vísað til 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 45. gr. laga nr. 77/2000. Í umræddu reglugerðarákvæði er mælt fyrir um heimild fjárhagsupplýsingastofu til að vinna með upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skrá, en þar er átt við skrár sem gerðar eru aðgengilegar almenningi. Af 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 leiðir að skattskrá telst einungis vera opinber skrá innan þess ramma sem ákvæðið setur. Eins og fyrr er lýst fellur fyrrgreindur tilgangur Creditinfo Lánstrausts hf. með sölu upplýsinga úr skránni ekki innan þess ramma og er ljóst að reglugerðarákvæði geta ekki víkkað hann út. Er Creditinfo Lánstrausti hf. því óheimil umrædd vinnsla upplýsinga úr skattskrá og ber að láta af henni.“

3.2.13. Varðveisla sakavottorða hjá Akureyrarbæ – mál nr. 2013/512

Persónuvernd veitti almennt leiðbeinandi álit um varðveislu sakavottorða umsækjenda um störf hjá þeim sem skilaskyldir eru til Þjóðskjalasafns Íslands. Í álitinu kemur m.a. fram að mat Persónuverndar ráðist einkum af afstöðu Þjóðskjalasafns Íslands, sem telur að slík sakavottorð séu skilaskyld gögn í skilningi laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nema heimild safnsins komi til.

Álitnið er svohljóðandi:

„I.

Erindi Akureyrarbæjar

Persónuvernd vísar til bréfs yðar, f.h. Akureyrarbæjar, dags. 11. apríl 2013, þar sem óskað er eftir álitni stofnunarinnar um varðveislu sakavottorða þeirra sem sækja um störf þar sem unnið er með börnum, fötludum eða öldrudum. Nánar tiltekið segir í erindi yðar:

„Þegar sveitarfélög ráða starfsmenn til starfa með börnum, s.s. hjá barnaverndarnefnd, í leikskólum, grunnskólum, íþróttahæimilum eða til æskulýðsstarfa er þeim skylt að kanna hjá Sakaskrá hvort viðkomandi hafi brotið gegn tilteknum ákvæðum eða köflum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og skal sakavottorð liggja fyrir við ráðningu. Akureyrarbær hefur sett leiðbeiningar, sem byggja á samþykktum viðkomandi fagnefnda, um að sama eigi við um aldraða og fatlaða.

Upp hefur komið meiningarmunur milli Akureyrarbæjar og Héraðsskjalasafnsins á Akureyri, [um] hvort skylt sé að geyma upplýsingar frá Sakaskrá. Hér er átt við upplýsingar í formi sakavottorða, sem bera m.a. með sér að viðkomandi umsækjandi sé á sakaskrá.

Með vísan til 4. og 6. [tölul. 1. mgr.] 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 óska Akureyrarbær og Héraðsskjalasafnið eftir því að Persónuvernd leysi úr þeim meiningarmun, hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki og hvort skylt sé að geyma sakavottorð með öðrum ráðningargögnum (gögn sem verða til við starfsumsókn) eða hvort heimilt sé að eyða sakavottorðum þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.“

Um rök Akureyrarbæjar fyrir eyðingu sakavottorða segir eftirfarandi:

„Akureyrarbær telur að öflun upplýsinga hvort umsækjandi sé á sakaskrá sé vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sem er með sérstakri heimild og er háð samþykki umsækjanda samkvæmt 9. gr. laga [...] nr. 77/2000.

Akureyrarbær telur að ráðningaraðila sé skylt að eyða sakavottorði, sem ber m.a. með sér að umsækjandi sé á sakaskrá, þegar ráðningarferli er lokið, þar sem um mjög viðkvæmar persónuupplýsingar sé að tefla, [skv.] b-lið 8. gr. laga [...] nr. 77/2000.

Þegar sótt er um starf hjá Akureyrarbæ með börnum, ungmennum, öldruðum og fötludum er umsækjandi beðinn um að skrifa undir samþykki að afla megi sakvottorðs hjá Sakaskrá. Umsækjandi gefur því sérstaka og ótvíræða yfirlýsingu af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur öflun sakavottorðs skv. 7. gr. laganna. Honum er einnig kunnugt um tilgang öflunar sakavottorðs og hvernig persónuvernd er tryggð, en í leiðbeiningum bæjarins um öflun sakavottorðs kemur fram að eyða skuli öllum upplýsingum um sakavottorð, um leið og gengið er frá ráðningu og ef viðkomandi sækir aftur um starf eftir einhvern tíma, þarf að biðja um upplýsingar að nýju.

Akureyrarbær byggir m.a. á 26. gr. laga [...] nr. 77/2000 og telur að skylt sé að eyða þessum upplýsingum þegar ráðningarferli er lokið, þar sem ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingarnar.“

Um rök Héraðsskjalasafnsins á Akureyri fyrir varðveislu gagnanna segir:

„Héraðsskjalasafn byggir á 7. gr. laga um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985, þar sem segir að afhendingarskyldum aðilum sé óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

Héraðsskjalasafn bendir jafnframt á 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 þar sem kveðið er á um að við meðferð mála þar sem taka á ákvörðun um rétt eða skyldu manna beri stjórnvöldum að skrá upplýsingar um málsatvik sem veittar eru munnlega eða viðkomandi fær vitneskju um með öðrum hætti ef þær hafa þýðingu fyrir úrlausn máls og er ekki að finna í öðrum gögnum þess.

Í meðfylgjandi upplýsingum frá Þjóðskjalasafni til Héraðsskjalasafns bendir Þjóðskjalasafn jafnframt á 26. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 og telur að öll umsóknargögn, þ.m.t. sakavottorð eigi að varðveita, þar sem skjalið varðar afgreiðslu málsins. Samkvæmt túlkun Þjóðskjalasafns er sakavottorð því varðveisluskylt með málinu þar sem skjalið varðar afgreiðslu málsins.“

Með bréfi bæjarlögmanns fylgdu jafnframt afrit af tölvubréfum milli Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalastjóra, dags. 7. mars 2013, og bæjarlögmanns og héraðsskjalastjóra, dags. 14. mars 2013, sem og leiðbeiningar Akureyrar fyrir öflun sakavottorða. Í tölvubréfi héraðsskjalastjóra til bæjarlögmanns, dags. 14. mars 2013, er jafnframt vísað til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4686/2006, þar sem segir eftirfarandi um varðveisluskyldu stjórnvalda á starfsumsóknnum og fylgigögnum þeirra:

„Benti umboðsmaður á að í 22. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 væri kveðið á um þá skyldu stjórnvalda að skrá mál sem kæmu til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita

málgögn þannig að þau væru aðgengileg. Fæli þetta í sér að stjórnvöldum bæri almennt að tryggja að þær upplýsingar sem þau byggðu ákvarðanir sínar á lægju áfram fyrir hjá þeim eftir lok máls. Minnti umboðsmaður í því sambandi einnig á að samkvæmt 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ætti aðili máls rétt til aðgangs að gögnum þess og gildi sá réttur einnig eftir að ákvörðun hefði verið tekin. Varðveisla gagna væri meðal annars forsenda þess að upplýsingaréttur aðila máls gæti orðið raunhæfur og virkur. Þá hvíldi sú almenna skylda á stjórnvöldum, samkvæmt 5. gr. laga nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands, að afhenda safninu skjöl sín til varðveislu. Ekki yrði séð að gögn sem til yrðu og aflað væri við meðferð mála um opinberar stöðuveitingar væru undanskilin skilaskyldu samkvæmt þessu ákvæði. “

Í tölvubréfi Þjóðskjalasafns Íslands til Héraðsskjalasafnsins á Akureyri, dags. 7. mars 2013, segir m.a.:

„Um sakavottorð gildir hið sama og fyrir önnur fylgigögn starfsumsóknna, eins og starfsferilskrár og óbirt fylgigögn sem umsækjandi lætur fylgja umsókn, en slík gögn þarf stofnun að varðveita sem erindi til viðkomandi stofnunar. Mat og umsagnir stofnunar um umsækjendur og afrit af svörum til umsækjanda þarf ennfremur að varðveita sem gögn um afgreiðslu málsins, sbr. 26. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og 5. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985.“

Þá segir eftirfarandi í leiðbeiningum Akureyrar fyrir öflun sakavottorða um varðveislu þeirra:

„Munið að eyða þarf öllum upplýsingum sem koma úr sakaskráum um leið og gengið hefur verið frá ráðningu og ef viðkomandi sækir aftur um starf eftir einhvern tíma þarf að biðja um upplýsingar að nýju.“

Með bréfi, dags. 16. maí 2013, óskaði Persónuvernd eftir afstöðu Þjóðskjalasafns Íslands til erindis Akureyrarbæjar. Í svarbréfi Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 31. maí 2013, segir m.a.:

„Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að eyða nokkru skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild Þjóðskjalasafns eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala sbr. 7. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Það er mat Þjóðskjalasafns Íslands að tilvist viðkvæmra persónuupplýsinga í opinberum skjölum eða málgögnum hvorki kalli á né réttlæti eyðingu þeirra. Það að afhendingarskyldir aðilar hafi viðkvæmar persónuupplýsingar í sínum skjalasöfnum ítrekar aðeins mikilvægi þess að með þau sé farið samkvæmt lögum nr. 77/2000 um meðferð persónuupplýsinga og annarra laga um aðgengi að opinberum upplýsingum, svo sem ákvæði 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 um takmarkaðan upplýsingarétt vegna einkahagsmuna, bæði hjá viðkomandi skjalamyndara og síðan hjá Þjóðskjalasafni eða héraðsskjalasafni eftir að gögnin eru þangað komin til varðveislu.“

Um varðveislu sakavottorða segir eftirfarandi í bréfi Þjóðskjalasafns:

„Sakavottorða sem aflað er vegna ráðninga í störf hjá stjórnvöldum ber að varðveita ásamt öðrum málgögnum viðkomandi máls, enda geta þau, eins og önnur umsóknargögn, haft áhrif á hvort viðkomandi var ráðinn eða ekki. Í þessu samhengi má benda á álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4686/2006 þar sem minnt var á að varðveisla gagna væri forsenda þess að upplýsingaréttur væri virkur og raunhæfur en samkvæmt 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ætti aðili máls rétt til aðgangs að gögnum þess og gildi sá réttur einnig eftir að ákvörðun hefði verið tekin. Í skjölum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar eru oftast en ekki upplýsingar sem varða hagsmuni einstaklinga, s.s. hvernig þjónustu þeir hafa fengið frá hinu opinbera eða hvernig mál þeirra hefur verið afgreitt af hálfu stjórnvalda.[...]

Vilji Akureyrarbær eyða sakavottorðum úr starfsumsóknnum bæjarins þarf sveitarfélagið að sækja um heimild til þess hjá Þjóðskjalasafni.“

II.

Álit Persónuverndar

1.

Eins og að framan greinir hefur bæjarlögmaður Akureyrarbæjar óskað eftir álit Persónuverndar um eftirtalin atriði:

- a) hvort upplýsingar úr sakaskrá teljist viðkvæmar persónuupplýsingar og
- b) hvort skylt sé að geyma sakavottorð með öðrum ráðningargögnum (gögn sem verða til við starfsumsókn) eða hvort heimilt sé að eyða sakavottorðum þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Með vísun til 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga veitir Persónuvernd eftirfarandi leiðbeinandi álit um framangreindar spurningar.

2.

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verður vinnsla, þ.á m. varðveisla, slíkra upplýsinga ávallt að falla undir einhverja af heimildum 8. gr. laganna. Þegar um ræðir vinnslu persónuupplýsinga, sem fram fer á vegum stjórnvalda, geta einkum átt við 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr., þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga er heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds. Sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða verður einnig að uppfylla eitthvert af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Þá getur ákvæði 7. tölul. 1. mgr. átt við, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga er heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Í því máli sem hér um ræðir er um að ræða persónuupplýsingar úr sakaskrá, þar sem færðar eru tiltekna upplýsingar um sakamál. Samkvæmt skilgreiningu b-liðar 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað taldar vera viðkvæmar persónuupplýsingar. Er því fyrri spurningu bæjarlögmanns svarað játandi.

3.

Í erindi bæjarlögmanns Akureyrarbæjar er þess ekki óskað að Persónuvernd tjái sig um heimild sveitarfélagsins fyrir *öflun* sakavottorða við ráðningu í störf. Aftur á móti bendir bæjarlögmaður á að skylt sé að afla upplýsinga úr sakaskrá ef starfið varðar barnavernd, sbr. 2. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, leikskóla, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, íþróttaheimili, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og æskulýðsstörf, sbr. 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Í sumum tilvikum, n.t.t. í þeim tilvikum þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eiga yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tólmstundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um starf á þeirra vegum, hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla alm. hgl. nr. 19/1940, að fengnu samþykki hans. Af framangreindu virðist mega ráða að í slíkum tilvikum byggji sveitarfélagið öflun upplýsinga úr sakaskrá á 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, en þó hafi einnig fengist samþykki viðkomandi umsækjanda. Hafi samþykki verið veitt í samræmi við skilgreiningu 7. tölul. 2. gr. laganna, verður að telja að einnig séu uppfyllt 1. tölul. 1. mgr. 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000.

Í öðrum tilvikum, n.t.t. varðandi aldraða og fatlaða, hefur bæjarlögmaður vísað til þess að Akureyrarbær hafi sett sér leiðbeiningar, sem byggja á samþykktum viðkomandi fagnefnda, þar sem segir að sakavottorð umsækjanda skuli jafnframt liggja fyrir í þeim tilvikum þar sem unnið er með öldruðum eða fötluðum. Í þessu samhengi vill Persónuvernd benda á að sömu sjónarmið eiga við um störf sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk og um störf sem varða

barnavernd, sbr. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Eiga því sömu sjónarmið við um heimildir Akureyrarbæjar skv. ákvæðum laga nr. 77/2000 varðandi öflun upplýsinga úr sakaskráum umsækjenda að störfum tengd þjónustu fatlaðra og þegar ráðið er í starf er varðar barnavernd.

Varðandi umsækjendur að störfum er tengjast öldruðum bendir Persónuvernd á að sveitarfélagið hefur ekki vísað til sérstakrar lagaheimildar til stuðnings öflun sakavottorða. Aftur á móti segist sveitarfélagið ætla að óska eftir sakavottorði umsækjenda á grundvelli upplýsts samþykkis, í samræmi við áður nefndar leiðbeiningar sveitarfélagsins. Í ljósi framangreinds virðist sveitarfélagið einvörðungu ætla að byggja öflunina á samþykki umsækjanda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000. Persónuvernd telur að almennt verði að standa lagaheimild til vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á vegum stjórnvalda eða sveitarfélaga, og því þyrfti að kveða á um slíka heimild til handa sveitarfélaginu í lögum, líkt og nú tíðkast um störf er tengjast börnum eða þjónustu við fatlað fólk, í samræmi við lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins.

4.

Sé heimild til staðar skv. 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 fyrir öflun upplýsinga úr sakavottorði er unnt að skoða nánar þær reglur sem gilda um seinni spurningu bæjarlögmanns Akureyrarbæjar, n.t.t. um *varðveislu* sakavottorða hjá sveitarfélaginu.

Auk framangreindra ákvæða 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 ber að líta til grunnkrafna 7. gr. laganna, en þeim verður ávallt að vera fullnægt við vinnslu persónuupplýsinga. Þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Þá skal ábyrgðaraðili samkvæmt 11. gr. laganna gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þá ber ábyrgðaraðila jafnframt að eyða persónuupplýsingum þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum.

Í ljósi áður nefndra ákvæða 5. tölul. 7. gr. og 1. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000 er það lagt í hendur ábyrgðaraðila að meta hvenær ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita upplýsingar. Aftur á móti hvíla auknar skyldur á stjórnvöldum um varðveislu gagna sem stofnunin fær í hendur, á grundvelli laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 66/1985 skulu m.a. stofnanir sem heyra undir stjórnarráðið og aðrar stofnanir í eigu ríkisins afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín til varðveislu. Þá segir í 7. gr. laganna að afhendingarskyldum aðilum sé óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala. Er framangreint loks áréttað í 26. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, þar sem segir að um skráningu mála, skjalaskrár og aðra vistun gagna og upplýsinga fari að ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Það fellur í hlut Þjóðskjalasafns Íslands, en ekki Persónuverndar, að túlka skilyrði 5. og 7. gr. laga nr. 66/1985. Í erindi Þjóðskjalasafns Íslands til Persónuverndar, dags. 31. maí sl., segir að varðveita beri sakavottorð sem aflað er vegna ráðninga í störf hjá stjórnvöldum, enda geti slík gögn hafa haft áhrif á hvort viðkomandi var ráðinn eða ekki. Verði því að telja að sakavottorð séu

í slíkum tilvikum skilaskyld gögn í skilningi ákvæðis 5. gr. laga nr. 66/1985. Verður mat Persónuverndar að ráðast af framangreindri afstöðu Þjóðskjalasafns Íslands.

Með vísun til alls framangreinds telur Persónuvernd að framangreind ákvæði í lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands hafi að geyma fyrirmæli um varðveislu gagna. Í ljósi þessa verður að telja að í þessu máli liggi fyrir málefnaleg ástæða fyrir varðveislu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000. Því er síðari spurningu Akureyrarbæjar einnig svarað játandi. Þá hvílir rík skylda á sveitarfélaginu að gæta að öryggi upplýsinganna í samræmi við fyrirmæli 11. gr. laga nr. 77/2000.

Er framangreind túlkun í samræmi við ákvæði 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þar sem segir að aðili máls eigi rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál varða, sem og ákvæði 18. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fjallað er um rétt hins skráða til að fá vitneskju um tiltekin atriði, m.a. um hvaða upplýsingar er eða hefur verið unnið með um hann.“

3.2.14. Synjun á leyfi vegna rannsóknar – mál nr. 2013/213

Persónuvernd tók ákvörðun varðandi umsókn rannsakanda um leyfi til að samkeyra persónuupplýsingar sem urðu til við gerð rannsóknar á hans vegum við gögn Námsmatsstofnunar. Þar sem rannsakandi hafði ekki aflað samþykkis þátttakenda fyrir áframhaldandi varðveislu gagnanna, eða reynt að tryggja lögmæti vinnslunnar með öðrum hætti, taldi stofnunin að ekki væru forsendur til þess að líta svo á að lögmætar heimildir væru fyrir varðveislu gagnagrunns rannsóknarinnar. Lagt var fyrir rannsakanda að eyða öllum persónuupplýsingum um þátttakendur ef ekki fengjust upplýst samþykki fyrir áframhaldandi varðveislu gagnanna fyrir 1. nóvember næstkomandi.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

„I.

Innkomið erindi og leyfisumsókn

Þann 13. febrúar 2013 barst Persónuvernd erindi A, prófessors við Háskóla Íslands, (hér eftir nefndur rannsakandi) dags. 8. febrúar 2013, þar sem óskað var eftir viðbótarleyfi vegna rannsóknarinnar „X“. Nánar tiltekið var óskað eftir leyfi Persónuverndar til samkeyrslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar. Með bréfi, dags. 18. s.m., benti Persónuvernd rannsakanda á að stofnuninni yrði að berast útfyllt leyfisumsókn, enda væri samkeyrsla viðkvæmra persónuupplýsinga háð leyfi stofnunarinnar, sbr. reglur nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Stofnuninni barst undirrituð umsókn frá rannsakanda þann 27. s.m. Í henni er fyrirhuguð rannsókn nefnd „Z“. Óskað er eftir að mega afhenda Námsmatsstofnun eintak af gagnagrunni rannsóknarinnar „X“, sem inniheldur bæði kennitölur og rannsóknarnúmer þátttakenda, í því skyni að láta Námsmatsstofnun samkeyra gagnagrunninn við upplýsingar um námsárangur þátttakenda á samræmdum prófum. Að lokinni samkeyrslu myndi Námsmatsstofnun eyða upplýsingum um kennitölur þátttakenda úr gagnagrunni rannsakanda og afhenda honum grunninn með rannsóknarnúmerum eingöngu, sem skv. umsókninni eru taldar vera ópersónugreinanlegar upplýsingar.

Þá hefur stofnuninni borist yfirlýsing Námsmatsstofnunar, dags. 26. febrúar 2013, þar sem hún samþykkir fyrir sitt leyti að heimila notkun á niðurstöðum samræmdra prófa í þágu rannsóknarinnar, sem og að sjá um samkeyrslu gagnanna við rannsóknargrunn rannsakanda.

II.

Leyfisumsókn 2003 um upphaflega rannsókn

Persónuvernd hafði borist leyfisumsókn frá rannsakanda, dags. 26. júní 2003, vegna rannsóknarinnar „X“. Með bréfi, dags. 9. júlí 2003, var rannsakanda leiðbeint um að honum bæri að tilkynna rannsóknina til Persónuverndar, í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 77/2000, enda

væri ekki um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga að ræða.

Í tilefni af því erindi sem nú er til meðferðar óskaði Persónuvernd, með tölvupósti 22. mars sl., eftir upplýsingum um tilvísunarnúmer tilkynningar vegna rannsóknarinnar frá 2003. Þá óskaði stofnunin, með tölvupósti 3. apríl sl., eftir afriti af kynningarbréfi sem þátttakendur hefðu fengið og upplýstu samþykki sem þeir hefðu undirritað, hvort tveggja vegna rannsóknarinnar árið 2003. Sérstaklega var tekið fram að þess væri óskað að fram kæmi hvaða upplýsingar þátttakendur fengu um varðveislu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknina.

Barst svarbréf rannsakanda með tölvupósti þann 5. apríl sl. Með tölvupóstinum fylgdi afrit af eyðublaði fyrir samþykki foreldra þátttakenda, dags. í október 2003.

Með tölvupósti þann 24. apríl sl. benti Persónuvernd á að henni yrðu að berast nánari upplýsingar um þá fræðslu sem foreldrum þátttakenda var veitt við upphaf þátttöku um hvenær rannsóknargögnum yrði eytt og hvort þátttakendur hefðu samþykkt að samkeyra mætti upplýsingar um þá við gögn um þá hjá Námsmatsstofnun, sem og staðfesting þess efnis, þar sem ekki væri minnst á þessi atriði í fylgigögnum með tölvupósti umsækjanda þann 5. apríl sl.

Í svarbréfi rannsakanda til Persónuverndar, dags. 3. maí sl., segir m.a. að eingöngu sé óskað eftir leyfi Persónuverndar til að samkeyra upplýsingar úr rannsókninni „X“ við upplýsingar Námsmatsstofnunar. Persónuvernd hafi áður veitt Námsmatsstofnun leyfi til að samkeyra upplýsingar í þágu annarrar rannsóknar, þ.e. „E“, en báðar hafi þær verið framkvæmdar á sama hátt með tilliti til samþykkis foreldra og upplýsinga til forráðamanna. Þá var upplýst að engar aðrar upplýsingar en þær sem komu fram í kynningarbréfi og/eða upplýstu samþykki, dags. í október 2003, hafi verið sendar til foreldra. Loks benti rannsakandi á að hvorki Persónuvernd né Vísindasiðanefnd hafi óskað eftir því árið 2003 að fram kæmu í kynningarbréfi rannsóknarinnar upplýsingar um hvenær gögnum yrði eytt.

Varðandi spurningu Persónuverndar um hvort samþykki hafi fengist fyrir samkeyrslu sem þessari segir eftirfarandi í svarbréfinu:

„Meginmarkmið upprunalegu rannsóknarinnar frá árinu 2003 var að skoða samband hreyfingar, holdafars, hreysti og almenns heilsufars 9 og 15 ára barna, og var öll framkvæmd rannsóknarinnar, kynning á henni og upplýsingagjöf í samræmi við það. Þess vegna var ekki leitað eftir samþykki forráðamanna fyrir samkeyrslu rannsóknargagna á sínum tíma við námsárangur barna. Nú á síðustu árum hefur hins vegar aukinni athygli verið beint að mögulegum tengslum hreyfingar og heilsufars barna við námsárangur og velferð barna, sem er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að hreyfing barna er afar lítil í samfélaginu í dag. [...]“

Með tölvupósti til rannsakanda, dags. 16. maí sl., benti Persónuvernd á að stofnunin yrði að ganga úr skugga um að varðveisla þeirra gagna sem hann hafi undir höndum vegna rannsóknarinnar sé lögmæt og ef svo væri gæti stofnunin gefið út leyfi til samkeyrslu upplýsinganna við upplýsingar frá Námsmatsstofnun. Að öðrum kosti væri það mat stofnunarinnar að afla yrði samþykkis frá öllum þátttakendum fyrir áframhaldandi varðveislu gagnanna. Jafnframt var rannsakanda bent á að rannsóknin var aldrei tilkynnt til Persónuverndar, þótt honum hafi verið leiðbeint um að gera slíkt, eins og áður segir.

Með bréfi, dags. 22. maí sl., áréttaði Persónuvernd að í kynningarbréfi til þátttakenda væri ekki vikið að varðveislutíma gagnanna. Þá var vísað til þess að samkvæmt upphaflegri leyfisumsókn rannsakanda til Persónuverndar, frá árinu 2003, væri ráðgert að ljúka rannsókninni á vorönn 2004 og eyða rannsóknargögnum að rannsókn lokinni, nema ný rannsókn yrði skipulögð á sama hópi og að sótt yrði þá um tilskilin leyfi.

Loks benti Persónuvernd á í umræddu bréfi að skv. c- og i-liðum 9. gr. reglna nr. 170/2001, um upplýst samþykki í vísindarannsókn á heilbrigðissviði, verður að upplýsa einstakling um m.a.

hvenær áætlað sé að rannsókn ljúki, og hvort, og þá hvenær, persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt. Nánar tiltekið verði að veita m.a. framangreindar upplýsingar áður en farið sé á leit við einstaklinginn að hann samþykki vinnslu persónuupplýsinga um sig við framkvæmd vísindarannsóknar. Með vísun til framangreinds taldi Persónuvernd að ekki væru forsendur fyrir útgáfu leyfis til handa Námsmatsstofnun, að svo stöddu, enda hafði rannsakandi ekki sýnt fram á að rannsóknargögnin væru varðveitt með lögmætum hætti. Gæti stofnunin því ekki gefið út leyfi fyrir en gengið hefði verið úr skugga um lögmæti varðveislu gagnanna. Var því óskað eftir afstöðu rannsakanda til þess að afla samþykkis þátttakenda fyrir áframhaldandi varðveislu gagnanna, en að öðrum kosti kynni Persónuvernd að þurfa að taka afstöðu til þess hvort eyða þurfi umræddum gögnum.

Í svarbréfi, dags. 24. júní 2013, segir m.a. að samþykki fyrir samkeyrslu gagna rannsóknarinnar við gögn um námsárangur hafi ekki verið veitt. Aftur á móti hafi Persónuvernd veitt leyfi, dags. 2. febrúar 2011, [...], fyrir að mega samkeyra upplýsingar úr rannsókninni „B“, sem tilkynnt var til Persónuverndar árið 2006 [...], við gögn Námsmatsstofnunar í þágu rannsóknarinnar „E“. Telji rannsakandi því að sú umsókn sem nú er til skoðunar ætti að fá sambærilega málsmeðferð hjá stofnuninni.

Einnig segir í bréfinu:

„Eins og bent er á í þessari umsókn til Vísindasiðanefndar árið 2003 og einnig umsókn sem send var til Persónuverndar var gögnum safnað að mestu leyti á árunum 2003 og 2004. Úrvinnsla og túlkun gagna hófst strax að lokinni gagnasöfnun og stendur í raun ennþá en síðasta vísindagrein úr þessu gagnasafni var birt á árinu 2011.[...] Fleiri vísindagreinar og nemendaverkefni frá þessu gagnasafni eru í gangi og þess vegna er lítið svo á að rannsókninni sé ekki lokið. Enn er verið að birta niðurstöður úr rannsókninni. Í ljósi þessa þykir ekki rétt að eyða þeim upplýsingum sem enn er verið að vinna með í vísindalegum tilgangi, sbr. orðalag 1. mgr. 9. tl. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

III.

Ákvörðun

1.

Gildissvið o.fl.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Sú aðgerð að skrá og varðveita viðkvæmar persónuupplýsingar um ósjálfráða einstaklinga vegna vísindarannsóknar felur í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000.

2.

Lagaumbverfi og sjónarmið

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, m.a. upplýsinga um heilsufar, sbr. 8. tölul. 2. gr. sömu laga, að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr. laganna.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti

persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

3.

Um tilkynningarskyldu rannsakanda

Upphafleg vinnsla, þ.e. söfnun og skráning, þessara upplýsinga byggist á upplýstu samþykki þátttakenda rannsóknarinnar, n.t.t. foreldra þátttakenda, frá árinu 2003. Líkt og Persónuvernd benti rannsakanda á með bréfi, dags. 9. júlí 2003, bar að tilkynna umrædda vinnslu til Persónuverndar, sbr. 31. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þá segir í ákvæði 3. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfis skylda vinnslu persónuupplýsinga, að sé vinnsla tilkynningarskyld, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að Persónuvernd berist tilkynning um hana og að vinnslu sé ávallt hagað í samræmi við innsenda tilkynningu. Eftirlit Persónuverndar haggi í engu ábyrgð ábyrgðaraðila á vinnslu persónuupplýsinga.

Jafnframt segir í 3. mgr. 32. gr. laga nr. 77/2000 að ábyrgðaraðili skuli sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin sé þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skuli senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu.

Af öllu ofangreindu er því ljóst að rannsakanda bar, sem ábyrgðaraðila rannsóknarinnar, að tilkynna Persónuvernd um umrædda vinnslu. Engin tilkynning þar að lútandi hefur aftur á móti borist Persónuvernd vegna rannsóknarinnar.

4.

Um lögmati varðveislunna persónuupplýsinga í gagnagrunni rannsóknarinnar

Mál þetta varðar umsókn A um leyfi til að nýta gagnagrunn sem varð til við gerð rannsóknarinnar „X“ árið 2003. Hann hefur að geyma m.a. viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000.

Ber því fyrst að skoða hvort telja megi hið upplýsta samþykki, sem foreldrar undirrituðu fyrir hönd þátttakenda vegna rannsóknarinnar, vera fullnægjandi í skilningi 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 og reglna Persónuverndar nr. 170/2001 um upplýst samþykki í vísindarannsókn á heilbrigðisviði, eins og vísað hefur verið til í bréfaskiptum.

Í c- og i-liðum 9. gr. reglna nr. 170/2001 segir að áður en þess sé farið á leit við einstakling að hann lýsi því yfir að hann samþykki vinnslu persónuupplýsinga um sig við framkvæmd vísindarannsóknar skuli honum skriflega veittar upplýsingar um m.a. hvenær rannsókn byrji, hvenær áætlað sé að henni ljúki, og hvort, og þá hvenær, persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt.

Í kynningarbréfi rannsakanda til foreldra þátttakenda, dagsettu í október 2003, segir m.a.:

„Með bréfi þessu óska undirrituð eftir samþykki fyrir þátttöku barns ykkar í rannsókn á heilsufari og lífsstíl íslenskra barna og unglunga sem fræðimenn frá Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands munu standa fyrir á þessu skólaári. Markmið rannsóknarinnar er að kanna holdafar 9 og 15 ára barna og unglunga og tengsl þess við hreyfingu og þrek barnanna. Auk þess verður mataræði kannað og áhrif þessara þátta á breytur í blóði.[...]

Vísindasiðanefnd og [P]ersónuvernd hafa samþykkt framkvæmd þessarar rannsóknar. Þið getið samþykkt þátttöku í öllum þáttum rannsóknarinnar eða aðeins hluta hennar, þ.e. hægt er að hafna þátttöku í þrekrófi og/eða blóðprufu þó samþykkt sé þátttaka í öðrum hlutum hennar. Þið getið ákveðið hvenær sem er og fyrirvaralaust að hætta við þátttöku í rannsókninni, að hluta eða öllu leyti, og verður þá upplýsingum eytt um barnið.[...]

Þátttaka ykkar er mjög mikilvæg og koma nöfn ykkar eða barnanna hvergi fram við úrvinnslu eða birtingu rannsóknarinnar. Farið [verður] með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.“

Af þeim gögnum sem rannsakandi hefur látið Persónuvernd í té er ljóst að foreldrar voru ekki upplýstir um hvenær áætlað væri að rannsókn yrði lokið eða hvenær persónugreinanlegum gögnum yrði eytt. Kynningarbréfið virðist þó leiða að því líkur að rannsóknin standi yfir á umræddu skólaári, og hefði því mátt búast við henni yrði lokið á vorönn 2004. Þá sagði einnig í upphaflegri umsókn, dags. 26. júní 2003, að rannsóknin yrði framkvæmd á skólaárinu 2003-2004 og að eftir lok rannsóknarinnar yrði gögnum eytt nema ný rannsókn yrði skipulögð á sama hópi og sótt yrði þá um tilskilin leyfi. Var framangreint jafnframt tilgreint í umsókn rannsakanda til Vísindasiðanefndar árið 2003. Er því ekki unnt að ráða af framangreindum gögnum að foreldrum hafi mátt vera það ljóst árið 2003 að gagnagrunnur með viðkvæmum persónuupplýsingum um börn þeirra yrði enn varðveittur tíu árum síðar.

Í ljósi framangreinds verður því ekki talið að foreldrar þátttakenda hafi veitt upplýst samþykki fyrir ótímabundinni varðveislu viðkvæmra persónuupplýsinga um börn sín í þágu rannsóknarinnar, enda fengu þeir ekki fullnægjandi fræðslu um varðveislutíma og eyðingu gagnanna. Er því ekki unnt að byggja á ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. sem heimild fyrir varðveislu umræddra upplýsinga. Enn fremur er vakin athygli á því að við mat á framangreindu verður að huga að því að þátttakendur rannsóknarinnar hafa nú allir náð sjálfræðisaldri og því verði samþykki að fást frá þátttakendunum sjálfum, en ekki frá foreldrum þeirra. Í framangreindu felst að Persónuvernd er ekki heimilt að skerða sjálfsákvörðunarrétt hins skráða, nema í algjörum undantekningartilvikum.

Ekki verður heldur séð að aðrar heimildir 1. mgr. 9. gr. komi til greina og verður því ekki talið að umrædd vinnsla sæki stoð í umrætt ákvæði.

5.

Um leyfi Persónuverndar í máli nr. 2010/839

Í bréfaskiptum við rannsakanda hefur loks verið vísað til þess að Persónuvernd verði að gæta jafnræðis við afgreiðslu umsókna er berast stofnuninni. Vísar umsækjandi í því samhengi sérstaklega til leyfis Persónuverndar, dags. 2. febrúar 2011, í máli nr. 2010/1102, þar sem stofnunin veitti umsækjanda o.fl. leyfi til samkeyrslu upplýsinga úr rannsókn umsækjanda, „Ö“, við gögn Námsmatsstofnunar í þágu rannsóknarinnar „X“.

Persónuvernd telur að í þeim tilvikum þar sem í ljós kemur að hún hafi gefið út leyfi til vinnslu persónuupplýsinga sem uppfyllir ekki að öllu leyti þær kröfur sem stofnunin gerir til slíkra leyfa, sé ekki unnt að nota eldra útgefið leyfi sjálfkrafa sem fordæmi fyrir útgáfu nýs leyfis. Telji stofnunin að vankantar séu á eldra leyfi hennar mun hún hefja sjálfstæða skoðun þar að lútandi og e.t.v. lagfæra útgefið leyfi, ef þörf krefur. Verður þó ekki skorið úr því hér hvort slíkt þurfi vegna leyfis í máli nr. 2010/839.

III.

Niðurstæða

Með vísun til alls framangreinds er ljóst að rannsakandi sendi ekki tilkynningu til Persónuverndar um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar, enda þótt honum hafi borið skylda til þess skv. gildandi lögum og reglum.

Jafnframt liggur ljóst fyrir að ekki var aflað samþykkis þátttakenda fyrir áframhaldandi varðveislu

gagnanna eða reynt að tryggja lögmæti vinnslunnar með öðrum hætti. Eru því að mati Persónuverndar ekki forsendur til þess að líta svo á að lögmætar heimildir sé fyrir varðveislu umrædds gagnagrunns. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að fallast á að veita leyfi til samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga úr grunninum við gögn Námsmatsstofnunar, án samþykkis þátttakenda.

Því beinir Persónuvernd þeim fyrirmælum til rannsakanda, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, að eyða öllum rannsóknargögnum er hafa að geyma persónuupplýsingar um þátttakendur sem til urðu vegna rannsóknarinnar „X“ þann 1. nóvember næstkomandi, nema upplýst samþykki fáist fyrir áframhaldandi varðveislu gagnanna fyrir þann dag.“

3.2.15. Eftirlitsmyndavélar hjá kjötvinnslufyrirtæki – mál nr. 2013/119

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi rafrænt eftirlit með starfsmönnum hjá kjötvinnslufyrirtæki. Með vísan til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt lögum um matvæli taldi Persónuvernd að fyrirtækinu væri heimilt að viðhafa vöktun í húsnæði sínu en að því beri að fræða starfsmenn um vöktunina.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir meðal annars:

„Með stoð í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 hefur Persónuvernd sett reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Samkvæmt 4. gr. þeirra reglna verður rafræn vöktun að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu. Þá segir í 5. gr. reglnanna að við alla rafræna vöktun skuli þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skuli gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og fordast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skuli því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

Í 6. gr. reglnanna er ákvæði um vöktun með vinnuskilum. Segir þar að vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna sé háð því að hennar sé sérstök þörf, s.s. vegna þess:

- a. að ekki sé unnt að koma við verkstjórn með öðrum hætti; eða
- b. að án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi svæði, s.s. í ljósi laga og sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða
- c. að hún sé nauðsynleg vegna ákvæða kjarasamnings eða annars konar samkomulags um launakjör, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

Við mat á því hvort farið sé að framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglna nr. 837/2006 verður einnig að líta til ákvæða í öðrum lögum eftir því sem við á, t.a.m. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í því sambandi hefur Esja-Gæðafæði hf. bent á að margir starfsmenn séu einir að störfum við hættulegar vélar sem geti valdið slysum.

Þá hefur komið fram að starfsemi Esju-Gæðafæðis hf. felst einkum í kjötvinnslu en slík framleiðsla matvæla er háð ströngum skilyrðum, sbr. ákvæði laga nr. 93/1995 um matvæli. Í þeim lögum er m.a. gerð krafa um rekjanleika afurða og vara ásamt því að matvælafyrirtæki bera ábyrgð á hreinlæti þeirra.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framangreindan tilgang vöktunarinnar, þ.e. að tryggja öryggi starfsmanna á svæðinu í þeim tilgangi að uppfylla skilyrði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við að ábyrgðaraðili viðhafi vöktun sem fer fram í því skyni að tryggja rekjanleika og hreinlæti þeirra vara sem eru í framleiðslu hjá honum, sbr. ákvæði laga nr. 93/1995.

Um það hvort umræddar eftirlitsmyndavélar séu notaðar í þeim tilgangi að fylgjast með

vinnuskilum starfsmanna stendur orð gegn orði. Þegar svo háttar til eru úrræði Persónuverndar takmörkuð. Stofnunin hefur rannsakað mál þetta með þeim úrræðum sem henni eru búin að lögum. Það er ekki á hennar valdi að rannsaka það frekar til að staðreyna hvort áhyggjur starfsmanna eru á rökum reistar að þessu leyti. Eins og málið liggur nú fyrir er ekki hægt að slá því föstu að vöktun fari fram með vinnuskilum starfsmanna.

3.

Fræðsla

Í kvörtuninni er einnig vikið að því að ábyrgðaraðili hafi ekki rækt fræðsluskyldu sína samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að þegar ábyrgðaraðili afli persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skuli hann fræða hinn skráða um þau atriði sem hann þarf að vita, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Í 10. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun er sömuleiðis að finna ákvæði um fræðslu sem veita ber þeim sem sæta rafrænni vöktun. Segir þar m.a. að þeim skuli veitt fræðsla um tilgang vöktunar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að þeim upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Í máli þessu hefur komið fram af hálfu kvartanda að fræðsla hafi ekki verið veitt. Sönnunarbyrði um það hvort fræðsla hafi verið veitt með fullægjandi hætti hvílir á ábyrgðaraðila. Af hans hálfu hefur komið fram að við kaup á fyrirtækinu þann 1. febrúar 2007 hafi ekki verið rætt sérstaklega um hvort að þessu ákvæði laga nr. 77/2000 hafi verið fullnægt. Þá sé nú í undirbúningi gerð starfsmannahandbókar þar sem fram komi að rafræn vöktun fari fram á vinnustaðnum og verði í höndum Securitas hf.

Liggur því ekki fyrir að hinum skráðu hafi verið veitt fræðsla svo sem skylt er samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Þá fullnægir umrædd setning sem ætlunin er að setja í starfsmannahandbókina ekki þeim skilyrðum sem gerðar eru til fræðslu samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglna nr. 837/2006.

Leggur Persónuvernd því fyrir ábyrgðaraðila að veita starfsmönnum sínum fræðslu, t.a.m. með útgáfu starfsmannahandbókar sem kynnt verði starfsmönnum sérstaklega, þar sem fram komi þau atriði sem talin eru upp í 10. gr. reglna nr. 837/2006, sbr. 20. gr. laga nr. 77/2000. Skal Persónuvernd berast staðfesting þess efnis fyrir 1. október 2013.“

3.2.16. Miðlun persónuupplýsinga um hælisleitanda – mál nr. 2012/1380

Persónuvernd úrskurðaði í máli einstaklings varðandi miðlun upplýsinga frá sýslumanni til Útlendingastofnunar um kennitölu kvartanda og um að hann hefði undir höndum vegabréf. Var niðurstaða Persónuverndar sú að miðlunin hefði verið í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„I.
Bréfaskipti
1.

Hinn 22. nóvember 2012 barst Persónuvernd kvörtun frá B hdl., dags. 21. s.m. Kvartað er yfir því að sýslumaðurinn í Kópavogi hafi veitt Útlendingastofnun upplýsingar um vegabréf A (hér eftir nefndur „kvartandi“), en um það segir m.a.:

„Hér með er kærð sú aðgerð sýslumannsins í Kópavogi að veita Útlendingastofnun upplýsingar um vegabréf skjólst.m. sem varð til þess að lögreglan kom að heimili hans og fjölskyldu hans að kvöldi 6. nóvember 2012 og krafðist afhendingar vegabréfsins. Hafði atvikið afar neikvæð áhrif á skjólst.m., unnustu hans og tvö ung börn þeirra.

Forsaga málsins er sú að skjólstaðingur minn sótti um útgáfu könnunarvottorðs til sýslumannsins í Kópavogi vegna fyrirhugaðs hjúskapar hans og unnustu hans. Var beiðni um útgáfu könnunarvottorðs synjað á grundvelli þess að hjúskaparvottorð frá [K] væri eldra en fjögurra

vikna. Hefði málinu mögulega getað lokið með þeim hætti en af einhverjum ástæðum sá fulltrúi sýslumanns sig knúinn til þess að hafa af eigin frumkvæði og án nokkurs samráðs við skjólst.m. samband við Útlendingastofnun til að láta stofnunina vita af því að skjólst. minn hefði framvísað vegabréfi sínu við afgreiðslu erindis hans á skrifstofu sýslumannsembættisins.

Er hér með lagt fyrir Persónuvernd að meta hvort slík framkvæmd stenst ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

Vísað er til þess í kvörtun að í rökstuðningi sýslumannsins í Kópavogi fyrir umræddri miðlun upplýsinga um kvartanda, sem veittur hafi verið framangreindum lögmanni með bréfi, dags. 8. nóvember 2012, sé vísað til 5. mgr. 46. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga sem heimildar fyrir miðluninni. Þá segir:

„Sú lagagrein sem fulltrúi sýslumanns vísar til segir: „Með umsókn um hæli skal afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum.“ Þegar skjólst.m. kom til landsins og sótti um hæli hafði hann ekki vegabréf meðferðis en afhenti þess í stað önnur ferðaskilríki sem hann hafði í fórum sínum. Þessu hefði fulltrúi sýslumanns getað komist mjög auðveldlega að með því að hafa samband við skjólst.m. og spyrja hann út í þessa hluti ef hann á annað borð taldi sér koma þessi mál við m.v. valdsvið það sem sýslumannsembættinu hefur verið falið. Er það mat undirritaðrar að svo sé ekki og er því þessi aðgerð kærð til Persónuverndar.

Sú aðgerð sem fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi gengst við með ofangreindum hætti varð til þess að lögreglan kom sem fyrr segir að heimili umbjóðenda minna að kvöldi 6. nóvember 2012. Þar búa umbjóðendur mínir ásamt tveimur börnum [C] og er um mikið og alvarlegt inngrip að ræða gegn friðhelgi heimilis, fjölskyldu og einkalífs.

Eftir samskipti undirritaðrar við fulltrúa lögreglu og Útlendingastofnunar virðist hafa verið fallið frá tilraunum til haldlagningar á vegabréfi umbj.m. enda var útskýrt fyrir hlutaðeigandi stjórnvöldum að hann hefði vissulega látið af hendi önnur ferðaskilríki þegar hann kom til landsins og að vegabréfið hefði hann fengið sent eftir komu til landsins. Þar sem ekki leikur vafi á því að umbj.m. sé sá sem hann segist vera er ekki lagastoð fyrir haldlagningu vegabréfsins.“

Einnig er í kvörtun vísað til tilvísunar í áðurgreindum rökstuðningi sýslumannsins í Kópavogi til bréfs dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins (nú ráðuneytið), dags. 16. nóvember 2010. Það bréf var sent sýslumanninum í Reykjavík sem svar við fyrirspurn hans til ráðuneytisins, dags. 21. september s.á., um það hvort gerðar væru athugasemdir við að sýslumaður miðlaði upplýsingum um málsaðila til annarra stjórnvalda sem upplýsingarnar ættu erindi við. Gerði ráðuneytið ekki athugasemdir við að sýslumaður greindi viðeigandi stjórnvöldum frá því þegar uppi væri rökstuddur grunur um brot gegn reglum sem þau stjórnvöld ættu að framfylgja. Í aðdraganda þessa bréfs hafði ráðuneytið aflað umsagnar frá Persónuvernd, dags. 10. nóvember 2010, þar sem fram kom að ekki væru gerðar athugasemdir við slíkt. Hins vegar kom fram að ekki væri tekin afstaða til þess hvort öll þau atriði, sem talin voru upp í álitsbeiðni frá ráðuneytinu, dags. 29. október 2010, væru þess eðlis að sýslumanni væri rétt að tilkynna um þau.

Í tengslum við framangreint segir í bréfi lögmanns kvartanda:

„Ekki er stætt á að vísa í slík sjónarmið enda yfirlýst ástæða fyrir gagnasendingu sýslumannsembættisins óljósar og óréttmætar hugmyndir um að umbj.m. hafi brotið lög sem þó er ekki að nokkru leyti í verkahring sýslumannsembættisins að tryggja eftirfylgni við. Er slík forsenda gjörólík því sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi ráðuneytis þess efnis að upplýsa megi um brot á reglum sem stjórnvöldum beri að framfylgja.“

2.

Með bréfi, dags. 28. desember 2012, veitti Persónuvernd sýslumanninum í Kópavogi færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Þá var þess óskað að fram kæmi hvort upplýsingar um kvartanda

hefðu verið skrásettar hjá sýslumanni og hvernig þær hefðu verið veittar, þ.e. munnlega, bréfluga eða í tölvupósti, þar sem það gæti skipt máli við mat á því hvort um ræddi vinnslu persónuupplýsinga sem félli undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Sýslumaður svaraði með bréfi, dags. 15. janúar 2013. Þar segir:

„Málsatvik voru þau að þann 29. október mættu hjónaefni til sýslumannsins í Kópavogi og lögðu fram könnunartvottorð ásamt tilskildum gögnum. Þar sem hjúskaparstöðuvottorð mannsins var rúmlega níu vikna gamalt var honum bent á 2. gr. reglugerðar nr. 326/1996 um hjónavígsluskilyrði, þar sem fram kemur að vottorð um hjúskaparstöðu megi ekki vera eldra en fjögurra vikna. Maðurinn kvaðst vera búinn að sækja um héli hér á landi þar sem ástandið í heimalandi hans væri slæmt. Maðurinn kvað það ógerlegt að útvega nýtt vottorð og óskaði því eftir að málið yrði tekið til meðferðar á grundvelli vottorðsins frá 23. ágúst 2012.

Embættið kannaði framkvæmd svipaðra mála hjá öðrum embættum og fékk þær upplýsingar að sum lönd gefa ekki út vottorð um hjúskaparstöðu en þegar lönd gæfu út slík vottorð væri iðulega hægt að fá þau innan þessa þrönga tímafrests eða fjögurra vikna, eins og áskilið er í 2. gr. reglugerðar um hjónavígsluskilyrði.

Þá var einnig haft samband við Útlendingastofnun til að athuga hvort starfsmenn þar gætu staðfest að ómögulegt væri að fá nýtt vottorð um hjúskaparstöðu frá því landi sem hér um ræðir, líkt og maðurinn hafði upplýst. Starfsmaður Útlendingastofnunar var einnig spurður að því hvort hælisleitandi hefði heimild til að hafa vegabréf á sér, með vísun til 6. mgr. 46. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002. Starfsmaðurinn kvað svo ekki vera og spurði um kennitölu mannsins sem fulltrúi sýslumanns upplýsti um í síma.

Þegar hjúskaparskilyrði eru könnuð eru upplýsingar um framlögð gögn, þ. á m. ljósrít af vegabréfi útlendinga, skráðar á eyðublað sem notað er við könnunina og tilkynningu um hjónavígslu til Þjóðskrár Íslands. Sýnishorn af eyðublaðinu er meðfylgjandi. Þá er málið skráð í málaskrárkerfi embættisins.

Sýslumaðurinn í Kópavogi telur sér hafa verið rétt og skylt að gefa Útlendingastofnun upp kennitölu mannsins. Þar er annars vegar vísað til meðfylgjandi bréfs dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins dags. 16. nóvember 2010 og hins vegar til 114. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 53/2003. Að ósk Útlendingastofnunar var henni sent ljósrít af vegabréfi kvartanda 27. nóvember sl.“

3.

Með bréfi, dags. 24. janúar 2013, ítrekuðu með bréfum, dags. 28. febrúar og 8. apríl s.á., var lögmanni kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar sýslumannsembættisins í Kópavogi. Í síðara ítrekunarbréfinu var tekið fram að ef svar bærisk ekki fyrir tiltekinn dag yrði litið svo á að fallið hefði verið frá kvörtun.

Svar barst frá lögmanninum með tölvubréfi hinn 18. apríl 2013. Þar segir m.a. að þau sjónarmið, sem fram koma í bréfi sýslumannsins í Kópavogi, dags. 15. janúar 2013, breyti engu um grundvöll kvörtunar og telji kvartandi að embætti sýslumanns hafi með öllu verið óheimilt að miðla upplýsingum til Útlendingastofnunar um vegabréf hans.

Með bréfi til sýslumannsins í Kópavogi, dags. 13. maí 2013, var honum greint því að í ljósi framangreinds svars frá lögmanninum væri þess að vænta að leyst yrði efnislega úr málinu. Kysi sýslumaður að koma á framfæri frekari athugasemdum væri þeirra óskað fyrir tiltekinn dag. Ekki bárust frekari athugasemdir.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Þeim upplýsingum, sem hér um ræðir, var miðlað símleiðis frá sýslumanninum í Kópavogi til Útlendingastofnunar. Svo að meðferð upplýsinga falli undir lög nr. 77/2000 verða þær að vera á einhverju skráðu formi og er því hér sérstakt álitæfni hvort um hafi verið að ræða vinnslu sem fellur undir lög nr. 77/2000. Við mat á því er til þess að líta að upplýsingar um kvartanda voru skráðar í málaskrá sýslumannsins í Kópavogi. Af því leiðir að í umræddu símtali var miðlað upplýsingum sem falla undir gildissvið laga nr. 77/2000 og ber að líta á símtal sem þátt í vinnslu þeirra upplýsinga. Er því hér um að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar um ræðir vinnslu á vegum stjórnvalda reynir þá einkum á 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr., þess efnis að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds.

Sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. um grun um refsiverða háttsemi, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, þarf einnig að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. laganna. Samkvæmt 6. mgr. 46. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga skal með umsókn um hæli afhenda vegabréf eða önnur ferðaskilríki sem umsækjandi hefur í fórum sínum, en af a-lið 1. mgr. 57. gr. sömu laga leiðir að misbrestur á því getur varðað refsingu. Fyrir liggur að upplýsingum um kennitölu kvartanda var miðlað frá sýslumanninum í Kópavogi til Útlendingastofnunar í tengslum við fyrirspurn sýslumanns varðandi vegabréf sem hælisleitendur hefðu í fórum sínum. Af samhenginu mátti Útlendingastofnun því vera ljóst að um væri að ræða kennitölu hælisleitanda sem hefði undir höndum slík skilríki. Þá verður af gögnum málsins ráðið að hún hafi haft grun um að varsla skilríkjanna færi í bága við framangreind ákvæði laga nr. 96/2002, en af því leiðir jafnframt að um viðkvæmar persónuupplýsingar var að ræða. Af ákvæðum 9. gr. laga nr. 77/2000 kemur þá eingöngu 7. tölul. 1. mgr. til álita sem vinnsluheimild, þess efnis að vinna má með slíkar upplýsingar sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja.

Samkvæmt 114. gr. reglugerðar nr. 53/2003 um útlendinga, sbr. m.a. 58. gr. laga nr. 96/2002, skulu stjórnvöld samkvæmt beiðni láta Útlendingastofnun í té upplýsingar um nafn útlendinga og heimili til nota í máli samkvæmt lögnum. Ekki er mælt fyrir um skyldu til að veita kennitölu. Hvað varðar miðlun slíkra upplýsinga ber að líta til 10. gr. laga nr. 77/2000 þar sem mælt er fyrir um að notkun kennitölu sé heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Af ákvæðum reglugerðar nr. 53/2003 verður ráðið að við auðkenningu málsaðila hjá Útlendingastofnun sé notast við kennitölu, sbr. m.a. 111. gr., þar sem mælt er fyrir um að ráðningarskrifstofur og vinnumiðlanir skuli tilkynna Útlendingastofnun um m.a. kennitölu

þeirra sem leita aðstoðar við atvinnuleit eða er miðlað í störf. Þá kemur fram í 112. gr. að Þjóðskrá skuli tilkynna Útlendingastofnun um útlendinga sem þar eru skráðir eða teknir af skrá, en skráning hjá Þjóðskrá byggist einkum á kennitölum. Er þetta í samræmi við það almenna stjórnsýsluviðhorf, sem réttarframkvæmdin byggist á, að stjórnvöld, sem vinna með skrár um einstaklinga til að fjalla um réttindi þeirra og skyldur, notist við kennitölu til að girða fyrir ranga auðkenningu, s.s. í samskiptum við önnur stjórnvöld varðandi viðkomandi einstaklinga innan ramma laga.

Þegar litið er til alls framangreinds telur Persónuvernd að sýslumanninum í Kópavogi hafi, í ljósi m.a. fyrrnefndra ákvæða 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, verið heimilt að miðla upplýsingum um kennitölu kvartanda til Útlendingastofnunar og jafnframt þeim upplýsingum, sem ráða mátti af samhenginu, að hann hefði vegabréf sitt undir höndum. Að öðru leyti skal tekið fram, í tengslum við það sem fram kemur í kvörtun um aðgerðir lögreglu í framhaldi af þessari miðlun, að álitaefni um hvort meðalhófs hafi verið gætt í tengslum við slíkar aðgerðir, sem og málsmeðferð stjórnvalda að öðru leyti, má bera undir umboðsmann Alþingis eða dómstóla.“

3.2.17. Almenn álit um vímuefnapróf – mál 2013/315

Persónuvernd gaf út almennt álit um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð vímuefnaprófana. Í álitinu segir m.a. að álitamál sé hvort samþykki starfsmanns til vinnslu persónuupplýsinga um sig í tengslum við gerð slíkra prófana fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til samþykkis samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga. Telur Persónuvernd að æskilegt sé að nýttar verði heimildir í lögum til að setja reglur um vímuefnapróf og vinnslu persónuupplýsinga af því tilefni, en best fari á að aðilar vinnumarkaðarins ráðstafi málefnið með kjarasamningum.

Álitið er svohljóðandi:

„1.

Upphaf máls

Á síðustu mánuðum hefur Persónuvernd borist allnokkur fjöldi ábendinga vegna vímuefnaprófana á vinnustöðum og skráningu persónuupplýsinga um starfsmenn. Af því tilefni hélt Persónuvernd fund með fulltrúum Vinnueftirlitsins þann 15. apríl 2013. Á þeim fundi kom m.a. fram að engin ákvæði eða reglur væri að finna í vinnuverndarlöggjöfni um töku sýna hjá starfsmönnum fyrirtækja og stofnana í þeim tilgangi að kanna hvort þeir séu undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna. Enn fremur skorti Vinnueftirlitið heimildir að lögum til að geta brugðist við með fullnægjandi hætti. Þá hefðu starfsmenn Vinnueftirlitsins hvatt fyrirtæki og stofnanir til að fara varlega í þessum efnum, þar sem að slíkar prófanir gætu reynst óáreiðanlegar. Í því sambandi kom fram að á slíkum prófum getur komið fram að viðkomandi sé á tilteknum löglegum lyfjum, s.s. þunglyndislyfjum, þó að eingöngu sé verið að athuga hvort að viðkomandi sé undir áhrifum fíkniefna. Þá geti ýmiss konar matvæli haft áhrif á niðurstöður slíkra prófa, t.a.m. birkifrá.

Á fundinum kom einnig fram að almennt sé það svo að heilbrigðisstarfsmaður hafi frumkvæði að sýnatöku vegna meðferðar sjúklings og um það gildi reglur heilbrigðislöggjafarinnar. Slíkt eigi ekki við í vímuefnaskimunum fyrirtækja þar sem sýnataka fer ekki fram í þágu meðferðar sjúklings heldur að frumkvæði vinnuveitanda.

Þá kom fram á fundinum að fjölmörg álitaefni hefðu komið upp í tengslum við þetta og af þeirri ástæðu hefði Vinnueftirlitið farið fram á það við velferðarráðherra að settar yrðu reglur um framkvæmd vímuefnaskimana. Slíkar reglur hefðu hins vegar enn sem komið er ekki verið settar. Vinnueftirlitið óskaði af þessu tilefni eftir að Persónuverndar kæmi að málinu, t.a.m. með útgáfu almenns álits um þau atriði sem huga verði að vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við vímuefnaprófanir. Af hálfu Persónuverndar var fallist á þá málaleitan.

2.

Álit Persónuverndar

2.1

Ákvæði stjórnarskrár

Réttur einstaklings til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndaður í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, er svo kveðið nánar á um réttinn til friðhelgi einkalífs að því er meðferð persónuupplýsinga varðar. Þessi lög hafa að geyma ákvæði sem eiga að tryggja einkalífsrétt manna við meðferð persónuupplýsinga, m.a. með því að kveða á um skyldur þeirra sem vinna með slíkar upplýsingar.

Þá tekur 71. gr. stjórnarskrárinnar einnig af skarið um að óheimilt sé að gera líkamsrannsókn eða leit á manni nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála, telst taka blóð- og þvagsýna og annarra lífsýna til líkamsrannsóknar, sbr. ákvæði 77. gr. laganna. Í framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, n.t.t. ákvörðun dómstólsins í máli nr. 46210/99, hefur komið fram sú afstaða að kjarasamningar geti fullnægt þeim lagaáskilnaði sem gerður er í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu en héraendis hefur ekki enn verið tekin afstaða til slíks.

2.2

Samþykki sem heimild fyrir vinnslu

Líkt og að framan greinir er kveðið nánar á um réttinn til friðhelgi einkalífs að því er varðar meðferð persónuupplýsinga í lögum nr. 77/2000. Löggin taka til allrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og handvirkrar vinnslu sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. laganna. Að því marki sem persónugreinanlegar niðurstöður vímuefnaprófana eru skráðar með rafrænum hætti eða handvirkum, sem hluti af skrá, fellur slík vinnsla undir valdsvið Persónuverndar. Þá má ætla að vinnsla upplýsinga úr blóð- og/eða þvagprufum teljist til vinnslu persónuupplýsinga, enda beri niðurstöðurnar með sér upplýsingar um heilsuhagi einstaklings.

Í lögum nr. 77/2000 er að finna grundvallarreglur um hvernig haga skuli vinnslu persónuupplýsinga. Frumskylda ábyrgðaraðila, þ.e. þess sem vinnur með upplýsingarnar, er að ganga úr skugga um að hann hafi fyrir því heimild samkvæmt framangreindum lögum. Til að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar verður ávallt að vera til staðar heimild í 8. gr. laga nr. 77/2000 og eftir atvikum 9. gr. sömu laga, ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Upplýsingar um heilsuhagi, þ. á m. um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 og af þeirri ástæðu þarf bæði til að koma heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 þegar unnið er með persónuupplýsingar í tengslum við áfengis og vímuefnanotkun.

Þar sem um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar er rétt að leita fyrst heimilda í 9. gr. laga nr. 77/2000. Meginheimildin í bæði 8. og 9. gr. laganna er samþykki *hins skráða*, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna. Í þeirri heimild endurspeglast eitt af grundvallarsjónarmiðum persónuverndarlöggjafarinnar um að hinn skráði hafi sjálfsákvörðunarrétt um hvaða upplýsingar um hann er unnið með. Samþykki, í skilningi laga nr. 77/2000, er yfirlýsing sem einstaklingur gefur „af fúsum og frjálsum vilja“, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Álitamál er hvort starfsmaður sé í slíkri aðstöðu gagnvart vinnuveitanda sínum að samþykki starfsmannsins, fyrir vinnslu upplýsinga sem fást úr vímuefnaprófum, verði talið veitt „af fúsum og frjálsum vilja“.

2.3

Lagaheimild eða kjarasamningar sem heimild fyrir vinnslu

Fyrir utan samþykki hins skráða kemur til skoðunar hvort að heimild sé til staðar í öðrum tölulíðum 8. og 9. gr. laganna, s.s. vegna lagaskyldu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. eða á grundvelli lagaheimildar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá getur verið að finna ákvæði í samningum aðila

vinnumarkaðarins, þ.e. í ráðningarsamningum og/eða heildarkjarasamningum, sem kveða á um tiltekin vinnsla skuli fara fram, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Ekki er í íslenskum lögum fjallað sérstaklega um skyldu eða heimild til að framkvæma vímuefnapróf og vinna með persónuupplýsingar af því tilefni. Þó er í 2. mgr. 69. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, kveðið á um að starfsmönnum „og fyrrverandi starfsmönnum“ beri skylda til að gangast undir „eftirlit, skoðanir, mælingar og rannsóknir samkvæmt reglum þeim, sem gilda á hverjum tíma.“ Í umræddu ákvæði er ekki tilgreint hvaða „reglur“ sé þar átt við en í öðrum ákvæðum sama kafla, þ.e. kaflanum „Áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir“, er mælt fyrir um að ráðherra setji ýmiss konar reglur um framkvæmd ákvæða kaflans, sbr. einkum 4. mgr. 65. gr., 3. mgr. 65. gr. a, 4. mgr. 66. gr., 6. mgr. 66. gr., 2. mgr. 67. gr. og 70. gr. laganna. Að svo miklu leyti sem þessi ákvæði kunna að veita stöð þeim reglum sem ráðherra setur um vímuefnapróf má telja að þau kunni einnig að veita lagastöð þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem nauðsynleg reynist vegna slíkra prófa.

Könnun Persónuverndar á helstu kjarasamningum sem nú eru í gildi hefur ekki leitt í ljós að þar sé að finna grundvöll fyrir vímuefnaprófunum atvinnurekenda.

Með vísan til framangreinds virðist sem ráðherra kunni að hafa lagastöð fyrir setningu reglna um framkvæmd vímuefnaprófa og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við þau. Þá nær samningsforræði aðila vinnumarkaðarins augljóslega til þess að ráða málum hvað þetta álitaefni varðar með kjarasamningum. Verður að telja æskilegt að annað hvort eða hvort tveggja komi til til þess að lögmæti og mörk þessarar starfsemi verði afmörkuð skýrar en nú er.

Tekið skal fram að í álitu þessu er ekki tekin afstaða til þess hvort aðrir töluliðir framangreindra ákvæða 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 geti komið til skoðunar, þegar sérstakar aðstæður eru uppi.

3.

Meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra þeirra þátta gætt sem tilteknir eru í 7. gr. laga nr. 77/2000, m.a. að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti (1. tölul.). Einnig, að persónuupplýsingar séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.), þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.), þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.) og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hinn skráða lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Með vísan til þessa þarf að t.a.m. að huga að áreiðanleika vímuefnaprófana og þess að ekki sé aflað meiri upplýsinga en þörf er á, s.s. upplýsingum um lögmæta lyfjanotkun starfsmanns eða öðrum heilsufarslegum upplýsingum sem ekki hafa þýðingu fyrir störf viðkomandi.

Það er ábyrgðaraðili vinnslu sem ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt framangreind ákvæði, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

4.

Niðurstaða

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að álitamál sé hvort samþykki starfsmanns til vinnslu persónuupplýsinga um sig í tengslum við gerð vímuefnaprófana fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til samþykkis samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., sbr. 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Þá er það niðurstaða Persónuverndar að æskilegt sé að nýttar verði heimildir í lögum til að setja reglur um vímuefnapróf og vinnslu persónuupplýsinga af því tilefni en best fari á að aðilar vinnumarkaðarins ráðstafi málefninu með kjarasamningum.“

3.2.18. Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við erfðarannsókn – mál nr. 2013/52

Persónuvernd úrskurðaði í máli einstaklings varðandi vinnslu persónuupplýsinga um hann í þágu erfðarannsóknar. Var niðurstaða Persónuverndar sú að ekki hefði verið sýnt fram á að við vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda hefði verið farið fram úr þeirri samþykkisyfirlýsingu sem hann gaf vegna þátttöku sinnar í rannsókninni.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„1.

Með bréfi til Persónuverndar, dags. 11. janúar 2013, lýsti B, hdl. þeirri skoðun f.h. A (hér eftir nefndur kvartandi) að vinnsla Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE) á persónuupplýsingum við framkvæmd rannsókna væri farin fram úr því sem lög, leyfisskilmálar og samþykki þátttakenda leyfa. Eru í bréfinu talin upp ýmis dæmi um verklag við rannsóknir sem sögð eru bera vott um þetta, m.a. að arfgerðir hafi verið áætlaðar fyrir einstaklinga án samþykkis þeirra. Þá kemur fram í bréfinu að kvartandi er á meðal þeirra sem tekið hafa þátt í rannsóknum á vegum ÍE.

Með bréfi til lögmannsins, dags. 16. janúar 2012, óskaði Persónuvernd eftir því að fram kæmi með skýrum hætti hvort líta bæri á erindi hennar sem kvörtun umbjóðanda hennar yfir vinnslu persónuupplýsinga um sig vegna tiltekinnar erfðarannsóknar. Þess var jafnframt óskað að fram kæmi þá hvaða rannsókn væri um ræða, sem og hvaða vinnslu hann teldi hafa farið út fyrir ramma þess sem hann hefði samþykkt og, eftir atvikum, leyfi Persónuverndar. Kvartandi svaraði með bréfi, dags. 22. janúar 2013. Þar kemur m.a. fram að hann hafi tekið þátt í rannsókn á erfðum einhverfu sem ættingi þátttakanda með greiningu, en lögmæti vinnslu persónuupplýsinga vegna þeirrar rannsóknar hefur byggst á leyfi Persónuverndar, dags. 16. febrúar 2001 (mál nr. 7/2001), sbr. áður leyfi tölvunefndar, forvera Persónuverndar, dags. 16. júlí 1999 (mál nr. 246/1999).

Persónuvernd taldi mega ráða af framangreindu bréfi kvartanda að hann óskaði almennrar athugunar Persónuverndar á upplýsingavinnslu ÍE, en að einnig væri um að ræða kvörtun hans vegna meðferðar persónuupplýsinga við umrædda rannsókn á erfðum einhverfu. Með tölvubréfi til hans hinn 5. febrúar 2013 óskaði Persónuvernd eftir staðfestingu hans á þessum skilningi og barst hún með svári hans hinn 8. s.m. Í kjölfar þess sendi Persónuvernd ÍE bréf, dags. 10. s.m., þar sem fyrirtækinu var veittur kostur á að skila athugasemdum. Eins og rakið er í bréfinu ákvað Persónuvernd að takmarka athugun sína í tilefni af umræddri kvörtun við vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda sjálfan. Hins vegar hafa álitafni varðandi meðferð persónuupplýsinga um þátttakendur í rannsóknum ÍE almennt, þ. á m. notkun líkindaarfgerða án samþykkis, verið til skoðunar hjá stofnuninni í tilefni umsóknar ÍE og Landspítala, dags. 27. nóvember 2011, um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu verkefnisins „Undirbúningur að notkun raðgreiningarupplýsinga í einstaklingsmiðaðri heilbrigðisþjónustu Landspítala-háskólasjúkrahúss“ (mál nr. 2012/1404).

ÍE sendi athugasemdir sínar vegna kvörtunarinnar með bréfi, dags. 13. mars 2013, og var lögmanni kvartanda veitt færi á að tjá sig um það svar með bréfi, dags. 27. s.m. Kvartandi svaraði með bréfi, dags. 17. apríl 2013, og var ÍE veitt færi á að tjá sig um það svar með bréfi, dags. 3. maí s.á. ÍE greindi frá því símileiðis hinn 8. s.m. að fyrirtækið sæi ekki ástæðu til athugasemda. Af símtalinu varð hins vegar ráðið að svörin, sem fram koma í bréfinu frá 13. mars 2013, væru áréttuð.

2.

Í framangreindu bréfi lögmanns kvartanda, dags. 11. janúar 2013, segir m.a.:

„Umbjóðandi minn telur að ÍE hafi notað erfðamengi sitt og annarra þátttakenda í rannsóknum ÍE umfram það sem upplýst samþykki veitti leyfi til í skilningi laga nr. 77/2000 og skv. reglum nr. 170/2001 um upplýst samþykki í vísindarannsókn á heilbrigðisviði sbr. eftirfarandi:

· Í fyrsta lagi gaf umbjóðandi minn einungis leyfi til rannsókna á erfðamengi sínu til rannsókna á

ákveðnum, tilteknum sjúkdómum en ekki til almennra rannsókna á mörgum mögulegum sjúkdómum, eins og ÍE virðist telja sig hafa heimild fyrir.

· Í öðru lagi gaf umbjóðandi minn ekki leyfi til rannsókna á erfðamengi sínu til að áætla mætti erfðamörk barna hans og annarra skyldmenna og áætla síðan áhættu þeirra fyrir sjúkdómum án þess að þau viti af því. Umbjóðandi minn bendir á að enginn getur gefið samþykki fyrir annars hönd. [...]

· Í þriðja lagi gaf umbjóðandi minn ekki leyfi til að selja þær upplýsingar til þriðja aðila. [...]

· Í fjórða lagi telur umbjóðandi minn samkvæmt framangreindum upplýsingum að búið sé að persónugreina heilsufarsupplýsingar úr erfðagagnagrunni fyrirtækisins, sem eiga að vera ópersónugreinanlegar, þar sem niðurstöður úr erfðarannsóknum ÍE eru notaðar til að staðfesta viðkomandi sjúkdóma og svipgerðir hjá þeim einstaklingum sem hafa erfðabreytileika [...].“

Í framangreindu bréfi ÍE, dags. 13. mars 2013, segir m.a. að samkvæmt því samþykki til þátttöku í umræddri rannsókn, sem kvartandi undirritaði, heimili hann varðveislu erfðæfnis og upplýsinga, sem safnað hafi verið, undir dulkóða en hvorugt megi nota til annarra rannsókna en þeirra sem hlotið hafi umfjöllun og samþykki Persónuverndar og vísindasiðanefndar. Misskilnings gæti í vísan kvartanda til „almennra rannsókna á mörgum mögulegum sjúkdómum“, sbr. tilvitnun hér að framan, en ÍE fái tilskilin leyfi fyrir öllum rannsóknum, hvort sem er á einstökum svipgerðum, sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum, áður en þær hefjist. Notkun ÍE á upplýsingum kvartanda hafi einskorðast við rannsókn á erfðum einhverfu og skyldum sjúkdómum, enda séu upplýsingar um hann takmarkaðar við þá rannsókn sem hann samþykkti þátttöku í.

Einnig segir í bréfi ÍE að hafi upplýsingar um arfgerð kvartanda verið nýttar til að áætla erfðamörk barna hans og annarra skyldmenna og áhættu þeirra fyrir sjúkdómum sé sú áætlun í hæsta máta ónákvæm og óörugg. Hún sé því ónothæf til að spá fyrir um mögulega sjúkdómaáhættu þeirra nema þeir hafi tekið þátt í rannsókn á vegum ÍE og upplýst um svipgerð og verið arfgerðargreindir með upplýstu samþykki. Nánar segir m.a. að þegar arfgerðir hjá ÍE séu áætlaðar fyrir þá sem ekki hafa tekið þátt í rannsókn hafi þær litla nákvæmni hvað viðkomi einstaklingum en geti engu að síður gefið gagnlegt mat fyrir stórt úrtak. Einnig segir:

„Með slíkri hermun er spáð fyrir um líklegar arfgerðir allra í þýðinu til að áætla tíðni þeirra og dreifingu í stóru úrtaki og þýðinu í heild. Það er misskilningur kvartanda að nýjar upplýsingar séu búnar til um einstaklinga sem ekki hafa tekið þátt í rannsóknum ÍE, einungis er um að ræða spár sem notaðar eru í erfðafaraldsfræðilegum rannsóknum. Því er fráleitt að halda að slíkar líkindaarfgerðir verði notaðar við klínískar prófanir á einstaklingum sem ekki hafi nokkra hugmynd um það, eins og kvartandi gefur í skyn.“

Því er auk þess vísað á bug í bréfi ÍE að upplýsingar um kvartanda hafi verið seldar þriðja aðila eða upplýsingar hafi verið persónugreindar án heimildar. Einnig er minnt á að samkvæmt því samþykki, sem hann veitti, geti hann hafnað eða hætt við þátttöku hvenær sem er og án nokkurra skilyrða. Ákveði hann að hætta þátttöku hafi það í för með sér að öllum lífsýnum og upplýsingum, sem frá honum hafi verið safnað, verði eytt og rannsakendum gert ókleift að rekja dulkóða til hans.

Í framangreindu bréfi kvartanda til Persónuverndar, dags. 17. apríl 2013, segir m.a. að ÍE dragi úr vægi þeirrar aðferðarfræði sem beitt sé við gerð líkindaarfgerða þeirra sem ekki hafa samþykkt þátttöku í rannsóknum á vegum fyrirtækisins og samstarfsaðila, en aðferðin sé það nákvæm að niðurstaða erfðamengisgreiningar fyrir þau svæði í erfðamenginu, sem áhugaverð eru til rannsókna, sé nánast engu lakari en ef sjálft erfðæfnið væri raðgreint. Rakið er í ítarlegu máli hvernig kvartandi telur þá tækni, sem ÍE beitir, leiða til þessa, þ.e. að nákvæmnin verði 99%. Hvað samþykki varðar segir m.a.:

„Undirritaður gaf hins vegar ekki leyfi fyrir því að nota mætti sitt erfðamengi (og þetta á við um alla aðra Íslendinga sem skrifuðu undir samþykki I-B) til að rannsaka aðra sjúkdóma en samþykkið segir til um, né heldur að nota megi erfðamengi undirritaðs til að búa til erfðamengisniðurstöður um skyldmenni mín, þar með talin börn og barnabörn, sem aldrei hafa tekið þátt í rannsóknum fyrirtækisins – upplýsingar sem síðan eru notaðar til að tengja við heilsufarsupplýsingar viðkomandi [...]“

Hvað varðar persónugreiningu upplýsinga telur kvartandi að ÍE sendi upplýsingar til samstarfslækna um persónuauðkenni einstaklinga, sem búnar hafi verið til arfgerðarupplýsingar um án samþykkis, til að fá hjá þeim upplýsingar um sjúkdóma. Þá segir m.a. í bréfi kvartanda að upplýsingar hjá ÍE hafi verið seldar þriðja aðila, þ.e. fyrirtækinu Amgen sem nú er orðið aðaleigandi ÍE.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu er til umfjöllunar hvort vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda í þágu rannsóknar á erfðum einhverfu, sbr. leyfi Persónuverndar, dags. 16. febrúar 2001 (mál nr. 7/2001), sbr. áður leyfi tölvunefndar, forvera Persónuverndar, dags. 16. júlí 1999 (mál nr. 246/1999), hafi samrýmt lögum. Það erindi kvartanda, sem varð tilefni málsins, lýtur einnig að vinnslu persónuupplýsinga um þátttakendur í rannsóknum ÍE og samstarfsaðila almennt. Eins og fram hefur komið verður hér ekki tekin afstaða til svo víðtækra úrlausnarefna en einungis fjallað um meðferð upplýsinga um kvartanda sjálfan, enda getur hann einungis haft málsaðild að því marki sem hann hefur sjálfur einstaklingsbundinna hagsmuna að gæta.

Persónuvernd getur hins vegar fjallað um mál að eigin frumkvæði, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá getur hún m.a. fjallað um almenn álitæfni, sem varða vinnslu persónuupplýsinga um stóran hóp einstaklinga, þegar leyfisumsóknir varðandi slíka vinnslu berast stofnuninni. Um líkindaarfgerðir, sem búnar eru til fyrir einstaklinga sem ekki hafa samþykkt þátttöku í rannsókn á vegum ÍE og samstarfsaðila, hefur nú verið fjallað í tengslum við umsókn ÍE og Landspítala, dags. 27. nóvember 2011, um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu verkefnisins „Undirbúningur að notkun raðgreiningarupplýsinga í einstaklingsmiðaðri heilbrigðisþjónustu Landspítala-háskólasjúkrahúss“ (mál nr. 2012/1404), sbr. ákvörðun Persónuverndar, dags. 29. maí 2013. Þegar liggur því fyrir niðurstaða um framangreint atriði, en af því leiðir að ekki er þörf á að fjalla hér efnislega um það hvort notkun á arfgerðarupplýsingum kvartanda, í því skyni að búa til líkindaarfgerðir um aðra einstaklinga sem ekki hafa samþykkt þátttöku í rannsókn, sé heimil. Í stað slíkrar umfjöllunar vísast því hér til þess sem fram kemur í umræddri ákvörðun um slíkar líkindaarfgerðir.

Varðandi vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda sjálfan liggur að öðru leyti ekki fyrir að ÍE hafi farið gegn þeirri samþykkisyfirlýsingu sem hann gaf í þágu umræddrar rannsóknar, s.s. með því að persónugreina þær án heimildar eða selja þær óviðkomandi aðilum, en tilfærsla á eignarhaldi verður ekki talin fela slíkt í sér.“

3.2.19. Birting á gögnum hjá stjórnvaldi – mál nr. 2013/527

Persónuvernd veitti álit um birtingu gagna hjá stjórnvöldum, í tilefni af fyrirspurn frá tilteknu stjórnvaldi. Segir m.a. í álitinu að við þá birtingu sem fyrirspurnin lýtur að beri að fara að ákvæðum persónuverndarlaga. Þá er í álitinu svarað nánar tilteknum spurningum sem fram komu í erindinu.

Álitið er svohljóðandi:

I.

Álitsbeiðni

Persónuvernd vísar til bréfs Viðlagatryggingar Íslands, dags. 11. apríl 2013, ítrekaðs með bréfi,

dags. 13. maí s.á. Þar segir:

„Þann 1. janúar 2013 tóku gildi upplýsingalög nr. 140/2012. Í þeim er upplýsingaskylda hins opinbera víkkuð talsvert út og í 2. mgr. 13. gr. kveðið á um skyldu hins opinbera til þess að vinna markvisst að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögnin sjálf jafnóðum aðgengileg með rafrænum hætti. Í greinargerð með frumvarpi til laganna er þó kveðið á um að þetta verði að gerast án þess að birting gangi gegn öðrum hagsmunum, þ. á m. ákvæðum laga um þagnarskyldu og persónuvernd. Viðlagatrygging Íslands vinnur nú að því að uppfylla allar skyldur sínar samkvæmt hinum nýju upplýsingalögum og óskar því eftir álit Persónuverndar á eftirfarandi álitæfnum.

1. Álitæfni er líta að málaskrá

a. Viðlagatrygging Íslands meðhöndlar talsverð gögn um ástand fasteigna og tekur ákvarðanir um hvort bætur skuli greiddar fyrir tjón vegna náttúruhamfara. Þessar ákvarðanir geta gefið ákveðna vísbendingu um ástand fasteigna, bæði í sérstökum tilvikum og á stærri svæðum. Snýr því þessi hluti fyrirspurnarinnar að því hvort Viðlagatryggingu sé heimilt að birta persónugreinanlegar upplýsingar þegar ákvarðanir eru birtar með rafrænum hætti í málaskrá.

b. Stjórn Viðlagatryggingar Íslands úrskurðar í ágreiningsmálum skv. 19. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Framkvæmdin er með þeim hætti að tjónþoli sem ekki sættir sig við ákvörðun Viðlagatryggingar kærir málið til stjórnar á grundvelli 19. gr. Með sama hætti og ákvarðanir geta þessir úrskurðir gefið ákveðna vísbendingu um ástand fasteigna, bæði í sérstökum tilvikum og á stærri svæðum. Spurt er hvort Viðlagatryggingu sé heimilt að birta persónugreinanlegar upplýsingar þegar úrskurðir eru birtir með rafrænum hætti í málaskrá.

2. Álitæfni er líta að málgögnum:

a. Í fyrsta lagi eru tjónstilkynningar. Með þeim tilkynnir tjónþoli meint tjón og innihalda þau eyðublöð upplýsingar um það tjón sem tjónþoli telur sig hafa orðið fyrir við tjónsatburð, en raunverulegt tjón er oft metið minna.

b. Í öðru lagi eru af hálfu Viðlagatryggingar og eftir atvikum af hálfu tjónþola fengnir matsmenn til þess að gera matsskýrslur þar sem umfang tjóns er metið og hvort það hafi orðið vegna bótaskylds atburðar. Þessi gögn fela í sér talsverðar upplýsingar um ástand fasteignar sem geta haft mikil áhrif á verð hennar ef þau koma fyrir almennasjónir.

c. Í þriðja lagi hafa málgögn oft að geyma ljósmyndir utan frá og innan úr húsum. Þessar ljósmyndir geta í sumum tilvikum sýnt innviði íbúðarhúss með nákvæmum hætti.

d. Í fjórða lagi eru andmæli tjónþola hluti af málgögnum, en þau hafa einnig að geyma afstöðu tjónþola til ýmiss konar tjóns á fasteign.

Óskað er eftir álit Persónuverndar á því hver af ofangreindum gögnum eru birtingarhæf samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Óskað er eftir sundurliðuðu svari fyrir hvern og einn lið í fyrirspurninni hér að ofan.“

II.

Álit Persónuverndar

1.

Almennt

Undir Persónuvernd heyrir að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Við beitingu þeirra laga getur reynst nauðsynlegt að líta til ákvæða í öðrum lögum, í þessu tilviki upplýsingalaga nr. 140/2012 sem tóku við af eldri lögum um sama efni nr. 50/1996.

Í 5. gr. upplýsingalaga er mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til að afhenda almenningi gögn

samkvæmt beiðni. Það nýmæli er að finna í 1. mgr. 13. gr. laganna að stjórnvöld skulu með reglubundnum hætti veita almenningi upplýsingar um starfsemi sína, s.s. með rafrænni útgáfu skýrslna, samantektum um mikilvæg verkefni eða útgáfu annarra gagna. Þá segir í 2. mgr. 13. gr. að stjórnvöld skuli vinna markvisst að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögnin sjálf jafnóðum aðgengileg með rafrænum hætti. Hið sama eigi við um gagnagrunna og skrár. Þess skuli gætt að birting gangi ekki gegn einka- eða almannahagsmunum.

Framangreind ákvæði 13. gr. upplýsingalaga verður að skoða í samhengi við 9. gr. sömu laga, en þar er m.a. mælt fyrir um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 77/2000 takmarka þau lög ekki aðgang að gögnum samkvæmt upplýsingalögum. Í því felst að þegar síðarnefndu lögini mæla fyrir um skyldu stjórnvalda til að afhenda tiltekin gögn verður réttur almennings á þeim grundvelli ekki skertur með vísan til laga nr. 77/2000. Þá er til þess að líta að þegar lögini voru sett höfðu þágildandi upplýsingalög ekki að geyma ákvæði um birtingu upplýsinga að eigin frumkvæði stjórnvalda og er eðlilegt að túlka ákvæðið með hliðsjón af því. Auk þess er í umræddum ákvæðum 13. gr. ekki mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til að birta tiltekin gögn úr starfsemi sinni heldur til að taka saman upplýsingar um starfsemina með þeim hætti sem viðkomandi stjórnvald telur ákjósanlegast, sem og til að vinna markvisst að því að gera gögn aðgengileg. Í athugasemdum við 13. gr. í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 140/2012, segir nánar:

„Í 1. mgr. felst sú stefnumörkun að stjórnvöld skuli veita almenningi með reglubundnum hætti upplýsingar um starfsemi sína, svo sem með útgáfu skýrslna, samantekta um mikilvæg verkefni eða með birtingu annarra gagna. Oft og tíðum verður að ætla að almenningur hafi ekki síður þörf fyrir slíkar almennar upplýsingar og samantektir um störf stjórnsýslunnar heldur en aðgang að gögnum einstakra mála. Almenn upplýsingagjöf af þessu tagi ryður þó engan veginn úr vegi þeim sjónarmiðum sem búa að baki reglum um aðgang almennings að gögnum einstakra mála.“

Einnig segir í umræddum frumvarpsathugasemdum:

„Niðurstaðan við gerð þessa frumvarps var að leggja ekki til lögfestingu almennrar reglu um skyldu stjórnvalda til að birta opinberlega lista yfir mál eða málsskjöl sem þau hafa undir höndum. Talið var að íslensk stjórnsýsla væri ekki búin undir svo viðamiklar breytingar á starfsháttum, en hins vegar er í ákvæðinu kveðið á um það að stjórnvöld skuli vinna markvisst að þessari birtingu.“

Af framangreindu leiðir að við umrædda birtingu ber að fara að ákvæðum laga nr. 77/2000. Í því felst m.a. að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem felst í birtingunni, þarf að falla undir eitthvert af heimildarákvæðum 8. gr. laganna. Koma þar helst til álita ákvæði 5. og 7. tölul. 1. mgr., þess efnis að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða til að gæta lögmætra hagsmuna sem vega þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Þá þarf að vera fullnægt öllum grunnkröfum 7. gr. laganna, m.a. um að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.).

Ábyrgð á því að birting gagna frá stjórnvöldum samrýmist lögum hvílir á því stjórnvaldi sem ábyrgð ber á gögnunum og hefur birtingu þeirra með höndum. Hér er ekki tekin bindandi afstaða til þess hverjar heimildir stjórnvalda séu í þeim efnum en þess í stað veittar almennar leiðbeiningar með eftirfarandi svörum við einstökum spurningum Viðlagatryggingar Íslands:

I. Hvað varðar birtingu upplýsinga úr málaskrá um bótaákvæðanir telur Persónuvernd (a) að upplýsingar skuli eftir því sem kostur er birtar á þann veg að þær verði ekki raktar til einstaklinga, en í því felst m.a. að fylgt verði þeirri venjubundnu framkvæmd héraðsvalda að afmá persónuauðkenni einstaklinga, s.s. nöfn og heimilisföng, auk annarra upplýsinga sem eru til þess fallnar að persónugreina einstaklinga. Þá telur Persónuvernd (b) að þessa skuli einnig gætt við birtingu úrskurða í ágreiningsmálum.

II. Hvað varðar birtingu einstakra málgagna telur Persónuvernd (a) að um birtingu tjónstilkynninga fari eftir því sem greinir í 1. tölul. hér að framan. Hið sama á við um birtingu (b) matsskýrslna. Hvað varðar birtingu (c) ljósmynda telur Persónuvernd að með slíku kunni að vera brotið gegn ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi heimilis ef unnt er að greina af ljósmyndunum á hvaða heimili þær eru teknar. Því beri að fara mjög varlega í þeim efnum. Hvað varðar (d) birtingu andmæla tjónþola telur Persónuvernd sömu sjónarmið eiga við og rakin eru í 1. tölul.

3.2.20. Fjárhagsupplýsingar um foreldra fjárráða einstaklinga – mál nr. 2012/180

Persónuvernd úrskurðaði í máli einstaklings varðandi öflun umboðsmanns skuldara á skattframtölum og launaseðlum viðkomandi. Taldi stofnunin að vinnslan hefði ekki verið í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga og mælti því fyrir um eyðingu gagnanna.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„Hinn 2. febrúar 2012 barst Persónuvernd erindi frá [A] (hér eftir nefnd „kvartandi“) varðandi upplýsingasöfnun í tengslum við umsókn dóttur hennar um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Þar greinir frá því að umboðsmaður skuldara hafi farið fram á þrjá síðustu launaseðla og skattframtöl kvartanda og maka hennar fjögur ár aftur í tímann vegna umræddrar umsóknar. Með vísan til þess spyr hún hvort hún eigi einhvern rétt í málinu.

Hinn 17. október 2012 svaraði Persónuvernd erindi kvartanda. Beðist var velvirðingar á töfum í meðferð málsins, en jafnframt var hún spurð hvort líta bæri á erindi hennar sem kvörtun. Hún svaraði því játandi með tölvubréfi sama dag.

Í erindi kvartanda segir:

„Í þessu máli hefur [...] dóttir mín óskað eftir greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Hún er [...] ára, er í skóla og á eitt barn. Hún var flutt að heiman en flutti aftur heim eftir að hún varð einstæð móðir og fjárhagsstaða hennar versnaði.

Umboðsmaður skuldara óskar eftir að hún leggi fram afrit af þremur síðustu launaseðlum ásamt staðfestu afriti af fjórum síðustu skattframtölum foreldra hennar [A] og [B].

Umboðsmaður hefur lagalega heimild til að kalla eftir gögnum varðandi fjárhag annarra heimilismanna.

Ég er ekki sátt við að það sé verið að tengja fjárhag hennar sem er sjálfráða og fjárráða við minn fjárhag þó hún búi tímabundið hjá foreldrum.

Mér finnst ekki skýrt hvernig þessi gögn verða notuð.

Mér finnst að þarna sé verið að kalla eftir gögnum bara af því að þeir hafa heimild til þess en tilgang vantar. Þarna er verið að ganga á minn rétt eða hef ég kannski engan rétt í þessu máli.

Það væri annað ef kallað væri eftir gögnum sambýlismanns.

Hef ég einhvern rétt í þessu máli?“

Með erindi kvartanda fylgdi bréf umboðsmanns skuldara til dóttur hennar, dags. 1. febrúar 2012, þar sem fjallað er um hvaða lagaheimildir umboðsmaður skuldara telur sig hafa til umræddrar upplýsingaöflunar, en nánar er fjallað um það bréf í 2. kafla hér á eftir.

2.

Með bréfi, dags. 22. október 2012, veitti Persónuvernd umboðsmanni skuldara færi á að tjá sig um erindi kvartanda. Umboðsmaður svaraði með bréfi, dags. 26. nóvember 2012. Þar er vísað til þess að með fyrrnefndu bréfi til dóttur kvartanda, dags. 1. febrúar 2012, hafi umboðsmaður svarað skriflegri ósk dótturinnar, dags. 31. janúar s.á., um skýringar á umræddri upplýsingaöflun. Í svarinu til dótturinnar er m.a. vísað til þess að samkvæmt 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga skuli umsækjandi um það úrræði gefa tilteknar upplýsingar um sig, auk sams konar upplýsinga um þá sem teljast til heimilis með honum. Þá segir:

„Í frumvarpi með lögum um greiðsluaðlögun kemur fram í athugasemdum við 4. gr. að leggja þurfi mat á hve háa fjárhæð skuldari geti greitt mánaðarlega til að standa skil á skuldbindingum sínum. Sú upptalning sem fram komi í 2. mgr. 4. gr. sé ekki tæmandi enda gert ráð fyrir að umboðsmaður geti krafist þess að skuldari afli frekari upplýsingar en tilgreindar eru í ákvæðinu. Upplýsingarnar skuli einnig gefa um maka skuldara og þá sem teljast til heimilis með honum telji skuldari eða umboðsmaður skuldara slíkt vera nauðsynlegt. Þá kemur fram að slíkar upplýsingar kunni eftir atvikum að varpa skýrara ljósi á rekstrarkostnað við heimilishald skuldara, jafnvel þótt ljóst sé að allir heimilismenn skuldarans beri ekki gagnkvæma framfærsluskyldu gagnvart honum og taki þátt í greiðslu skulda hans [...].

Í kjölfar umsóknar þinnar um greiðsluaðlögun óskaði embættið eftir fjórum síðustu skattskýrslum og þremur síðustu launaseðlum frá foreldrum þínum, [A] og [B]. Á grundvelli þeirra lagaákvæða sem að framan voru rakin er það mat embættisins að upplýsingar sem þessar séu þarfar til að vinna umsókn þína um greiðsluaðlögun. Þar sem þú ert búsett hjá foreldrum þínum kunna umbeðin gögn að varpa skýrara ljósi á rekstrarkostnað við heimilishald þitt og fjárhagsaðstæður þínar almennt, jafnvel þó ljóst sé að foreldrar þínir bera ekki framfærsluskyldu gagnvart þér. Er því tilgangur umræddrar upplýsingaöflunar að uppfylla rannsóknarskyldu sem á embættinu hvílir, sbr. 5. gr. framangreindra laga. Ekki verður séð að önnur gögn séu betur til þess fallin að staðfesta þær upplýsingar sem leggja þarf fram á grundvelli 2. mgr. 4. gr. en eins og að framan greinir ber samkvæmt 3. mgr. 4. gr. að styðja þessar upplýsingar með gögnum.“

Einnig segir í bréfi umboðsmanns skuldara að ítarlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu og rekstrarkostnað viðkomandi skuldara þurfi að vera fyrir hendi við meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun, enda byggji niðurstaða samningsumleitana m.a. á þeim upplýsingum.

3.

Með bréfi, dags. 3. desember 2012, ítrekuðu með bréfum, dags. 6. febrúar og 27. mars 2013, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar umboðsmanns skuldara. Í síðara ítrekunarbréfinu var vakin athygli á því að ef viðbrögð bærust ekki yrði litið svo á að fallið hefði verið frá málinu og yrði þá afskiptum Persónuverndar af því lokið.

Kvartandi svaraði með tölvubréfi hinn 15. apríl 2013, en þar segir:

„Ég áréttá fyrra erindi mitt til Persónuverndar, dags. 2. febrúar 2012.

Ég er ósátt við svar og skýringar umboðsmanns skuldara og ítreka því fyrri kvörtun.

Ég lít þannig á að ég hafi verið þvinguð til að gefa persónulegar upplýsingar um sjálfa mig því

annars hefði dóttir mín ekki fengið umbeðna úrlausn sinna mála hjá umboðsmanni skuldara.

Dóttir mín var fjárráða, komin yfir tvítugt á þessum tíma, hafði flutt að heiman, verið í sambúð og átti eitt barn en flutti til mín tímabundið vegna fjárhagserfiðleika eftir sambúðarslitin.

Ef dóttir mín hefði verið fimmtug í þessari aðstöðu og ég sjötug hefði ég þá þurft að gefa þessar upplýsingar?

Ef ég hefði skotið skjólshúsi yfir frænku mína í þessum aðstæðum, hefði ég þá þurft að gefa þessar upplýsingar?“

Með bréfi til umboðsmanns skuldara, dags. 13. febrúar 2013, var vísað til þess að framangreint svar hefði borist frá kvartanda og að í ljósi þess yrði leyst efnislega úr málinu. Þá var umboðsmanni skuldara veitt færi á að koma að frekari athugasemdum, en þær bárust ekki.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar um ræðir vinnslu á vegum stjórnvalda reynir þá einkum á 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr., þess efnis að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds. Þá er áskilið í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna að þess skuli ávallt gætt við meðferð persónuupplýsinga að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.

Við mat á því hvort vinnsla persónuupplýsinga geti talist stjórnvöldum heimil verður að líta til þess að samkvæmt hinni almennu lögmatísreglu stjórnvöldur ber stjórnvöldum að starfa innan þess ramma sem lög setja þeim. Eins og hér háttar til reynir einkum á ákvæði laga nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara og 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Í 3. gr. laga nr. 100/2010 er fjallað um upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara. Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um rétt umboðsmanns til að krefja stjórnvöld, fyrirtæki og samtök um upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þá segir í 2. mgr. greinarinnar:

„Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og í samræmi við samþykki skuldara fyrir vinnslunni [...]“

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 101/2010 eru taldar upp þær upplýsingar sem fram skulu koma í umsókn skuldara um greiðsluaðlögun, en á meðal þeirra eru ítarlegar upplýsingar um eignir, skuldir og tekjur hans. Samkvæmt 2. mgr. skulu með umsókn einnig fylgja sams konar upplýsingar um maka

skuldara og „þá sem teljast til heimilis með honum“, eins og segir í ákvæðinu. Þá eru í 3. mgr. tilgreind gögn sem skulu fylgja umsókninni, þ. á m. síðustu fjögur skattframtöl skuldara. Tekið er fram í 1. mgr. 5. gr. að umboðsmaður skuldara skuli ganga úr skugga um að í umsókn hans komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar og geti hann, ef þörf krefur, krafist þess að skuldari staðfesti upplýsingarnar með skriflegum gögnum. Af framangreindum ákvæðum laga nr. 100 og 101/2010 verður sá vilji löggjafans ráðinn að umboðsmaður skuldara hafi viðtækar heimildir til öflunar upplýsinga um skuldara sjálfan. Þá kemur fram í fyrrnefndu ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 101/2010 að hann geti einnig óskað upplýsinga frá skuldarinum um „þá sem teljast til heimilis með honum“. Hvorki er í ákvæðinu né í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögnum vikið að því hverjir skuli teljast til heimilis með skuldara. Svo sem bent var á í bréfi umboðsmanns skuldara, dags. 22. október 2012, segir þó í greinargerð með því ákvæði sem varð að 2. mgr. 4. gr. að slíkar upplýsingar kunni eftir atvikum:

„að varpa skýrara ljósi á rekstrarkostnað við heimilishald skuldara, jafnvel þótt ljóst sé að allir heimilismenn skuldarans beri ekki gagnkvæma framfærsluskyldu gagnvart honum og taki þátt í greiðslu skulda hans, enda ber hvorki maki hans né aðrir sem halda heimili með honum ábyrgð á skuldbindingum hans nema það leiði annaðhvort af lögum, svo sem vegna samábyrgðar hjóna á greiðslu vissra skatta, eða þess að viðkomandi hafi gengist í ábyrgð fyrir skuld.“

Verður af þessu orðalagi bæði ráðið:

- að upplýsingaskyldan taki til fleiri en þeirra sem framfærsluskyldu bera gagnvart skuldara og
- að upplýsingaöflunin þarf að rúmast innan þess tilgangs að „varpa skýrara ljósi á rekstrarkostnað við heimilishald skuldara“.

Hvað varðar fyrra atriðið skal bent á að í 5. mgr. 4. gr. laganna er rætt um samþykki „annars heimilisfólks“, í e-lið 1. mgr. 11. gr. um „vörur eða þjónustu sem skuldari þarf á að halda vegna framfærslu sinnar eða heimilismanna“, í b-lið 1. mgr. 12. gr. um „vöru og þjónustu sem er nauðsynleg [skuldara] eða heimili hans til lífsviðurværis eða eðlilegs heimilishalds“ og í 4. mgr. 16. gr. um „að skuldari haldi eftir svo miklu af tekjum sínum að dugi til að sjá honum og heimilisfólki hans farborða og þeim einstaklingum sem hann hefur framfærsluskyldu við samkvæmt lögum“. Af þessum ákvæðum verður ekki ráðið að orðalag 2. mgr. 4. gr. laganna um „þá sem teljast til heimilis með [skuldara]“ taki til allra þeirra sem búa í sama húsnæði og skuldari heldur sé bundið við þá sem halda með honum heimili og hafa af þeim sökum við hann fjárhagsleg tengsl. Ef skilja ætti umrædd ákvæði sem heimild til öflunar upplýsinga um heimilismenn umsækjanda sem ekki eiga við hann slík tengsl þyrftu lög að vera afdráttarlaus um það, en svo er ekki.

Hvað síðara atriðið áhrærir verður ekki séð að upplýsingar af launaseðlum eða skattframtölum einstaklinga sem skuldari býr tímabundið hjá en reka ekki með honum heimili, jafnvel þótt um sé að ræða foreldra uppkomins skuldara, séu nauðsynlegar í skilningi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 100/2010 til að fyrrgreindum tilgangi með vinnslunni verði náð, þ.e. að varpa skýrara ljósi á „rekstrarkostnað við heimilishald skuldara“.

Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 100/2010 skal upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara samrýmast samþykki skuldara fyrir vinnslunni. Ekki er í ákvæðinu vikið að samþykki annarra en skuldara sjálfs, en þó skal hér litið til þess hvort slíkt samþykki geti komið til greina sem lögmatísgrundvöllur, sbr. og 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 sem tilgreinir samþykki sem eina af þeim heimildum sem geta rennt stöðum undir vinnslu persónuupplýsinga. Í þessu sambandi ber að líta til þess sem fyrr greinir um lögmatísreglu stjórnvöldum, en af henni leiðir að stjórnvöldum er óheimil gagnaöflun sem ekki fellur undir þann lagaramma sem þau starfa eftir. Það að aflað sé samþykkis haggar því ekki. Eins og áður segir verður sú löggiöf, sem umboðsmaður skuldara starfar eftir, ekki túlkun á þann veg að hann hafi heimild til öflunar gagna með persónuupplýsingum um aðra en skuldara sjálfan eða þá sem teljast til heimilis með honum.

Þegar af þeirri ástæðu að umrædd upplýsingaöflun fellur ekki undir 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er því ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort skilyrðum til samþykkis samkvæmt 1. tölul. sömu málsgreinar sé fullnægt, né heldur hvort önnur ákvæði 8. gr. eigi við.

Með vísan til framangreinds er niðurstaða Persónuverndar sú að umboðsmanni skuldara hafi verið óheimilt að afla gagna um kvartanda. Með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000 er því mælt fyrir um að gögnum, sem umboðsmaður skuldara hefur aflað um kvartanda, þ.e. skattskýrslum og launaseðlum, verði eytt.“

3.2.21. Meðferð mynd- og hljóðefnis á dansíþróttamótum – mál nr. 2012/981

Persónuvernd veitti álit um lögmati meðferðar mynd- og hljóðefnis sem tekið er upp á vegum þeirra sem standa að alþjóðlegum dansíþróttamótum. Í álitinu kemur m.a. fram að huga þurfi að sjónarmiðum tengdum fræðslu til hins skráða við öflun samþykkis og eftir atvikum gera úr úrbætur á fræðslu vegna fyrirhugaðrar notkunar efnisins.

Álitið er svohljóðandi:

„I. Bréfaskipti

Hinn 27. ágúst 2013 barst Persónuvernd ábending einstaklings varðandi yfirlýsingu sem hann sem foreldri barns, sem stundar dans innan vébanda Dansíþróttasambands Íslands (DSÍ), þarf að rita undir svo að það öðlist þátttökurétt í mótum á vegum Alþjóðlega danssambandsins (e. World Dance Sport Federation (WDSF)). Í erindinu er m.a. vísað til liðs B.1 í yfirlýsingunni, en þar segir að WDSF og aðilar, sem starfa í umboði WDSF, þ. á m. skipuleggjendur móta, megi taka mynd- og hljóðefni af keppendum á mótum sem nota megi og dreifa án endurgjalds, samþykkis eða undanþágna í því skyni að kynna dansíþróttina og starfsemi WDSF. Verður ráðin sú afstaða af erindinu að með þessum áskilnaði sé gengið of nærri persónulegum réttindum.

Með bréfi, dags. 18. október 2012, óskaði Persónuvernd skýringa DSÍ á því hvaða heimildir samkvæmt lögum nr. 77/2000 sambandið teldi renna stöðum undir umrædda vinnslu á mynd- og hljóðefni, sem og hvernig það teldi hana samrýmast m.a. meðalhöfssjónarmiðum. Svarað var með bréfi, dags. 23. október 2012. Þar segir:

„Stjórn Dansíþróttasambands Íslands (DSÍ) lýsir furðu sinni á að Persónuvernd telji það hlutverk sitt að hlaupa upp til handa og fóta yfir ábendingum sem hún fær til sín án þess að kanna réttmæti þeirra. Enginn frá Persónuvernd hefur haft samband við DSÍ til að kanna hvort í þessum ábendingum sé farið með rétt mál.

Það er ekki rétt að DSÍ sé að fara fram á þessi félagsskírteini heldur er það WDSF sem er að gefa félagsmönnum sínum kost á að sækja um þessi skírteini eða ekki. Í bréfi til aðildarfélaga frá DSÍ kemur skýrt fram að þetta sé val. Ef viðkomandi hefur frjálst val hjá alþjóðlegum íþróttasamböndum um að hafa ákveðin skírteini eða ekki þá sér DSÍ ekki hver afskipti Persónuverndar eigi að vera af málinu.

Bent skal á að í lögum flestra sérsambanda innan ÍSÍ eru sambærileg ákvæði og í ákvæði WDSF um að allt myndefni sé í eigu viðkomandi sérsambands og/eða alþjóðlegs íþróttasambands. Einnig þurfa íþróttamenn sem taka þátt t.d. á Ólympíuleikum að undirrita enn strangari skilmála en WDSF fer fram á.“

Með bréfi til DSÍ, dags. 13. nóvember 2012, ítrekuðu með bréfi, dags. 14. desember s.á., vakti Persónuvernd athygli sambandsins á því að tilgangurinn með bréfaskiptum við það væri að kanna réttmæti þeirrar ábendingar sem stofnuninni hafði borist. Þá benti stofnunin á að samkvæmt því sem fram kæmi á heimasíðu WDSF yrði notkun félagsskírteina að skyldu fyrir lok janúar 2013. Með vísan til þess var þess óskað að fram kæmi hvort DSÍ hygðist gera öllum félagsmönnum sínum skylt að sækja um slíkt skírteini, auk þess sem ósk um skýringar var áréttuð að öðru leyti.

DSÍ svaraði með bréfi, dags. 15. desember 2012. Þar segir að í ákvörðun WDSF um notkun félagsskírteina felist aðeins að skylt sé að sækja um slíkt skírteini ef dansíþróttapar hefur hug á að keppa á alþjóðlegu móti sem haldið er undir merkjum WDSF. Þá segir að viðkomandi verði að samþykkja keppendareglur WDSF og fara eftir þeim, þ. á m. reglum um bann við lyfjanotkun og hegðunar- og siðareglum. Ekkert er hins vegar fjallað um notkun mynd- og hljóðefnis þó svo að í bréfum Persónuverndar hafi einkum verið spurt um það atriði.

Í ljósi þess að íþrótta- og æskulýðsmál falla undir mennta- og menningarmálaráðuneytið, sbr. 12. og 13. tölul. 5. gr. forsetaúrskurðar nr. 66/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sbr. m.a. 4. gr. stjórnarskrárinnar, ákvað Persónuvernd að leita upplýsinga frá ráðuneytinu um hvort það hefði gefið út reglur sem skipt gætu máli varðandi umrædd vottorð. Það var gert með bréfi, dags. 15. janúar 2013, ítrekuðu með bréfi, dags. 15. mars s.á. Svarað var með bréfi, dags. 21. s.m., þar sem fram kemur að slíkar reglur hafa ekki verið settar.

II.

Álit Persónuverndar

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar. Mun umfjöllun stofnunarinnar um þá vinnslu afmarkast við upplýsingar, sem fram koma í mynd- og hljóðefni, um þá sem ólögráða eru fyrir æsku sakir.

2.

Svo að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það ákvæði 8. gr., sem einkum verður talið geta átt við eins og hér háttar til, er 1. tölul. 1. mgr., þess efni að vinna má með persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis hins skráða. Þegar um ræðir barn fara forráðamenn þess með hæfi til að veita slíkt samþykki, sbr. 1. mgr. 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 þar sem fram kemur að foreldrar barns, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldra stað ráða persónulegum högum þess. Þá segir í 4. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 að forsjá feli í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns.

Þess er krafist samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 að samþykki sé ótvírætt, en í því felst að hafið þarf að vera yfir vafa að hinn skráði fallist á að unnið sé með tiltekna upplýsingar um sig. Við mat á því hvort svo sé skiptir m.a. máli sú fræðsla sem honum hefur verið veitt í aðdraganda yfirlýsingar um samþykki. Hvað það varðar ber að líta til 20. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fjallað er um þá fræðslu sem ábyrgðaraðila ber að veita hinum skráða þegar upplýsinga er aflað hjá honum sjálfum. Með ábyrgðaraðila er þá átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Fyrir liggur að umrædd yfirlýsing stafar frá erlendum aðila, þ.e. WDSF. Samkvæmt yfirlýsingunni er hins vegar ljóst að DSÍ, sem aðili sem starfar í umboði WDSF, getur haft með höndum vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á grundvelli yfirlýsingarinnar. Hefur DSÍ stöðu ábyrgðaraðila að því leyti og ber því ábyrgð á að fræðsla, sem veitt er við öflun samþykkis til umræddrar vinnslu, samrýmist ákvæðum 20. gr. laga nr. 77/2000.

Í 1. mgr. 20. gr. eru talin upp þau atriði sem að lágmarki þurfa að koma fram í fræðslu til hins skráða, en þó þarf ekki, eins og fram kemur í 2. mgr., að veita um þau fræðslu hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau. Þau atriði, sem fræðsla þarf að líta að með þessum fyrirvara, eru (1) nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila eða eftir atvikum fulltrúa hans hér á landi sé hann erlendur, (2) tilgangur vinnslunnar, sem og (3) aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnsluna, svo að hinn skráði geti hagsmuna sinna, s.s. upplýsingar um:

1. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinga,
2. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
3. ákvæði laga nr. 77/2000 um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Það að skort hafi á fræðslu samkvæmt framangreindu getur orðið til þess að kröfum sem gera verður til ótvíræðs samþykkis sé ekki talið fullnægt. Það hversu miklar kröfur ber að gera í þeim efnum getur farið eftir eðli og efni upplýsinga. Þetta mál lýtur að mynd- og hljóðefni sem nýtt er til kynningar á dansípróttinni og hinum alþjóðlegu dansípróttasamtökum, WDSF. Þegar slíkt efni er notað til almenns kynningarstarfs kann tiltölulega almennt orðuð fræðsla að vera nægileg, s.s. þegar um er að ræða hópmyndir þar sem hver einstaklingur er lítt áberandi. Ef hins hins vegar á að nota mynd- eða hljóðefni í t.d. auglýsingu þar sem tiltekið barn kemur fyrir með áberandi hætti verður að gera mun ríkari kröfur til fræðslu en ella. Í því sambandi ber sérstaklega að líta til þess að börn teljast viðkvæmur hópur sem njóta á sérstakrar verndar, sbr. yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1959 og inngang barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1992 sem fengið var lagagildi hér á landi með lögum nr. 19/2013.

Í áliti þessu er ekki tekin bindandi afstaða til þess hvort sú fræðsla, sem fram kemur á umræddri yfirlýsingu, fullnægi þeim kröfum sem gera verður til að fullnægjandi samþykkis teljist aflað fyrir notkun mynd- og hljóðefnis. DSÍ er hér með leiðbeint um að huga að framangreindum sjónarmiðum og eftir atvikum gera þær úrbætur á fræðslu sem nauðsynlegar kunna að vera í ljósi fyrirhugaðrar notkunar efnisins.“

3.2.22. Götusýn Já.is – mál nr. 2013/563

Persónuvernd tók ákvörðun í máli varðandi áform fyrirtækisins Já hf. til að reka og markaðssetja vef sem m.a. geymir myndir teknar úr götuhæð að erlendri fyrirmynd. Er það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla persónuupplýsinga vegna götusýnar á kortavefjum sé heimil með vísan til lögmætra hagsmuna fyrirtækisins. Hins vegar nái sú heimild ekki til birtingar persónuupplýsinga. Því lagði Persónuvernd fyrir fyrirtækið að sjá til þess að allar myndir sem birtar verði á vefsíðum þess séu ópersónugreinanlegar. Skuli einkum í því tilliti huga að því að afmá andlit og skráningarmerki ökutækja.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

I.

Málsatvik

Með símtali og tölvupósti þann 22. apríl 2013 óskaði X, hdl., f.h. Já upplýsingaveitna hf. (hér Já hf.), eftir fundi með Persónuvernd til að ræða áform fyrirtækisins til að reka og markaðssetja vef sem m.a. geymir myndir teknar úr götuhæð (e. street view) að erlendri fyrirmynd og helstu persónuverndarsjónarmið tengd því.

Var umræddur fundur haldinn með fulltrúum Já hf., þ. á m. lögmanni þess, þann 3. maí 2013. Þar greindu fulltrúar fyrirtækisins frá því að fyrirhugað væri að gefa kost á 360° sýn af götum á heimasíðu þess. Nánar tiltekið yrðu eknar valdar götur í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði og

teknar þar myndir, einkum á ferðamannastöðum. Þá yrði bill merktur Já.is notaður við myndatökurnar. Myndirnar yrði unnt að nálgast bæði á ja.is, sem og á iceland.ja.is. Það yrði tilfallandi ef einstaklingar yrðu á myndum og ef til þess kæmi yrði að hafa í huga að þeir væru á almannafæri. Myndir yrðu teknar að nátturlagi yfir sumartímenn þegar lítið sem ekkert af fólki væri á ferli. Þá yrðu ekki eknar íbúagötur heldur aðeins fjölfarnar götur.

Á fundinum benti Persónuvernd á að ef um væri að ræða persónuupplýsingar bæri fyrirtækinu að senda tilkynningu til stofnunarinnar, og einnig þyrfti að huga að fræðslu. Þá var rætt um hversu lengi myndir yrðu aðgengilegar og bent á að huga þyrfti að skráningarkerki ökutækja og öðru því sem persónugreint gæti einstaklinga. Af hálfu Já hf. kom fram að andlit yrðu gerð óþekkjanleg væri þess óskað.

Með bréfi, dags. 7. maí 2013, sendi Já hf. nánari upplýsingar um fyrirhugað verkefni til Persónuverndar. Í bréfinu segir m.a. að fyrirtækið hafi samið við fyrirtækið RP Media, um að afla myndefnis í götusýn sem verður miðlað á kortavefjum Já, t.d. á ja.is og planiceland.is. Þá segir að myndataka sé áætluð frá 15. maí 2013 og yrði myndefnið tekið upp frameftir sumri 2013. Þá væri ekki stefnt að því að taka myndir af vegfarendum, en augljóslega gæti það gerst væru menn staddir á þeim almenningsstöðum sem myndaðir verða. Um fræðslu til almennings segir:

„Fræðsla og kynning á verkefninu verður tvíþætt, fyrst þegar myndataka hefst og svo aftur þegar myndagögnunum verður miðlað.

Fyrri fasi - þegar myndataka stendur yfir:

- Já og samstarfsaðilar verkefnisins munu senda frá sér fréttatilkynningu þar sem verkefninu verður lýst.

- Já mun auglýsa á vef sínum að verkefnið standi yfir.[...]

Seinni fasi - þegar myndefni verður miðlað:

- Já mun setja upp sérstaka síðu á vefnum Já.is þar sem hægt verður að nálgast allar upplýsingar um verkefnið.

- Um leið og tæknilegar upplýsingar um myndgögnin liggja fyrir, verða þær aðgengilegar fyrir almenning á vefsíðum Já.

- Almennungi verður boðið upp á að gera andlit sitt eða hús óþekkjanlegt af myndgögnum sé þess óskað.“

Með bréfi, dags. 10. júlí 2013, minnti Persónuvernd á að á framangreindum fundi hefði verið lýst ætlun fyrirtækisins að vinnsla þess yrði ópersónugreinanleg og að tilkynnt yrði til Persónuvernd ef vinnslan yrði persónugreinanleg. Þrátt fyrir það hefðu Persónuvernd borist ábendingar um að umræddar myndir hafi þegar verið birtar á vefsvæði Já.is, og að þar sé unnt að andlitsgreina einstaklinga, t.d. við veitingastaði. Af framangreindu virtist því liggja fyrir að Já hf. hafi tekið myndir af einstaklingum og birt þær á vefsvæði sínu, og því hafi farið fram vinnsla persónuupplýsinga í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi þessa áréttaði Persónuvernd að henni yrði að berast tilkynning frá Já hf. um umrædda vinnslu, sbr. ákvæði 31. gr. laga nr. 77/2000 og 6. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Jafnframt var þess óskað að Já hf. upplýsti Persónuvernd um afstöðu fyrirtækisins til eyðingar persónuupplýsinga sem birtast í götusýn Já.is.

Þann 22. júlí 2013 barst Persónuvernd tilkynning frá Já hf. varðandi öflun og birtingu myndefnis í götusýn, þ.e. tilkynning nr. S6349/2013.

Í svarbréfi X, hdl., f.h. Já hf., dags. sama dag, segir að fyrirtækið hafi byrjað að afla myndefnis í götusýn, sem miðlað verður á kortavefjum Já á komandi vikum og mánuðum. Ákveðið hafi verið

að fjölga götum sem boðið verður upp á í götusýn, sem sé breyting frá því sem kynnt var Persónuvernd á fundi þann 3. maí sl. Þá muni Já hf. taka myndir af öllum aðalvegum landsins ásamt götum á höfuðborgarsvæðinu og bæjum úti á landi, sem og helstu náttúruperlur og ferðamannastöðum landsins. Þó hafi vegna tíðarfars ekki reynst unnt að mynda að næturlagi, eins og upphaflega stóð til og greint var frá á áður nefndum fundi með Persónuvernd. Engin ósk hafi enn borist fyrirtækinu um t.d. að skyggja andlit, enda þótt það myndi strax verða við slíkri beiðni.

Um afstöðu Já hf., til eyðingar upplýsinga sem birtast í götusýn Já.is, segir eftirfarandi:

„Markmiðið með götusýn Já er ekki að taka myndir af fólki heldur að fanga umhverfið. Í einhverjum tilfellum má þó gera ráð fyrir að hægt sé að greina fólk, hús eða bílnúmer. Til að bregðast við þessu munu notendur geta sent inn ósk um að fá andlit, hús eða bílnúmer skyggt sé þess óskað og mun þá fyrirtækið bregðast hratt og örugglega við.

Ef ábyrgðaraðili þyrfti að skyggja andlit og bílnúmer fyrirfram þyrfti að fara út í verulega aukna fjárfestingu til að þróa eða kaupa búnað því tengdu. Nú þegar hafa um eða yfir milljón myndir verið teknar í kjölfar þess að ákveðið var að víkka út verkefnið og taka myndir af öllum helstu götum á höfuðborgarsvæðinu.

Já er lítið fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni og býr ekki yfir þekkingu eða búnaði til að afmá bílnúmer eða andlit fyrirfram. Það yrði því verulega íþyngjandi að leggja út í slíkt umstang og kostnað á þessu stigi. Stór alþjóðleg fyrirtæki á borð við Google búa hins vegar sjálfsagt nú þegar yfir þekkingu og búnaði til að afmá slíkar upplýsingar fyrirfram.

Er Já þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag að afmá eingöngu upplýsingar í kjölfar ábendinga eða beiðna samræmist vel sjónarmiðum um meðalhóf. Að því gefnu að myndir teknar á almannafæri teljist yfirhöfuð til persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 telur Já fyrirhugað fyrirkomulag vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga og það markmið sem að er stefnt með umræddri löggjöf. Möguleg fyrirmæli frá Persónuvernd um að gengið verði lengra í þessum efnum væru hins vegar afar íþyngjandi og þyrftu að byggja á mjög skýrum lagagrundvelli. Þegar íþyngja á borgurunum ber jafnframt að skýra hlutaðeigandi lagaákvæði þröngri lögskýringu og velja ávallt þá leið sem er minnst íþyngjandi miðað við það markmið sem að er stefnt.“

Þá telur Já hf. að vafi leiki á því að umrædd vinnsla sé tilkynningarskyld til Persónuverndar. Um þetta segir í bréfinu:

„Svo sem fram kemur í [tilkynningu til Persónuverndar nr. S6349/2013] hefur danska Persónuverndarstofnunin gefið út leiðbeinandi álit [um það] hvenær heimilt sé að birta myndir af einstaklingum á Internetinu, þ.e. án þeirra samþykkis. Þar er gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða mynd af viðburði (d. situationsbilleder), s.s. mynd tekin af hópi áhorfenda á íþróttaleik, eða mynd af tilteknum jafnvel nafngreindum einstaklingi (d. portrætbilleder). Telur [Datatilsynet] að þær fyrrnefndu megi alla jafna birta án samþykkis viðkomandi einstaklinga. Ábyrgðaraðili telur að öflun og birting myndefnis í götusýn falli undir myndir af viðburðum, enda eru þær teknar á almannafæri. Af þeim sökum sé alls ekki um að ræða vinnslu persónuupplýsinga. Auk þess byggir ábyrgðaraðili m.a. á 5. gr. persónuverndarlaganna en þar segir að víkja megi frá ákvæðum laganna þegar menn vinna m.a. í þágu fjölmiðlunar, en miðlun myndefnisins á kortavefjum Já er ein tegund fjölmiðlunar. Getur birting mynda úr mannlífínu fallið hér undir og þá á 8. gr. ekki við. Tilkynning þessi er því send með þeim fyrirvara að ábyrgðaraðili telur verulegan vafa leika á hvort vinnslan sé tilkynningarskyld.“

II.

Ákvörðun Persónuverndar

1.

Gildissvið o.fl.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem Persónuvernd framfylgir

og starfar eftir, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Af samskiptum við Já hf. liggur ljóst fyrir að fyrirtækið hafi tekið myndir á almannafæri, þar sem m.a. er unnt að greina andlit einstaklinga og skráningarmerki ökutækja, sem og birt umræddar myndir á kortavefjum sínum www.ja.is og www.planiceland.is. Af því leiðir að öflun myndefnis þar sem greina má einstaklinga og birting þess myndefnis á vefsíðum fyrirtækisins felur hvort tveggja í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000.

2.

Um tengsl við tjáningarfrelsi

Já hf. hefur m.a. vísað til þess að sú vinnsla sem fari fram á vegum þess vegna götusýnar Ja.is og felst í birtingu myndanna á kortavefjum fyrirtækisins, sé ein tegund fjölmiðlunar og því megi víkja frá tilteknum ákvæðum laga nr. 77/2000, sbr. ákvæði 5. gr. laganna.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/2000 má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Er framangreint eingöngu heimilt að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs manna annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.-13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna. Í ljósi framangreinds ákvæðis getur birting mynda úr mannlífínu, í vissum tilvikum, fallið hér undir og þá á m.a. ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 ekki við.

Ákvæði 5. gr. er ætlað að koma í veg fyrir að lögum nr. 77/2000 verði beitt á þann veg að rétturinn til tjáningarfrelsis, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, víki fyrir einkalífsákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar þegar mál eru þannig vaxin að tjáningarfrelsið ætti að ganga framár. Það hvernig þeim ber að beita fer eftir atvikum hverju sinni. Ber m.a. við slíkt mat að huga að þeim tilgangi sem býr að baki birtingunni. Í því tilviki sem hér um ræðir getur Persónuvernd ekki fallist á þau rök Já hf. að birting myndanna sé í þágu fjölmiðlunar. Kallar því birting myndanna á kortavefjum Já hf. ekki á að vikið verði frá ákvæðum laga nr. 77/2000 á grundvelli heimildar í 5. gr. þeirra.

3.

Sjónarmið um birtingu mynda af viðburðum

Já hf. telur heimilt að birta myndir af einstaklingum, sem það hefur myndað á almannafæri, án samþykkis viðkomandi enda sé um að ræða mynd af viðburði en ekki mynd af nafngreindum einstaklingi. Um þetta vísar fyrirtækið sérstaklega til leiðbeininga dönsku Persónuverndarstofnunarinnar um það hvenær heimilt sé þar í landi að birta myndir af einstaklingum á Netinu án samþykkis þeirra.

Í umræddum leiðbeiningum er greinarmunur gerður á myndum af viðburðum og mynda af einstaklingum. Hefur framkvæmdin þar í landi miðast við að heimilt sé að birta hinar fyrrnefndu myndir án samþykkis viðkomandi. Hér á landi hefur hins vegar hvorki í lögum né í framkvæmd Persónuverndar verið gerður slíkur greinarmunur m.t.t. birtingu myndefnis.

4.

Lögmæti vinnslu og sjónarmið um meðalhóf

4.1.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að uppfylla eitthvert skilyrði 8. gr. laga nr. 77/2000.

Í framangreindri tilkynningu frá Já hf., nr. S6349/2013, er byggt á 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 sem heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. að vinnslan sé nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna Já hf., en í því ákvæði er vinnsla persónuupplýsinga lýst heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Í tilkynningunni er vísað til þess að ábyrgðaraðili telji sig eiga lögvarða hagsmuni á grundvelli stjórnarskrárbundins atvinnu- og tjáningarfrelsis, en fjölmörg dæmi séu erlendis frá um hliðstæða starfsemi í atvinnuskyni.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við að vinnsla Já hf. á persónuupplýsingum styðjist við umrædda heimild í 8. gr. laganna.

4.2.

Auk skilyrða sem fram koma í 8. gr. þarf öll vinnsla persónuupplýsinga ávallt að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðréttar (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Enda þótt umrædd vinnsla sé heimil á grundvelli 8. gr. laga nr. 77/2000 telur Persónuvernd í ljósi meðalhöfskrafna 7. gr. að Já hf. verði að gera umræddar myndir ópersónugreinanlegar fyrir birtingu þeirra á vefsíðum Já hf. enda nái tilgangur sá sem lögmætir hagsmunir Já hf. helgast af, ekki til þess að birta slíkar upplýsingar.

Þá má einnig benda á að svonefndur 29. gr. vinnuhópur, sem hefur það hlutverk að stuðla að samræmdri túlkun persónuverndarlaga í Evrópu í ljósi tilskipunar nr. 95/46/EB, hefur byggt á því í samskiptum sínum við fyrirtæki sem býður upp á sambærilega þjónustu og Já hf. gerir nú, að ljósmyndir eigi ekki að birta nema andlit og/eða skráningarmerki ökutækja hafi verið afmáð fyrir birtingu, sbr. t.d. bréf hópsins til Google Inc., dags. 10. febrúar 2010, vegna Google Street View.

5.

Niðurstaða Persónuverndar

Með vísun til alls framangreinds telur Persónuvernd að vinnsla persónuupplýsinga á vegum Já hf. vegna götusýnar á kortavefjum sé heimil á grundvelli ákvæðis 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Hins vegar nái sú heimild ekki til birtingar persónuupplýsinga. Því skuli afmá persónugreinanlegar upplýsingar af myndunum fyrir birtingu þeirra, nánar tiltekið andlit þeirra einstaklinga og skráningarmerki þeirra ökutækja sem þar koma fyrir, svo að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Skulu Já upplýsingaveitur hf. sjá til þess að allar myndir sem birtar eru á vefsíðum þess séu ópersónugreinanlegar, svo að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Skal einkum í því tilliti huga að því að afmá andlit og skráningarmerki ökutækja.

Beinir Persónuvernd því þeim fyrirmælum, sbr. 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, til Já hf. að birta einungis ópersónugreinanlegar myndir á vefsíðum fyrirtækisins sem og að afmá persónuupplýsingar í því myndefni sem þegar hefur verið birt. Ber fyrirtækinu að senda Persónuvernd staðfestingu á því að fyrirmælum hafi verið framfylgt eigi síðar en 1. október næstkomandi.“

Umrædd staðfesting barst svo með bréfi fyrirtækisins dags. 12. febrúar 2014.

3.2.23. *Vinnsla persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd – mál nr. 2012/964*

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi vinnslu persónuupplýsinga hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkurborgar í tengslum við gerð forsjárhæfnimats. Taldi stofnunin að nefndinni hefði borið að gera vinnslusamning við þann sálfræðing sem hún fékk til að vinna umrætt mat en að sálfræðingnum hefði verið heimilt að fara í sjúkraskrá kvartanda að fengnu samþykki hans.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.
Tildrög máls

Þann 22. ágúst 2012 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefndur kvartandi), vegna miðlunar persónuupplýsinga um hana frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur til B, sálfræðings. Kvörtunin var þrjúþætt. Í fyrsta lagi beindist hún að því að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefði ekki gert vinnslusamning við umræddan sálfræðing varðandi vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Í öðru lagi að ekki hefði verið tryggt nægilegt öryggi persónuupplýsinga og í þriðja lagi að umræddur sálfræðingur hefði unnið tilteknar persónuupplýsingar um kvartanda án þess að hafa til þess fullnægjandi heimildir, öryggi upplýsinganna hefði ekki verið tryggt með fullnægjandi hætti og að sálfræðingurinn hefði aflað sér upplýsinga með ólögnum hætti úr sjúkraskrá kvartanda.

Með kvörtuninni fylgdu ýmis gögn varðandi meðferð málsins hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Þar á meðal var undirritað samþykki kvartanda fyrir aðgangi sálfræðingsins að sjúkraskrá hennar.

2.

Bréfaskipti vegna barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Með bréfi, 4. september 2012, var barnaverndarnefnd Reykjavíkur boðin að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Þá óskaði Persónuvernd sérstaklega eftir upplýsingum um eftirfarandi:

1. Hvort að umrædd miðlun eða afhending gagnanna hefði átt sér stað, um hvaða gögn hafi þá verið að ræða og hver hafi verið tilgangur þeirrar miðlunar eða afhendingar.
2. Hvort barnaverndarnefnd teldi að umræddur sálfræðingur hefði verið ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili, samkvæmt 4. og 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
3. Ef nefndin teldi að sálfræðingurinn hefði verið *ábyrgðaraðili vinnslunnar* var þess óskað að fram kæmi á hvaða heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 sú miðlun byggðist.
4. Ef nefndin teldi að sálfræðingurinn hefði verið *vinnsluaðili* var þess óskað að stofnuninni bærist afrit af vinnslusamningi vegna vinnslunnar, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000.

Var frestur til að svara veittur til 21. september 2012. Ekkert svar barst og var erindið ítrekað með bréfi, dags. 4. október s.á. Frestur var þá veittur til 12. s.m. Þann dag barst Persónuvernd svarbréf nefndarinnar, dags. 11. s.m. þar sem m.a. segir að kvartandi hafi þann [...], í kjölfar þess að nefndin úrskurðaði um vistun dóttur hennar utan heimilis, undirritað svonefnda „áætlun um meðferð máls“ en í henni komi fram að kvartandi myndi undirgangast svonefnt „forsjárhæfnimat“. Því næst segir í bréfi nefndarinnar:

„Þann [...] var meðfylgjandi bréf sent B sálfræðingi þar sem óskað var eftir að B tæki að sér sálfræðimat m.t.t. forsjárhæfni móður. Sálfræðingar sem taka að sér að vinna forsjárhæfnimat fá

gögn frá barnaverndarnefndum til að geta unnið matið. Í kjölfar bréfsins kom B á skrifstofu Barnaverndar Reykjavíkur og sótti gögn til starfsmanns sem fór með málið. Ekki liggur fyrir dagáll um fyrrgreint. Ekki var gerður frekari samningur við B enda litið svo á að beiðnin, dags. [...], sem byggðist á fyrrgreindri bókun nefndarinnar nægði.

Gögnin sem afhent voru B vegna sálfræðiathugunar voru þau gögn sem lögð voru fyrir fund Barnaverndarnefndar Reykjavíkur þann [...] ásamt fylgigögnum, þ.e. öllum greinargerðum og fylgiskjölum sem höfðu áður verið lögð fyrir fundi nefndarinnar. [Kvartandi] undirgekkst forsjárhæfnimat í kjölfarið og var til góðrar samvinnu við gerð matsins.

Hjá Barnavernd Reykjavíkur liggja ekki fyrir gögn um frekari samskipti milli starfsmanns eða nefndarmanna og fyrrgreinds sálfræðings fyrr en hann skilaði skýrslu sinni [...], dags. [...], en hún barst Barnavernd Reykjavíkur þann [...]. [...].“

Með framangreindu bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur fylgdi m.a. afrit af áætlun um meðferð skv. 23. gr. laga nr. 80/2002, dags. [...]. Þar kemur m.a. fram að markmið áætlunarinnar sé að tryggja uppeldisaðstæður dóttur kvartanda. Þá kemur fram að forsjárhæfnimat sé eitt þeirra úrræða og aðgerða sem beita skuli til að ná markmiði áætlunarinnar. Undir áætlunina undirrita starfsmaður nefndarinnar og kvartandi, þó með fyrirvara um kærú á úrskurði nefndarinnar.

Með bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur fylgdi einnig afrit af bréfi, dags. [...], til B, sálfræðings. Þar kemur m.a. fram að beiðnin sé lögð fram á grundvelli bókunar nefndarinnar, dags. [...]. Þá hafi samþykkis kvartanda verið aflað fyrir matinu með því að undirrita áætlun um meðferð máls. Í bréfi nefndarinnar til sálfræðingsins kemur enn fremur fram að gert sé ráð fyrir að umbeðin sálfræðiathugun sé unnin með viðtölum og viðeigandi sálfræðilegum prófunum, og að í skýrslu komi fram upplýsingar um sálræna hagi, með sérstöku tilliti til hæfni, eða skort á hæfni, til að axla forsjárskyldur sínar. Þá er enn frekar óskað eftir að lagt verði mat á tiltekna þætti sem taldir eru upp í umræddu bréfi.

Með bréfi, dags. 22. október 2012, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar barnaverndarnefndar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Svarbréf kvartanda, dags. 4. nóvember 2012, barst Persónuvernd þann 6. s.m. Þar kemur m.a. fram að kvartandi sé ósátt við að spurningum Persónuverndar, sem settar voru fram í fjórum töluliðum, hafi ekki verið svarað. Þá telur kvartandi að bókanir nefndarinnar endurspegli ekki það sem fram komi á fundum hennar.

Þá segir í svari kvartanda:

„Eins og sjá má á áætlunum dags. [...] koma ekki fram neinar upplýsingar um hvernig slíkt mat fer fram eða er framkvæmt, eða nokkuð annað eins og þegar um upplýst samþykki er að ræða. Ekki kemur fram hvort um sé að ræða ótvíræða yfirlýsingu sem gefin er að fúsum og frjálsum vilja, ekki kemur fram hvaða upplýsingar verði notaðar né tilgang, né hvernig vinnslan fari fram og hvernig persónuvernd verði tryggð og því síður kemur fram hvort heimilt sé að afturkalla samþykki sitt.

Einnig má þess geta [að] fræðsluskylda Barnaverndar Reykjavíkur þegar aflað er persónuupplýsinga hjá foreldrum er aldrei undir nokkrum kringumstæðum veitt, sama á hvaða stigi málsmeðferð Barnaverndar Reykjavíkur er á.

Því síður er upplýsingaskylda Barnaverndar Reykjavíkur sinnt á nokkurn hátt, því er enginn möguleiki að fá leiðréttingar um rangar og villandi persónuupplýsingar.

Hvergi kemur fram hvort munur er á sálfræðimati, forsjárhæfnimati eða sálfræðilegu forsjárhæfnimati. [...]

Á þessum forsendum hafna ég því alfarið að um upplýst samþykki hafi verið að ræða, heldur

þvinguð fram undirritun áætlana dags. [...]. Engar skýringar hafa verið gefnar varðandi þau gögn sem afhent voru sálfræðingi og afdrif þeirra.“

Með bréfi kvartanda fylgdi m.a. afrit af blaðsíðu úr skýrslu þeirri sem B, sálfræðingur, skilaði til barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þar kemur m.a. fram að notast hafi verið við gögn frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur en einnig hafi verið tekin viðtöl við kvartanda og hennar saga fengin. Þá hafi heimili hennar verið skoðað og samskipti móður og barns. Enn fremur kemur fram að notast hafi verið við sálfræðileg próf sem og sjúkragögn frá geðdeild Landspítala.

Með bréfi, dags. 5. desember 2012, óskaði Persónuvernd nánari skýringa frá barnaverndarnefnd, m.a. hvað varðar þá fræðslu sem kvartanda hafi verið veitt. Var frestur veittur til 14. s.m. Engin svör bárust og var erindið ítrekað með bréfi, dags. 14. janúar 2013. Þar kom fram að bærust engin svör yrði tekin afstaða til málsins á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Var frestur veittur til 29. janúar 2013. Ekkert svar barst.

3.

Bréfaskipti vegna B, sálfræðings

Með bréfi, dags. 14. mars 2013, var B, sálfræðingi, boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þá óskaði Persónuvernd einnig upplýsinga um eftirfarandi:

1. Hvort að umrædd miðlun eða afhending gagnanna hefði átt sér stað, um hvaða gögn hafi þá verið að ræða og hver hafi verið tilgangur þess.
2. Hvort hann teldi sig eða barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafa verið ábyrgðaraðila eða hvort hann teldi sig hafa starfað sem vinnsluaðila, samkvæmt 4. og 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
3. Ef hann teldi að hann hefði verið *ábyrgðaraðili vinnslunnar* var þess óskað að fram komi á hvaða heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 sú miðlun byggðist.
4. Ef hann teldi að hann hefði *vinnsluadili* fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur var þess óskað að stofnuninni bærist afrit af þeim vinnslusamningi, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000, sem gerður var við hann.

Var frestur veittur 2. apríl 2013 en framlengdur til 8. s.m. að beiðni B. Svarbréf hans, dags. 3. apríl 2013, barst Persónuvernd þann 5. s.m. Þar segir m.a.:

„Í stuttu máli gengur þetta þannig fyrir sig varðandi aðkomu sérfræðinga að matsgerðum að matsbeiðandi, sem getur verið til dæmis barnaverndir [sv], lögregla eða dómstólar, óskar eftir mati sérfræðings á einstaklingum með beiðni. Skilningur undirritaðs á þeirri beiðni er sá að hann vinnur þá í umboði matsbeiðanda. Matsmaður fær einnig alltaf málsgögn í hendur sem hann notar til að vinna matsgerðina. Alltaf liggur fyrir einhvers konar samþykki matsbeiðanda og matsþola um að sérfræðimatið fari fram hjá öllum stofnunum en matsmaður sér ekki um slíkt enda tekur matsmaður því þannig að ef matsþoli mætir þá hefur hann í raun gefið sitt samþykki. Slíkt gerist oft í þessum málum og er þá ekkert mat gert. Í þessi tilviki hafði matsþoli þó undirritað meðferðaráætlun hjá Barnavernd Reykjavíkur og inn í því var samþykki fyrir forsjárhæfnimati.

Matsmaður vinnur síðan með upplýsingar sem hann fær frá matsbeiðanda en getur með samþykki matsþola fengið ítarlegri upplýsingar sem nauðsynlegar eru eins og t.d. sjúkrapplýsingar. Í þessu tilviki hefur komið fram að matsþoli skrifaði undir samþykki fyrir aðgangi að sjúkrapplýsingum og Persónuvernd hefur síðan undir höndum svar undirritaðs til Barnaverndar Reykjavíkur varðandi það frá árinu [...]. Taka ber fram að matsþola er algerlega frjálst að skrifa ekki undir slíkt samþykki og gerist það oft við sérfræðimöt. Þær upplýsingar voru síðan eingöngu notaðar fyrir gerð

umræ[dd]s sálfræðimats en ekki til persónulegra nota eins og kemur fram í kvörtun. Undirritaður hefur einnig ekki farið í sjúkraskrá matsþola nema eingöngu á þeim tíma sem matið var gert eins og matsþoli hefur líklegast fengið upplýsingar um frá Landspítala. Matsmaður telur að með umboði sínu hafi matsþoli gefið nægjanlegt samþykki fyrir aðgangi að sjúkraskrá og taka ber fram að Barnavernd Reykjavíkur hefur samkvæmt barnaverndarlögum rétt til að fá sjúkraupplýsingar. Undirritaður skilur beiðni um matsgerð frá Barnavernd Reykjavíkur vera þannig að hann vinni í umboði barnaverndaryfirvalda og koma þá til barnaverndarlög ásamt lögum um heilbrigðisstéttir.

Upplýsingar sem matsmaður sótti úr sjúkraskrá voru því eingöngu afhentar Barnavernd Reykjavíkur og var ekki miðlað til óviðkomandi og án heimildar eins og virðist koma fram í kvörtun. [...]

Undirritaður fékk því afhent gögn frá Barnavernd Reykjavíkur varðandi þetta mál og má sjá í svari Barnaverndar Reykjavíkur hvaða gögn það voru og hvernig slíkt fór fram. Tilgangur slíkra gagna er almennt að matsmaður fái betri yfirsýn og innsýn í málefni matsþola og í sumum tilvikum málefni barna sem tengjast málunum. Matsgerðir eru því byggðar á gögnum málsins ásamt sögu matsþola. Sérfræðimat er oft viðamikið og þarf að taka til margra þátta til að gagnast í vinnslu mála og gögn málsins algerlega nauðsynleg. Ef engin gögn myndu fylgja málinu þyrfti matsmaður eingöngu að byggja matið á sögu matsþola og þá væri matið bæði hlutdrægt og í raun ómarktækt og engin leið fyrir matsmann að sannreyna sögu matsþola. Þetta eru stöðluð alþjóðleg vinnubrögð [...]. Taka ber fram að í þessu máli voru gögn farin yfir með matsþola og ákveðin atriði í gögnum borin undir hana. Matsþoli hafði því á þeim tíma tækifæri til að tjá sig um gögnin og hafði fulla vitneskju um að matsmaður hefði gögnin og gerði engar athugasemdir um notkun þeirra.“

Með bréfi, dags. 8. apríl 2013, var kvartanda veittur kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar B. Svarbréf kvartanda, dags. 2. maí 2013, barst Persónuvernd þann 7. s.m. Þar kemur m.a. fram að kvartandi telji að ekki sé hægt að leggja matsgerðir sem framkvæmdar eru af tilefni opinberra mála eða einkamála fyrir dómi að jöfnu við þær sem framkvæmdar eru að tilstuðlan opinberra stofnana. Um matsgerðir fyrir dómi gildi ákvæði laga um meðferð sakamála og laga um meðferð einkamála. Að mati kvartanda gildi ekki sömu reglur þegar um er að ræða forsjárhæfnimat enda sé ákvörðun um slíkt mat háð geðþóttaákvörðun starfsmanns barnaverndarnefndar. Í því sambandi vísar kvartandi til afrits af meðferðarfundum nefndarinnar, dags. 2. júní 2010. Þá telur kvartandi að enginn greinarmunur sé gerður á upplýstu samþykki og umboði af hálfu sálfræðingsins, og ekkert bendi til þess að nefndin hafi veitt starfsmanni sínum umboð til að ákveða þær umtalsverðu breytingar á framkvæmd vinnslunnar og þeim viðbótum sem urðu meðan vinnslan fór fram eða til að fá þriðja aðila til að afla upplýsinga og fá aðgang að sjúkraskrá.

Þá segir í bréfi kvartanda:

„Hvað varðar að gögn hafi verið borin undir mig eins og sálfræðingurinn B fullyrðir í bréfi sínu, er þeim þætti alfarið hafnað og ber skýrslan þess augljós merki að slíkt hafi ekki verið gert. Einungis eitt ákveðið atriði var borið undir mig af hálfu sálfræðingsins [...], þetta ákveðna atriði er ekki að finna í þeim gögnum sem hafa verið lögð fram. [...]

Enn hefur ekki verið upplýst hvaða gögn voru afhent sálfræðingnum, og engan veginn hægt að sjá það í svörum Barnaverndar Reykjavíkur.

Misvísandi upplýsingar hafa komið fram hjá Barnavernd Reykjavíkur [um] hvaða gögn voru afhent, ýmist er sagt hluti gagna sem lögð voru fyrir fund, eða öll gögn [...]. Ekki hefur heldur verið upplýst hvar gögnin eru niðurkomin né hvernig öryggi þeirra er tryggt.

Annars ber skýrsla þessi augljós merki [þess] að upplýsingar sem urðu til eftir fund nefndarinnar [...] og á meðan vinnslan fór fram voru veittar sálfræðingnum með einhverjum hætti.“

Þá telur kvartandi að enn hafi ekki verið tilgreint á grundvelli hvaða lagaheimildar sálfræðingurinn hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hennar. Þá tekur kvartandi fram að ekki liggi ljóst fyrir hvort að barnaverndarnefnd hafi verið afhentar upplýsingar úr sjúkraskrá, umfram það sem fram komi í skýrslu sálfræðingsins, eða hvort nefndin hafi fengið afrit af allri sjúkraskrá hennar. Hvergi komi fram hversu víðtækum upplýsingum hafi verið safnað úr sjúkraskrá hennar og hvort upplýsingarnar einskorðist við eitt svið hjá Landspítala eða í heild, né hvað hafi verið merkt við varðandi tilgang og opnun sjúkraskrárinnar.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að framangreind vinnsla um kvartanda hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og B fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Afmörkun umfjöllunarefnis

Erindi kvartanda er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er kvartandi ósátt við að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi miðlað upplýsingum til B, sálfræðings, án þess að gerður hafi verið vinnslusamningur við hann. Í öðru lagi telur kvartandi að öryggi og varðveisla gagnanna hafi ekki verið tryggð með fullnægjandi hætti. Í þriðja lagi telur kvartandi að sálfræðingurinn hafi aflað upplýsinga með ólögmatum hætti úr sjúkraskrá hennar.

Úrskurður þessi lýtur að fyrsta og þriðja þætti kvörtunarinnar. Hvað varðar annan þátt þess hyggst Persónuvernd afla frekari upplýsinga um fyrirkomulag upplýsingaöryggis hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og heimildir þær sem nefndin telur sig hafa að lögum fyrir gerð forsjárhæfnimats.

3.

Vinnslusamningur

Skyldur samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvíla á ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga. Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur átti frumkvæði að gerð forsjárhæfnimatsins auk þess sem nefndin mælti fyrir um hvaða atriði skyldu sérstaklega könnuð. Með vísan til þess ber að telja barnaverndarnefnd Reykjavíkur ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð skýrslunnar.

Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila er nefndur vinnsluaðili, sbr. 5. tölul. 2. gr. laganna. Um samband ábyrgðaraðila og vinnsluaðila er nánar kveðið í 13. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsluaðili er sá sem framkvæmir fyrir mæli ábyrgðaraðila, að minnsta kosti að því er varðar tilgang vinnslu, aðferðir og búnað. Lögmæti þess sem hann gerir ræðst af því umboði sem ábyrgðaraðili hefur gefið honum. Gangi vinnsluaðili lengra en umboðið nær, eða taki hann að einhverju marki sjálfstæðar ákvarðanir, getur hann talist ábyrgur – a.m.k. á þeim þáttum sem hann

ræður sjálfur og tekur ákvarðanir um.

Í bréfi B sálfræðings til Persónuverndar, dags. 3. apríl 2013, kemur m.a. fram að skilningur hans hafi verið sá að hann ynni í umboði barnaverndarnefndar. Hins vegar hafi hann haft nokkurt sjálfðæmi um hvernig umbeðið forsjármát yrði unnið og vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við það á ábyrgð hans. Í álitni nr. 1/2010 frá ráðgjafarhópi um túlkun persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB, sem liggur lögum nr. 77/2000 til grundvallar, um hlutverk ábyrgðaraðila og vinnsluaðila hefur komið fram sú afstaða að þegar verktaka, sem hefur tiltekna og afmarkaða sérfræðiþekkingu, er falið tiltekið verkefni af verkbeiðanda geta afmarkaðir hlutar vinnslunnar verið á ábyrgð verktakans.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að barnaverndarnefnd Reykjavíkur og B hafi hvort um sig borið ábyrgð á tilteknum þáttum vinnslunnar. Í því felst að nefndin bar ábyrgð á verkinu í heild sinni en B bar ábyrgð á þeim hluta vinnslunnar sem hann framkvæmdi í krafti sérfræðiþekkingar sinnar þegar hann aflaði upplýsinga úr sjúkraskrá og lagði mat á forsjárhæfni kvartanda, m.a. með viðtölum við hana.

Niðurstaða Persónuverndar er því sú að þrátt fyrir að B hafi borið ábyrgð á afmörkuðum og sérhæfðum hlutum þeirrar vinnslu sem hér fór fram, n.t.t. öflun upplýsinga úr sjúkraskrá kvartanda og öflun upplýsinga frá kvartanda og sérfræðilegt mat hans á forsjárhæfni hennar, var frumkvæðið hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur, auk þess sem nefndin hafði meginákvörðunarvald um það hvernig skýrslan skyldi úr garði gerð, m.a. með því að leggja fyrir sálfræðinginn tiltekna spurningar sem skyldi svarað í skýrslunni.

Af þessu leiðir að B starfaði sem vinnsluaðili fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur og bar stofnuninni skylda til að ljúka gerð skriflegs samnings við hann í samræmi við 13. gr. laga nr. 77/2000. Það var hins vegar ekki gert. Þá skal tekið fram að í 3. mgr. 35. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd að ef nefndin fær aðra stofnun eða ræður starfsmann til þess að sinna tilteknum verkefnum eða einstökum málum skal í skriflegum samningi skv. 4. gr. sérstaklega kveða á um skráningu, varðveislu og skil á gögnum sem innihalda persónuupplýsingar. Hið sama á við um samninga um stuðning eða beitingu úrræðis samkvæmt ákvæðum reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Í því máli sem hér er til skoðunar liggur enginn slíkur samningur fyrir.

4.

Aðgangur að sjúkraskrá

Í málinu hefur því verið haldið fram að B, sálfræðingur hafi aflað upplýsinga í leyfisleysi úr sjúkraskrá kvartanda. Af hálfu sálfræðingsins hefur því verið haldið fram að sóttar hafi verið upplýsingar úr þeim sjúkraskrárgögnum sem til voru um kvartanda hjá Landspítala. Þau gögn, ásamt viðtölum við kvartanda og sálfræðiþrófunum, hafi síðan verið notuð til að vinna tiltekna upplýsingar um kvartanda í skýrslu um forsjárhæfnimat. Þá liggur fyrir í málinu að kvartandi skrifaði undir samþykki þar sem veitt er leyfi til aðgangs að sjúkraskrá. Kvartandi telur hins vegar að um þvingað samþykki hafi verið að ræða.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár er aðgangur að sjúkraskrá óheimill nema til hans standi lagaheimild samkvæmt þeim lögum eða öðrum lögum. Í 14. gr. laga nr. 55/2009 segir að sjúklingur eða umboðsmaður hans eigi rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Þá segir í 44. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 að öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum o.fl., sé skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaut í té upplýsingar og afrit af nauðsynlegum gögnum um heilsu barns, foreldra þess og annarra heimilismanna, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfur, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipti geti máli fyrir

úrlausn málsins.

Í beiðni barnaverndarnefndar Reykjavíkur er með skýrum hætti afmarkað hvaða spurningum sálfræðingurinn skuli leitast við að svara. Þær lúta m.a. að andlegu ástandi forsjáradíla og möguleg geðræn vandkvæði. Af þeirri beiðni verður ekki annað ráðið en að gert hafi verið ráð fyrir að sálfræðingur gæfi heildstætt mat á forsjárhæfni kvartanda, m.a. með staðfestingu á tilteknum upplýsingum í sjúkraskrá.

Þá hefur komið fram við meðferð málsins að kvartandi skrifaði undir samþykki þess efnis að B væri heimilt að afla upplýsinga úr sjúkraskrá hennar vegna vinnu við gerð forsjárhæfnimatsins.

Hvað varðar þá fullyrðingu kvartanda að sálfræðingurinn hafi þvingað fram samþykki þá hefur Persónuvernd nú rannsakað þennan hluta málsins með þeim úrræðum sem henni eru búin að lögum og er ekki á hennar færi að rannsaka það frekar. Engin gögn hafa komið fram sem hafa stutt þá fullyrðingu kvartanda að samþykki hennar hafi verið þvingað fram með ólögætum hætti.

Því gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við að B hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá kvartanda í þeim tilgangi að afla sér upplýsinga í tengslum við gerð forsjárhæfnimats.“

3.2.24. Birting persónuupplýsinga í skýrslum rannsóknarnefnda – mál nr. 2013/382

Persónuvernd gaf út almennt álit í tengslum við birtingarheimildir rannsóknarnefnda. Í álitinu kemur m.a. fram að þegar rannsóknarnefndir eru skipaðar af Alþingi séu heimildir þeirra til að birta persónuupplýsingar jafnan skýrar að því marki sem upplýsingarnar eru nauðsynlegar til að rökstyðja ályktanir þeirra. Svipuð sjónarmið eigi við um ráðherraskipaðar rannsóknarnefndir á grundvelli sérlaga, t.d. vistheimilanefnd, þó að ákvæði þar séu ekki jafn skýr. Þegar nefndir eru hins vegar skipaðar án sérstakra lagaheimilda, sbr. starfshóp sem skipaður var til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmál, geti heimildir slíkra nefnda til birtingar á persónuupplýsingum verið óljósar. Persónuvernd telji því rétt að við skipun rannsóknarnefnda sé gætt að þessu atriði sérstaklega ef talið er nauðsynlegt að birta upplýsingar um einstaklinga og að nefndin fylgi fyrirfram ákveðnum verklagsreglum.

Álitid er svohljóðandi:

I.

Erindi ráðuneytisins

Persónuvernd vísar til bréfs ráðuneytisins, dags. 12. mars 2013, þar sem óskað er eftir að stofnunin upplýsi hvort hún geri athugasemdir við birtingu á skýrslu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál sem fyrirhuguð var 19. s.m., en skýrslan hefur að geyma persónuupplýsingar viðkvæms eðlis. Starfshópurinn, sem skipaður var af ráðherra, hafði það hlutverk að fara yfir málið í heild sinni en sérstaklega þá þætti sem snúa að rannsókn þess og framkvæmd rannsóknarinnar.

Vegna mikilla anna Persónuverndar náðist ekki að veita ráðuneytinu almennar leiðbeiningar um birtingu umræddrar skýrslu með tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Hefur því stjórn stofnunarinnar þess í stað gefið út almennt álit um birtingarheimildir rannsóknarnefnda, sem fengið er það hlutverk að yfirfara eftir á meðferð einstakra mála eða framkvæmd á tilteknu stjórnsýslusviði, í stað þess að fjalla einvörðungu um birtingu þeirrar tilteknu skýrslu sem bréf ráðuneytisins lýtur að. Tekið skal fram að þó svo að umrædd nefnd sé kölluð starfshópur ber jafnframt að lita á hana sem rannsóknarnefnd, enda liggur fyrir að hún fór vandlega yfir umrætt mál, þ. á m. með yfirferð yfir gögn sem ekki höfðu áður legið fyrir í málsskjöllum. Starfshópurinn var þó ekki skipaður á grundvelli beinnar lagaheimildar og hafði því ekki við sérstök lagaskilyrði að styðjast við í störfum sínum varðandi öflun, meðferð eða birtingu upplýsinga sem hún aflaði.

II.

Svar Persónuverndar

1.

Dingskeipaðar rannsóknarnefndir

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þegar unnið er með viðkvæmar upplýsingar, s.s. um grun um refsiverða háttsemi eða heilsuhagi, sbr. b- og c-liði 8. tölul. 2. gr. sömu laga, þarf einnig að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. laganna. Á meðal heimilda 8. gr. er að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. 3. tölul. 1. mgr. Þá kemur fram í 9. gr. að vinna má viðkvæmar persónuupplýsingar þegar fyrir vinnslunni er sérstök lagaheimild, sbr. 2. tölul. 1. mgr.

Í lögum nr. 68/2011 um rannsóknarnefndir er fjallað um slíkar nefndir sem forseti Alþingis skipar ef Alþingi samþykkir ályktun þar um til þess að rannsaka mikilvæg mál sem almenning varða, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Áður höfðu verið sett lög nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Með stöð í þeim lögum var komið á fót rannsóknarnefnd með víðtækum heimildum sem nú hefur lokið störfum, en ákvæði um þá nefnd voru mjög að höfð að fyrirmynd við setningu laga nr. 68/2011.

Í 7.–9. gr. laga nr. 68/2011 er fjallað um heimildir rannsóknarnefndar til upplýsingaöflunar. Þar kemur m.a. fram að sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu slíkrar nefndar um að láta í té gögn sem hún fer fram á, sbr. 1. mgr. 7. gr. Sú skylda á við þó svo að upplýsingar séu háðar þagnarskyldu eða óheimilt væri að veita þær fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi aðila, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þá er í 8. gr. að finna heimildir til handa rannsóknarnefndum til að kalla menn til skýrslugjafar, auk þess sem í 9. gr. er að finna ákvæði til verndar uppljóstrum sem láta nefnd í té upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir rannsókn hennar.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laganna hvílir þagnarskylda á nefndarmönnum og öðrum sem vinna að rannsókn um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara, en sú þagnarskylda helst þótt nefndin hafi látið af störfum. Einnig segir hins vegar að nefndin megi afhenda upplýsingar og gögn til sérfræðilegra ráðgjafa í þeim mæli sem nauðsynlegt er. Sama eigi við ef nefndin telji afhendingu slíkra upplýsinga nauðsynlega vegna gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga og samstarfs við aðila erlendis sem sinna hliðstæðum rannsóknum og nefndin. Þagnarskylda hvíli á þeim sem fái gögn í hendur samkvæmt framangreindu.

Í 2. mgr. er að finna frekari undantekningu frá áðurnefndri þagnarskyldu, en þar segir:

„Ákvæði 1. mgr. skal ekki standa því í vegi að rannsóknarnefnd geti birt upplýsingar sem annars væru háðar þagnarskyldu ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.“

Skóða verður framangreint ákvæði í samhengi við 13. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um að rannsóknarnefnd skili Alþingi skriflegri skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar þegar henni er lokið, en auk þess skal sú skýrsla birt, sbr. 1. og 3. mgr. Í athugasemdum við ákvæði 2. mgr. 11. gr. í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 68/2011 (3. mgr. 8. gr. í frumvarpinu), segir að við birtingu slíkrar skýrslu verði ekki hjá því komist að víkja að ýmsum atriðum sem almennt ættu að fara leynt til að rökstyðja ályktanir rannsóknarnefndar. Þess skuli þó gætt að birta ekki upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga nema verulegir almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem upplýsingarnar lúta að.

Að því marki sem birting persónuupplýsinga getur talist málefnaleg og nauðsynleg, þegar þingskipuð rannsóknarnefnd samkvæmt lögum nr. 68/2011 gefur út skýrslu sína, telur

Persónuvernd birtingu samkvæmt framangreindu styðjast við fullnægjandi heimildir í lögum nr. 77/2000, sbr. þau ákvæði laganna sem fyrr eru rakin.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 ber við meðferð persónuupplýsinga að gæta þess að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Því er edlilegt að gera þá kröfu til ráðherraskipaðra rannsóknarnefnda, sem og annarra stjórnvalda, að birting nafna og annarra persónuauðkenna í skýrslum þeirra verði ekki einungis háð því að fyrir liggi viðeigandi heimildir fyrir slíkri birtingu heldur verði nafnleyndar einnig gætt þegar birting er ekki nauðsynleg miðað við tilgang með útgáfu viðkomandi skýrslu.

Loks skal bent á að hinum skráða er með ákvæðum III. kafla laga nr. 77/2000 tryggður réttur til upplýsinga um þá vinnslu sem fram fer um persónuupplýsingar hans, auk þess sem lögð er á ábyrgðaraðila vinnslunnar viðtæk fræðslu- og viðvörðunarskylda. Þá er í 25. gr. laganna kveðið á um leiðréttingu rangra, villandi eða ófullkominna persónuupplýsinga. Í ljósi þessara ákvæða og með hliðsjón af góðum stjórnsýsluháttum má telja edlilegt að gerð sé krafa um að ráðherraskipaðar rannsóknarnefndir tilkynni viðmælendum sínum fyrirfram um hvort skýrslur sem af þeim verða teknar verði hljóðritaðar, hvort og með hvaða hætti þær kunni að verða birtar, hvort nafn eða önnur persónuauðkenni viðmælandans verði birt og hvort honum verði gefinn kostur á að leiðrétta eða bæta við skýrslu sína. Æskilegt má telja að ráðherraskipaðar rannsóknarnefndir setji sér í upphafi starfs síns skráðar verklagsreglur sem taki m.a. til framangreindra atriða.

2.

Ráðherraskipaðar rannsóknarnefndir

Í framkvæmd hefur komið til þess að ráðherra skipi rannsóknarnefnd samkvæmt sérstökum lögum þar að lútandi. Má þar nefna lög nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, þ.e. svonefndrar vistheimilaneftdar. Með 3. gr. laganna var þeirri nefnd, sem nú hefur lokið störfum, veitt viðtæk heimild til gagnaöflunar. Í lögnum kemur hins vegar ekki fram berum orðum að nefndin hafi heimild til að birta persónuupplýsingar. Til þess er hins vegar að líta að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna skal nefndin skila skýrslu til ráðherra sem kynnir Alþingi skýrsluna. Þetta ákvæði verður að skoðast í samhengi við 57. gr. stjórnarskrárinnar og 83. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis þar sem mælt er fyrir um þá meginreglu að þingfundir skuli haldnir í heyranda hljóði. Má því líta svo á að birting nefndarinnar á þeim persónuupplýsingum, sem nauðsynlegt er að gera grein fyrir til að rökstyðja niðurstöður hennar, geti fallið undir fyrrnefnd ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, þ.e. í ljósi þess að til staðar séu lagaákvæði í settum lögum sem samanlögð feli í sér heimild til birtingarinnar.

Ólíkt vistheimilaneftnd var þeim starfshópi, sem ráðherra skipaði til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið, sem fyrr segir ekki komið á fót á grundvelli sérstakrar löggjafar. Fer því alfarið eftir almennum reglum um heimildir hans til birtingar persónuupplýsinga. Meðal þeirra reglna sem líta verður til í því sambandi eru ákvæði upplýsingalaga, sbr. nú lög nr. 140/2012. Eins og fram kemur í 1. mgr. 2. þeirra laga taka þau til allrar starfsemi stjórnvalda og gilda þau því um umræddan starfshóp. Samkvæmt 5. gr. laganna á almenningur ríkan rétt til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum, en auk þess ber stjórnvöldum samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laganna að veita almenningi með reglubundnum hætti upplýsingar um starfsemi sína, s.s. með rafrænni útgáfu skýrslna, samantektum um mikilvæg verkefni eða útgáfu annarra gagna. Réttur almennings til aðgangs að gögnum, sem og skylda stjórnvalda til að birta gögn að eigin frumkvæði, sætir þó ákveðnum takmörkunum, sbr. m.a. 9. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um bann við því að veita almenningi aðgang að gögnum um m.a. einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og edlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á.

Í ljósi framangreindra ákvæða, sem og fyrrnefnds ákvæðis 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., hefur

starfshópurinn tiltekna heimild til birtingar persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er til að rökstyðja niðurstöður hans. Af ákvæði 9. gr. upplýsingalaga leiðir hins vegar að heimildir þar að lútandi eru þrengri en þingskipaðra rannsóknarnefnda og vistheimilanefndar, en í því sambandi má geta þess að samkvæmt 6. gr. laga nr. 26/2007 gilda upplýsingalög ekki um störf vistheimilanefndar eða um þau gögn sem nefndin aflar sér eða sem hún útbýr eða lætur útbúa. Þegar sú nefnd birti skýrslu sína var hún því ekki bundin af ákvæði 5. gr. þágildandi upplýsingalaga nr. 50/1996 sem hafði að geyma sömu reglu og 9. gr. núgildandi laga. Umræddur starfshópur er hins vegar bundinn af þeirri reglu. Að því marki sem skýrsla hans hafði að geyma upplýsingar, sem sanngjarnt var og eðlilegt að færu leynt, þ. á m. viðkvæmar persónuupplýsingar, þurfti hann því samþykki hlutaðeigandi einstaklinga, sbr. umrætt ákvæði 9. gr. upplýsingalaga, sem og 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Fyrir liggur að þeir voru ekki allir lifandi og er sérstakt álitæfni hvernig fer um birtingu upplýsinga um hina látnu, þ.e. hvort til staðar séu óskráðar reglur sem geri það að verkum að birta megi upplýsingar um þá eða hvort t.d. túlka megi umrætt ákvæði upplýsingalaga á þann veg að nánustu ættingjar geti veitt samþykki fyrir hönd hinna látnu. Hér verður ekki tekin afstaða til þess.

3.

Niðurstaða

Þegar rannsóknarnefndir eru skipaðar af Alþingi á grundvelli laga nr. 68/2011 er ljóst að heimildir þeirra til birtingar persónuupplýsinga eru skýrar að því marki sem slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að rökstyðja ályktanir þeirra. Einnig er unnt að stofnsetja ráðherraskipaðar rannsóknarnefndir á grundvelli sérlaga eins og gert var með lögum nr. 26/2007. Í þeim lögum er að finna ákvæði sem túlka má sem birtingarheimildir þeirrar nefndar sem stofnsett var með lögunum, þ.e. vistheimilanefndar, en þau eru þó ekki jafnskýr og í lögum nr. 68/2011.

Að auki hefur sú leið verið farin að koma á fót ráðherraskipaðri rannsóknarnefnd án þess að sett hafi verið um hana sérstök lög, sbr. fyrrnefndan starfshópur sem var skipaður til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Þegar ekki er sérstökum lagaákvæðum til að dreifa geta heimildir slíkrar nefndar til birtingar persónuupplýsinga til rökstuðnings niðurstöðum sínum verið óljósar. Persónuvernd telur því rétt að við skipun rannsóknarnefnda sé gætt að þessu atriði sérstaklega eftalíð verður nauðsynlegt að nefndin birti upplýsingar um einstaklinga í niðurstöðum sínum og jafnframt að nefndin fylgi þar fyrirfram ákveðnum verklagsreglum. Þar verði m.a. hugað að því að slík nefnd kynni þeim sem hún tekur skýrslu af, að upplýsingar kunni að verðar birtar. Jafnframt leggur stofnunin ríka áherslu á að slíkt verði aðeins gert ef nauðsyn krefur og að í þeim tilvikum verði meðalhófs gætt.

3.2.25. Notkun eftirlitsmyndavéla á réttargeðdeild – mál nr. 2013/299

Persónuvernd úrskurðaði í máli nokkurra starfsmanna á réttargeðdeild Landspítala varðandi notkun eftirlitsmyndavéla í aðdraganda áminningar sem veitt var umræddum starfsmönnum. Var niðurstaða Persónuverndar sú að spítalanum hefði verið heimilt að skoða upptökur úr eftirlitsmyndakerfi í þágu eignarvörslu og vöktunar með vinnuskilum og ekki hefði verið farið út fyrir þá heimild í umræddu tilviki.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir meðal annars:

„Til að rafræn vöktun sé heimil verður að vera fullnægt skilyrðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000. Þar er kveðið á um að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis, þar sem takmarkaður hópur fólks fari um að jafnaði, sé jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Eins og fram hefur komið er hér um að ræða rafræna vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga. Svo að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil verður einhverju þeirra skilyrða, sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 77/2000, að vera fullnægt. Að því marki sem hér kann að vera

um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða, s.s. um grun um refsiverða háttsemi, sbr. a-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga, verður einnig að líta til 9. gr. laganna, en þar er mælt fyrir um viðbótarskilyrði fyrir vinnslu slíkra upplýsinga. Þarf vinnslan þá að fullnægja einhverju þeirra skilyrða, auk einhvers skilyrðanna í 8. gr.

Það ákvæði 8. gr., sem hér kemur einkum til álitá, er 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., þess efnis að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Af ákvæðum 9. gr. kemur einkum til álitá 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir:

„Vinnuveitanda getur t.d. verið nauðsynlegt að vinna upplýsingar um heilsufar starfsmanns til að geta sýnt fram á lögmætar forsendur fyrir uppsögn. Það er ekki skilyrði að málið verði lagt fyrir dómstóla heldur nægir að vinnslan sé nauðsynleg til að styðja kröfu fullnægjandi rökum. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga í þessum tilgangi telst hins vegar því aðeins vera lögleg að krafan verði hvorki afmörkuð né staðreynd með öðrum hætti.“

Með stoð í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 hefur Persónuvernd sett reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Samkvæmt 4. gr. þeirra reglna verður rafræn vöktun að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu. Þá segir í 5. gr. reglnanna að við alla rafræna vöktun skuli þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skuli gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og fordast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skuli því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

Í 6. gr. reglnanna er ákvæði um vöktun með vinnuskilum. Segir þar að vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna sé háð því að hennar sé sérstök þörf, s.s. vegna þess að:

I. ekki sé unnt að koma við verkstjórn með öðrum hætti;

II. án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi svæði, s.s. í ljósi laga og sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða

III. hún sé nauðsynleg vegna ákvæða kjarasamnings eða annars konar samkomulags um launakjör, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

Af hálfu Landspítalans hefur komið fram að vöktunarefni hafi í umræddu tilviki upphaflega verið skoðað vegna gruns um þjófnað. Því er andmælt af hálfu kvartanda. Persónuvernd hefur hins vegar ekki forsendur til að vefengja staðhæfingu Landspítalans um hið upprunalega tilefni skoðunar á vöktunarefni. Var þar um að ræða skoðun í þágu eignavörslu, en frekari skoðun verður hins vegar talin hafa falið í sér vöktun með vinnuskilum. Eins og hér háttar til telur Persónuvernd framangreindu ákvæði b-liðar 6. gr. reglna nr. 837/2006 hafa þar verið fullnægt. Þá telur Persónuvernd vöktunina og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við hana að öðru leyti hafa samrýmst kröfum reglna nr. 837/2006, sem og að hún hafi átt fullnægjandi stoð í þeim ákvæðum laga nr. 77/2000 sem að framan eru rakin. Ekki hefur komið fram að brotið hafi verið gegn öðrum ákvæðum og er því niðurstaða stofnunarinnar sú að hún hafi samrýmst lögum.“

3.2.26. Aðgangur að gögnum hjá barnaverndarnefnd – mál nr. 2012/729

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir því að rannsakandi hefði fengið aðgang að gögnum um kvartanda hjá barnaverndarnefnd. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að ekki hefði legið fyrir samþykki hans þegar gagnanna var aflað. Þá var ekki aflað leyfis hjá Persónuvernd fyrir vinnslunni. Var miðlunin því óheimil.

3.2.27. Fræðsluskylda vegna gæðarannsóknar á Landspítala – mál nr. 2011/1146

Persónuvernd úrskurðaði í máli konu sem kvartaði yfir að rannsókn Landspítala, sem henni hefði verið boðin þátttaka í, hefði ekki fengið leyfi Persónuverndar og að hún hefði fengið ófullnægjandi fræðslu vegna rannsóknarinnar. Persónuvernd taldi að um væri að ræða gæðarannsókn á vegum spítalans, sem ekki þyrfti leyfi stofnunarinnar, en fræðsla hefði hins vegar verið ófullnægjandi. Um þann þátt málsins sagði í niðurstöðum úrskurðarins meðal annars:

„[...] telur kvartandi að fræðsla til þátttakenda hafi ekki verið rétt þar sem spurningarnar í umræddri rannsókn séu það persónulegar og nákvæmar að nafnleysi þátttakenda sé ekki tryggt, en í kynningarbréfi til þeirra er tekið fram að svörin séu órekjanleg. Í kynningarbréfinu segir: „Þú getur valið að svara ekki spurningalistanum eða einstökum þáttum hans. Spurningalistinn er nafnlaus og ekki á að vera hægt að rekja svör til einstaklinga.“

Í 20. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila. Þar kemur fram að þegar hann aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um vinnsluna. Meðal þess sem fræða ber um eru þau atriði sem hinum skráða er nauðsynlegt að vita um, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hann geti gætt lögmætra hagsmuna sinna. Markmið 20. gr. laganna er að tryggja að hinn skráði geti á upplýstan hátt tekið ákvörðun um hvort hann vilji samþykka vinnslu persónuupplýsinga um sig, hafi hann um það val. Ábyrgðaraðili ber jafnframt ábyrgð á því að sú fræðsla sem hinir skráðu fá sé rétt og áreiðanleg og það er hlutverk hans að meta hve ríka fræðslu skal veita.

Eins og lýst er í 1. kafla hér að framan eru spurningar á umræddum spurningalista þess eðlis að þær má telja unnt að rekja til viðkomandi einstaklinga. Er það því niðurstaða Persónuverndar að sú fræðsla, sem veitt var við framlagningu umrædds spurningalista, hafi ekki samrýmst kröfum 20. gr. laga nr. 77/2000.

Gagnaöflun vegna meðferðar málsins lauk í desember 2012 en meðferð þess hefur tafist vegna mikilla anna hjá Persónuvernd.“

3.2.28. Fræðsluskylda Vinnumálastofnunar – mál nr. 2012/1390

Persónuvernd úrskurðaði í máli konu sem kvartaði yfir ófullnægjandi fræðslu sem henni var veitt vegna skráningar íp-tölu hennar í tengslum við atvinnuleit. Komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að fræðsla Vinnumálastofnunar hefði verið ófullnægjandi. Beindi Persónuvernd þeim fyrirmælum til Vinnumálastofnunar að bæta úr fræðslu til atvinnuleitenda og senda Persónuvernd staðfestingu þess efnis eigi síðar en 1. ágúst.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir m.a.:

„Vinnsla persónuupplýsinga verður hins vegar einnig að samrýmast öllum skilyrðum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Í þessum kröfum felst m.a. að aldrei má ganga lengra við öflun upplýsinga um utanferðir einstaklinga á atvinnuleysisskrá en nauðsynlegt er vegna eftirlits Vinnumálastofnunar. Þá felur fyrstnefnda krafan í sér að vinnsla persónuupplýsinga skal vera gagnsæ gagnvart hinum skráða. Taldi Persónuvernd í máli nr. 2009/635 að Vinnumálastofnun þyrfti að bæta úr fræðslu til atvinnuleitenda sem skrá sig atvinnulausa með rafrænum hætti um að stofnunin safni IP-tölum til að komast að því hvort þeir hafi verið erlendis. Vísaði Persónuvernd í niðurstöðu sinni til þess að gera ætti atvinnuleitendum grein fyrir þessu með auglýsingu á heimasíðu stofnunarinnar, eins og áður segir. Ber því að skoða í máli þessu hvort Vinnumálastofnun hafi farið að leiðbeiningum Persónuverndar með fullnægjandi hætti, svo að

kvartanda hafi mátt vera það ljóst hver ætlun Vinnumálastofnunar var í því tilviki sem hér um ræðir og hver var tilgangurinn með vinnslunni.

Hefur Vinnumálastofnun vísað til þess að fræðsla hafi verið veitt á kynningarfundum þann [...], sem og á fundi með nýskráðum atvinnuleitendum. Jafnframt hefur stofnunin vísað til þess að hún hafi birt auglýsingu á heimasíðu hennar þann 12. maí 2010, í samræmi við tilmæli Persónuverndar í máli nr. 2009/635, en í auglýsingunni segir:

„Að gefnu tilefni er vakin athygli á því að Vinnumálastofnun aflar upplýsinga um rafrænar staðfestingar á atvinnuleit, m.a. með tilliti til upprunals staðfestingar. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 13. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar er eitt af skilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta að atvinnuleitandi sé búsettur og staddur hér á landi. Heimilt er að veita undanþágu frá ofangreindum skilyrðum sbr. VIII. kafla laganna.“

Þeir sem huga að ferð erlendis á sama tíma og þeir eru skráðir í atvinnuleit hjá stofnuninni er því vinsamlegast bent á að hafa samband við þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar.

Frekari upplýsingar um atvinnuleit erlendis má nálgast á heimasíðu Vinnumálastofnunar.“

Með bréfi, dags. 23. júlí 2010, benti Persónuvernd á að það verði að liggja ljóst fyrir að framangreindar upplýsingar séu birtar þeim sem efni þeirra varðar með skýrum hætti, svo að tilkynningin þjóni tilgangi sínum og fullnægi kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000. Þá benti stofnunin einnig á að í tilkynningunni væri ekki vísað til IP-talna. Leiðbeindi því stofnunin Vinnumálastofnun um að fræðslunni yrði komið fyrir á áberandi stað í því viðmóti sem notað er við staðfestingu á atvinnuleit.

Af gögnum þessa máls má ráða að Vinnumálastofnun hefur ekki farið að tilmælum Persónuverndar með fullnægjandi hætti, enda kom fræðsla ekki fram á áberandi stað um vinnslu upplýsinga um IP-tölu kvartanda, n.t.t. um tilgang vinnslunnar og hverjar afleiðingarnar séu ef IP-tala er skráð erlendis. Mælir því Persónuvernd fyrir um að Vinnumálastofnun bæti úr fræðslu til handa atvinnuleitendum sem skrá sig í atvinnuleit rafrænt, svo að ljóst sé vinnslan teljist gagnsæ gagnvart hinum skráðu. Skal staðfesting þess efnis send Persónuvernd eigi síðar en 1. ágúst næstkomandi.“

3.2.29. Notkun eftirlitsmyndavéla – mál 2012/993

Persónuvernd tók ákvörðun í máli varðandi uppsetningu eftirlitsmyndavélar við efnalaug. Við rannsókn málsins kom fram að sjónarhorn myndavéla næði að útgöngum annarra fyrirtækja og félaga ásamt því að myndavélar visuðu út að götu. Að mati Persónuverndar náði slíkt sjónarhorn út fyrir það sem eðlilegt gæti talist miðað við yfirlýstan tilgang vöktunar. Var lagt fyrir efnalaugina að breyta sjónarhorni myndavéla sinna þannig að þær snéru eingöngu að gluggum og útgöngum fyrirtækisins.

3.2.30. Miðlun upplýsinga um stéttarfélagasáðild – mál nr. 2012/1391

Persónuvernd úrskurðaði í máli konu sem kvartaði yfir miðlun upplýsinga um hana úr félagatali stéttarfélags í þágu rannsóknarverkefnis þriðja aðila. Persónuvernd taldi að félaginu hefði verið óheimilt að miðla upplýsingum um nafn og netfang kvartanda til rannsakandans, án hennar samþykkis.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskeipti
1.
Tildrög máls

Þann 23. nóvember 2012 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefnd kvartandi), yfir miðlun tölvupóstfangs frá stéttarfélagi sínu til þriðja aðila. Nánar tiltekið telur kvartandi að Sjúkraliðafélagi Íslands hafi verið óheimilt að miðla persónulegu netfangi hennar og upplýsingum um vinnustað til óviðkomandi þriðja aðila, þ.e. B, án leyfis hennar.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 19. desember 2012, var Sjúkraliðafélagi Íslands boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Var þess einkum óskað að fram kæmi hvaða lagaheimild félagið byggir miðlunina á.

Í svarbréfi Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 28. desember 2012, segir eftirfarandi um málavexti:

„Í stuttu máli eru atvik þau að B, sem nefnd er þriðji aðili, vann/vinnur að mastersverkefni, sem fólst í að gera könnun meðal sjúkraliða sem lokið hafa tiltekinni framhaldsmenntun og hefur verið í samstarfi við félagið varðandi spurningar og hvernig könnunin nýtist félaginu sem best. Hún óskaði eftir netföngum sjúkraliða sem höfðu lokið menntuninni sem um ræðir. Af hálfu Sjúkraliðafélagsins var litið svo á að verkefnið félli að hagsmunum félagsins, þar sem Sjúkraliðafélagið fengi í hendur niðurstöður verkefnisins. Voru B veittar upplýsingarnar, sem til þurfti.

Í kvörtun A er enginn rökstuðningur er lýtur að því hvaða brot á að hafa verið framið. Sjúkraliðafélagið veitti umræddar upplýsingar í góðri trú um að það væri heimilt. Snúist málið um það hvort B hafi verið óviðkomandi eða ekki, þá er því haldið fram hér að hún hafi ekki verið óviðkomandi eins og á stóð.“

Með bréfi, 14. mars 2013, var kvartanda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar Sjúkraliðafélags Íslands til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Í tölvupósti kvartanda til Persónuverndar, dags. 10. maí 2013, áréttar kvartandi fyrri athugasemdir sínar sem komu fram í kvörtun hennar til stofnunarinnar, um að Sjúkraliðafélagi Íslands hafi verið óheimilt að miðla upplýsingum um sig til þriðja aðila án samþykkis hennar, en bendir auk þess á að félagið hafi ekki fengið leyfi Persónuverndar fyrir miðluninni.

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að miðlun upplýsinga um netfang og vinnustað kvartanda til B fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Lögmati vinnslu

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 svo hún sé heimil. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða þarf einnig að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. Upplýsingar um stéttarfélagasáild teljast vera viðkvæmar, sbr. e-lið 8.

tölul. 2. gr. laganna, og þarf vinnsla upplýsinga þar að lútandi því bæði að eiga sér stoð í 8. og 9. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil ef hinn skráði hefur samþykkt vinnsluna. Ekkert slíkt samþykki var fengið frá kvartanda fyrir miðlun upplýsinga til þriðja aðila.

Í 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskygni, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Þar sem umrædd vinnsla var ekki liður í lögmætri starfsemi samtakanna getur hún ekki fallið undir 5. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. er vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á. Af gögnum þessa máls liggur fyrir að upplýsingum um netföng félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands, sem höfðu lokið tilteknu menntunarstigi, var miðlað til B í þágu vísindarannsóknar hennar í meistaranámi. Félaginu var hins vegar auðið að senda félagsmönnum sínum sjálft upplýsingar um könnunina. Ekki verður því talið að vinnslan hafi verið nauðsynleg, í skilningi ákvæðisins, og getur hún því ekki fallið undir 9. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Þar sem ekki lá fyrir samþykki hins skráða fyrir miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um sig til þriðja aðila vegna vísindarannsóknar uppfyllti miðlunin ekki skilyrði 9. gr. laga nr. 77/2000. Þegar af þeirri ástæðu þarf ekki að meta lögmæti hennar í ljósi 8. gr. laganna.“

3.2.31. Miðlun persónuupplýsinga í tölvupósti – mál nr. 2012/377 og 212/376

Persónuvernd tók ákvörðun í tveimur málum varðandi miðlun persónuupplýsinga í tölvupósti frá Vinnumálastofnun. Voru atvik málsins þau að netfangalisti birtist öllum þeim sem fengu umræddan tölvupóst. Lagði Persónuvernd fyrir Vinnumálastofnun að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að viðtakendur blindafrita tölvubréfa sjái netföng allra annarra viðtakenda, sem og yfirfara verkferla og fræða starfsmenn þar að lútandi eigi síðar en 1. júlí 2013.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

„I.
Grundvöllur máls
Málavextir og bréfaskipti
1.

Tildrög máls

Persónuvernd bárust tvö erindi, dags. 6 og 7. mars 2012, varðandi miðlun persónuupplýsinga frá Vinnumálastofnun með tölvupósti til fjölda einstaklinga þegar Vinnumálastofnun bauð viðtakendum póstsins að taka þátt í s.k. atvinnumessu í Laugardalshöll þann 8. mars 2012. Miðlunin fólst í því að í umræddum tölvupósti gátu viðtakendur tölvupóstsins séð netföng allra þeirra sem umræddur tölvupóstur var sendur á. Í tölvupóstinum kom og fram að markhópurinn samanstæði af einstaklingum sem hefðu verið atvinnulausir í ár eða lengur.

2.

Bréfaskipti

Með bréfi, dags. 22. maí 2012, var Vinnumálastofnun boðið að koma á framfæri skýringum vegna framangreinds, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 77/2000. Í svarbréfi Vinnumálastofnunar, dags. 8. júní 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Þann 8. mars s.l. var haldin atvinnumessa á höfuðborgarsvæðinu. Með viðburði þessum var

hrundið af stað átaki sem ætlað var að tryggja allt að 1500 atvinnuleitendum störf og starfstengd úrræði. Átakið náði til allra atvinnuleitenda en sérstök áhersla var lögð á úrræði fyrir langtímaatvinnulausa í átakinu.

Við boðun á framangreindan atburð var tölvupóstur sendur á alla þá sem skráðir voru atvinnulausir hjá stofnuninni og höfðu verið án vinnu í tólf mánuði eða lengur. Tölvupóstar voru sendir á atvinnuleitendur í 200 manna grúppum. Allir tölvupóstar voru sendir sem falið afrit (blind carbon copy; eða bbc). Í einni sendingu á 200 manna úrtaki var netfang viðtakenda sýnilegt þegar þeim barst sá tölvupóstur frá Vinnumálastofnun. Er ljóst að þeir viðtakendur er um ræðir gátu séð hverjir fengu senda boðun frá stofnuninni.

Vinnumálastofnun hefur kannað þær sendingar sem fóru frá stofnuninni vegna atvinnumessu þann 8. mars. Í þeirri sendingu sem netföng reyndust sýnileg milli viðtakenda hafði tölvupóstur einnig verið sendur sem falið afrit. Svo virðist sem villa í pósthætti stofnunarinnar hafi valdið því að afritslisti lak til viðtakenda. Hefur stofnunin þegar hafið vinnu við að greina þá villu sem varð til þess að framangreind atvik áttu sér stað og mun í framhaldi gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkt komi fyrir aftur.“

Með bréfi, dags. 18. júní 2012, óskaði Persónuvernd eftir því að Vinnumálastofnun upplýsti stofnunina um útkomu umræddrar bilanagreiningar og hvaða öryggisráðstafana, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2000, Vinnumálastofnun hygðist grípa til í því skyni að hindra að slíkt endurtaki sig. Í svarbréfi Vinnumálastofnunar, dags. 26. júlí 2012, segir meðal annars eftirfarandi:

„Í kjölfar þeirra atvika er áttu sér stað við [...] boðun á þátttöku í atvinnumessu í Laugardal þann 8. mars 2012 leitaði Vinnumálastofnun til Advania er sér um helstu tækniþjónustu við Vinnumálastofnun sem og um pósthjóna stofnunarinnar. Hefur upplýsingatæknisvið Vinnumálastofnunar ásamt sérfræðingum Advania reynt að finna rót þeirrar villu sem olli því að netfang viðtakenda var sýnilegt þó svo að tölvupóstur hafi verið sendur sem falið afrit (blind carbon copy).

Ekki hefur verið unnt að rekja bilun til pósthætti Vinnumálastofnunar (Lotus notes) eða netþjóns þjónustuaðila. Sérfræðingar Advania hafa farið yfir stillingar á netþjóni og pósthætti stofnunarinnar og geta ekki fært fram afgerandi greiningu á þeirri villu sem átti sér stað. Hefur stofnunin fengið það staðfest að allar sjálfgefnar grunnstillingar í pósthætti stofnunarinnar séu þannig að blind carbon copy er ekki sjáanlegt öðrum en sendanda, hvort sem netföng eru í hóp eða sett stök sem viðtakendur.

Samkvæmt þeim sérfræðingum sem Vinnumálastofnun hefur leitað til er þekkt vandamál en afar sjaldgæft að blind carbon copy séu sjáanleg viðtakendum. Þannig kunna sum pósthætti að senda sína eigin fyrirsögn með slíkum sendingum þar sem allir viðtakendur eru tilgreindir. Eins og frammar segir er ekki unnt að rekja leka á netföngum viðtakenda til pósthætti stofnunarinnar og það að villa átti sér einungis stað í einni sendingu af mörgum bendir ekki til þess að stillingar í pósthætti hafi orsakað leka.

Vinnumálastofnun er ekki kunnugt um að umrædd villa hafi áður komið upp, hvorki fyrir framangreind tilvik eða eftir. Hafa starfsmenn Vinnumálastofnunar án vandkvæða sent fjöldapóst með sama fyrirkomulagi og áður og hefur villa ekki gert vart við sig. Þó svo að um einstakt atvik hafi verið að ræða telur stofnunin ekki unnt að horfa framhjá þeim annmarka sem átti sér stað og mun stofnunin vekja athygli á umræddum öryggisþáttum við næstu uppfærslu á net- og pósthjóni stofnunarinnar.“

Með tölvubrési, dags. 18. júní 2012, var kvartendum boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum við framkomnar skýringar Vinnumálastofnunar, dags. 8. júní 2012, til samræmis við 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Annar kvartanda svaraði með tölvubrési, dags. 18. júní 2012. Þar segir m.a.:

„[...]Sem fagmaður á sviði vefforritunar og vefstjórnunar] get ég auðveldlega séð af svörum stofnunarinnar að þarna hafa starfsmenn verið með stóran netfangalista á einhverju tölvutæku formi og notað hann þannig að 200 nöfn í senn virðast hafa verið afrituð og límd (copy/paste) inn í viðtakendareit í pósthforriti. Þetta verklag viðurkennir stofnunin raunverulega með þeirri atvikalýsingu sem fram kemur í erindinu, þar sem þess er sérstaklega getið að ætlunin hafi verið sú að senda viðtakendum svokölluð blindafrit (bcc). Sá starfsmaður sem hefur haft verkið með höndum virðist því einfaldlega hafa í eitt skipti [...] af mörgum gert þau mistök að setja þennan tiltekna skammt 200 netfanga í rangan reit í pósthforritinu (cc í stað bcc). Þetta viðurkennir stofnunin þó ekki heldur reynir að kenna pósthforritinu sjálfu um villuna, en því verð ég að vísa á bug sem afar ósennilegri skýringu. [...]

Það er augljóst að starfsmenn Vinnumálastofnunar hafa annað hvort ekki þekkingu á eða aðgang að viðunandi hugbúnaði til að framkvæma fjöldasendingar sem þessar (mass-mailouts). Að senda fjöldapóst á þúsundir einstaklinga með þeim hætti sem rakinn hefur verið, er ekki aðeins til þess fallið að bjóða heim hættu á mannlegum mistökum eins og hér virðast hafa orðið, heldur getur það jafnframt skapað óþarfa öryggisvá og röskun á eðlilegri netumferð. Slík notkun er í raun lítið frábrugðin ruslpósthsendingum (spam) að því leyti að bæði fela í sér ranga notkun á internetinu[...].

Sérfræðiráðgjöf mín sem ég veiti hér algjörlega endurgjaldslaust er sú að Vinnumálastofnun ætti að gefnu þessu tilefni að festa kaup á þar til gerðum hugbúnaði til sjálfvirkra fjöldasendinga (sk. mass-mailbot) eða sambærilegri þjónustu hjá fagaðilum sem veita hana og hafa líka næga þekkingu á viðfangsefninu. Ávinningurinn af slíku er margþættur, í fyrsta lagi þá les slíkur hugbúnaður einfaldlega allan netfangalistann í heild vélrænt af tölvutæku formi og kemur þannig að stóru leyti í veg fyrir mannleg mistök eins og virðast hafa átt sér stað í þessu tilviki, í öðru lagi er aðeins sent á einn viðtakanda í einu þannig að engin hætta er á skörun við sendingar til annarra viðtakenda, í þriðja lagi þá dreifa slík vélmenni (mailbots) sendingum yfir lengri tímabil til að skapa síður flóðtoppa sem drekkja annarri netumferð og er jafnan hægt að stilla þá hegðun miðað við aðstæður, til dæmis að framkvæma sendingarnar á nóttunni þegar netumferð innanlands er í lágmarki.[...]

Þá barst Persónuvernd bréf Vinnumálastofnunar þann 27. desember 2012, dags. þann 20. s.m., þar sem segir að stofnunin hafi farið yfir tölvubúnað og verkferla sem tengjast sendingu fjöldapósta og muni gera allt sem í hennar valdi standi til að gæta þess að þau atvik sem áttu sér stað í mars 2012 endurtaki sig ekki.

Með tölvubræfi, dags. 27. mars 2013, var báðum kvartendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við svör Vinnumálastofnunar, dags. 26. júlí 2012 og 20. desember 2012. Í svarbræfi annars kvartanda, dags. sama dag, segir m.a.:

„Þannig hefur ekkert nýtt komið fram sem að mati undirritaðs bendir til þess að um tæknibilun hafi verið að ræða, og er sá hluti skýringanna því óþarfur. Tölvuskeytin sem undirritaður fékk send báru það bersýnilega með sér að fyrst hafi verið sent blindskeyti (bcc) með tilkynningu um hina svokölluðu „Atvinnumessu“ á fjölda viðtakenda en netföng þeirra viðtakenda voru hinsvegar ekki sýnileg hvor öðrum í þeim pósti. Svo virðist sem starfsmaður Vinnumálastofnunar, [...], hafi tekið eftir því að viðhengi með sendingunni hafi gleymst, og brugðist þannig við því að svara upphaflega skeytinu með aðgerðinni „Reply to all“ sem býr til svarskeyti í pósthforriti stílað á alla viðtakendur upphaflega skeytisins, og nota það skeyti til að senda umrætt viðhengi sem gleymdist. Eins og í fyrra skeytinu fengu allir viðtakendur líka blindafrit (bcc) af seinna skeytinu og voru því athuganir Advania að beiðni VMST á því atriði sem getið er um í fyrra bréfinu, algjörlega óþarfar samkvæmt faglegu mati undirritaðs.

Það sem er augljóst fyrir mér að hafi gerst er að þegar áður nefndur starfsmaður bjó til framangreint svar til allra hafi tölvupósthforritið sem hann notaði afritað texta upphaflega skeytisins inn í svarskeytið, eins og flestir þekkja sem hafa notað pósthforrit að einhverju ráði.

Þegar það gerist skeyta pósthóttur auk þess gjarnan inn upplýsingum úr haus (header) þess skeytis sem svarað er, sem innihalda meðal annars netföng upphaflegra sendenda og viðtakenda. [...] Þannig var það hvorki í CC eða BCC reitnum sem netföng allra viðtakenda urðu sýnileg, eins og Vinnuálastofnun segist hafa látið rannsaka, heldur í sjálfum texta skeytisins, sem virðist hafa orðið til með fyrrgreindum hætti. Frábrugðið letur og sérstakt útlitssnið á þeim hluta skeytisins benda jafnframt sterklega til þess að netföngum viðtakenda ásamt öðrum upplýsingum úr haus upphaflegs skeytis hafi verið skeytt sjálfkrafa inn í seinna skeytið (autogenerated) af tölvupósthótturinu en ekki skrifuð inn af starfsmanni sérstaklega. Aftur á móti, þar sem sá texti hlýtur að birtast allur í ritilsglugga (editor) pósthóttursins áður en lokið er við samningu skeytis og það sent, hlýtur viðkomandi starfsmanni jafnframt að hafa mátt vera ljóst hvað hann var að senda þar sem það hefur þá líklegast blasað við honum á tölvuskjánum áður ýtt var á hnappinn „senda“[...]“

Með tölvubréfi kvartanda fylgdi jafnframt afrit af því tölvubréfi sem barst honum þann 5. mars 2012. Í því sjást netföng allra viðtakenda blindafrita í hinu upphaflega skeyti.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Í netföngum má oft greina viss auðkenni um eiganda netfangsins, t.d. nafn viðkomandi. Af framangreindu er ljóst að upplýsingar um netföng einstaklinga falla undir gildissvið laga nr. 77/2000.

2.

Með vísun til þeirra skýringa sem Vinnuálastofnun hefur gefið virðist liggja ljóst fyrir að ekki hafi verið ætlun stofnunarinnar að senda umrætt tölvubréf með þeim hætti sem raun bar vitni í mars 2012. Hefur af hálfu stofnunarinnar verið vísað til þess að umrædd mistök hafi stafað af tæknilegri bilun í pósthóttur, þótt þjónustuaðili hennar, Advania, hafi ekki geta fært fram greiningu á biluninni. Svo virðist sem það kunnist að hafa verið vegna mannglegra mistaka sem netföng allra viðtakenda voru sjáanleg, þ.e. að gleymst hafi að eyða út upplýsingum um viðtakendur í hinu upphaflega tölvubréfi, sem er ávallt sýnilegt viðtakendum þegar notuð er sú flýtleið að „svara öllum“ (e. reply all). Hafi þar verið um óhappatilvik að ræða.

Með vísun til 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 mælir Persónuvernd fyrir um að Vinnuálastofnun geri viðeigandi tæknilegar ráðstafanir, t.d. með notkun sérstaks fjöldasendingarhugbúnaðar, til þess að koma í veg fyrir að viðtakendur blindafrita (s. bcc) tölvubréfa sjái netföng allra annarra viðtakenda blindafrita. Einkum skal stofnunin yfirfara verkferla, að því er varðar útsendingu fjöldapósta og notkun blindafrita, sem og fræða starfsmenn þar að lútandi. Skal Persónuvernd berast staðfesting þess efnis, sem og afrit af uppfærðum verkferlum, eigi síðar en 1. júlí 2013.“

3.2.32. Ákvörðun um leyfissynjun og um samþykki til áætlunar arfgerða – mál nr. 2012/1404

Persónuvernd tók ákvörðun af tilefni umsóknar Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE), Landspítala

og samstarfslækna um heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu verkefnisins „Undirbúningur að notkun raðgreiningarupplýsinga í einstaklingsmiðaðri heilbrigðisþjónustu Landspítala-háskólasjúkrahúss“.

Samkvæmt umsókninni var fyrirhugað að miðla upplýsingum um alla þá sem fengið hafa þjónustu hjá Landspítalanum síðastliðin fimm ár og samkeyra þær við upplýsingar ÍE, þar á meðal arfgerðarupplýsingar. Var þar bæði um að ræða upplýsingar um arfgerðir tæplega 100.000 einstaklinga sem tekið hafa þátt í rannsóknum fyrirtækisins og gefið lífsýni, sem og áætlaðar arfgerðir 280.000 náninna skyldmenni þeirra.

Niðurstaða Persónuverndar varð, í ljósi umfangs vinnslunnar og eðlis þeirra upplýsinga sem ráðgert væri að vinna með, að synja um útgáfu leyfis til umræddrar vinnslu, enda lægi hvorki fyrir samþykki viðkomandi einstaklinga né sérstök lagaheimild. Þá er í ákvörðun stofnunarinnar mælt fyrir um að ÍE skuli tryggja að öll vinnsla áætlaðra arfgerða sem tengdar eru tilteknum einstaklingum, þar á meðal varðveisla, grundvallist á samþykki viðkomandi einstaklinga og leggja fyrir Persónuvernd eigi síðar en 1. nóvember gögn um með hvaða hætti fyrirtækið hafi farið að þeim fyrirmælum. Þann 5. nóvember barst síðan bréf ÍE, dags. þann dag, þar sem lögð er fram lýsing á eyðingu allra tilreiknaðra arfgerða hjá félaginu.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

„I.
Umsókn
1.

Hinn 27. nóvember 2012 barst Persónuvernd umsókn, dags. s.d., frá Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE), A, Landspítalanum, B, og C, D, E og F. Í umsókninni er óskað eftir leyfi Persónuverndar til vinnslu persónuupplýsinga í þágu verkefnisins „Undirbúningur að notkun raðgreiningarupplýsinga í einstaklingsmiðaðri heilbrigðisþjónustu Landspítala-háskólasjúkrahúss“. Samkvæmt umsókninni er fyrirhugað að miðla upplýsingum um alla þá sem fengið hafa þjónustu hjá Landspítalanum síðastliðin fimm ár og samkeyra þær við upplýsingar ÍE, þ. á m. arfgerðarupplýsingar. Með þessu er ráðgert að kanna áhrif notkunar upplýsinga um arfgerð, sem orðið hafa til með svonefndri raðgreiningu, í heilbrigðisþjónustu. Til dæmis megi komast að því hversu margir, sem þarfnast lyfjagjafar við tilteknum einkennum, eru með erfðabreytileika sem kallar á sérstaka skammtastærð, eins og fram kemur í viðauka með umsókninni. Fyrirhugað er að rannsóknin standi yfir í fimm til tíu ár og að upplýsingar verði varðveittar þann tíma og sjö ár til viðbótar hjá ÍE, en síðan verði þeim eytt. Ekki er ráðgert að afla samþykkis viðkomandi einstaklinga.

Í umsókn kemur fram að ekki aðeins þeir 95.085 einstaklingar, sem tekið hafa þátt í rannsóknum á vegum ÍE, hafi verið arfgerðargreindir heldur hafi einnig verið áætlaðar arfgerðir 280.000 náninna skyldmenna þeirra. Um þetta segir nánar:

„Þekking á erfðafræði sjúkdóma er í auknum mæli nýtt til einstaklingsmiðaðrar heilbrigðisþjónustu um allan heim. Með tilkomu nýrrar tækni við raðgreiningu á erfðamengi einstaklings fyrir sambærilegan kostnað og við aðrar rannsóknir í heilbrigðisþjónustu, hafa heilbrigðisstofnanir víða um heim þegar hafið innleiðingu erfðamengis-raðgreiningar til að undirbúa notkun tækninnar til greiningar og meðferðar á sjúkdómum. Mörgum spurningum er ósvarað varðandi notkunarvið raðgreiningargagna, notagildi, hagkvæmni, tæknilega útfærslu, aðgengi og siðferðileg álitamál. Undirbúningsrannsóknir á notkun slíkra gagna, áður en þau eru innleidd í almennri heilbrigðisþjónustu, eru því afar mikilvægar. Í slíkum rannsóknum verða til notkunartilvik (use cases) sem hægt er að nýta til að undirbúa raunverulega framkvæmd.

Vegna rannsókna sinna hefur Íslensk erfðagreining (ÍE) raðgreint erfðamengi 2.234 Íslendinga af mikilli dýpt (>10-falt, meðaltal 17-falt). Einnig liggja fyrir í arfgerðargrunni ÍE afleidd (e.

imputed) heildstæð raðgreiningargögn fyrir 95.085 Íslendinga, sem hafa verið arfgerðargreindir með örflögutækni. Tilvist þessara líkindaraðgreiningargagna, sem eru 99% áreiðanleg miðað við raunraðgreiningu, gerir LSH og ÍE kleift að skilgreina möguleg notkunarvið raðgreiningargagna í einstaklingsmiðaðri heilbrigðisþjónustu á hagkvæman (afturvirkun), ábyrgan og öruggan hátt. Til viðbótar liggja fyrir raðgreiningargögn að hluta fyrir 280.000 nán skyldmenni þeirra Íslendinga sem eru örflögugreindir. Ólíkt erlendum heilbrigðisstofnunum, sem þurfa að leita þátttöku fjölda sjúklinga og raðgreina með miklum tilkostnaði og tilheyrandi væntingum þátttakenda, þá er með gögnum ÍE hægt að byrja á að kanna og skilgreina notagildi fyrirliggjandi erfða- og heilbrigðisupplýsinga á LSH, án beinnar þátttöku sjúklinga með framangreind markmið um undirbúning einstaklingsmiðaðrar heilbrigðisþjónustu í huga.“

Um framkvæmd verkefnisins segir m.a.:

„Í samvinnu sérfræðinga LSH og ÍE verða gerðar lýsandi rannsóknir og tölfræðileg rýni á skörun dulkóðaðra raðgreiningargagna ÍE og dulkóðaðra, staðlaðra heilbrigðisgagna síðastliðinna 5 ára úr hópskrám LSH (utan persónulegra sjúkráa). Á grundvelli niðurstaðna verða skilgreindar rannsóknarspurningar sem leita svara við hvernig hagkvæmast og árangursríkast sé að hefja innleiðingu raðgreiningarupplýsinga í heilbrigðisþjónustu LSH.

Jafnframt verður notkun raðgreiningargagna í heilbrigðisþjónustu undirbúin með því að hanna vinnuferla og upplýsingatæknilausnir til að gera skilgreindar erfðaupplýsingar einstaklinga aðgengilegar í sjúkraskrárkerfum LSH. Við undirbúning á notkun erfðaupplýsinga verður litið til lyfjasvörunar, og notkunar erfðaupplýsinga til að ákvarða lyfjaskammta (s.s. á blóðþýnningarlyfinu Warfarin), til að hámarka gagnsemi og draga úr líkum á aukaverkunum) en slíkar upplýsingar eru þegar nýttar á nokkrum stöðum í heiminum og byggja á klínískum leiðbeiningum. Einnig verður litið til notkunar raðgreiningargagna þar sem þekktir erfðabreytileikar auka verulega hættu á algengum alvarlegum sjúkdómum s.s. hjartaáföllum, gáttatífi, sykursýki af gerð 2, svo og blöðruhálskirtilskrabbameini, brjóstakrabbameini og öðrum krabbameinum og í sjúkdómum sem ÍE hefur fundið að sjaldgæfir erfðabreytileikar margfalda áhættu (áhættustuðull >3 (e. odds ratio)), eins og þvagsýrugigt, alvarlegum hjartsláttartruflunum (sick sinus syndrome), húðkrabbameini, eða vernda gegn, eins og Alzheimerssjúkdómi og ellihörnun. Ljóst er að ávinningurinn fyrir sjúklinga og heilbrigðiskerfið er mikill þegar um slíka margföldun í áhættu er að ræða.“

Um hvaða persónuupplýsingar unnið verði með segir:

„Unnið verður með fjögur söfn gagna:

1. Upplýsingar um sjúkdómsgreiningar (t.d. ICD og DSM greiningarkóða), aðgerðar- og meðferðarkóða, lyfjaávisanir, mælingar, prófanir og kostnaðarflokka (DRG), auk viðeigandi dagsetninga, sem haldnar eru hópskrár um á LSH (utan persónulegra sjúkráa). Þessum gögnum verður safnað saman úr klínísku vöruhúsi gagna og öðrum gagnagrunnum LSH í rannsóknagagnagrunn verkefnisins, undir nöfnum og kennitölum þeirra sem fengið hafa þjónustu spítalans á s.l. 5 árum.
2. Mældar og afleiddar raðgreiningar- og arfgerðarupplýsingar sem hafa orðið til vegna rannsóknaverkefna ÍE og samstarfsaðila og eru varðveittar hjá ÍE undir dulkóðuðum kennitölum (PN).
3. Niðurstöður mælinga, spurningakannanna og viðtala sem eru varðveitt hjá ÍE undir dulkóðuðum kennitölum (PN) og safnað var fyrir erfðarannsóknir á viðkomandi sjúkdómum/svipgerðum og eru varðveittar hjá ÍE undir dulkóðuðum kennitölum (PN).
4. Upplýsingar í ættfræðigrunni ÍE undir dulkóðuðum kennitölum (PN).“

Fram kemur að þegar starfsmenn Landspítala hafi tekið út og safnað saman fyrrgreindum upplýsingum úr skráum spítalans verði þær sendar til Þjónustumiðstöðvar rannsóknaverkefna (ÞR) og þaðan til ÍE eftir að kennitölur hafi verið dulkóðaðar. Um það segir nánar:

„Fyrir sendingu gagna LSH til ÍE mun dulkóðunarstjóri Þjónustumiðstöðvar rannsóknaverkefna (ÞR) sannreyna kennitölur en síðan fjarlægja öll önnur bein persónuauðkenni fyrir sendingu gagnanna um IPS (Identity Protection System) dulkóðunarkerfið, en við það munu kennitölur dulkóðast yfir í áður nefnd PN. Þannig verður unnið með öll gögn án beinna persónuauðkenna hjá ÍE og trúnaður við sjúklinga því tryggður.“

Þegar móttaka gagna hjá ÍE hefur verið staðfest mun dulkóðunarstjóri ÞR skila LSH kennitöluhreinsuðum frumskráum til varðveislu á meðan á rannsókninni stendur. Þeim verður síðan eytt 7 árum frá lokum rannsóknar, að því undanskildu að framhaldsrannsókn eða ný rannsókn á sömu gögnum hafi verið heimilud af Vísindasiðanefnd. Sama gildir um rannsóknargögn hjá ÍE.“

Einnig kemur fram að umræddar upplýsingar myndi sérstakan rannsóknargagnagrunn sem starfsmenn ÍE nýti til að hanna rannsóknarspurningar, samkeyra upplýsingar frá Landspítala við erfðafræðigögn og vinna tölfraðilegar niðurstöður. Þá segir að fyrrnefndir umsækjendur frá Landspítala, auk annarra tilnefndra sérfræðinga spítalans, muni taka þátt í hönnun rannsóknarspurninganna og mati á niðurstöðum úrvinnslu ÍE m.t.t. klíníks notagildis, læknisfræðilegs mikilvægis, kostnaðarþátta og praktískrar notkunar erfðaupplýsinga í klínísku starfi á spítalanum.

Eins og fyrr segir er ekki ráðgert að afla samþykkis viðkomandi einstaklinga í þágu rannsóknarinnar. Um það segir nánar:

„Ekki verður aflað upplýsts samþykkis vegna þessarar rannsóknar þar sem um erfðafaraldsfræðilega rannsókn er að ræða og einungis verður unnið með fyrirliggjandi gögn á kennitölum í hópskrám og gagnagrunnum LSH og á dulkóðuðum kennitölum án beinna persónuauðkenna innan ÍE.“

Ekki verður safnað sérstökum lífsýnum né framkvæmd sérstök arfgerðargreining á fyrirliggjandi lífsýnum vegna þessarar rannsóknar heldur stuðst við fyrirliggjandi mældar arfgerðir þeirra sem hafa skrifað undir víðtækt samþykki (B) og afleiddar (e. imputed) arfgerðir þeirra sem undirritað hafa þrengra samþykki (A) eða hafa aldrei tekið þátt í rannsóknum hjá ÍE en hægt er á grundvelli ættfræðiupplýsinga í ættfræðigrunni ÍE og fyrirliggjandi arfgerðum annarra þátttakenda að leiða líkur að arfgerðum þeirra með tölfraðilegum líkindareikningi (imputation). Fyrir þessa einstaklinga er í raun um erfðafaraldsfræðilega rannsókn að ræða og líkt og í öðrum faraldsfræðilegum rannsóknum, þar sem mælingar og gögn liggja fyrir, ekki þörf að leita samþykkis, enda líkt og fyrir rannsóknina í heild sinni, fara allar samkeyrslur fram undir dulkóðuðum kennitölum.

Þannig er annars vegar er um að ræða rannsóknagagnagrunn með gögnum úr hópskrám LSH yfir greiningar, rannsóknir, meðferð, lyfjaávisanir, prófanir, mælingar og kostnaðarupplýsingar fyrir þá sem fengið hafa þjónustu á stofnuninni síðastliðin 5 ár og hins vegar mældar og afleiddar (e. imputed) arfgerðir og ættfræði- og svipgerðarupplýsingar sömu einstaklinga samkvæmt gögnum ÍE.“

2.

Með bréfi til ÍE og Landspítala, dags. 6. febrúar 2013, vísaði Persónuvernd til bréfaskipta stofnunarinnar og ÍE varðandi áætlun arfgerða sem átt höfðu sér stað árið 2011. Nánar tiltekið hafði Persónuvernd borist bréf frá ÍE, dags. 30. maí 2011, ítrekað með tölvubréfi hinn 7. september s.á., þar sem fram kom að fyrirhugað væri að áætla arfgerðir í þágu rannsóknarinnar „Leit að erfðaþáttum sem stuðla að frávikum ýmissa blóðgilda“ (sbr. m.a. leyfi Persónuverndar til

vinnsla persónuupplýsinga, dags. 13. október 2008 (mál nr. 450/2008)). Taldi Persónuvernd mega ráða af erindi ÍE að þetta líkindamat gæti náð til einstaklinga sem ekki hefðu samþykkt þátttöku í rannsókn á vegum fyrirtækisins. Var þess óskað að það rökstyddi á grundvelli hvaða heimilda sú vinnsla persónuupplýsinga, sem fælist í umræddu líkindamati, gæti þá farið fram. Barst í kjölfar þess svar frá ÍE, dags. 20. september 2011, þar sem segir að ekki séu búnar til neinar nýjar upplýsingar um þá sem ekki hafa samþykkt þátttöku í rannsóknnum heldur verði aðeins reiknaðar út líkur þess að hópar einstaklinga, sem uppfylla ákveðin skilyrði, séu með ákveðna arfgerð. Hefur Persónuvernd byggt á þessum svörum í framkvæmd sinni eins og fram kemur í bréfi stofnunarinnar til ÍE, dags. 27. september 2011.

Í framangreindu bréfi Persónuverndar til ÍE og Landspítala, dags. 6. febrúar 2013, er vísað til þess að umrætt erindi ÍE, dags. 27. nóvember 2012, megi hins vegar skilja svo að búnar hafi verið til líkindaarfgerðir sem séu afmarkaðar við tiltekna einstaklinga sem ekki hafa tekið þátt í rannsóknnum á vegum ÍE. Þess var óskað að veittar væru skriflegar skýringar á þessu atriði. Þá var þess óskað að fulltrúar ÍE og Landspítala kæmu á fund stjórnar Persónuverndar hinn 4. mars 2013. Á þeim fundi var bæði fjallað um umræddar líkindaarfgerðir, sem og önnur atriði. Af hálfu ÍE var verkefninu þar lýst sem faraldsfræðilegri rannsókn. Um væri að ræða tiltölulega miklar upplýsingar, en hættan á að öryggi þeirri skertist væri lítil. Misjafnt væri hversu nákvæmar líkindaarfgerðir væru og hefðu þær lítið gildi þegar kæmi að einstaklingum. Ekki væri hægt að nota þær til að ákveða hvernig heilbrigðisþjónusta væri veitt. Þá væri ekki um að ræða miðlægan gagnagrunn eða það að búnar væru til nýjar upplýsingar um einstaklinga. Tilgangurinn væri sá að spá fyrir um eðli hópsins og líkur á því að hópurinn brygðist við á tiltekinn hátt. Af hálfu Landspítala kom fram að fyrir honum veki helst að finna öflugan samstarfsaðila, en nú væri hann kominn í þá stöðu að hafa yfir að ráða skipulögðum og öruggum upplýsingum sem nýta mætti til að taka næsta skref, þ.e. nota upplýsingar ÍE í sínu starfi.

Með bréfi, dags. 27. mars 2013, ítrekaði Persónuvernd framangreinda ósk sína um skriflegar skýringar og bærust þær með bréfi ÍE, dags. 22. apríl s.á. Þar segir m.a.:

„Hið rétta er að spáð er fyrir um líkindi mismunandi stórs hluta arfgerða á víð og dreif í erfðamenginu fyrir einstaklinga sem ekki hafa tekið þátt í rannsóknnum ÍE og verið arfgerðargreindir. Upplýsingar um einstaklingana eru bæði óvissar og brotakenndar. Með því að sameina spár um líkindaarfgerðir fyrir alla í þýðinu eða í stóru úrtaki má fá góða spá fyrir stærstan hluta arfgerða í öllu erfðamenginu fyrir þýðið eða úrtakið í heild. Hér er um að ræða klassíska faraldsfræðirannsókn.“

Einnig segir í bréfinu að um tvenns konar áætlun arfgerða sé að ræða í rannsóknnum ÍE, þ.e. (a) „aukna upplausn arfgerðarupplýsinga með afleiðingu þéttra raðgreiningarupplýsinga úr raðgreiningu yfir í skylda einstaklinga sem hafa verið arfgerðargreindir með örflögutækni og hafa gisnari arfgerðarupplýsingar“ og (b) „spá um líkindaarfgerðir út frá skyldleika til að meta tíðni og dreifingu erfðabreytileika í hópum“. Fram kemur að fyrri tegundin af áætlun arfgerða tekur aðeins til þeirra sem samþykkt hafa þátttöku í rannsóknnum á vegum ÍE en síðari tegundin til annarra einstaklinga.

Hvað áætlun arfgerða þeirra sem tekið hafa þátt í rannsóknnum segir m.a. að nýttur sé svonefndur IMPUTE-hugbúnaður, en með honum séu upplýsingar um ákveðna einstaklinga, sem fengist hafi með raðgreiningu, þéttar yfir í einstaklinga sem hafa verið arfgerðargreindir með örflögutækni. Þar sem mjög stór hluti þjóðarinnar hafi verið örflögugreindur náist mjög mikil nákvæmni yfir allt erfðamengið með notkun umrædds hugbúnaðar, eða allt að 99% áreiðanleiki.

Hvað áætlun arfgerða þeirra sem ekki hafa samþykkt þátttöku í rannsóknnum segir að byggt sé á stærðfræðilíkani sem noti skyldleika og líkindareikning til að áætla arfgerðir þeirra sem ekki séu örflögugreindir út frá gögnum náinna ættingja sem hafa verið greindir með slíkum hætti. Um sé að ræða klassíska, faraldsfræðilega aðferð sem hafi litla nákvæmni varðandi arfgerðir einstaklinga

en þó nokkra nákvæmni um tíðni og dreifingu erfðabreytileika innan stórra hópa. Spáin byggir á hermun á raunverulegum, mældum arfgerðum til að spá fyrir um hluta arfgerðarupplýsinga þeirra sem engar arfgerðarupplýsingar liggja fyrir um og sé um að ræða mismunandi hluta erfðamengisins eftir einstaklingum. Nákvæmni spár um arfgerðir sé mjög breytileg milli erfðabreytileika og einstaklinga, en m.a. sé hún háð algengi breytileika og aldri og fjölda ættingja sem hafa verið arfgerðargreindir. Upplýsingar fyrir hvern einstakling séu því bæði brotackenndar og óvissar. Spáin lúti að líklegum arfgerðum allra í þýðinu til að áætla tíðni þeirra og dreifingu í stóru úrtaki og þýðinu í heild. Með þeim hætti sé unnt að fá gagnlegt mat á tíðni og dreifingu erfðabreytileika með nokkurri vissu fyrir alla þjóðina eða stórt úrtak, en þannig megi auka tölfræðilegt afl við samanburð á hópum í erfðafaraldsfræðilegum rannsóknum.

Að auki segir í bréfi ÍE:

„Af ofansögðu má vera ljóst að spá um líkindaarfgerðir sem byggir á hermun er ónákvæm fyrir einstaklinga, og er breytilegt milli einstaklinga til hvaða hluta erfðamengisins spáin nær. Því stærra sem þýðið eða úrtakið er því öruggari er spáin fyrir tíðni erfðabreytileika og dreifingu innan þýðisins eða úrtaksins í heild, en spáin hefur fyrst og fremst gildi fyrir hópa, ekki einstaklinga.

Í fyrirhugaðri rannsókn til undirbúnings að notkun raðgreiningarupplýsinga í heilbrigðisþjónustu sem sótt er um heimild til vinnslu persónuupplýsinga fyrir er ráðgert að skrá upplýsingar úr hópskrám LSH um alla sem hafa sótt þjónustu á LSH sl. 5 ár. Með því má fá stóra hópa (úrtök) með sömu sjúkdómsgreiningu, lyfjanotkun og lyfjasvörun, rannsóknir, meðferð, mælingar og prófanir til að hægt sé að fá marktækar spár um tíðni og dreifingu ákveðinna erfðabreytileika sem vitað eða talið er að tengist sjúkdómunum, framgangi þeirra eða svörun við lyfjum eða annarri meðferð.

Skjólstæðingar LSH eru sem hópur ólíkir þeim rúmlega 100.000 Íslendingum sem tekið hafa þátt í rannsóknum á vegum ÍE, m.t.t. aldurs, kyns, tíðni sjúkdóma ofl., þar sem þátttakendur í rannsóknum ÍE eru langflestir komnir á miðjan aldur, með algenga, oft alvarlega sjúkdóma, svo og fyrstu gráðu ættingjar þeirra. Með því að nota upplýsingar um alla sem notið hafa þjónustu LSH á 5 ára tímabili fást ójagaðar upplýsingar um notendur heilbrigðisþjónustunnar og skilgreinda hópa meðal þeirra.

Stærð hópanna ræður miklu um áreiðanleika spánna um líkindaarfgerðir, tíðni þeirra og dreifingu innan og milli hópanna. Brotackenndar óvissar upplýsingar um einstaklinga eru sameinaðar og hermun beitt til að fá fram öruggar upplýsingar fyrir hópinn í heild.

Sérfræðingar ÍE munu annast samkeyrslu fyrirbyggjandi klínískra gagna úr hópskrám LSH og erfðafræðigagna ÍE svo og tölfræðilega úrvinnslu niðurstaðna í samvinnu við sérfræðinga LSH. Niðurstöðurnar um tíðni og dreifingu erfðabreytileika má ef til vill nota við greiningu og til að velja einstaklingsbundna meðferð. Á grundvelli þeirra svo og upplýsinga um stærð hópanna ásamt gögnum um kostnað við sjúkdómsgreiningu og meðferð munu ábyrgðaraðilar og sérfræðingar ÍE og LSH hanna rannsóknarspurningar og meta niðurstöðurnar m.t.t. klíníks notagildis, læknisfræðilegrar þýðingar, kostnaðarþátta og praktískrar notkunar erfðaupplýsinga í klínísku starfi. Sótt verður um leyfi fyrir slíkum rannsóknum samkvæmt hefðbundnum leiðum.

Það er von okkar að svör við spurningum Persónuverndar séu fullnægjandi varðandi afleiddar arfgerðir einstaklinga og líkindaarfgerðir hópa sem njóta þjónustu LSH og fyrirhuguð vinnsla persónuupplýsinga vegna undirbúnings að notkun raðgreiningarupplýsinga í heilbrigðisþjónustu nær til.“

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Almennt

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Hugtakið tekur m.a. til upplýsinga sem merktar eru með tilvísunarnúmerum en sem hægt er að rekja til einstaklings á grundvelli greiningarlykils. Samkvæmt umsókn er fyrirhugað að senda upplýsingar frá Landspítala, auðkenndar með kennitölum, til Þjónustumiðstöðvar rannsóknarverkefna, en þaðan verði þær sendar Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE) um svonefnt IPS-kerfi sem breytir kennitölum í dulkóðunarnúmer. Þannig auðkenndar verði þær samkeyrðar við gögn hjá ÍE, auðkennd með sama hætti. Sú dulkóðun, sem hér um ræðir, er tvíátta og því mögulegt að afkóða dulkóðunarnúmerin í kennitölur. Þegar af þessari ástæðu verða umræddar upplýsingar taldar persónuupplýsingar í skilningi laganna.

Með hugtakinu vinnsla er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Til vinnslu telst m.a. samkeyrsla persónuupplýsinga, sbr. b-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

Er því um *vinnslu persónuupplýsinga* að ræða í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur í verkahring Persónuverndar að taka afstöðu til lögmætis þeirrar vinnslu, sbr. 37. gr. laganna.

Þær upplýsingar, sem samkvæmt umsókn er ráðgert að miðla frá Landspítala til ÍE, eru úr svonefndum hópskrám og lúta að heilsuhögum allra þeirra sem leitað hafa til Landspítala síðustu fimm ár. Nánar tiltekið er um að ræða upplýsingar um sjúkdómsgreiningar, aðgerðar- og meðferðarkóða, lyfjaávisanir, mælingar, prófanir og kostnaðarflokka, auk viðeigandi dagsetninga. Þau gögn, sem þessar upplýsingar er ráðgert að samkeyra við hjá ÍE, lúta að niðurstöðum mælinga, spurningakannana og viðtala, sem gerðar hafa verið í þágu einstakra rannsókna; ættartengslum manna; sem og arfgerð einstaklinga, en hún hefur verið áætluð fyrir þá sem ekki hafa tekið þátt í rannsóknum á vegum ÍE og samstarfsaðila.

Upplýsingar um heilsuhagi manna, þ. á m. arfgerð, teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla slíkra upplýsinga verður að eiga sér heimild í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Sé engu skilyrða 1. mgr. 9. gr. fullnægt eru ekki sérstök efni til athugunar að því er varðar skilyrði 1. mgr. 8. gr.

Þrátt fyrir að framangreind skilyrði séu uppfyllt getur Persónuvernd ákveðið að vinnsla megi ekki hefjast fyrir en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Það á við ef um ræðir vinnslu persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Með stöð í m.a. því ákvæði hefur Persónuvernd sett reglur nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, en samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. þeirra reglna er samkeyrsla viðkvæmra persónuupplýsinga háð leyfi stofnunarinnar. Frá þeirri leyfisskyldu eru vissar undantekningar, þ. á m. samþykki, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglnanna, en ljóst er að þær eiga ekki við hér.

Einnig þarf leyfi til aðgangs að sjúkraskrá í þágu vísindarannsóknar á heilbrigðisviði, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Í umsókn segir að umræddar hópskrár tilheyri ekki persónulegri sjúkraskrá. Til þess er hins vegar að líta að samkvæmt 5. tölul. 2. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár er með slíkri skrá átt við safn sjúkraskrárupplýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við meðferð eða fengnar annars staðar frá vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns. Þá segir í 4. tölul. sömu greinar að með sjúkraskrárupplýsingum sé átt við lýsingu eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og

meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar. Umræddar skrár tengjast allar svonefndu vöruhúsi gagna á Landspítala, þ.e. tölvukerfi sem gerir spítalanum kleift að tengja saman upplýsingar úr einstökum skráum með einföldum hætti. Ber því að líta svo á að hér sé um að ræða safn sjúkraskrárupplýsinga og þar með sjúkraskrá í skilningi laga nr. 55/2009.

Samkvæmt framangreindu er því ljóst að bæði umræddar samkeyrslur hjá ÍE, sem og aðgangur að umræddum upplýsingum á Landspítala í þágu verkefnisins, falla undir reglur um leyfisskyldu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2008, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000, og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997. Þá er í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 mælt fyrir um að Persónuvernd geti að vissum skilyrðum fullnægðum heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, enda þótt engu af skilyrðum 1. mgr. sömu greinar sé fullnægt.

2.

Lögmæti vinnslu

2.1.

Samþykki sem lögmætisgrundvöllur

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er heimilt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar á grundvelli samþykkis hins skráða. Ljóst er að meirihluti þeirra einstaklinga, sem fyrirhugað er að vinna með upplýsingar um í þágu umrædds verkefnis, hefur ekki veitt samþykki af neinu tagi sem til álita getur komið sem lögmætisgrundvöllur, né heldur er fyrirhugað að afla samþykkis frá þeim einstaklingum.

Að hluta til er þó ráðgert að nýta upplýsingar sem safnað hefur verið á grundvelli samþykkis, þ.e. upplýsingar í rannsóknum ÍE og samstarfsaðila sem þátttakendur hafa veitt umboð sitt til öflunar á með undirritun samþykkisyfirlýsinga eða sjálfir látið í té að veittri slíkri yfirlýsingu. Þegar um ræðir svokallað B-samþykki, þ.e. samþykki sem ekki aðeins heimilar notkun upplýsinga í einni tiltekinni rannsókn heldur einnig varðveislu þeirra í þágu frekari rannsókna, getur umrædd vinnsla helgast af því, en þó aðeins að því er varðar þær upplýsingar sem samþykkið heimilar söfnun á. Samkvæmt umsókn er ráðgert að miðla viðtækum heilsufarsupplýsingum frá Landspítala til ÍE. Ekki verður séð að sú miðlun upplýsinga geti í heild sinni fallið undir það umboð til upplýsingaöflunar sem umræddar samþykkisyfirlýsingar veita.

Einnig er við umrætt verkefni fyrirhugað að nýta upplýsingar sem ÍE hefur safnað á grundvelli svonefnds A-samþykkis, en í því felst að viðkomandi þátttakandi heimilar aðeins notkun upplýsinga um sig í þágu einnar tiltekinnar rannsóknar, en að þeirri rannsókn lokinni skuli upplýsingunum eytt. Af þessu leiðir jafnframt að notkun upplýsinganna í þágu frekari rannsóknarverkefna fer í bága við samþykkið og getur það því ekki löghelgað þá vinnslu sem hér um ræðir.

Þegar litið er til framangreinds er ljóst að umrædd vinnsla styðst ekki við ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

2.2.

Vinnslubeimild vegna nauðsynjar í þágu vísindarannsókna

Þegar vinnsla persónuupplýsinga í þágu rannsóknar byggist ekki á samþykki reynir á hvort vinnslan geti átt stoð í 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna, enda verði persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á. Við túlkun þess ákvæðis ber að líta til 6. gr. Evrópusamnings frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga þar sem m.a. kemur fram að ekki má vinna vélrænt með persónuupplýsingar um heilsuhagi manna nema lög geri ráð fyrir viðeigandi verndarákvæðum. Sömuleiðis ber að líta til tilskipunar 95/46/EB, sem lög nr. 77/2000 byggja á, en í 34. lið formálsorða hennar kemur fram að aðildarríkin mega víkja frá banni við vinnslu viðkvæmra

flokka upplýsinga, t. d. á sviði vísindarannsókna, ef almannahagsmunir krefjast þess og sett eru sértæk og viðeigandi öryggisákvæði til verndar grundvallarréttindum manna og rétti þeirra til friðhelgi einkalífs. Í samræmi við þetta er, í 4. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar, kveðið á um að aðildarríki megi, með fyrirvara um setningu viðeigandi öryggisákvæða, mæla fyrir um undanþágur frá banni við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, annaðhvort í innlendum lögum eða með ákvörðun eftirlitsyfirvalds.

Samkvæmt framanrituðu verður sá skilningur ekki lagður í ákvæði 9. tölul. að það geti eitt og sér talist fullnægjandi heimild fyrir vinnslu heilsufarsupplýsinga. Hefur ákvæðið hins vegar verið skilið sem vísiregla, þess efnis að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga geti farið fram í þágu vísindarannsókna án samþykkis þegar almannahagsmunir af slíku vega þyngra en einkalífshagsmunir hins skráða, enda sé rannsóknunum sköpuð viðeigandi umgjörð, t.d. með skilmálum í stjórnvaldsleyfum eða sérstökum lagaramma. Við hagsmunamat samkvæmt ákvæðinu verður m.a. að líta til umfangs þeirra upplýsinga, sem unnið er með um hvern einstakling, og eðlis þeirra. Getur þá komið þá til þess að vinnsla geti einungis farið fram á grundvelli samþykkis hins skráða, sbr. fyrrnefnt ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., eða sérstakrar lagaheimildar, sbr. 2. tölul. sömu málsgreinar.

Upplýsingar um arfgerð manna hafa verið álitnar sérstaks eðlis í ljósi þess sem þær bera með sér um eiginleika einstaklings. Í alþjóðlegri yfirlýsingu Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) frá 18. október 2003 er á þessu byggt, en þar segir m.a. að fyrirfram skuli afla upplýsts, yfirlýsts samþykkis fyrir söfnun upplýsinga um erfðaeigni manna, hvort sem upplýsinganna er aflað með beinni íhlutun (s.s. sýnatöku) eður ei, sbr. a-lið 8. gr. yfirlýsingarinnar. Einnig kemur fram í ákvæðinu að hið sama gildi um eftirfarandi meðferð upplýsinganna og varðveislu, hvort sem opinberir aðilar eða einkaaðilar hafa vinnsluna með höndum. Takmarkanir á þessari samþykkiskröfu geti aðeins byggst á brýnum ástæðum og löggjöf sem samrýmist alþjóðlegum mannréttindareglum.

Einnig hefur verið litið svo á að þeim mun stærri sem söfn heilbrigðisupplýsinga séu og varðveislutími lengri, þeim mun skýrari þurfi lagagrundvöllurinn fyrir vinnslu upplýsinganna að vera. Í dómi Hæstaréttar frá 27. nóvember 2003 í máli nr. 151/2003 birtist mikilvægt fordæmi þar að lútandi. Í þeim dómi komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að lagaheimild til skráningar og frambúðarvarðveislu víðtækra sjúkraskrárupplýsinga án samþykkis í rannsóknargagnagrunn samkvæmt lögum nr. 139/1998 um gagnagrunn á heilbrigðissviði væri ekki nægilega skýr, þ.e. ekki væri nægilega ítarlega fjallað um hvernig gæta ætti öryggis gagnanna. Lögin voru því ekki talin samrýmast 71. gr. stjórnarskrárinnar. Kemur fram í dóminum að eftirlit stjórnvalda getur ekki komið í stað skýrrar lagaheimildar. Af þessum dómi verður séð að gerðar eru strangar kröfur til þess að rannsóknargagnagrunnar byggist á lagaheimild, sem og hvernig slík lagaheimild skal úr gærði gerð.

Fyrir liggur að við umrætt verkefni er fyrirhugað að vinna með upplýsingar um erfðaeiginleika allra Íslendinga sem í tilviki þeirra sem ekki hafa samþykkt þátttöku í rannsókn á vegum ÍE og samstarfsaðila er áætluð á grundvelli líkindaútreiknings. Af skýringum ÍE, sem fram koma í bréfi fyrirtækisins til Persónuverndar, dags. 22. apríl 2013, verður ráðið að ekki sé þar aðeins um að ræða tölfræðilegar niðurstöður fyrir hópa heldur upplýsingar sem beinlínis eru tengdar við tiltekna einstaklinga. Þá liggur fyrir að auk umræddra upplýsinga, sem og upplýsinga um sjúkdómsgreiningar og önnur atriði sem ÍE hefur safnað á grundvelli samþykkis, er ráðgert að vinna með víðtækar heilsufarsupplýsingar um alla þá sem leitað hafa þjónustu Landspítalans síðustu fimm ár. Þær upplýsingar er fyrirhugað að varðveita innan veggja ÍE í þau fimm til tíu ár sem áætlað er að verkefnið standi yfir, sem og í sjö ár til viðbótar. Heildarvarðveislutími gæti því orðið 17 ár.

Þó svo að ekki sé fyrirhuguð frambúðarvarðveisla er fyrirhugaður varðveislutími því engu að

síður mjög langur. Þá er ráðgert að vinna með víðtækar upplýsingar um arfgerð manna hvort sem viðkomandi hafa samþykkt slíkt eður ei og tengja við upplýsingar úr sjúkraskráum um heilsuhagi. Til þess er að líta að um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar sem varða einkamálefni manna. Þær njóta ótvíræðrar verndar 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sem mælir fyrir um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs heimilis og fjölskyldu og að þann rétt megi einungis takmarka með sérstakri lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Af því leiðir að handhöfum framkvæmdarvalds verður ekki falið óheft ákvörðunarvald um heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Persónuvernd er stjórnáslustofnun sem m.a. hefur verið falið það hlutverk að veita leyfi til vinnslu persónuupplýsinga innan ramma laga, sbr. m.a. fyrrnefnd ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2008, sbr. 33. gr. sömu laga, og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997. Við slíkar leyfisveitingar ber Persónuvernd að halda sig innan þeirra marka sem leiða af stjórnarskrá og mannréttindasamningum sem Ísland hefur fullgilt, s.s. mannréttindasáttmála Evrópu og Evrópusamningi frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, einkum 6. gr. þess samnings. Í ljósi þess sem fyrr greinir um umfang umræddrar vinnslu og eðli þeirra upplýsinga, sem ráðgert er að vinna með, auk framangreinds hæstaréttardóms, telur Persónuvernd vinnsluna aðeins mega fara fram á grundvelli samþykkis viðkomandi einstaklinga eða sérstakrar lagaheimildar, sbr. 1. og 2. tölul. sömu málsgreinar. Þar sem ekki er hins vegar ráðgert að afla samþykkis og þar sem lagaheimild skortir hefur Persónuvernd ekki heimild að lögum til að veita umbeðið leyfi.

3.

Niðurstaða

Með vísan til framangreinds er synjað um útgáfu leyfis á grundvelli umræddrar umsóknar, dags. 27. nóvember 2012. Eins og fyrr greinir verður ráðið af umsókninni að innan veggja ÍE sé unnið með áætlaðar arfgerðir tengdar tilteknum einstaklingum án þess að þeir hafi samþykkt slíkt. Með heimild í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, og með vísan til umfjöllunar hér að framan, er mælt fyrir um að ÍE skuli tryggja að öll slík vinnsla, þ. á m. varðveisla, grundvallist á samþykki. Skal ÍE leggja fyrir Persónuvernd eigi síðar en 1. nóvember nk. gögn um með hvaða hætti fyrirtækið hafi farið að þeim fyrirmælum. Er viðbúið að stofnunin muni ganga úr skugga um að það hafi verið gert, eftir atvikum á kostnað ÍE ef nauðsynlegt reynist að leita sérfræðiaðstoðar í þágu þess verks, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.“

3.2.33. Spurningalisti lagður fyrir starfsmenn sveitarfélaga – mál nr. 2011/1189

Persónuvernd tók ákvörðun um að Sambandi íslenskra sveitarfélaga beri að láta af öflun upplýsinga, sem rekja má til fatlaðs fólks sem njóta tiltekinnar þjónustu. Öflunin fór fram með notkun spurningalista sem lagður hafði verið fyrir réttindagæslumenn fatlaðs fólks í þeim tilgangi að leggja mat á störf þeirra. Þá var lagt fyrir sambandið að senda Persónuvernd fyrir 1. nóvember 2013 lýsingu á breytingum á spurningalistanum í samræmi við ákvörðunina.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

„I.
Bréfaskipti
1.

Hinn 1. nóvember 2011 barst Persónuvernd ábending frá A, réttindagæslumanni fatlaðs fólks á [...] (hér eftir nefndur „málshefjandi“), þar sem vakin er athygli á tiltekinni upplýsingasöfnun á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og spurt um lögmæti hennar. Um er að ræða söfnun upplýsinga með spurningalista vegna starfsmatskerfis, en listinn er lagður fyrir þá starfsmenn sveitarfélaga sem hafa með höndum þjónustu við fatlaða. Telur málshefjandi spurningarnar þess eðlis að svör við þeim geti falið í sér persónugreinanlegar upplýsingar um þá sem þjónusta er veitt. Spyr hann hvort afla þurfi samþykkis viðkomandi þjónustuþega, sem og

hvernig upplýsingaöflun af þessu tagi skuli háttað.

Með bréfi, dags. 13. desember 2011, veitti Persónuvernd Sambandi íslenskra sveitarfélaga kost á athugasemdum við framangreinda ábendingu. Svarað var með bréfi, dags. 3. janúar 2012. Persónuvernd veitti málshefjanda færi á að tjá sig um það með bréfi, dags. 20. s.m., og svaraði hann með bréfi, dags. 2. febrúar 2012. Með bréfi til SÍS, dags. 31. maí s.á., óskaði Persónuvernd tiltekinna skýringa og bærust þær með bréfi sambandsins, dags. 21. júní 2012, þar sem m.a. var óskað eftir fundi vegna málsins. Sá fundur var haldinn hinn 9. ágúst s.á. Kom þar fram af hálfu sambandsins að það myndi senda Persónuvernd yfirlýsingu um hvernig þess yrði gætt í tengslum við umrætt mat að hjá sambandinu söfnuðust ekki upplýsingar sem rekja mætti til einstakra notenda umræddrar þjónustu. Með bréfi, dags. 10. október 2012, vakti Persónuvernd athygli á að slík yfirlýsing hefði ekki borist og var þess óskað að hún yrði send stofnuninni eigi síðar en 24. s.m. Ekki barst svar og ítrekaði Persónuvernd umrædda ósk sína með bréfum, dags. 3. desember 2012 og 28. febrúar 2013. Í síðara ítrekunarbréfinu var vakin athygli á að ef yfirlýsing bærist ekki yrði úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

2.

Í ábendingu málshefjanda segir: „Ég sendi hér spurningalista sem ég hef verið að velta fyrir mér s.l. viku sem snýr að starfsmönnum fatlaðs fólks hjá Sveitarfélögum. Starfsmenn eru beðnir að fylla þetta út til að meta starf sitt og þá lýsa hvernig þau sinna því.

Það sem að mér snýr eru hagsmunir fatlaðs fólks, þar sem auðvelt er að rekja persónuupplýsingar til ákveðins aðila með spurningu. T.d. aðstoð við sérstakar klósettferðir og fl. og fl. viðkvæmt sem starfsfólk þarf að sinna. Til að starf starfsmannsins sé metið til fullnustu þarf aðstoðin að koma fram í þessum lista. Hef ekki alveg á hreinu hvernig úrvinnsla þessara gagna fer fram en veit að þeim verður safnað saman.

Spurningin er hvort þetta sé löglegt að safna upplýsingum sem geta verið mjög persónulegar gagnvart 3 aðila, hvort starfsmaðurinn þurfi eitthvert leyfi frá þjónustuþega til að gefa upp upplýsingar og hvernig ber að halda utan um þesskonar upplýsingar og hvernig á að standa að upplýsingaöflun af þessu tagi.

Ég velti þessu fyrir mér út frá hagsmunum þess fatlaða sem þiggur þjónustuna af starfsmönnum sem starfa hjá sveitarfélögunum.“

Í viðhengi með ábendingu málshefjanda er umræddan spurningalista að finna. Þær spurningar, sem einkum reynir á hvort geti falið í sér persónugreinanlegar upplýsingar um notendur þjónustu, eru:

hvort starf sé eðlis að starfsmaður geti orðið fyrir tilfinningalegu álagi og komist í uppnám vegna aðstæðna eða hegðunar þess fólks sem hann þarf að veita þjónustu og finna úrræði fyrir, en beðið er um dæmi þar lútandi og því að skýrt sé frá aðstæðum viðkomandi, sem og að greint sé frá því hvaða aðilar séu líklegir til að valda starfsmanni mestu tilfinningalegu álagi eða uppnámi (spurning 8.1 í spurningalistanum);

hvort einhverjir einstaklingar séu persónulega háðir þeirri þjónustu sem starfsmaður veitir eða skipuleggur, en beðið er um dæmi þar að lútandi, sem og upplýsingar um hvað starfsmaður geri fyrir viðkomandi (spurning 9.2 í spurningalistanum); og

hvort starf sé þess eðlis að starfsmaður geti orðið fyrir móðgunum, svívirðingum eða annarri andfélagslegri hegðun, s.s. yfirgangi eða áreitni frá notendum þjónustunnar eða almenningi, en beðið er um dæmi þar að lútandi (spurning 13.3 í spurningalistanum).

Í upphafi spurningalistans kemur fram að þeir sem vilji geti fyllt hann út í tölvu með því að færa svörin inn í þar til gert form á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í lok hans kemur fram

að áriðandi sé að spurningum sé samviskusamlega svarað og að engu hafi verið sleppt sem kunni að skipta máli við mat á starfi svarandans.

Í framangreindu svari SÍS, dags. 3. janúar 2012, við bréfi Persónuverndar, dags. 13. desember 2011, segir varðandi ábendingu málshefjanda:

„Samband íslenskra sveitarfélaga fer með kjarasamningsumboð fyrir þau sveitarfélög sem veitt hafa sambandinu umboð sitt skv. heimild í 81. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og 4. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/[1986]. Öll sveitarfélög landsins að Reykjavíkurborg undanskilinni hafa veitt sambandinu umboð til að gera kjarasamninga og koma fram fyrir þeirra hönd vegna kjarasamningsbundinna atriða vegna starfsmanna sem starfa í málefnum fatlaðs fólks utan Reykjavíkur.

Í kjarasamningum vegna þessara starfa hefur verið samið um að laun ráðist af starfsmati. Mat á störfum er í höndum starfsmatssérfræðinga sem starfa hjá sambandinu. Spurningalistar eru sendir til starfsmanna og svara þeir þeim spurningum sem við eiga í samráði við yfirmenn sína. Í spurningalistanum á að telja upp helstu verkefni með stuttri og hnitmiðaðri en ekki tæmandi upptalningu. Auk þess ber að gera öðrum föstum en sjaldgæfari verkefnum skil. Ekki er gert ráð fyrir að verkefnum sé lýst niður í þau smáatriði að nefndir séu þeir sem þjónustunnar njóta. Lýsingin á að vera almenn og lýsa vinnuaðstæðum og verkefnum sem viðkomandi starfsmaður sinnir og nauðsynlegt er að fá upplýsingar um svo hægt sé að taka tillit til þeirra við launasetningu. Starfsmatssérfræðingar fá útfyllta spurningalista og sjá þeir um að meta í hvaða þrepi verkefni viðkomandi raðast og þá hve mörg stig þau gefa. Niðurstaðan er send yfirmönnum viðkomandi málaflokka og segir til um launaflokkaröðun viðkomandi starfs. Vera má að viðkomandi starfsmaður og yfirmaður hans geti greint út frá svörum við spurningalistanum að ákveðnar aðstæður geti einungis átt við um ákveðna einstaklinga, en hafa ber í huga að upplýsingar um þá einstaklinga sem þjónustunnar njóta liggja ekki fyrir hjá sambandinu né öðrum aðilum sem að launabættinum koma né eru færðar inn í gagnagrunna. Spurningalistum er safnað á pappír en niðurstöður starfsmatsins eru á rafrænu formi. Það er því ekki verið að safna persónugreinanlegum upplýsingum um þjónustuþega, heldur eingöngu upplýsingum um það hvaða verkefni felast í þeim störfum sem verið er að meta.“

Í framangreindu svari málshefjanda, dags. 2. febrúar 2012, við bréfi Persónuverndar til hans, dags. 20. janúar s.á., segir varðandi svar SÍS:

„Ég velti enn fyrir mér þeirri spurningu, þar sem um mjög persónulega þjónustu getur verið að ræða, hvort ekki þurfi að fá upplýst samþykki þjónustunotenda til að geta, sem starfsmaður hans, svarað listanum á sem bestan hátt? Til að starfsmaður geti metið sitt starf tel ég mikilvægt að hann greini frá þeim athöfnum sem hann sinnir og jafnvel lýsi ákveðnum aðgerðum sem eru mjög einkennandi fyrir einstaklinginn og hans einkalíf. Vísa ég í því sambandi til bréfs frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 3. janúar 2012 þar sem talað er um að möguleiki er á að yfirmaður starfsmanns geti persónugreint svörin.

Skil vel að starfsmat þurfi að fara fram og tel það eðlilegt til að meta starfsskyldur, en þegar um einstaklinga sem þiggja þjónustu [er að ræða] hljóta þeir að eiga rétt á að vita hvað skráð sé um þeirra einkalíf og aðgerðir innan þeirra heimilis, hvernig starfsaðferðum er lýst þar eða á vinnustað. Spurning hvort ekki megi vinna þessa upplýsingaöflun með öðrum hætti og fá sömu niðurstöðu þannig að engin hætta sé á að upplýsingar séu persónugreinanlegar eða ekki sé hægt að persónugreina þær.

Því tel ég mikilvægt, eins og spurningalistinn er í dag, að fengið sé upplýst samþykki einstaklinga sem þiggja þjónustu fyrir því að þessar upplýsingar séu gefnar af hálfu starfsmanna sveitarfélaga og annarra fyrirtækja í þessum geira eða, sem ætti í raun vera vinnuaðferðin við mat á svona störfum, að starf sé metið út frá þörfum einstaklingsins en ekki hvernig starfsmaðurinn sinnir

starfinu.“

Með framangreindu bréfi Persónuverndar til SÍS, dags. 31. maí 2012, var afstöðu sambandsins óskað til þess hvort það teldist ábyrgðaraðili umræddrar vinnslu eða hvort það teldi sig aðeins vinna fyrir hlutadeigandi sveitarfélög og í þeirra umboði. Að því gefnu að svo væri var óskað afrits af vinnslusamningi þess við viðkomandi sveitarfélög, sbr. 13. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eða að eftir atvikum yrði vísað til annarra heimilda eða lagaákvæða sem sambandið teldi liggja umræddri vinnslu til grundvallar. Ráðuneytið svaraði með bréfi, dags. 21. júní 2012. Þar segir:

„Eins og fram kom í svari Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 3. janúar s.l. við bréfi Persónuverndar dags. 13. desember 2011 fer Samband íslenskra sveitarfélaga með kjarasamningsumboð fyrir þau sveitarfélög sem veitt hafa sambandinu umboð sitt. Heimild til þess að viðhafa þá framkvæmd er fengin í 4. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og 99. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Öll sveitarfélög landsins hafa veitt sambandinu umboð til kjarasamningsgerðar og jafnframt að koma fram fyrir þeirra hönd vegna samninganna. Um launasetningu stærsta hluta starfsmanna sveitarfélaga fer samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF. Meginmarkið samningsaðila með innleiðingu samræmðs starfsmatskerfis árið 2001 var að taka í notkun réttmætt og áreiðanlegt mælitæki til að meta sambærileg og jafnverðmæt störf á hlutlausan hátt er tryggð í jafnræði í launasetningu starfsmanna sveitarfélaga óháð kyni starfsmanna, þjóðerni, trúfélagi o.fl. Góð sátt ríkir um kerfið og framkvæmd þess hjá sveitarfélögum og stéttarfélögum.

Með starfsmati er fyrst og fremst verið að skoða innihald starfa, þ.e. menntunarkröfur sem gera þarf til starfsins, helstu verkefni og ábyrgð. Sambandið telur að ekki sé verið að vinna með persónutengdar upplýsingar um þjónustuþega þegar verkefnainnihald starfa er til skodunar til að meta störf til stiga skv. starfsmati, sem síðan ákvarðar kjarasamningsbundna launaröðun þeirra. Sambandið telur því að ekki felist í starfsmatinu vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og því komi ekki til álita hvort sambandið sé ábyrgðaraðili vinnslu eða ekki.

Telji Persónuvernd líkur á því að mat á störfum starfsmanna sveitarfélaga og röðun þeirra í launaflokka skv. kjarasamningum falli að einhverju leyti undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 er óskað eftir því að fulltrúar sambandsins fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundi með starfsmönnum Persónuverndar en sambandið telur afar mikilvægt að niðurstaða náist í þessu máli.“

Eins og fyrr greinir var sá fundur með Persónuvernd, sem SÍS óskaði eftir í framangreindu bréfi sínu, haldinn hinn 9. ágúst 2012. Af hálfu Persónuverndar var þar lagt til að SÍS gripi til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að útfyllingareyðublöð, sem starfsmenn fylltu út vegna starfsmanns, gætu ekki haft að geyma neinar upplýsingar sem rekjanlegar kynnu að vera til þeirra sem þjónusta er veitt. SÍS gaf til kynna að við fræðslu til svarenda fremst í spurningalistanum yrði bætt fræðslu um að ekki ætti að færa inn persónugreinanlegar upplýsingar um þá sem njóta þjónustu. Þá yrðu yfirmenn á hverju sambýli fræddir um að ganga úr skugga um að engar persónuupplýsingar bærust SÍS í útfylltum spurningalista. Persónuvernd benti í þessu sambandi á að ef SÍS bærust engu að síður persónugreinanlegar upplýsingar yrði að eyða þeim. Þegar yfirlýsing bærisk frá SÍS um að til framangreindra ráðstafana hefði verið gripið yrði málið tekið til efnislegrar ákvörðunar. Slík yfirlýsing hefur ekki borist þrátt fyrir að hennar hafi ítrekað verið óskað, þ.e. með bréfum, dags. 10. október 2012, 3. desember 2012 og 28. febrúar 2013. Eins og rakið hefur verið var í síðasta bréfinu vakin athygli á að ef yfirlýsing bærisk ekki yrði úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

II. Niðurstaða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Í umræddu starfsmatskerfi er óskað dæma um atvik sem komið hafa upp í störfum innan sveitarfélaga sem lúta að samskiptum við þá sem njóta þjónustu á vegum þeirra, í þessu tilviki samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Þess er m.a. óskað að nefnd séu dæmi um hvernig þeir sem njóta þjónustu geti valdið starfsmanni tilfinningalegu álagi eða komið honum í uppnám, sem og að greint verði frá aðstæðum viðkomandi og „hvaða aðilar“ valdi mestu álagi. Þá er óskað dæma um hvernig einstaklingar geti verið persónulega háðir tiltekinni þjónustu og hvað starfsmaður geri fyrir viðkomandi, sem og um móðganir, svívirðingar eða aðra andfélagslega hegðun sem starfsmaður verður fyrir, s.s. yfirgang eða áreitni frá notendum þjónustu.

Þau dæmi, sem óskað er eftir í umræddu starfsmatskerfi, eru það ítarleg að í ákveðnum tilvikum má telja unnt að rekja svör til notenda þjónustu í ljósi samhengis upplýsinga – og það þó svo að nöfn komi ekki fram. Þetta getur m.a. átt við þegar greina má tiltekinn einstakling af samhengi upplýsinga, s.s. um aðstæður viðkomandi, hvar hann er búsettur og hver fötlun hans er.

2.

Sá sem ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga er í lögum nr. 77/2000 nefndur ábyrgðaraðili, en þar er nánar tiltekið átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna. Ábyrgðaraðili getur samið við annan aðila um að vinna með upplýsingar á sínum vegum, þ.e. svonefndan vinnsluaðila, sbr. 5. tölul. 2. gr., og er einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila samkvæmt sérstökum vinnslusamningi, sbr. 13. gr. laganna. Ekki liggur fyrir að sveitarfélögin hafi gert slíkan samning við SÍS. Þá verður ekki annað ráðið af bréfaskiptum í þessu máli en að SÍS hafi tekið allar ákvarðanir í tengslum við umrædda vinnslu. Er því hér byggt á því að SÍS sé ábyrgðaraðili að vinnslunni.

3.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverri af kröfunum í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar þarf einnig að vera fullnægt einhverri af kröfunum í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna, og teljast upplýsingar um fötlun til slíkra upplýsinga.

Hér reynir á hvort umrædd vinnsla geti helgast af 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. þess efnis að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar þar sem ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins. Þá reynir á hvort vinnslan sé heimil á grundvelli 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. þess efnis að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Við mat á heimildum samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 þarf að líta til þeirra ákvæða í öðrum lögum sem við geta átt hverju sinni. Samkvæmt 99. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem nú hafa komið í stað eldri laga um sama efni nr. 45/1998, geta sveitarfélög haft með sér samvinnu um gerð og samþykkt kjarasamninga við starfsmenn sína og önnur atriði tengd

framkvæmd og stefnumótun í launamálum. Samkvæmt 1. mgr. 98. gr. geta sveitarfélög falið SÍS að fara með sameiginleg hagsmunamál eftir því sem þau ákveða. Þá segir í 5. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna að sveitarstjórnir geti haft með sér samvinnu um samningsgerð og falið sameiginlegri samninganefnd samningsumboð sitt.

Af framangreindum ákvæðum leiðir að sveitarfélögin geta falið SÍS að gera kjarasamninga fyrir sína hönd. Þar er átt við heildarsamninga á vinnumarkaði sem skapa umgjörð um launagreiðslur og starfskjör í þeim störfum sem undir þá falla. Fram hefur komið að umrætt starfsmat, sem unnið er hjá sambandinu, er gert samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi. Það tengist hins vegar ekki gerð kjarasamninga heldur ákvörðunum um nánari kjör tiltekinna starfsmanna á grundvelli þeirra. Ekki verður þó útilokað að sveitarfélög megi fela sambandinu það verkefni. Vinnsla persónuupplýsinga verður við framkvæmd þess að styðjast við fullnægjandi lagaheimildir en þá verður jafnframt að gæta meðalhófs, sbr. 7. gr. laganna.

Til að umrædd ákvæði gætu falið í sér heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. um þá sem njóta þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þyrftu þau að mæla skýrlega fyrir um það, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, en svo er ekki. Þá fellur vinnslan hvorki undir fyrrgreint ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 9. gr., sbr. og 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., né heldur aðrar heimildir að lögum. Verður ekki séð að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé nauðsynleg við framkvæmd starfsmats.

Niðurstaða Persónuverndar er því sú að SÍS sé óheimil sú öflun viðkvæmra persónuupplýsinga sem hér um ræðir. Með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 er lagt fyrir sambandið að láta af þeirri upplýsingaöflun. SÍS skal senda Persónuvernd lýsingu á því hvernig umræddu starfsmati hafi verið breytt í ljósi þessa fyrir 1. nóvember nk.“

3.2.34. Öflun tollstjóra á upplýsingum um skipverja – mál nr. 2012/1480

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir upplýsingaöflun tollstjóra á fylgiblaði með eyðublaði um skipverja og vörur þeirra um borð í skipi. Taldi maðurinn óljóst hver tilgangur fylgiskjalsins væri og hver bæri ábyrgð á því. Persónuvernd gerði ekki athugasemdir við vinnsluna þar sem hún taldi hana vera í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga en tollstjóri hafði vísað til ákvæða 1. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi, sem sett var á grundvelli 2. mgr. 6. gr. og 5. mgr. 27. gr. tollalaga nr. 88/2005, sem heimild fyrir vinnslunni. Samkvæmt tédum ákvæðum reglugerðarinnar hvílir upplýsingaskylda á skipverjum sem koma til landsins frá útlöndum og er nánar fjallað um þá upplýsingagjöf í 12. gr. reglugerðarinnar. Hvað varðar fræðsluskyldu tollstjóra komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að af gögnum málsins yrði ráðið að kvartanda hefði mátt vera ljóst að fyrrnefnt fylgiblað væri á vegum tollstjóra, sem og að tilgangur embættis hans með því væri að sinna lögbundnum skyldum. Því yrði ekki séð að vinnslan hafi farið í bága við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

3.2.35. Skráning kennitalna sjúklunga í Vinnustund – mál nr. 2012/1433

Persónuvernd barst ábending um að Heilbrigðisstofnun Vesturlands gerði að kröfu að starfsmenn á bakvöktum skyldu skrá kennitölu sjúklungs í tímaskráningarkerfið Vinnustund. Persónuvernd lagði fyrir heilbrigðisstofnunina að leita annarra leiða við skráningu upplýsinga um viðveru starfsmanna á bakvöktum. Þá skyldi hún ganga úr skugga um að öllum kennitölum sjúklunga í Vinnustund yrði eytt og Persónuvernd send staðfesting þess efnis eigi síðar en 1. október 2013.

Í bréfi heilbrigðisstofnunarinnar til Persónuverndar, dags. 30. janúar 2013, sagði m.a. eftirfarandi um tilgang og aðferðir við skráningu kennitalna í tímaskráningarkerfið Vinnustund:

„Þann 14. nóvember sl. ákvað framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að frá og með 1. desember 2012, skyldu starfsmenn, sem eru á bakvöktum á rannsóknastofu,

myndgreiningardeild og á skurðstofu og fl. skrá kennitölur þeirra sjúklinga er útkallið varðaði inn í tímaskráningarkerfið Vinnustund. Starfsmenn ofangreindra deilda eru á bakvöktum en við útkall er greidd yfirvinna eins og kjarasamningar kveða á um. Það fer svo eftir hvaða starfsgrein starfsmaðurinn tilheyrir hversu margir tímar eru greiddir fyrir útkallið. Starfsfólk skurðstofu; þ.e. hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar fá greitt eftir vinnuframlagi en aðrar reglur gilda um lífeindafræðinga og geislafræðinga. Engar upplýsingar eru skráðar um tilefni ofangreindra útkalla. Til að hafa eftirlit með útköllum á bakvöktum starfsfólks var ákveðið að fara þessa leið. Hingað til hefur verið nær ómögulegt, tímafrekt og flókið að staðreyna tilefni og eðli útkalla. Ein ástæða þessa eftirlits er að fjöldi útkalla er breytilegur og ekki alltaf skýranlegur út frá því álagi, sem annars staðar er í starfseminni en tengist henni samt náíð. Annar tilgangur með skráningunni er að fylgjast með meðferðarkostnaði einstakra sjúklinga.[...] Um stóran útgjaldalið er að ræða og því brýnt að strangt eftirlit sé haft með þessum kostnaði rétt eins og öðrum útgjaldaliðum í rekstri.“

Um aðgang að tímaskráningarkerfinu Vinnustund sagði í bréfinu:

„Aðgangur að tímaskráningarkerfinu Vinnustund hefur starfsmaður með persónulegu notanda- og lykilorði. Starfsmaður skráir útkall með því að stimpla sig inn rafrænt við komu á stofnunina og út að lokinni vinnu. Í athugasemd vegna útkallsins skráir hann aðeins kennitölu sjúklings en engar aðrar upplýsingar um hann. Næsti yfirmaður starfsmanns, sem mánaðarlega yfirfer og samþykkir tímaskráningu, hefur einnig aðgang að þessum upplýsingum í Vinnustund svo og launafulltrúi. Aðrir starfsmenn hafa ekki aðgang; þar með talinn forstjóri. Eftirlit með útköllum annast framkvæmdastjóri lækninga, sem hefur aðgang að sjúkraskráringarkerfinu SÖGU. Upplýsingar um útköll og kennitölu sjúklinga fær hann frá launafulltrúa og þau gögn eru síðan samlesin við sjúkraskrá og sannreynd. Þess skal getið að kennitölur sjúklinga koma óhjákvæmilega fyrir augu starfsmanna skrifstofu af ýmsu tilefni.[...] Starfsmenn skrifstofu eru að sjálfsgöðu eins og aðrir starfsmenn bundnir þagnarskyldu, sem þeim hefur verið kynnt og þeir síðan undirritað við ráðningu.“

Loks sagði í bréfinu svo varðandi upplýsingar um skráða sjúklinga:

„Það er misskilningur í erindi starfsmanns til Persónuverndar að starfsfólki skrifstofu sé annars ekki kunnugt um hverjir eru skráðir sjúklingar á stofnuninni hverju sinni. Í erindi starfsmanns er fullyrt að hægt sé í staðinn að skoða notkun GSM síma og út frá henni meta tímasetningu útkalla. Fjarri lagi er að allar hringingar í bakvaktasíma snúist um tafarlaus útköll þó það fari stundum saman. Oft er kallað í starfsfólk á bakvakt til vinnu með góðum fyrirvara, jafnvel nokkurra tíma. Þá eru bakvaktasímar notaðir til samskipta án þess að til útkalls komi.“

Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar segir meðal annars:

„Fallist er á þau sjónarmið HV að tilgangurinn með skráningu upplýsinga um sjúklinga, eins og lýst er í bréfi, dags. 30. janúar 2013, sé málefnalegur. Aftur á móti getur Persónuvernd ekki fallist á að sú aðferð, sem HV hefur ákveðið að nota til að ná umræddu markmiði, sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga, sbr. 1. tölul. 7. gr. laganna, enda samrýmist það ekki tilgangi kerfisins Vinnustund að skrá í það viðkvæmar upplýsingar um sjúklinga sem leita meðferðar hjá heilbrigðisstofnun. Þá liggur ekki fyrir að HV hafi gert vinnslusamning við Fjársýslu ríkisins um varðveislu upplýsinga um sjúklinga. Er það því mat Persónuverndar að áframhaldandi skráning kennitalna í Vinnustund færi í bága við framangreint ákvæði þeirrar greinar.

Beinir Persónuvernd þeim fyrirmælum til HV að hún leiti annarra leiða við skráningu upplýsinga um viðveru starfsmanna á bakvöktum. Þá er jafnframt mælt fyrir um að HV geri þær nauðsynlegu ráðstafanir sem þörf er á til þess að ganga úr skugga um að öllum kennitölum, sem þegar hafa verið skráðar í Vinnustund í framangreindum tilvikum, verði eytt úr kerfinu. Óskar Persónuvernd þess að henni berist staðfesting um framangreint, sem og nánari upplýsingar um hvaða aðferð

HV hyggst nota framvegis við meðferð umræddra upplýsinga, eigi síðar en 1. október næstkomandi.“

3.2.36. Samþykkisyfirlýsingar hjá umboðsmanni skuldara – mál nr. 2012/1298

Persónuvernd lagði fyrir umboðsmann skuldara (UMS) að gera tilteknar úrbætur á samþykkiseyðublöðum sínum, nánar tiltekið hvað varðar fræðslu um afleiðingar þess ef samþykki er afturkallað og að skýrt verði tekið fram í hvaða mæli skrifleg erindi verði send til fjármálastofnana, og eftir atvikum annarra, þar sem fram kemur að viðkomandi hafi leitað til hans. Fór Persónuvernd þess á leit að UMS sendi staðfestingu um að farið hafi verið að framangreindum fyrir mælum eigi síðar en 1. ágúst 2013.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

„Persónuvernd vísar til fyrri bréfaskipta af tilefni bréfs stofnunarinnar til umboðsmanns skuldara, dags. 16. október 2012. Í því bréfi var í fyrsta lagi svaraði erindi umboðsmanns frá 6. júlí s.á. þar sem óskað var athugasemda við eyðublöð fyrir samþykki fyrir öflun gagna og umboð einstaklings til þriðja manns til að fá upplýsingar um mál hans hjá umboðsmanni. Í öðru lagi óskaði Persónuvernd skýringa varðandi það hvernig þeir sem til umboðsmanns leituðu væru fræddir um miðlun upplýsinga um þá til þriðju aðila sem fram kæmu í gagnabeidnum. Umboðsmaður skuldara svaraði með bréfi, dags. 26. nóvember 2012.

1.

Bréfaskipti

Í framangreindu bréfi Persónuverndar, dags. 16. október 2012, var gerð sú athugasemd að ekki kæmi fram í eyðublöðum fyrir samþykkisyfirlýsingar hverjar afleiðingar þess væru ef samþykki væri afturkallað, sbr. 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá var bent á að þegar einstaklingur á ekki kost á tiltekinni þjónustu eða úrræði hjá stjórnvaldi, nema hann riti undir samþykkisyfirlýsingu, gætu risið vafamál um hvort því skilyrði fyrir gildu samþykki, þ.e. samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, væri fullnægt að það væri veitt af fúsum og frjálsum vilja. Yrði þá að kanna hvort aðrar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga en samþykki gætu átt við.

Í bréfi umboðsmanns skuldara, dags. 26. nóvember 2012, kemur fram að sú athugasemd Persónuverndar verði tekin til skoðunar að í samþykkiseyðublöðum sé ekki vikið að afleiðingum afturköllunar á samþykki. Þá segir að auk 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 geti 2. og 3. tölul. sömu málsgreinar rennt stöðum undir umrædda vinnslu. Samkvæmt 2. tölul. má vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að efna samning sem hinn skráði er aðili eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Þá er vinnsla persónuupplýsinga heimil samkvæmt 3. tölul. sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu. Nánar tiltekið vísar umboðsmaður til þess að upplýsingar frá þeim sem leita til umboðsmanns skuldara séu nýttar í tengslum við samningsgerð við kröfuhafa, sem og til þeirra skyldna sem á embætti hans hvíla samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluádlögun einstaklinga.

Í bréfi, Persónuverndar, dags. 16. október 2012, segir varðandi fræðslu um miðlun:

„Í nýlegu máli Persónuverndar (mál nr. 2012/564, ákvörðun dags. 11. október 2012), var fjallað um kvörtun manns yfir því að lánveitandi hefði fært það sérstaklega í viðskiptamannaskrá sína að borist hefði skriflegt erindi frá umboðsmanni skuldara. Þessar upplýsingar notaði lánveitandinn í starfsemi sinni. Maðurinn kvaðst aðeins hafa óskað ráðgjafar hjá embættinu. Þá kvaðst hann hafa verið grunlaus um að embættið aflaði upplýsinga með skriflegu erindi til allra fjármálastofnana fremur en uppfléttingu í tölvukerfum. Má geta þess að samkvæmt samþykkisyfirlýsingu, sem fylgdi kvörtun mannsins til Persónuverndar, skyldi engum upplýsingum miðlað til þriðja aðila nema að höfðu samráði við hann og að fengnu hans leyfi.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að umrædd færsla lánaþyrftækisins hefði samrýmst 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar ákvað stjórn Persónuverndar að óska skýringa umboðsmanns skuldara á því hvernig staðið sé að því að uppfylla fræðsluskyldu ábyrgðaraðila samkvæmt 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000.“

Í svari umboðsmanns skuldara, dags. 26. nóvember 2012, segir:

„Embætti umboðsmanns skuldara telur rétt að taka fram að ekki er lengur notast við þá samþykkisyfirlýsingu sem tengist kvörtun til Persónuverndar í því máli sem vísað er til í bréfi stofnunarinnar, mál nr. 2012/564, ákvörðun dags. 11. október 2012. Ný samþykkisyfirlýsing um gagnaöflun vegna ráðgjafar var tekin í notkun sl. vor en þar kemur fram fræðslutexti þar sem umsækjandi er upplýstur um það hvaða gagna verður aflað og ástæður fyrir gagnaöfluninni. Í þeirri samþykkisyfirlýsingu heimilar einstaklingur einnig með undirskrift sinni að embættið sendi til kröfuhafa greiðsluferfiðleikamat og önnur nauðsynleg gögn þegar óskað er eftir milligöngu um samskipti og samninga við kröfuhafa.“

Í samþykkisyfirlýsingum frá umboðsmanni skuldara, sem fylgdu erindi hans frá 6. júlí 2012, segir að veitt sé heimild til að afla gagna, m.a. rafrænt, varðandi tekjur, gjöld, eignir og skuldir. Þá segir að veitt sé heimild til að hafa milligöngu um samskipti og samninga við kröfuhafa og senda til þeirra greiðsluferfiðleikamat og önnur nauðsynleg gögn. Í samþykkisyfirlýsingunum kemur hins vegar ekki fram að send verði skrifleg erindi til fjármálastofnana –þar sem upplýst sé um að þeir hafi leitað til umboðsmanns skuldara – umfram þá milligöngu sem að framan greinir.

2.

Ákvörðun Persónuverndar

Ekki eru gerðar athugasemdir við framangreindan skilning umboðsmanns skuldara á heimildum samkvæmt 8. gr. eins og á stendur, en tekið skal fram að til frekari umfjöllunar Persónuverndar kann að koma um það atriði síðar, s.s. ef stofnuninni berast kvartanir frá einstaklingum yfir vinnslu persónuupplýsinga á vegum umboðsmanns skuldara.

Með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 hefur stofnunin hins vegar ákveðið að leggja fyrir umboðsmann skuldara að gera eftirfarandi úrbætur á samþykkiseyðublöðum sínum:

1. Bætt verði við fræðslu um afleiðingar þess ef samþykki sé afturkallað.
2. Skýrt verði tekið fram í hvaða mæli skrifleg erindi verði send til fjármálastofnana, og eftir atvikum annarra, þar sem fram komi að viðkomandi einstaklingur hafi leitað til umboðsmanns skuldara.

Senda skal Persónuvernd staðfestingu á að farið hafi verið að framangreindum fyrirmælum eigi síðar en 1. ágúst nk.“

3.2.37. Miðlun persónuupplýsinga til óviðkomandi – mál nr. 2012/355

Persónuvernd felldi niður mál manns sem kvartaði yfir miðlun persónuupplýsinga um hann frá öryggisfyrirtæki. Málavextir voru m.a. þeir að starfsmaður fyrirtækisins hafði hringt í símanúmer sem kvartandi hafði gefið upp en annar aðili hafði þá fengið númerið í sínar vörslur. Í ákvörðun Persónuverndar kemur fram að stofnunin hafi rannsakað málið með þeim úrræðum sem henni séu búin að lögum og ekki hafi verið hægt að slá því föstu að fyrirtækið hafi vísitandi miðlað upplýsingum um kvartanda til óviðkomandi þriðja aðila.

Segir um þetta í niðurlagi ákvörðunar Persónuverndar um niðurfellingu:

„Þegar svo háttar til eru úrræði stofnunarinnar takmörkuð. Persónuvernd hefur rannsakað mál þetta með þeim úrræðum sem henni eru búin að lögum. Það er ekki á hennar valdi að rannsaka það frekar. Eins og það liggur nú fyrir er ekki hægt að slá því föstu að starfsmenn Securitas hafi

vísvitandi miðlað upplýsingum um kvartanda til óviðkomandi þriðja aðila.

Er málinu því lokið af hálfu Persónuverndar.“

3.2.38. Birting upplýsinga á heimasíðu stjórnvalds – mál nr. 2012/867

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem taldi að stjórnvald hefði birt persónugreinanlegar upplýsingar um sig á heimasíðu sinni. Að mati Persónuverndar varð ekki séð að mögulegt hefði verið að greina hvaða einstaklingur það væri sem sendi umrædd bréf til stofnunarinnar. Birtingin hafði því ekki falið í sér miðlun persónuupplýsinga um einstakling og félli því utan gildissviðs laga nr. 77/2000.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir meðal annars:

„Á heimasíðu Z, [...], mátti finna afrit af samskiptum stofnunarinnar við [samtökin] X. Þau samskipti hafa nú verið fjarlægð af síðunni. Þá höfðu nöfn og stöðuheiti viðkomandi einstaklinga verið fjarlægð. Á einum stað er vísað til þess að forsvarsmaður félagsins hafi sent stofnuninni tiltekið bréf en ekki útlistað nánar hver sá forsvarsmaður sé eða hvaða hlutverki hann gegni hjá samtökunum. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu X sitja fimm einstaklingar í stjórn félagsins. Að mati Persónuverndar verður ekki séð að mögulegt hafi verið að greina hvaða einstaklingur það væri sem að sendi umrædd bréf til Z.

Að mati Persónuverndar verður því ekki séð að um persónuupplýsingar, skv. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, sé að ræða og fellur málið því utan verksviðs stofnunarinnar.

Hins vegar vill Persónuvernd beina þeim tilmælum til Z að nýta umrætt tækifæri og yfirfara verkferla sína í tengslum við birtingar upplýsinga á heimasíðu sinni.“

3.2.39. Bakgrunnsathuganir lögreglu – mál 2012/969

Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Flugfreyjufélag Íslands og Flugvirkjafélag Íslands kvörtuðu yfir framkvæmd bakgrunnsathugana samkvæmt loftferðalögum. Þau töldu ríkislögreglustjóra afla of mikilla upplýsinga við framkvæmd slíkra athugana og óskuðu úrskurðar Persónuverndar. Komst Persónuverndað þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum í málinu að öflun ríkislögreglustjóra á upplýsingum um aðild manna að einkamálum, úr skrá Creditinfo Lánstrausts hf. og um hjúskaparstöðu og maka væri óheimil.

Niðurstöður úrskurðarins eru svohljóðandi:

„Í máli þessu er uppi ágreiningur um hvort við framkvæmd bakgrunnsathugunar samkvæmt lögum nr. 60/1998 um loftferðir megi afla upplýsinga um hvort viðkomandi einstaklingi hafi verið stefnt eða bíði málsmeðferðar í einkamáli og sé á skrá Creditinfo Lánstrausts hf. yfir fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga. Þá er einnig uppi ágreiningur um lögmæti öflunar upplýsinga um hjúskaparstöðu viðkomandi og um maka eða eða sambýling, auk upplýsinga um fyrri störf og námsferil undanfarin fimm ár.

Eins og fyrr er rakið hafa 1. mgr. 70. gr. c í lögum nr. 60/1998, sem og 1. og 3. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 985/2011, að geyma upptalningu á því hvaða upplýsinga skuli aflað við bakgrunnsathugun. Þær upplýsingar, sem að framan greinir og sem ágreiningur stendur um að megi afla, eru ekki sérstaklega nefndar í upptalningum ákvæðanna. Orðalag þeirra ber það hins vegar með sér að það sé ekki tæmandi. Líta verður svo á að ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr., sem rakin eru framarlega í 2. kafla hér að framan, geti rennt stöðum undir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við bakgrunnsathugun. Hins vegar verður sú vinnsla að samrýmast fyrrnefndum kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni, málefnalegan tilgang og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga.

Við mat á því hvort þessum kröfum sé fullnægt ber að líta til þess að almennt skal skýra þröngri

skýringu þau ákvæði sem takmarka mannréttindi – í þessu tilviki réttinn til friðhelgi einkalífs og um leið réttinn til atvinnufrelsis, sbr. 71. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður að túlka framangreind ákvæði laga nr. 60/1998 í ljósi reglugerðar 185/2010/ESB, nánar tiltekið greina 11.1.3 og 11.1.4 sem fyrr eru raktar, en þar er mælt fyrir um það markmið bakgrunnsathugana að fá staðfest hver viðkomandi sé, kanna sakaferil undanfarin fimm ár, sem og að kanna vinnu- og námsferil á sama tímabili. Af orðalagi verður ráðið að um lágmarkskröfur til bakgrunnsathugana sé að ræða, en ákvæðin verður engu að síður að skýra þröngt með sama hætti og umrædd ákvæði í íslenskri löggjöf. Í því sambandi skal þess getið að þau ákvæði, sem sett hafa verið um bakgrunnsathuganir, lúta fyrst og fremst að öflun upplýsinga um sakaferil fremur en einkaréttarleg atriði.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd öflun upplýsinga um aðild að einkamáli fyrir dómstólum, færslur á fyrrnefndri skrá Creditinfo-Lánstrausts hf., hjúskaparstöðu og maka eða sambyling fara fram úr því sem heimilt getur talist samkvæmt umræddum ákvæðum laga nr. 60/1998 og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 985/2011, sbr. og áðurnefndar kröfur 7. gr. laga nr. 77/2000. Þegar litið er til fyrrgreindra ákvæða reglugerðar 185/2010/ESB eru hins vegar ekki gerðar athugasemdir við að ríkislögreglustjóri fari fram á upplýsingar um náms- og starfsferil einstaklings á síðustu fimm árum. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við að ríkislögreglustjóri hafi eftirlit með skráningum einstaklinga í málaskrá lögreglu, enda hefur hann heimild til þess samkvæmt 1. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 985/2011, en lögð er áhersla á að við slíkt eftirlit sé gætt meðalhófs.

Að lokum skal tekið fram að þar sem þær upplýsingar, sem ágreiningur í máli þessu varðar, eru ekki tilgreindar sérstaklega í reglugerð nr. 985/2011 reynir hér ekki á lagastoð ákvæða í þeirri reglugerð. Þegar af þeirri ástæðu þarf ekki, við úrlausn máls þessa, að fjalla um það atriði, sbr. ósk lögmanns FÍA þar að lútandi.“

3.2.40. Miðlun Vinnumálastofnunar til ráðningarþjónustustofa – mál nr. 2012/942

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir Vinnumálastofnun (VMST). Taldi Persónuvernd VMST hafa verið heimilt að leggja fyrir manninn að skrá sig hjá tilteknum einkareknum ráðningarþjónustum í tengslum við vinnumarkaðsúrræði. Manninum hafði verið gert aðvart um afleiðingar þess ef hann færi ekki að tilmælum VMST og verið gefinn kostur á að koma á framfæri frekari skýringum áður en tekin var ákvörðun í máli hans. Niðurstaða Persónuverndar var að með því hefði VMST uppfyllt fræðsluskyldu sína um vinnslu persónuupplýsinga.

Í niðurstöðum úrskurðarins segir meðal annars:

„2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. er heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu. Við mat á því hvort slík skylda sé hér til staðar verður að líta til þeirra lagareglna sem Vinnumálastofnun starfar eftir. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsgerðir skal Vinnumálastofnun aðstoða alla á aldrinum 16 til 70 ára við atvinnuleit. Er stofnuninni gert að miðla upplýsingum um laus störf til atvinnuleitenda og veita þeim aðstoð við að finna störf við hæfi. Í 1. mgr. 19. gr. sömu laga er fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum veitt heimild til að annast milligöngu um ráðningar atvinnuleitenda.

Hér ber jafnframt að líta til þess að samkvæmt a. lið 13. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar er eitt af skilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysisstrygginga að vera virkur í atvinnuleit en með virkni í atvinnuleit skv. 14. gr. sömu laga er átt m.a. við færni til flestra almennra starfa, hafa frumkvæði að starfsleit, hafa vilja og getu til að taka starfi án sérstaks

fyrirvara, vera reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á Íslandi, vera reiðubúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf, hlutastarf eða vaktavinnu er að ræða og hafa vilja og getu til að taka þátt í vinnumarkaðsúræðum sem standa til boða.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000 er ábyrgðaraðila heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Í máli þessu liggur fyrir vinnslusamningur við tilteknar ráðningarþjónustur, dags. 2. mars 2012, þar sem fram kemur að tilgangur vinnslunnar sé að aðstoða og miðla einstaklingum, sem skráðir eru atvinnulausir í gagnagrunni Vinnumálastofnunar, í störf. Jafnframt segir að Vinnumálastofnun muni senda verksala lista yfir einstaklinga sem verið hafa atvinnulausir í 12 til 36 mánuði. Einstaklingum verði boðin þátttaka í verkefninu „Vinnandi vegur“ og þeim gert að skrá sig hjá ráðningarþjónustu sem er þátttakandi í verkefninu. Tekið er fram að vinnsla persónuupplýsinga hjá vinnsluaðila skuli framkvæmd í samræmi við fyrirmæli Vinnumálastofnunar og lög nr. 77/2000. Að auki segir að við lok samningsins skuli vinnsluaðili eyða listum með nöfnum einstaklinga og kennitölum sem Vinnumálastofnun hefur afhent honum á grundvelli samningsins.

Með vísun til framangreinds er ljóst að Vinnumálastofnun var heimilt að biðja kvartanda um að skrá sig hjá tilteknum einkareknum ráðningarþjónustum í tengslum við vinnumarkaðsúræðið „Vinnandi vegur“.

3.

Af hálfu kvartanda hefur komið fram að hann hafi ekki fengið næga fræðslu frá Vinnumálastofnun um að ef hann myndi ekki skrá sig hjá tilteknum ráðningarskrifstofum, eins og kom fram í tölvubréfi stofnunarinnar, dags. 15. mars 2012, yrði það túlkað sem höfnun á vinnumarkaðsúræðum og bótaréttur hugsanlega felldur niður tímabundið.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga ber ábyrgðaraðila að upplýsa hinn skráða um tiltekin atriði þegar hann aflar persónuupplýsinga frá honum. M.a. þarf hann að greina frá tilgangi vinnslunnar og öðrum atriðum sem hinn skráði þarf að vita um, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, til að geta gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um hvort hinum skráða sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa í för með sér sé það ekki gert.

Í málinu liggur fyrir að í kjölfar tölvubréfs Vinnumálastofnunar til kvartanda, dags. 15. mars 2012, varðandi vinnumarkaðsúræðið „Vinnandi vegur“ barst kvartanda bréf frá Vinnumálastofnun þann 30. maí 2012, þar sem stofnunin leit svo á að kvartandi hefði hafnað þátttöku í nefndu vinnumarkaðsúræði. Tekið var fram að hann hefði ekki farið að tilmælum stofnunarinnar í umræddu tölvubréfi og honum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari skýringum áður en tekin yrði ákvörðun í málinu. Í bréfinu segir m.a.

„Samkvæmt a. lið 13. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar er eitt af skilyrðum fyrir greiðslu atvinnuleysistrygginga að vera virkur í atvinnuleit en með virkni í atvinnuleit skv. 14. gr. sömu laga er átt m.a. við færni til flestra almennra starfa, hafa frumkvæði að starfsleit, hafa vilja og getu til að taka starfi án sérstaks fyrirvara, vera reiðubúinn að taka starfi hvar sem er á Íslandi, vera reiðubúinn að taka starfi óháð því hvort um fullt starf, hlutastarf eða vaktavinnu er að ræða og hafa vilja og getu til að taka þátt í vinnumarkaðsúræðum sem standa til boða.

Hafni atvinnuleitandi þátttöku í vinnumarkaðsúræðum án gildra ástæðna getur hinn tryggði þurft að sæta biðtíma eftir greiðslu atvinnuleysistrygginga skv. 58. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.“

Þegar er litið er til framangreinds er það mat Persónuverndar að Vinnumálastofnun hafi með bréfi sínu til kvartanda, dags. 30. maí 2012, fullnægt fræðsluskyldu sinni samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000 gagnvart kvartanda, að því er varðar fræðslu um hvaða afleiðingar það kynni að hafa í för með sér ef kvartandi færi ekki að tilmælum stofnunarinnar.“

3.2.41. Synjað um endurupptöku – mál nr. 2012/1091

Persónuvernd synjaði beiðni tveggja sálfræðinga um endurupptöku máls sem lokið var með úrskurði hinn 10. júní 2009. Málið varðaði störf þeirra við gerð skýrslu um ásakanir um einelti á tilteknum vinnustað. Persónuvernd taldi engan efnisannmarka vera á fyrri afgreiðslu sinni. Ekkert efnislega nýtt hefði komið fram, s.s. um að sálfræðingarnir hefðu ekki sjálfir ráðið því hvernig þeir unnu með persónuupplýsingar við gerð skýrslunnar eða um að gerður hefði verið vinnslusamningur sem hefði geta falið í sér að þeir bæru ekki ábyrgð á vinnslunni heldur verkbeiðandi. Því væru ekki efni til endurupptöku.

Úrskurður Persónuverndar er svohljóðandi:

„I.
Tildrög málsins og bréfaskipti

1.

Helstu atvik

Persónuvernd hefur borist beiðni frá X hrl. f.h. sálfræðinganna A og B, dags. 28. september 2012, um endurupptöku máls nr. 172/2009 sem stofnunin lauk með úrskurði hinn 10. júní 2009. Tilefni úrskurðarinnar var kvörtun frá C (hér eftir nefnd „kvartandi“), dags. 20. febrúar 2009. Kvörtunin varðaði aðkomu framangreindra sálfræðinga að rannsókn á því hvort hún hefði sætt einelti á vinnustað sínum, þ.e. Fjölmennt. Hafði hún þá sent kvörtun yfir einelti til Vinnueftirlits ríkisins og það mælt til þess við Fjölmennt að ásakanir hennar yrðu rannsakaðar. Voru sálfræðingarnir þá fengnir til að annast slíka rannsókn.

Sálfræðingarnir ræddu við starfsmenn hjá Fjölmennt, þ. á m. kvartanda, og sömdu skýrslu um málið sem afhent var vinnuveitanda. Í lok skýrslunnar er að finna þá ályktun sálfræðinganna að nauðsynlegt sé að gefa kvartanda skýr skilaboð um framtíð hennar í starfi. Meðal annars þurfi að meta hvort setja eigi af stað uppsagnarferli gagnvart henni.

Ekki lá fyrir að kvartanda hefði verið veitt fræðsla þess efnis að í skýrslu sálfræðinganna yrði fjallað um framtíð hennar í starfi. Í 20. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er mælt fyrir um fræðslu sem veita ber hinum skráða, en slík fræðsla á meðal annars að lúta að þeim atriðum sem hinum skráða er nauðsynlegt að vita um til að geta gætt hagsmuna sinna. Varð niðurstaða Persónuverndar sú að sálfræðingarnir hefðu ekki veitt næga fræðslu í ljósi þessa ákvæðis.

Þessi niðurstaða byggðist m.a. á því að sálfræðingarnir væru ábyrgðaraðilar að þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fólst í gerð skýrslunnar, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Sálfræðingarnir kvörtuðu yfir meðferð og úrlausn málsins til umboðsmanns Alþingis sem gaf álit sitt hinn 5. september 2012. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að sálfræðingarnir hafi ekki verið ábyrgðaraðilar og það því ekki fallið í þeirra verkahring að veita fræðslu samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Af því leiddi jafnframt að umboðsmaður taldi úrskurð Persónuverndar ekki hafa samrýmst lögum.

2.

Nánar um bréfaskipti

Eins og fyrr greinir var endurupptöku óskað með bréfi framangreinds lögmanns til Persónuverndar, dags. 28. september 2012. Við umfjöllun um þá beiðni taldi Persónuvernd frekari upplýsinga þörf, þ.e. hvort gerður hefði verið slíkur vinnslusamningur sem greinir í framangreindu álitum umboðsmanns Alþingis. Spurst var fyrir um það með bréfi til lögmannsins, dags. 8. október 2012, og þess jafnframt óskað að stofnuninni yrði sent afrit af slíkum samningi hefði hann verið gerður. Ekki barst svar og ítrekaði Persónuvernd því þessa beiðni með bréfum, dags. 23. október 2012, 26. nóvember s.á. og 3. janúar 2013. Í síðastnefnda bréfinu greindi stofnunin frá því að ef ekki bærisk svar innan tiltekins tíma yrði litið svo á að fallið hefði verið frá ósk um endurupptöku. Barst þá svar frá lögmanninum, dags. 14. s.m., þar sem ósk þar að lútandi

er ítrekuð. Í svarinu kemur fram að enginn vinnslusamningur var gerður. Nánar segir m.a.:

„Vegna bréfs Persónuverndar dags. 3. janúar sl. þá er áréttað að umbjóðendur mínir hafa þegar gert kröfu um endurupptöku málsins þannig að það er með engu móti hægt að líta svo á að þau hafi fallið frá þeirri beiðni. Málið var sent umboðsmanni til meðferðar gagnert í því skyni að fá endurupptöku málsins og kemur ekki til að umbjóðendur mínir hafi tekið nýja afstöðu um það. Hvað varðar beiðni Persónuverndar um upplýsingar um hvort gerður hafi verið skriflegur vinnslusamningur um framkvæmd verkefnisins á milli umbjóðenda minna og Fjölmenntar, þá er jafnframt áréttað að allar upplýsingar og gögn um málið lágu fyrir þegar málið var áður til meðferðar hjá stofnuninni, en slíkur vinnslusamningur var ekki gerður skriflega.

Krafa umbjóðenda minna um að fyrri úrskurður Persónuverndar verði felldur úr gildi og ákveðið verði með nýrri ákvörðun að þau hafi ekki brotið gegn ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, byggist á því aðallega að ekki hafi verið þörf á samþykki kvartanda við vinnslu máls þeirra fyrir Fjölmennt. Í samningssambandi á milli umbjóðenda minna og Fjölmenntar fólst beinlínis að upplýsinganna skyldi aflað og það skyldi unnið úr þeim og að þær skyldu afhentar Fjölmennt sem verkbeiðanda og því hafi ákvörðunarvald um bæði tilgang og vinnsluáðferðir verið í höndum Fjölmenntar en ekki umbjóðenda minna. Sú faglega sérfræðiaðferð sem umbjóðendur mínir notuðu við öflun og greiningu á upplýsingum um atburði á vinnustað Fjölmenntar við gerð umræddrar skýrslu gat ekki talist ein og sér til vinnsluáðferðar í merkingu 4. töluliðar 2. gr. laga nr. 77/2000.

Hvað varðar samþykki kvartanda við meðferð þeirra persónuupplýsinga sem hún gaf þá verður að benda sérstaklega á, að í athugasemdum kvartanda byggir kvartandi á því að hún hafi ekki verið upplýst um neitt það sem umbjóðendur mínir halda fram. Sú athugasemd kvartanda er ekki í fullu samræmi við upphaflega kvörtun hennar þar sem hún kvartaði einungis yfir því að greint væri frá viðtölum við hana, en ekki annarri vinnslu umbjóðenda minna.

Í athugasemdum kvartanda byggir hún ennfremur á að kvartandi hafi litið svo á að umbjóðendur mínir sinntu henni sem skjólstæðingi, þ.e. að þau væru að vinna fyrir hana ekki síður en fyrir verkbeiðanda. Í því samhengi ber að benda á að samband kvartanda og umbjóðenda minna var ekki hefðbundið samband sálfræðinga og skjólstæðings þar sem starf umbjóðenda minna miðaði fyrst og fremst að greiningu, ráðgjöf og meðferð. Umbjóðendur mínir voru í hlutverki utanaðkomandi ráðgjafa sem voru fengnir til að meta aðstæður á vinnustað vegna þeirra skyldna sem hvíla á atvinnurekendum skv. reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað. Kvartanda hlaut því að vera ljóst að aðkoma umbjóðenda minna í málinu var alfarið reist á frumkvæði Fjölmenntar sem atvinnurekanda skv. reglugerðinni, vegna fyrirbyggjandi ásökunar um einelti á vinnustaðnum. Ábyrgð á upplýsingaöfluninni og framkvæmd hennar hafi því eins og áður sagði verið í höndum Fjölmenntar en ekki umbjóðenda. Að þessu virtu hafa 3. gr. laga nr. 40/1976 og 5. mgr. 66. gr. a laga nr. 46/1980 ekki þá lagalegu þýðingu að ákvörðunarvald um umrædda vinnslu persónuupplýsinga hafi verið í höndum umbjóðenda minna í merkingu laga nr. 77/2000.“

Að auki er í bréfinu fjallað um þær heimildir sem lögmaðurinn telur umrædda vinnslu persónuupplýsinga hafa byggst á. Í fyrsta lagi hafi ekki verið um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, og því hafi ekki þurft að vera fullnægt einhverju skilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. laganna. Í öðru lagi renni 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna stóðum undir vinnsluna, en þar er mælt fyrir um heimild til vinnslu persónuupplýsinga sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Nánar tiltekið telur lögmaðurinn Fjölmennt hafa haft slíka stöðu og að vinnslan hafi verið nauðsynleg til að fullnægja kröfum vinnuverndarlöggjafar. Jafnframt því hafi vinnslan byggst á 4. tölul. 1. mgr. 8. gr., en þar er mælt fyrir um heimild til vinnslu persónuupplýsinga sé hún nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða.

Í niðurlagi bréfs lögmannsins segir m.a.:

„Í málinu liggur ekki fyrir vinnslusamningur á grundvelli 13. gr. [laga nr. 77/2000] þar sem gert var ráð fyrir að umbjóðendur mínir tækju að sér að hluta eða í heild, þá fræðsluskyldu sbr. 20. gr. laga nr. 77/2000 sem hvíldi á Fjölmenn. Ekki hefur verið sýnt fram á að atvik og aðstæður hafi verið með þeim hætti að umbjóðendur mínir hafa farið með ákvörðunarvald um þá vinnslu persónuupplýsinga er um ræddi í málinu í merkingu 4., sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 og þar af leiðandi borið ábyrgð á að veita lögboðna fræðslu í samræmi við 20. gr. sömu laga.“

Einnig hefur stofnunin átt samskipti við kvartanda vegna umræddrar enduruppupptökubeiðni. Hinn 4. október 2012 kom kvartandi á fund Persónuverndar. Þá sendi stofnunin kvartanda bréf, dags. 23. október 2012, þar sem henni var veittur kostur á að tjá sig um enduruppupptökubeiðnina. Hún svaraði með tölvubréfi hinn 25. nóvember s.á. og lýsti þá yfir þeirri afstöðu sinni að framangreindur úrskurður Persónuverndar skyldi standa óhaggaður.

II.

Ákvörðun Persónuverndar

1.

Skilyrði fyrir enduruppptöku

Um enduruppptöku mála er fjallað í 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Samkvæmt henni má, að beiðni málsaðila, endurupptaka mál ef :

ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða

þyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Í athugasemdum við 24. gr. í því frumvarpi, sem varð að stjórnslulögum, kemur fram að stjórnvald geti í fleiri tilvikum endurupptekið mál, s.s. ef ákvörðun hefur verið tekin á ófullnægjandi lagagrundvelli eða ef ekki hefur verið gætt nægilega vel að málsmeðferðarreglum og slíkt hefur haft áhrif á efni ákvörðunar. Þá ber að líta svo á að stjórnvald hafi heimild til enduruppptöku þegar umboðsmaður Alþingis hefur gefið tilmæli þess efnis, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis.

2.

Forsendur

Eins og fyrr greinir komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að umræddir sálfræðingar hefðu ekki verið ábyrgðaraðilar að umræddri vinnslu persónuupplýsinga. Úrskurður Persónuverndar, dags. 10. júní 2009, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að þeir hafi ekki veitt kvartanda næga fræðslu, hafi því ekki verið í samræmi við lög.

Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna, sem byggist á d-lið 2. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB. Ábyrgðaraðili getur samið við annan aðila um að vinna með persónuupplýsingar fyrir sína hönd. Sá sem samið er við nefnist þá vinnsluaðili, þ.e. aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, sbr. e-lið 2. gr. framangreindrar tilskipunar. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsluaðila aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að ábyrgðaraðili skuli gera við vinnsluaðila skriflegan samning þar sem m.a. þetta kemur fram.

Á grundvelli 29. gr. framangreindrar tilskipunar starfar vinnuhópur, skipaður fulltrúum stofnana persónuverndarstofnana í aðildarríkjum, sem þjónar m.a. því hlutverki að stuðla að samræmdri túlkun á lykillugtökum. Í álitni vinnuhópsins nr. 1/2010 (WP169) um hugtökin „ábyrgðaraðili“ og

„vinnsluaðili“ er fjallað um ýmis sjónarmið sem líta verður til við afmörkun þeirra. Á meðal þess sem þar kemur fram er að sá sem fenginn er til að vinna verk, sem krefst vinnslu persónuupplýsinga, getur talist ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu. Af þessu verður ráðið að þótt verkbeiðandinn ákveði markmið verksins getur sá sem vinnur verkið talist afmarka nánari tilgang einstakra vinnsluadgerða, þ.e. hvers vegna þær séu taldar nauðsynlegar til að þjóna settu markmiði. Einnig verður að líta svo á að þótt ákveðin vinnsluadferð sé fólgin í verkbeiðni geti sá sem vinnur verkið engu að síður farið með tiltekið ákvörðunarvald þar að lútandi, þ.e. með því að útfæra nánar hvaða aðferðum sé beitt.

Í umræddu álitni vinnuhópsins eru rakin raunhæf dæmi sem renna stöðum undir framangreinda túlkun Persónuverndar. Eins og þessi dæmi sýna getur sérþekking og sjálfstæð staða þess sem tekur að sér verk haft þýðingu við mat á því hvort hann teljist ábyrgðaraðili eða vinnsluadili. Má þar nefna að ef endurskoðandi tekur að sér verk án þess að fá nákvæm fyrirmæli um hvernig það skuli unnið telst hann alla jafna vera ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem tengist verkinu. Öðru máli getur hins vegar gegnt ef honum eru nákvæmlega lagðar línurnar um hvernig það skuli unnið (sjá bls. 29 í álitinu). Að sama skapi getur sá sem að beiðni lyfjafyrirtækis rannsakar áhrif og virkni tiltekins lyfs – og fer með ákvörðunarvald um fyrirkomulag rannsóknarinnar – talist ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga í þágu hennar ásamt lyfjafyrirtækinu (sjá bls. 30 í álitinu).

Í löggjöf er lögð áhersla á stöðu sálfræðinga sem sjálfstæðrar fagstéttar. Í því sambandi má t.d. nefna 3. gr. laga nr. 40/1976 um sérstaka trúnaðarskyldu sálfræðinga. Segir að sálfræðingi sé skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Í 4. gr. segir að um eftirlit með sálfræðingum, veitingu áminningar og sviptingu starfsleyfa eða takmörkun starfsréttinda, veittra samkvæmt lögnum, auk endurveitingar, gildi ákvæði laga um landlækni. Ákvæði læknalaga gildi að öðru leyti eftir því sem við geti átt um sálfræðinga.

Eftir að leitað var eftir vinnslusamningi milli Fjölmenntar og umræddra sálfræðinga í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis hefur fengist staðfest að enginn slíkur samningur var gerður. Af því leiðir jafnframt að ekki gátu talist hafa legið fyrir nákvæm fyrirmæli frá Fjölmennt um hvernig sálfræðingunum bæri að haga starfi sínu. Í samræmi við það liggur og fyrir að við umrædda rannsókn unnu sálfræðingarnir eftir nokkuð ítarlegum verklagsreglum sem þeir höfðu sjálfir sett sér, sbr. bréf þeirra til Persónuverndar, dags. 13. mars 2009, sem er á meðal gagna þess máls sem varð tilefni umrædds úrskurðar stofnunarinnar, dags. 19. júní s.á. Í gögnum sama máls er bréf til Persónuverndar frá Z hrl., dags. 12. maí 2009, þar sem segir að eðli málsins samkvæmt hafi Fjölmennt ekkert komið að vinnu vegna rannsóknarinnar.

Öll rök hníga að því að í ljósi sérfræðiþekkingar sinnar hafi sálfræðingarnir ráðið mestu um það hvernig verkið var unnið. Þá bendir skortur á vinnslusamningi til þess að Fjölmennt hafi talið þá ábyrga fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem þeir höfðu með höndum. Þegar litið er til þessa telur Persónuvernd ekkert hafa komið fram sem gefur tilefni til að ætla að niðurstaða stofnunarinnar í úrskurði frá 10. júní 2009 þarfnist endurskoðunar við. Er því synjað um enduruptöku málsins.“

3.2.42. Fjárhagsupplýsingar sendar á opið pósthöfund – mál nr. 2012/983

Persónuvernd tók ákvörðun um að lögfræðistofa teldist hafi ekki gætt öryggisráðstafana þegar hún sendi upplýsingar um einstaklinga í greiðsluadlögun á pósthöfund fyrirtækis sem ætla mátti að allir starfsmenn þess hefðu aðgang að.

Ákvörðunin er svohljóðandi:

„I.
Grundvöllur máls

Málavextir og bréfaskipti

Þann 29. ágúst 2012 barst Persónuvernd erindi frá Egilsson ehf. varðandi miðlun persónuupplýsinga frá Lögfræðistofu Suðurnesja. Þeim var miðlað með tölvupósti sem innihélt upplýsingar um einstaklinga sem sótt höfðu um greiðsluaðlögun. Þar segir m.a.:

„Fyrirtæki okkar var að berast þessi póstur frá lögfræðistofu. Er allt í lagi að senda svona póst um einkalíf og persónulega hagi fólks til Jóns Jónssonar út í bæ? Þessi póstur er sendur á tölvupóstföng sem í fyrirtækjum eru skoðaðir af flestum ef ekki öllum starfsmönnum. T.d. fengum við þetta tvisvar bæði á sala@a4.is og egilsson@egilsson.is. Er ekki aðferðin í svona málum að senda á starfsmenn sem hafa með málið að gera en ekki alla starfsmenn viðkomandi fyrirtækis.“

Þann 24. október sendi Persónuvernd Lögfræðistofu Suðurnesja bréf og óskaði skýringa. Lögfræðistofan svaraði með bréfi, dags. 9. nóvember 2012. Þar segir m.a.:

„[...]Umsjónarmenn hafa valið þá leið að senda frumvörp til kröfuhafa með tölvupósti og er það viðtekin venja í greiðsluaðlögunarmálum. Til að auðvelda vinnslu hafa stærstu kröfuhafarnir útbúið sérstök netföng fyrir móttöku greiðsluaðlögunarfrumvarpa. Lögfræðistofan hefur notast við slík netföng við útsendingu greiðsluaðlögunarfrumvarpa auk þess að hafa leitast við að senda tölvupósta á ákveðin netföng eða netföng ákveðinna starfsmanna innan viðkomandi fyrirtækis. Allajafna er ákveðinn starfsmaður sem ber ábyrgð á og hefur umsjón með slíkum netföngum og áframsendir tölvupósta á einstaka starfsmenn eftir því sem við á. Við á lögfræðistofunni höfum gengið út frá því að sá háttur sé á hjá þeim kröfuhöfum sem okkur hefur borið að senda greiðsluaðlögunarfrumvörp. Við þetta má bæta að starfsfólk lögfræðistofunnar hafði ástæðu til að ætla að sú framkvæmd sem hér hefur verið lýst væri almennt viðurkennd enda hefur hún tíðkast í málum sem þessum.

Það kom starfsfólki lögfræðistofunnar í opna skjöldu að almenn netföng væru í einhverjum tilfellum opin öllum starfsmönnum viðkomandi fyrirtækis enda verður það að teljast óábyrgt og óeðlilegt af hálfu þess. Það skal tekið fram að í kjölfar ábendingar dags. 29. ágúst 2012 hefur starfsfólk lögfræðistofunnar leitast við að hafa samband við kröfuhafa til að fá uppgefið sérstakt netfang eða netfang sérstaks starfsmanns þegar þannig stendur á að viðkomandi kröfuhafi er ekki með sérstakt netfang til móttöku greiðsluaðlögunarfrumvarpa.

Að því sögðu verður þó talið að sending greiðsluaðlögunarfrumvarps á viðkomandi netföng hafi samræmst áskilnaði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 og skulu hér sundurliðaðar ástæður þess. Í fyrsta lagi er í titli tölvupóstsins sérstaklega tilgreint að hann innihaldi frumvarp til greiðsluaðlögunar og ætti það að gefa starfsmanni sem ekki hefur heimild til að skoða innihald hans skýrt til kynna að um sé að ræða póst sem hann hefur ekki heimild til að opna. Í öðru lagi þá kemur fram í tölvupóstinum sjálfur fyrirvari um að ef sá er móttækur póstinn er réttur viðtakandi þá beri honum að láta umsjónarmann vita eða áframsenda hann á réttan viðtakanda ef hann er honum kunnur. Að auki fylgir eftirfarandi staðlaður fyrirvari öllum tölvupóstum sem fara frá lögfræðistofunni: „Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti hann innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Ef viðtakandi þessa tölvupósts er ekki sá sem hann er stílaður á, er viðkomandi vinsamlegast beðinn um að tilkynna sendanda það, eins og lög segja til um, og eyða tölvupóstinum ásamt viðhengjum hans án þess að afrita, dreifa til þriðja aðila eða notfæra sér á annan hátt. Sé efni þessa tölvupósts og viðhengja ótengt starfsemi LS Legal ehf., LS Finance ehf. eða LS Credit ehf. er sendandi einn ábyrgur. Óheimil notkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu.“ Í þriðja lagi er vert að hafa í huga að viðkomandi frumvarp auk greiðsluáætlunar er sent sem viðhengi viðkomandi tölvupósts svo að jafnvel þó starfsmaður slysisst til að opna slíkan tölvupóst í leyfisleysi þá blasa viðkomandi persónuupplýsingar ekki við þá þegar heldur þarf sérstakan ásetning starfsmanns til þess að nálgast þær. Að auki má benda á í þessu tilliti að sú

aðferð sem hér hefur verið lýst er vafalaust öruggari með tilliti til persónuverndar og áskilnað 1. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 en venjulegur bréfpóstur en líta má svo á að almennt netfang fyrirtækis jafngildi heimilisfangi þess á þeim tímum er við lifum í dag.“

Með bréfi, dags. 20. janúar 2013, voru svör Lögfræðistofu Suðurnesja borin undir Egilsson ehf. Þá var félaginu veittur kostur á að gera athugasemdir og koma að sínum sjónarmiðum. Engin svör hafa borist.

II.

Forsendur og niðurstaða

1.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Í 11. og 12. gr. laga nr. 77/2000 kemur m.a. fram að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Það er dæmi um öryggisráðstöfun að hindra að persónuupplýsingar séu sendar í netföng sem ekki er vitað hver gengur um.

Lögmannsstofa Suðurnesja hefur bent á að í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga sé sú skylda lögð á umsjónarmann með greiðsluaðlögun að senda frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun á alla þekkta kröfuhafa er málið varðar til að þeir geti komið fram andmælum við umsjónarmann áður en frumvarp er samþykkt sem og að þeir geti farið með kröfur sínar í samræmi við frumvarpið enda bindi það alla þekkta kröfuhafa óháð því hvort þeir hafi lýst kröfum, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 101/2010.

2.

Á lögfræðistofu Suðurnesja hefur verið valin sú leið að senda frumvörp til kröfuhafa með tölvupósti og mun stofan hafa talið það vera viðtekna venju í greiðsluaðlögunarmálum. Stofan segir að til að auðvelda vinnslu hafi stærstu kröfuhafar útbúið sérstök netföng fyrir móttöku greiðsluaðlögunarfrumvarpa og stofan hafi notast við slík netföng við útsendingu greiðsluaðlögunarfrumvarpa. Slík netföng séu hins vegar ekki alltaf fyrir hendi og í einhverjum tilvikum hafi greiðsluaðlögunarfrumvörp því verið send á almenn netföng fyrirtækja. Af hennar hálfu hefur enn fremur komið fram að allajafna beri ákveðinn starfsmaður ábyrgð og hafi umsjón með slíkum netföngum, en áframsendi tölvupósta á einstaka starfsmenn eftir því sem við á. Lögfræðistofan segir að í kjölfar bréfaskipta við Persónuvernd hafi hún leitast við að hafa samband við kröfuhafa til að fá uppgefin netföng þeirra sem fari með mál. Að mati stjórnar Persónuverndar verða ráðstafanir stofunnar ekki taldar hafa verið nægilegar í það sinn sem mál þetta varðar enda liggur ekki fyrir að lögfræðistofan hafi notað tölvupóstfang sem hún gat ætlað að tilheyrðu þeim starfsmönnum Egilsson ehf. sem færu með afgreiðslu greiðsluaðlögunarmála hjá félaginu. Með því var ekki fylgt fyrir mælum 11. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

3.2.43. Ólögmat miðlun persónuupplýsinga frá banka – mál nr. 2011/1306

Persónuvernd úrskurðaði um miðlun banka á upplýsingum um viðskiptavin sinn til vörslusviptingafyrirtækis. Hvorki lá fyrir að um hafi verið að ræða lögmeta afhendingu persónuupplýsinga til vinnsluaðila né að einhver heimild hafi staðið til að miðla upplýsingunum frá bankanum til fyrirtækisins. Því var miðlunin talin hafa verið ólögmat.

Um upphaf málsins segir svo í úrskurði Persónuverndar:

„Þann 29. nóvember 2011 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefndur kvartandi), yfir vinnslu persónuupplýsinga um sig hjá SP-Fjármögnun, nú Landsbankanum hf., og Vörslusviptingum-LMS ehf. Nánar tiltekið kvartaði kvartandi yfir því [...] að SP-fjármögnun hf. (nú Landsbankinn hf.) hafi afhent Vörslusviptingum-LMS ehf. upplýsingar um sig. [...]“

Í andmælabréfi Landsbankans við kvörtuninni segir meðal annars:

„SP-fjármögnun sem kallast nú Landsbankinn fjármögnun [...] hefur borist erindi Persónuverndar sem dagsett er 2. desember sl. þar sem óskað er eftir afstöðu bankans vegna kvörtunar A.[...]“

Landsbankinn hefur þá stefnu að láta alla verktaka, þjónustuaðila og aðra þá sem inna verk af hendi fyrir bankann [að] undirrita trúnaðaryfirlýsingu. Eftir atvikum er gerður samningur um þjónustuna þar sem kröfur bankans til þjónustukaupanna koma fram og þar á meðal meðferð trúnaðarupplýsinga. Vörslusviptingar-LMS er þar engin undantekning en við upphaf samstarfs SP-fjármögnunar og Vörslusviptinga-LMS var gerður samningur um þjónustuna þar sem m.a. var kveðið á um trúnaðarskyldu þjónustuaðilans. Landsbankinn getur því miður ekki orðið við þeirri beiðni Persónuverndar að afhenda núgildandi samning á milli SP-fjármögnunar og Vörslusviptinga-LMS þar sem samningurinn finnst ekki. Þess skal þó geta að Landsbankinn hefur undanfarið unnið að gerð þjónustusamnings bankans við Vörslusviptingar-LMS þar sem reynt verður eins og kostur er að taka tillit til þeirra kvartana sem bankanum hefur borist vegna starfa þjónustuaðilans.

Í viðskiptaskilmálum á milli kvartanda og Landsbankans er með skýrum hætti kveðið á um áskilnað bankans til að leita aðstoðar þjónustuaðila líkt og Vörslusviptinga-LMS.[...]“

Um þær upplýsingar sem bankinn afhenti til umrædds vinnsluaðila og um innheimtuferlið sem hefst í kjölfarið sagði í bréfinu:

„Það skal áreittað að Vörslusviptingar-LMS fær eingöngu lágmarks persónuupplýsingar frá Landsbankanum. Þegar málefni viðskiptavina er beint í þann farveg sem felst í þjónustu Vörslusviptinga-LMS þá sendir bankinn verkbeiðni á fyrirtækið þar sem fram kemur heimilisfang, aðsetur, símanúmer, netfang og í tilfelli kvartanda var jafnframt gefið upp bílnúmer og lýsing á bifreið. Þegar Vörslusviptingar-LMS móttækur verkbeiðnina þá kanna starfsmenn hvort að upplýsingar í verkbeiðni séu uppfærðar og réttar s.s. bera þær saman við upplýsingar hjá www.ja.is, Þjóðskrá sem og öðrum upplýsingum sem kunna að vera opinberar. Þegar fyrirtækið hefur gengið úr skugga um að persónuupplýsingar í verkbeiðninni séu réttar þá hefst innheimtuferlið. [...]Fyrsta skref fyrirtækisins [er] að hringja í viðkomandi og tilkynna honum um næstu aðgerðir, ef sú viðvörðun dugar ekki er haft aftur samband við aðila og óskað eftir fundi með viðkomandi til að ganga frá þeim atriðum sem í verkbeiðni fólust, sem er oft á tíðum vörslusvipting tækis. Ef viðkomandi verður ekki við fundarbeiðninni þá gera starfsmenn Vörslusviptinga-LMS tilraun til að hafa uppá viðkomandi á heimili, dvalarstað eða vinnustað. Starfsmenn Vörslusviptinga-LMS kynna sig almennt sem starfsmenn fyrirtækisins og að þeir séu að vinna fyrir hönd t.d. Landsbankans fjármögnunar.“

Loks sagði svo í niðurstöðum úrskurðarins um afhendingu persónuupplýsinga til vinnsluaðila:

„Almennt er ekki gerð sú krafa að afhending til vinnsluaðila uppfylli skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr.

77/2000 með sama hætti og þegar um er að ræða miðlun til þriðja aðila. Hins vegar þarf þá að uppfylla skilyrði framangreinds ákvæðis 13. gr. laganna. Þar kemur fram að ábyrgðaraðila sé heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000. Slíkt er í fyrsta lagi háð því að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit. Það er í öðru lagi háð því að hann hafi gefið honum fyrirmæli um vinnslu í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000 og að þau fyrirmæli komi fram í samningi. Í samningnum skal koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila. Ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gilda einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis. Slíkur samningur skal vera skriflegur. Um framangreint hefur Landsbankinn sagt að á milli sín og Vörslusviptinga-LMS ehf. hafi verið gerður samningur en að hann sé týndur, sbr. bréf bankans, dags. 22. desember 2011.

Þá hefur Persónuvernd borist staðfesting frá Landsbankanum, dags. 18. júní 2012, í tengslum við niðurstöðu annars máls, þess efnis að samningar við þá aðila sem sinna vörslusviptingum á fullnustueignum bankans, þ.m.t. við Vörslusviptingar-LMS ehf., hafa nú verið endurnýjaðir.

Þrátt fyrir framangreint hvílir sönnunarbyrði um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga í því tilviki sem hér er kvartað yfir á ábyrgðaraðila, hér Landsbankanum hf., eins og áður segir. Bankinn hefur hins vegar týnt þeim samningi sem hann kveðst hafa gert við Vörslusviptingar-LMS ehf. Getur hann þar með ekki sannað gerð vinnslusamnings samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000, og þar með lögmæti afhendingar persónuupplýsinga um kvartanda til Vörslusviptinga-LMS ehf. Þá liggur ekkert fyrir um að bankinn hafi, áður en hann afhenti Vörslusviptingum-LMS ehf. persónuupplýsingar um kvartanda, sannreynt að það félag gæti uppfyllt skyldur sínar að lögum. Verður afhending umræddra persónuupplýsinga því ekki talin hafa samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

3.2.44. Eyðing persónuupplýsinga sem komu gegnum svikahnapp VÍS

A kvartaði yfir persónuupplýsingum sem varðveittar voru hjá tryggingafélagi. Þær höfðu borist félaginu gegnum sérstakan hnapp, á vefsíðu félagsins, fyrir nafnlausar ábendingar um hugsanleg tryggingasvik. Persónuvernd úrskurðaði að félaginu bæri að eyða þessum upplýsingum.

Úrskurðurinn er svohljóðandi:

„Bréfaskipti

1.

Með kvörtun til Persónuverndar, dags. 16. apríl 2012, hefur A (hér eftir nefndur „kvartandi“) krafist þess að hann verði upplýstur um hver hafi sent Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) nafnlausar ábendingu þess efnis að hann hafi gerst sekur um vátryggingasvik, en auk þess skuli VÍS bannað að nota gögn um ábendinguna. Þá krefst kvartandi þess að VÍS verði gert að afhenda öll gögnin en eyða þeim að svo búnu. Ábendingin varðar mál vegna bóta fyrir tjón af völdum vinnuslyss við framkvæmdir hjá bæjarfélagi D, en samkvæmt ábendingunni átti það sér aldrei stað. Ábendingin sem barst á svokallaðan svikahnapp VÍS hinn 19. september 2010, er svohljóðandi:

„Varðar kt XXXXXX-XXXX datt af bifhjólí Y á götu próflaus Hann segir að hann hafi dottið úr vinnuvél vegna þess að hann var próflaus eg veit að vitnið sem hann segir að hefi séð það muni segja satt og rétt frá. Varð bara að koma þessu frá mér.“

Nánar segir í kvörtun:

„Þann 05.11.2010 lagði VÍS fram kæru á hendur mér vegna vátryggingasvika. Rannsókn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu lauk með bréfi dags. 12.05.2011. Þrátt fyrir það þá hefur

VÍS ekki viljað svara bréfum frá mínum lögmanni eða upplýsa um hvaða aðili það var sem setti þessa nafnlausu og röngu ábendingu inn á svikahnapp VÍS. Þessi ábending er röng og með öllu tilefnislaus því að þar segir að ég hafi dottið á bifhjóli en hið rétta er að ég datt úr vinnuvél.

Þá vil ég koma að við skýrslutöku hjá lögreglu sagði ég að ég vildi láta kanna sérstaklega hver setti þessa nafnlausu ábendingu inn á svikahnapp VÍS þann 19.09.2010 því að ég hafði ákveðna óvildarmenn í huga.

Það er því nauðsynlegt að VÍS upplýsi um þessa nafnlausu ábendingu inn á svikahnapp VÍS sem er ekki studd með neinum gögnum og með öllu tilhæfulaus.“

Kvartandi telur VÍS hafa brotið gegn eigin verklagsreglum um hvernig farið sé með ábendingar um váttryggingasvik. Þar kemur fram að tilkynnanda sé heitið trúnaði og að VÍS muni ekki upplýsa þann sem ábending lýtur eða þriðja aðila um nafn tilkynnanda. Reglurnar tilgreina þó undantekningar frá því sem kvartandi telur hér eiga við, enda þurfi hann að fá umræddar upplýsingar í hendur svo að hægt verði að upplýsa allan sannleikann og hann fái tækifæri til að leita réttar síns. Nánar tiltekið vísar kvartandi til þess að samkvæmt reglunum kunni að reynast nauðsynlegt að gefa upp nafn eða aðrar upplýsingar tilkynnanda ef meint váttryggingasvik eru kærð til lögreglu eða fara fyrir dómstóla. Þá kunni að reynast nauðsynlegt að veita þeim sem mál varðar framangreindar upplýsingar ef tilkynning felur í sér rangar sakargiftir. Sú meginregla sé höfð í heiðri að sá sem sakaður sé um meint váttryggingasvik sé saklaus uns sekt sé sönnuð.

Einnig vísar kvartandi til ákvörðunar Persónuverndar frá 9. nóvember 2010 í máli nr. 2010/412, en þar var komist að þeirri niðurstöðu að það fyrirkomulag hins svokallaða svikahnapps VÍS, sem þá var við lýði, þ.e. að mönnum væri sérstaklega veittur kostur á nafnlausum ábendingum, stæðist ekki kröfur 1. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2.

Með bréfi, dags. 31. maí 2012, var VÍS veitt færi á að tjá sig um framangreinda kvörtun. Svarað var með bréfi, dags. 29. júní s.á. Þar segir að í kvörtun birtist misskilningur um málsatvik; umrædd ábending, sem barst inn á heimasíðu VÍS, hafi ekki verið tilefni þess að kvartandi var kærður til lögreglu heldur hafi hún orðið til þess að haft var samband við vitni sem kvartandi hafði tilgreint í tjónstilkynningu. Vitnið hafi sagt það rangt að kvartandi hafi dottið úr vinnuvél heldur hafi hann dottið af vélhjóli.

Vegna kröfu kvartanda um að upplýst verði um nafn þess sem sendi inn umrædda ábendingu tekur VÍS eftirfarandi fram: Gripið hafi verið til ráðstafana í framhaldi af framangreindri ákvörðun Persónuverndar frá 9. nóvember 2010 til að tryggja lögmæti umrædds svikahnapps. Í þeim felist m.a. að sett hafi verið skýr regla um hagsmunamat þegar ósk berist um upplýsingar um hver hafi sent inn ábendingu, en samkvæmt þeirri reglu þurfi hagsmunir af aðgangi að slíkum upplýsingum að veða þyngra en hagsmunir af að þær séu ekki veittar. Umrædd ábending hafi hins vegar verið send nafnlaus. Það sé því ekki á valdi VÍS að rekja IP-töluna á ábendingunni heldur lögreglu, sbr. 7. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Vilji kvartandi leita réttar síns gagnvart þeim sem sendi tilkynninguna þurfi hann því að leita til hennar.

Varðandi kröfu kvartanda um bann við notkun gagna segir í bréfi VÍS:

„Krafa A um bann við notkun gagna þeirra sem samrýmast ekki lögum nr. 77/2000 er að mati VÍS fremur óljós. Ef Persónuvernd kemst að þeirri niðurstöðu að ábendingin samrýmast ekki lögum þá getur hún mælt fyrir um að ábendingunni skuli eytt. [...]

Skv. 21. og 84. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 getur félag slitið váttryggingum fyrirvaralaust ef váttryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi. Félag skal þegar þessi heimild er nýtt upplýsa um möguleika til þess að bera álitæfni undir úrskurðarnefnd. A hefur nú

þegar nýtt sér það úrræði sbr. 31. og 94. gr. laga nr. 30/2004.“

Einnig segir varðandi umrædda kröfu kvartanda í bréfi VÍS að rannsókn á váttryggingasvikum leiði sjaldnast til ákæru enda sönnunarbyrði erfið. Samkvæmt lögum sé þess ekki krafist að váttryggingasvik hafi verið sönnuð svo að váttryggingafélag geti fellt niður tryggingu eða eftir atvikum breytt niðurstöðu sinni um bótaskyldu. Þegar hafi verið haft samband við umrætt vitni, svik verið kærð, mál rannsakað o.s.frv. Talsvert af gögnum hafi orðið til sem ein og sér hljóti að teljast áreiðanleg.

Varðandi kröfu kvartanda um eyðingu gagna að lokinni afhendingu til hans segir í bréfi VÍS:

„Eins og fram hefur komið er uppi ómöguleiki varðandi afhendingu frekari gagna til A. A hefur nú þegar öll gögn um tilkynnanda þessarar nafnlausu ábendingar, sbr. afrit af tölvupósti þeim sem barst félaginu 19. september 2012. Ef Persónuvernd kemst að þeirri niðurstöðu að ábendingin samrýmist ekki lögum þá getur hún mælt fyrir um að ábendingunni verði eytt.“

Í niðurlagi bréfs VÍS segir að ekkert bendi til þess að upplýsingar frá umræddu vitni séu rangar. Rannsókn lögreglu og VÍS styðji þvert á móti vitnisburð þess. Upplýsingarnar feli í sér sambærilegan áreiðanleika og í mörgum öðrum váttryggingasvikamálum. Rannsóknarhagsmunir hafi valdið því að kvartandi hafi ekki verið upplýstur um vinnslu persónuupplýsinga um sig og hafi ferlið verið gagnsætt.

3.

Með bréfi, dags. 7. september 2012, var kvartanda veitt færi á að tjá sig um framangreint svar VÍS. Hann svaraði með bréfi, dags. 22. október s.á. Þar segir m.a.:

„Það er mér fullljóst að þessi ábending er óskýr, óljós, full af staðreyndavillum og með öllu röng. Þá er einnig ljóst að það fór fram opinber rannsókn af hálfu lögreglu sem var hætt í maí 2010 og þar sem meðal annars lögregla skoðaði hjólið og þann stað þar sem ég lenti í mínu vinnuslysi og komst lögregla að því að mín frásögn af mínu vinnuslysi væri í fullu samræmi við fyrri vitnisburð minn og eins komst lögregla að því að hjólið væri óskemmt.“

Í framhaldi af þessu lýsir kvartandi því að hann og umrætt vitni séu óvildarmenn vegna deilna þeirra í millum. Þá hafi vitnið átt í miklum viðskiptum við VÍS og hafi því mikla hagsmuni af að ekki komist upp að vitnisburður þess sé rangur. Auk þess hafi engin önnur vitni fundist að meintu vélhjólalysi þrátt fyrir að lögregla hafi auglýst eftir vitnum og slysið eigi að hafa átt sér stað um miðjan dag.

Kvartandi vísar til þess að samkvæmt verklagsreglum VÍS getur reynst nauðsynlegt að gefa upp nafn þess sem sent hefur ábendingu ef meint svik eru kærð til lögreglu, borin undir dómstóla eða ef um ræðir rangar sakargiftir. Eins og hér hátti til sé kvartanda nauðsynlegt að fá nafn þess sem sendi ábendinguna eða IP-tölu svo að upplýsa megji málið, en það kæmi öllum best að taka mætti skýrslu af viðkomandi og fá að vita hvaðan hann fékk upplýsingar um kvartanda og hvers vegna hann setti inn umrædda ábendingu. Nánar segir:

„Ég hyggst leita réttar míns á þann aðila sem lagði fram vísitandi rangar upplýsingar. Í þessum verklagsreglum virðist vera gert ráð fyrir því að þessar upplýsingar séu veittar. Að sjálfsögðu vil ég að það sé farið eftir öllum reglum um afhendingu þessara gagna og ef lögregla getur ein krafist þessara gagna þá förum við þá leið. En það er ekki talað neitt um lögreglu í þessum reglum VÍS um meðferð upplýsinga.“

Kvartandi lýsir þeim skilningi sínum að VÍS hafi ekki virt þá grunnreglu að menn séu saklausir uns sekt er sönnuð. Í því sambandi rekur hann ýmis atriði, m.a. að myndir, sem sýna eigi rispúr og tjón á vélhjól hans, séu frá umræddu vitni sem sé óáreiðanlegt. Lögregla hafi skoðað hjólið og hafi ekkert verið að því annað en það sem hann hafi verið búinn að greina frá áður. Þá hafi vitnið

sjálft athugasemdalaust tekið við greiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna slyssins..

Einnig segir í bréfi kvartanda að hann sjái ekki hvað það komi málinu við að sönnunarbyrði sé erfið í málum um meint vátryggingasvik. Hann sé saklaus af umræddum ásökunum og hafi Persónuvernd þegar komist að þeirri niðurstöðu að vátryggingasvikahnappur VÍS brjóti gegn lögum. Stofnunin hafi m.a. bent á að nafnlausar ábendingar gætu haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir einstakling þó svo að þær ættu ekki við rök að styðjast. Þá segir í bréfi kvartanda:

„Þetta var einmitt raunin í mínu tilfalli því bæði B og annar aðili eru óvildarmenn mínir í dag, þessi aðili virðist tengjast þessari tilkynningu á einhvern hátt því að þann 17.11.2011 fékk ég sms frá honum þar sem hann segir að hann sé að bera vitni gegn mér fyrir tryggingasvik. Þessi aðili hefur verið með hótanir gegn mér síðan haustið 2008.

Ég hef nú þegar kært þennan aðila til lögreglu. Í undirbúningi er önnur kára á þennan aðila fyrir friðhelgisbrot gegn mér og fjölskyldu minni. Þessi aðili hefur ekki verið neitt í kringum mig síðan haustið 2008 og veit þar með ekkert um mitt vinnuslys eða önnur mál.“

Varðandi það að kvartandi hafi borið mál sitt undir úrskurðarnefnd um vátryggingamál, sbr. athugasemd þar að lútandi í fyrrgreindu bréfi VÍS, dags. 29. júní 2012, tekur kvartandi eftirfarandi atriði fram: Málsmeðferð í aðdraganda úrskurðar nefndarinnar – sem dagsettur er 7. desember 2011 (mál nr. 428/2011), og er þess efnis að bótaskylda sé ekki fyrir hendi – hafi verið ófullnægjandi þar sem ekki hafi verið gætt andmælaréttar gagnvart kvartanda. Kemur fram að kvartandi hefði m.a. fjallað um það í andmælum sínum að umrætt slys hafi verið tilkynnt til bæjarfélagsins D. Samkvæmt útskrift úr dagbók lögreglu, þar sem fjallað er um meðferð kæru VÍS á hendur kvartanda og fylgdi framangreindu bréfi félagsins, fékk lögregla þær upplýsingar hjá C að umsjónarmanni framkvæmda hjá bænum hefði verið kunnugt um að kvartandi hefði lent í vinnuslysi.

II.

Forsendur og niðurstæða

1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um grun um refsiverða háttsemi eru viðkvæmar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Þá er heimilt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Það að vátryggingafélag vinni með persónuupplýsingar í tengslum við grun um vátryggingasvik getur fallið undir þessi ákvæði.

Að auki verður vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er mælt fyrir um að þess skuli gætt við meðferð persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); séu nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Hinn 9. nóvember 2010 tók Persónuvernd ákvörðun varðandi það fyrirkomulag umrædds váttryggingasvikahnapps hjá VÍS (mál nr. 2010/412), sem þá var við lýði, að veita tilkynnanda frjálst val um hvort hann sendi inn nafnlausu ábendingu eða ábendingu undir nafni. Í niðurstöðu Persónuverndar segir að í ljósi framangreindra grunnreglna sé eðlilegt, þegar opnaður sé vettvangur til tilkynninga um meint lögbrot einstaklinga, að þeir sem senda inn slíkar tilkynningar komi fram undir nafni. Sé þá einkum litið til sjónarmiða um sanngirni og áreiðanleika. Verði ekki litið fram hjá hættu á því að menn sendi í skjóli nafnleyndar inn ábendingar til þess að koma höggi á aðra. Slíkar ábendingar geti – jafnvel þótt þær eigi ekki við rök að styðjast – haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem bent er á, auk þess sem upplýsingaréttur og andmálaréttur kunni að vera brotinn á málsaðila. Í því sambandi vísaði Persónuvernd m.a. til 18. og 19. gr. laga nr. 77/2000 þar sem mælt er fyrir um rétt manna til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig og undantekningar frá þeim rétti, m.a. þegar hagsmunir annarra vega þyngra heldur en réttur hins skráða, sbr. 2. mgr. 19. gr. Fram kemur í ákvörðun Persónuverndar að í ljósi þessa gæti tilkynnandi í ákveðnum tilvikum átt rétt á nafnleynd, en að umrætt fyrirkomulag váttryggingasvikahnappsins leiði til þess að slík nafnleynd fái meira vægi umfram upplýsingarétt hins skráða heldur en lög nr. 77/2000 geri ráð fyrir. Fyrirkomulag hnappsins samrýmist því ekki þeim lögum.

Sú ábending, sem hér um ræðir, barst VÍS þegar fyrirkomulag váttryggingasvikahnappsins var með þeim hætti sem að framan er lýst. Af því leiðir jafnframt að um var að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem samrýmdist ekki kröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einkum ákvæði 1. og 4. tölul. þeirrar málsgreinar. Í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um skyldu til að leiðrétta persónuupplýsingar, eyða þeim eða auka við þær hafi þær verið skráðar án heimildar eða séu rangar, villandi eða ófullkomnar og slíkur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Þegar litið er til framangreinds fyrirkomulags váttryggingasvikahnapps VÍS – og þess að umrædd ábending er til þess fallin að hafa áhrif á hagsmuni kvartanda – verður þetta ákvæði talið eiga við um hana. Af þeim aðgerðum til að bregðast við atvikum, sem falla undir 1. mgr. 25. gr. og þar eru taldar upp, á einkum eyðing við eins og málum er hér háttað.

Fyrir liggur að kvartandi krefst eyðingar allra gagna um umrædda ábendingu en banns við notkun þeirra fram að því. Fyrir eyðingu verði gögnin hins vegar afhent honum, en af kvörtun verður ráðið að í því felist m.a. að upplýst verði um nafn þess sem sendi ábendinguna eða þá IP-tölu sem henni fylgdi. Fram kemur í skýringum VÍS að félagið hafi ekki nafnið undir höndum. Svo að komast megi að nafni umrædds einstaklings þarf rannsókn á tölvusamskiptum sem teljast verður þess eðlis að aðeins lögregla geti haft hana með höndum og þá að uppfylltum skilyrðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. einkum XI. kafla þeirra laga. Þá verður að telja vinnslu IP-tölu til að komast að umræddu nafni verða að tilheyra slíkri lögreglurannsókn. Persónuvernd getur því hvorki mælt fyrir um að upplýst verði um nafn viðkomandi né heldur þá IP-tölu sem fylgdi ábendingunni. Hvað varðar kröfu um afhendingu gagna um ábendinguna að öðru leyti liggur ekki annað fyrir en að eingöngu sé um að ræða ábendinguna sjálfa. Hana hefur kvartandi þegar undir höndum og þarf því ekki að verða við kröfu um að afhent verði gögn um ábendinguna.

Í samræmi við það sem fyrr greinir um 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000, þess efnis að Persónuvernd geti lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lögmæti vinnslu persónuupplýsinga, eru hins vegar efni til að verða við kröfu um að VÍS eyði umræddri ábendingu um kvartanda. Í tengslum við þá kröfu er til þess að líta að kvartandi kann að hafa af því hagsmuni að ábendingin sé til áfram, þ.e. svo að hann geti lagt fram kæru hjá lögreglu vegna ábendingarinnar og óskað rannsóknar samkvæmt fyrrgreindum kafla laga um meðferð sakamála. Ekki er því hér með mælt fyrir um eyðingu umræddrar ábendingar fyrirvaralaust heldur aðeins að því gefnu að sérstök krafa þar að lútandi berist VÍS frá kvartanda sjálfum. Með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 er og mælt fyrir um bann við notkun ábendingarinnar svo lengi sem hún er varðveitt.“

3.2.45. Beiðni líknarsamtaka um skattframtal heimil – mál nr. 2012/691

Persónuvernd úrskurðaði varðandi kröfu líknarsamtaka um að fá skattframtöl einstaklinga sem sóttu um mataraðstoð. Persónuvernd taldi vinnsluna geta, í ljósi verklags og vinnubragða, samrýmt hagsmunamatsreglu 8. gr. laganna. Þá tæki hún aðeins til einstaklinga sem væru í reglulegum samskiptum við samtökin - að þeirra ósk. Hún var því talin heimil.

3.2.46. Vinnsla VIRK ekki talin vera of viðtæk – mál nr. 2012/1074

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði. Kvartandi taldi að í samþykkisyfirlýsingu fælist of viðtækt umboð til upplýsingavinnslu. Persónuvernd leit til þess að um lögbundna starfsemi var að ræða og taldi ekki liggja fyrir að vinnslan bryti gegn lögum um meðferð persónuupplýsinga.

Um kvörtunina segir meðal annars svo í úrskurðinum:

„Hinn 21. september 2012 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefndur „kvartandi“), dags. 20. s.m., yfir VIRK – starfsendurhæfingarsjóði. Kvartað er yfir yfirlýsingu um samþykki fyrir gagnaöflun sem lögð er fyrir þá sem þangað leita, en hann álitur farið fram á of viðtækt umboð til upplýsingaöflunar. Með kvörtun fylgdi eintak af yfirlýsingunni sem ber þess merki að hann hafi byrjað að fylla hana út en snúist hugur og látið því ólokið.

Hinn 6. nóvember 2012 kom kvartandi á fund Persónuverndar og afhenti afrit af samþykkisyfirlýsingu sem komið hefur í stað þeirrar sem fylgdi kvörtun hans. Hann telur hina nýju samþykkisyfirlýsingu hins vegar haldna sömu ágöllum og sú eldri. Ber að líta svo á að kvörtunin lúti nú að þeirri yfirlýsingu.

Í kvörtun eru tilgreind þau ákvæði samþykkisyfirlýsingarinnar, sem þá var í notkun hjá VIRK, sem kvartandi telur einkum athugasverð. Þar er um að ræða ákvæði um annars vegar upplýsingar, sem aflað er frá þriðju aðilum, og hins vegar ákvæði um aðgang að upplýsingum. Samsvarandi ákvæði eru í hinni nýju yfirlýsingu. Samkvæmt c-lið 2. gr. þeirrar yfirlýsingar getur komið til þess að aflað verði upplýsinga frá sérfræðingum, endurhæfingaraðilum, s.s. vottorða, skýrslna, niðurstaðna mats og rannsókna og reikninga vegna starfsendurhæfingar hins skráða. Þá kemur fram í d-lið sömu greinar að upplýsinga kunni að verða aflað frá heimilislækni, trúnaðarlækni, Tryggingastofnun ríkisins (TR), Vinnumálastofnun, lífeyrissjóðum eða öðrum þeim sem koma að þjónustu í starfsendurhæfingu. Í 4. gr. er fjallað um aðgang að upplýsingum, en þar segir:

„Aðgangur að upplýsingum um hinn skráða, hvort heldur rafrænum eða á pappír verður takmarkaður við ráðgjafa hans og þá sérfræðinga sem koma að máli hans. Aðrir aðilar geta fengið upplýsingar með eftirfarandi hætti:

Heimilislæknir eða meðhöndlandi sérfræðingur hins skráða geta fengið upplýsingar um starfsendurhæfingarferli hans í formi samantektar eða staðlaðrar skýrslu.

Lífeyrissjóðir og TR geta, ef við á, fengið upplýsingar um starfsendurhæfingaráætlun

einstaklingsins, tímabil þjónustunnar, ástundun og árangur. Þetta á einungis við ef lífeyrissjóðir og/eða TR gera kröfu til þessara upplýsinga vegna greiðslu endurhæfingar- eða örorkulífeyris.

Upplýsingar með markmiðum hins skráða vegna þátttöku í aðkeyptri þjónustu fer til þjónustuaðila/úrræðaaðila hans með tölvupósti úr upplýsingakerfi VIRK.““

Þá segir í niðurstöðum úrskurðarins meðal annars:

„Starfsemi starfsendurhæfingarsjóða er lögbundin, sbr. lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þegar vinna þarf með persónuupplýsingar til að fara að þeim lögum getur vinnslan stuðst við 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, þess efnis að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu. Líta ber til 3. mgr. 10. gr. laga nr. 60/2012 í því sambandi, en þar segir að þegar einstaklingur, sem tryggður er samkvæmt lögnum, hefur þörf fyrir þjónustu annarra þjónustukerfa á vegum ríkis og sveitarfélaga til að bæta starfsgetu sína skuli ráðgjafar starfsendurhæfingarsjóða leita eftir samstarfi við hlutaðeigandi þjónustuaðila í samráði við viðkomandi einstakling. Í ljósi þessa telur Persónuvernd umrædda vinnslu geta fallið undir framangreint ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 60/2012 skal starfsendurhæfingarsjóður starfa sem sjálfseignarstofnun sem stofnuð er af félögum á vegum einstaklinga eða samtaka á vinnumarkaði. Um aðild einstaklinga að starfsendurhæfingarsjóði fer eftir 2. mgr. 4. gr. laga nr. 60/2012 og er meginreglan sú að um hana fari eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein. Í 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Þegar lítið er til framangreindra ákvæða laga nr. 60/2012 telur Persónuvernd vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga á vegum VIRK geta stuðst við þessa heimild.

Tekið er fram í ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 að persónuupplýsingum, sem unnið er með á grundvelli þess, megi ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða. Svo að samþykki teljist gilt verður einstaklingur að hafa veitt það sjálfviljugur. Þegar yfirlýsing um að upplýsingum megi miðla áfram er gerð að skilyrði fyrir tiltekinni þjónustu er því sérstakt álitafni hvort um samþykki í skilningi þessa ákvæðis sé að ræða. Í því sambandi skiptir máli hvort um sé að ræða óhjákvæmilegan þátt í þjónustunni, þ.e. ekki sé unnt að veita hana nema miðlunin eigi sér stað. Þegar svo háttar til getur yfirlýsing talist fela í sér samþykki samkvæmt umræddu ákvæði. Við mat á því hvort þetta geti átt við um eyðublað með yfirlýsingu um samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga hjá VIRK ber að líta til þess fyrirkomulags við starfsendurhæfingu sem lög gera ráð fyrir, sbr. m.a. fyrrgreint ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 60/2012 um samstarf við aðila í öðrum þjónustukerfum. Í almennum athugasemdum í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að þeim lögum, segir:

„Mikilvægt er að einstaklingar sem þurfa aðstoð til að verða virkir í samfélaginu fái þjónustu við hæfi hverju sinni og því er gert ráð fyrir að fagaðilar innan fleiri en eins þjónustukerfis, svo sem heilbrigðiskerfis og félagslega kerfisins, vinni mjög náið saman þegar þess gerist þörf. Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir að atvinnutengd starfsendurhæfing verði einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar þar sem starfsendurhæfingarsjóðir og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga starfi saman eins og kostur er. Allir hlutaðeigandi leitist jafnframt við að skilgreina og sinna hlutverkum sínum með þeim hætti að sem flestir eigi þess kost að vera virkir á vinnumarkaði.“

Af framangreindu verður ráðin sú afstaða löggjafans að starfsendurhæfing fari ekki alfarið fram hjá starfsendurhæfingarsjóði heldur sé aðkoma sérfræðinga og stofnana utan sjóðanna óhjákvæmilegur þáttur í henni. Ekki hefur komið fram að miðlun á grundvelli þeirrar yfirlýsingar,

sem lögð er fyrir þá sem leita til VIRK, sé umfram það sem telja megi nauðsynlegan þátt í starfsemi sjóðsins. Af því leiðir jafnframt að líta má á yfirlýsinguna sem samþykki fyrir miðlun í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Þar sem öðrum skilyrðum þess ákvæðis verður talið fullnægt telst umrædd vinnsla persónuupplýsinga eiga stoð í því ákvæði. Þá verður fyrrgreint ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 einnig talið skjóta stoðum undir vinnsluna. Þegar af þeirri ástæðu þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort kröfum annarra heimildarákvæða laga nr. 77/2000 sé fullnægt, s.s. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr., og telst vinnsla á vegum VIRK vera heimil. Í úrskurði þessum er hins vegar ekki tekin afstaða til vinnsluheimilda þeirra sem láta VIRK persónuupplýsingar í té.

Auk þess sem vinnsla persónuupplýsinga þarf að styðjast við heimild samkvæmt 8. og, eftir atvikum 9. gr., laga nr. 77/2000 þarf hún m.a. að samrýmast grunnkröfum 7. gr. laganna um sanngirni og meðalhóf. Ekki liggur fyrir að vinnsla á grundvelli framangreindrar yfirlýsingar brjóti gegn þeim kröfum né heldur öðrum kröfum sem leiddar verða af lögum. Þegar litið er til þess og alls framangreinds telur Persónuvernd umrædda vinnslu persónuupplýsinga samrýmast lögum nr. 77/2000.“

3.2.47. Óheimil miðlun umboðsmanns skuldara – mál nr. 2012/831

Persónuvernd úrskurðaði um miðlun persónuupplýsinga frá umboðsmanni skuldara til sveitarfélags og komst að þeirri niðurstöðu að miðlunin hefði verið ólögmat. Um var að ræða upplýsingar um greiðslur vegna tímabundinnar örorku. Umboðsmaður skuldara viðurkenndi að umrædd miðlun hafi verið óheimil. Taldi Persónuvernd af þeim sökum ekki vera efni til þess að fjalla frekar um atvikið en gaf umboðsmanni fyrirmæli um öryggisráðstafanir.

Um kvörtunina segir svo í úrskurði Persónuverndar:

„Þann 27. júní 2012 barst Persónuvernd kvörtun frá A (hér eftir nefndur kvartandi), vegna miðlunar persónuupplýsinga frá umboðsmanni skuldara til félagsþjónustunnar í Hafnarfirði. Í kvörtuninni kom m.a. fram að starfsmaður umboðsmanns skuldara hefði sent starfsmanni Fjölskylduþjónustunni í Hafnarfirði tölvupóst sem innihélt upplýsingar um að kvartandi hefði hlotið greiðslu fyrir tímabundna örorku frá Tryggingarstofnun ríkisins á sérstaklega tilgreindu tímabili, upphæð greiðslu og heildarupphæð greiðslna. Kvartandi var ósáttur við þessa miðlun og taldi hana óheimila.“

Í svari umboðsmanns skuldara sagði meðal annars:

„Málavextir eru þeir að umboðsmaður skuldara hefur til meðferðar umsókn A um greiðsluáðlögun á grundvelli laga nr. 101/2010 um greiðsluáðlögun einstaklinga. Í tengslum við afgreiðslu umsóknarinnar hefur umboðsmaður aflað gagna í samræmi við ákvæði laga nr. 101/2010 og í samræmi við hlutverk og skyldu umboðsmanns skuldara skv. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 100/2010. Vegna framangreindrar gagnaöflunar sendi starfsmaður umboðsmanns skuldara tölvupóst til félagsþjónustu Hafnarfjarðar, þar sem óskað var upplýsinga um hvort að A fengi áframhaldandi fjárhagsaðstoð frá bænum. Fyrir mannleg mistök starfsmanns umboðsmanns kom fram í tölvupóstinum að umsækjandi hefði fengið endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins á ákveðnu tímabili.“

Loks segir í niðurstöðum úrskurðarins meðal annars:

„Umboðsmaður skuldara hefur viðurkennt að starfsmanni hans hafi ekki verið heimilt að senda umræddar upplýsingar til starfsmanns Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar. Þá hafi umboðsmaður farið yfir verkferla sína og fundað með starfsmönnum sínum vegna málsins og þeim verði kynn timer verkferlar með ítarlegum hætti til að koma í veg fyrir að sambærileg mistök verði gerð aftur.

Þegar litið er til framangreindra skýringa umboðsmanns skuldara telur Persónuvernd, eins og á stendur, ekki tilefni til frekari umfjöllunar. Stofnunin vill hins vegar ítreka mikilvægi þess að

eftirleidis verði þess gætt að starfsmenn sendi ekki meiri upplýsingar til þriðja aðila en þörf er á hverju sinni.“

3.2.48. Óheimil miðlun Landsbókasafns á félagatali kommúnista – mál nr. 2011/766

Persónuvernd úrskurðaði í máli varðandi afhendingu Landsbókasafni Íslands á félagatali kommúnista á árunum 1930-1938. Umrædd afhending fór fram í þágu sagnfræðirannsóknar, en þess var ekki gætt að afla leyfis vegna hennar. Því var þessi miðlun safnsins óheimil. Var tekið fram í úrskurðinum að hann tæki eingöngu til þeirra upplýsinga sem ekki hefðu náð 80 ára aldri. Þá komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að Landsbókasafn væri ábyrgðaraðili gagnvart hinum skráðu og bæri það því þær skyldur sem að samkvæmt lögum nr. 77/2000 hvíla á ábyrgðaraðila vinnslu persónuupplýsinga gagnvart hinum skráða. Hins vegar teldist rannsakandi ábyrgðaraðili að eftirfarandi vinnslu eftir að honum hefðu verið afhent umrædd gögn.

Um leyfisskyldu vinnslunnar segir í niðurstöðum úrskurðarins:

„Að því marki sem að vinnsla persónuupplýsinga fellur innan gildissviðs laganna verður hún að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða, sbr. 8. tölul. 2. gr. sömu laga verður vinnslan einnig að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr. laganna. Samkvæmt a-lið 8. tölul. 2. gr. teljast stjórnámálaskoðanir einstaklinga til viðkvæmra persónuupplýsinga. Upplýsingar um þá sem voru í Kommúnistaflokki Íslands á árunum 1930-1938 teljast til stjórnámálaskoðana og af þeirri ástæðu þarf miðlun félagatals flokksins að styðjast við bæði heimild í 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000.

Til að leggja mat á hvort heimild sé til staðar samkvæmt lögum nr. 77/2000 er nauðsynlegt að líta fyrst til ákvæða 9. gr. laganna, en sé ekki heimild þar til staðar er ekki þörf á að líta frekar til 8. gr. sömu laga. Þeir tölulíðir sem helst koma til greina í því máli sem hér um ræðir eru 1. og 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í 1. tölul. segir að vinnsla sé heimil hafi hinn skráði samþykkt vinnsluna. Af hálfu Landsbókasafns hefur komið fram að ekki hafi verið leitað eftir samþykki hinna skráðu og getur því umræddur tölulíður ekki átt við í þessu tilviki. Í 9. tölul. er gert ráð fyrir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

Í athugasemdum við 9. tölul. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000 kemur fram að það sé hlutverk Persónuverndar að tryggja að slíkar ráðstafanir séu fullnægjandi og setja viðhlítandi skilmála í því skyni. Í þessu sambandi sé þá rétt að hafa í huga að sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar sem eru persónugreindar eða persónugreinanlegar, t.d. dulkóðaðar, kann vinnslan að vera leyfisskyld skv. 33. gr.

Í VI. kafla laga nr. 77/2000 er fjallað um leyfis- og tilkynningarskylda vinnslu persónuupplýsinga, sbr. ákvæði 31. og 33. gr. laganna. Persónuvernd hefur sett frekar reglur um hvenær þurfi leyfi Persónuverndar fyrir vinnslu persónuupplýsinga og hvenær þurfi að tilkynna um slíka vinnslu til stofnunarinnar, n.t.t. reglur nr. 712/2008.

Í 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2008 er fjallað um hvenær vinnsla persónuupplýsinga er háð skriflegri heimild Persónuverndar. Í 7. tölul. þeirrar greinar kemur fram að miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu vísindarannsóknar sé leyfisskyld, enda standi ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga ekki að framkvæmd rannsóknarinnar. Í 2. mgr. sama ákvæðis segir þó jafnframt að slík vinnsla sé ekki háð heimild Persónuverndar byggi hún á upplýstu samþykki eða fyrirmælum laga.

Með vísan til framangreinds er það því niðurstaða Persónuverndar að umrædd vinnsla sé leyfisskyld hjá stofnuninni, enda hefur ekki verið aflað samþykkis þeirra sem eru á lífi. Slíks leyfis var ekki aflað af hálfu safnsins og rannsakenda þegar að aðgangur var veittur og telst vinnslan, þ.e. miðlunin, því ekki hafa verið í samræmi við lög nr. 77/2000.

3.2.49. Óheimil miðlun nafnalista vegna rannsóknar – mál nr. 2012/398

Persónuvernd úrskurðaði að LSH hafi verið óheimilt að láta af hendi lista yfir sjúklinga vegna rannsóknar um ofbeldi í nánnum samböndum. Þá lagði Persónuvernd fyrir LSH að yfirfara vandlega allar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru þegar starfsfólk spítalans fer í gögn hans og sækir sér efnivið í eigin rannsóknir.

Um málsatvik sagði í kvörtuninni til Persónuverndar:

„[U]mbjóðandi okkar leitað[i] á göngudeild geðdeildar Landspítalans vegna andlegrar vanlíðunar árið 2011. Við komu á göngudeildina var umbjóðanda okkar gert að fylla út eyðublað með helstu persónuupplýsingum, m.a. netfangi, en útfylling eyðublaðsins var skilyrði þess að umbjóðandi okkar fengi þjónustu á göngudeildinni.

Nokkrum mánuðum síðar fékk umbjóðandi okkar meðfylgjandi fjöldataölvupóst sem innihélt beiðni um þátttöku í rannsókn varðandi ofbeldi í nánnum samböndum, en í tölvupóstinum segir:

Þú ert beiðin(n) að taka þátt í þessari rannsókn vegna þess að þú hefur nýlega notið þjónustu bráðamóttöku eða göngudeild geðsviðs LSH

Með útsendingu tölvupóstsins með þessum hætti er ljóst að Landspítalinn og/eða Háskóli Íslands hafa brotið með alvarlegum hætti gegn friðhelgi einkalífs umbjóðanda okkar og er hér með kvartað yfir framangreindri háttsemi.“

Í andmælabréfi Háskóla Íslands kom meðal annars fram eftirfarandi:

„Málið varðandi rannsóknina sjálfa var [...] á forræði Vísindasiðanefndar þar sem leyfi til rannsókna eru veitt og þau afturkölluð ef svo ber undir. Vísindasiðanefnd afturkallaði leyfi A með ákvörðun sinni dags. 17. janúar 2012, þar sem samþykki nefndarinnar fyrir rannsókninni Rannsókn á heilbrigðisþjónustu varðandi ofbeldi í nánnum samböndum var afturkallað. A kærði þá ákvörðun Vísindasiðanefndar til Velferðarráðherra en ráðuneytið staðfesti ákvörðun Vísindasiðanefndar. Eftir þau málalok var farið yfir [...] niðurstöðuna með A og litið svo á að ekki þyrfti að grípa til frekari aðgerða þar sem að rannsóknarleyfið hafði verið afturkallað að fullu og rannsókn stöðvuð.“

Þá kom fram í andmælabréfi Landspítala eftirfarandi um málsatvik:

„Þann 28. mars 2011 sendi A umsókn um leyfi fyrir rannsókn til framkvæmdastjóra lækninga. Rannsóknin varðar ofbeldi í nánnum samböndum. Umsókninni fylgdu tilteknar upplýsingar um hina áformuðu rannsókn, m.a. spurningalisti og upplýsingablað, sem senda átti þátttakendum, og ferilskrá A. Umsóknin var samþykkt með bréfi dags 30. mars 2011. Samþykkið var bundið þeim skilyrðum að rannsóknin færi fram á Landspítala og að Persónuvernd yrði tilkynnt um rannsóknina eða leyfi hennar fengið ef persónugreinanleg gögn yrðu notuð til rannsókna. Í bréfinu var þess sérstaklega getið að val þátttakenda kallaði á upplýsingar úr sjúkraskrá og gerð athugasemd við að ekki væri getið um aðra umsækjendur. Afrit bréfsins var sent til formanns Vísindasiðanefndar og forstjóra Persónuverndar. Framkvæmdastjóri lækninga fékk ekki frekari upplýsingar um rannsóknina og ekki var óskað eftir leyfi hans fyrir breytingum sem síðar áttu sér stað á hinni áformuðu rannsókn.

Samhliða umsókn til framkvæmdastjóra lækninga sótti A um leyfi til Vísindasiðanefndar. [...] Eftir bréfaskipti milli A og Vísindasiðanefndar og lagfæringar á umsókninni veitti nefndin leyfi til rannsóknarinnar þann 31. maí 2011.

Á fundi sínum 13. sept. 2011 samþykkti Vísindasiðanefnd umsókn A um breytingu á áður samþykktri umsókn. Með hinni nýju samþykkt var honum veitt heimild til þess að fá afhent tiltæk tölvupóstföng þeirra sem tilheyrðu viðkomandi markhópi og notið höfðu þjónustu á kvennasviði Landspítala. Áætlað var að breyta fyrri áætlun um framkvæmd rannsóknarinnar þannig að sendur

yrði tölvupóstur til þeirra sem voru með uppgefin netföng í sjúkraskrá í stað þess að senda þeim hefðbundin bréf í pósti. Í leyfinu var gerð krafa um það að heilbrigðis- og upplýsingateknideild Landspítala (HUT) skyldi vinna listann og að ábyrgðarmaður rannsóknarinnar hefði einn aðgang að honum.

A, ábyrgðarmaður rannsóknar, sendi tilkynningu til Persónuverndar um rannsóknina en sótti ekki um leyfi. Ítrekað skal að í umræddu leyfi framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala, dags. 30. mars 2011, kom fram að upplýsingar um dvöl eða heimsóknir á Landspítala teldust til sjúkraskrár og að leyfi Persónuverndar þyrfti að vera til staðar ef til staði að nota persónugreinanleg gögn. Í tilkynningu til Persónuverndar virðist hann hafa komist hjá því að svara spurningunni um það hvert þátttakendalistarnir verði sóttir. Í svari hans undir þeim lið var fjallað um aðra hluti og spurningunni því ósvarað. Hafa verður hins vegar í huga að við gerð tilkynninga til Persónuverndar eru upplýsingar í raun aðgreindar frá þáttökulistum og sérstaklega spurt hvort upplýsingar verði sóttar í sjúkraskrá. Með útfyllingu tilkynningarinnar svarar A því hins vegar til að upplýsingarnar verði ekki sóttar í sjúkraskrá.

[...]

Eftir að mistökin áttu sér stað með útsendingu þátttakendalistans var Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá falið að kanna hvernig það atvikaðist. Nefndin kannaði hvernig listar úr sjúkraskrá höfðu verið unnir og kom þá eftirfarandi í ljós:

Starfsmaður heilbrigðis- og upplýsingateknideildar var beðinn um að taka út lista fyrir kvennasvið og fylgdi beiðninni leyfi Vísindasíðanefndar, undirritað af formanni nefndarinnar, þess efnis að heimilt væri að taka út skráð netföng þátttakenda á kvennasviði og senda þeim spurningalista í tölvupósti. Listar með netföngum voru sendir A, ábyrgðarmanni rannsóknarinnar, sem afhenti þá ásamt texta ætluðum væntanlegum þátttakendum til starfsmanns HÍ, sem sendi könnunina út.

Listar með pósthöfundum þeirra sem ekki voru með skráð netföng og til stóð að senda bréfpósti voru læstir með lykilorði og afhentir samkvæmt beiðni. Útsending bréfanna var hins vegar stöðvuð eftir að rannsóknin var stöðvuð í kjölfar mistakanna.

Samsvarandi listi var unninn á geðsviði án leyfis eins og að framan greinir. A beindi beiðni sinni til heilbrigðisritara á geðsviði og fól honum að taka listann saman. Þetta gerði A væntanlega í krafti starfs síns á sviðinu. Listinn með netföngum var sendur A sem afhenti hann ásamt texta ætluðum væntanlegum þátttakendum til starfsmanns HÍ, sem sendi könnunina út. Væntanlegir þátttakendur sem ekki höfðu skráð netfang hafa fengið spurningalistann sendan með pósti.“

Í bréfi Landspítala er einnig fjallað um hugsanlegar úrbætur og aðgerðir spítalans í kjölfar atviksins.

Loks sagði í niðurstöðum úrskurðarins meðal annars:

„Í 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á. Óumdeilt er í máli þessu að umrædd miðlun fór fram í þágu vísindarannsóknar.

Í 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Í athugasemdum við framangreint ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 77/2000 kemur fram að tölulíðurinn geti átt við vinnslu sem fer fram í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi.

Með vísan til framangreinds er ljóst að miðlun persónuupplýsinga úr sjúkraskrá til ábyrgðaraðila vísindarannsóknar á heilbrigðissviði getur verið heimil, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum.

Í því sambandi ber við vinnslu persónuupplýsinga m.a. að fara að grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þar sem m.a. segir í 1. tölul. ákvæðisins að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Þá segir í 1. mgr. 11. gr. að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal beita ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Í 4. gr. reglna Persónuverndar nr. 299/2001, eru einnig ákvæði um öryggi persónuupplýsinga. Þar segir að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja nægilegt öryggi og vernda persónuupplýsingar m.a. gegn því að þær glatist. Við val öryggisráðstafana skuli taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Skuli þær tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu, og viðkvæmu eðli sjúkraskráa, þarf að gæta öryggisráðstafana þegar að upplýsingum er miðlað frá ábyrgðaraðila til rannsakanda í þágu vísindarannsóknar, þrátt fyrir að vinnslan sem slík teljist heimil. Meðal slíkra ráðstafana er sú að auðkenna vísindarannsóknir með rannsóknarnúmeri, svo hægt sé að rekja feril þeirra innanhúss hjá ábyrgðaraðila. Þá ber ábyrgðaraðila einnig að tryggja, með tæknilegum öryggisráðstöfunum, að nafnalistum sé ekki miðlað úr sjúkraskrárkerfi spítalans, nema að viðkomandi rannsakandi hafi fengið til þess leyfi Persónuverndar, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997, um sjúkraskrár. Fyrir liggur að það var ekki gert í því tilviki sem hér um ræðir. Þá hefur ekkert komið fram um að aðrar viðhlítandi ráðstafanir hafi verið viðhafðar. Verður því ekki talið að viðhlítandi öryggis hafi verið gætt í því tilviki sem málið varðar.

Með vísan til 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er hér með lagt fyrir Landspítala að nota umrætt tilefni til þess að fara yfir starfsreglur sínar um meðferð trúnaðarupplýsinga - þ. á m. miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga úr sjúkraskrá - með heilbrigðisstarfsmönnum stofnunarinnar.“

3.2.50. Ættartengsl skilaneftarmanna; leyfisumsókn – mál nr. 2012/1436

Persónuvernd svaraði erindi manns sem óskaði eftir leyfi til að nota ættfræðigagnagrunn til að rannsaka hugsanleg ættartengsl milli manna. Eins og á stóð taldi Persónuvernd ekki verða séð að leyfi stofnunarinnar þyrfti til þessa, enda kom ekki fram að unnið yrði með upplýsingar um einkalífsatriði á borð við ættleiðingar, fóstursamninga, samvistarslit og hjónaskilnaði. Ef svo bæri undir - og hvorki væri byggt á samþykki né unnt að fella vinnsluna undir sérstaka lagaheimild - þyrfti hins vegar slíkt leyfi.

Svarið Persónuverndar var svohljóðandi:

„Persónuvernd vísar til erindis þíns frá 4. desember sl., ítrekuðu í dag. Í erindi þínu segir:

"Óska hér með eftir leyfi til að rannsaka hugsanleg ættfræðitengsl milli manna úr ættfræðigrunni X ehf."

Ekki er útskýrt nánar í erindinu hvaða ættfræðitengsl fyrirhugað er að skoða, í hvaða tilgangi o.s.frv. Í öðrum samskiptum hefur hins vegar komið fram að rekja eigi ættir manna í skilaneftndum, sbr. m.a. símtal við þig hinn 4. desember sl. og símtal við A, forstöðumann X ehf. hinn 5. s.m.

1.

Í framkvæmd Persónuverndar varðandi vinnslu ættfræðiupplýsinga hefur verið skilið á milli svonefndra almennra lýðskrárupplýsinga annars vegar og upplýsinga um einkalífsatriði hins vegar. Lítið hefur verið svo á að ríkar heimildir standi til vinnslu með fyrrnefndu upplýsingarnar, þ. á m.

upplýsingar um nöfn einstaklinga, nöfn niðja þeirra, foreldra og maka. Þegar um ræðir upplýsingar um einkalífssatriði, s.s. um ættleiðingar eða nafn fyrri maka í barnlausu hjónabandi, getur hins vegar oft þurft samþykki hlutaðeigandi einstaklinga fyrir birtingu. Er þá horft til þess fordæmis sem birtist í dómi Hæstaréttar í dómasafni ársins 1968, bls. 1007, en samkvæmt þeim dómi átti kjörfaðir rétt á að nöfn náttúrlegra foreldra kjörbarns hans yrðu ekki birt í æviskrárriti.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga getur Persónuvernd ákveðið að vinnsla persónuupplýsinga, sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi hinna skráðu, skuli byggjast á leyfi stofnunarinnar. Með vísan til m.a. þessa ákvæðis hefur Persónuvernd sett reglur nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisfiskylda vinnslu persónuupplýsinga. Í 4. gr. þeirra reglna eru taldar upp þær tegundir vinnslu sem byggjast þurfa á leyfi stofnunarinnar. Þegar unnið er með ættfræðiupplýsingar í vísindarannsóknnum á heilbrigðissviði getur vinnslan í mörgum tilvikum þurft að byggjast á slíku leyfi, sbr. einkum 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. um leyfisfiskyldu vegna samkeyrslna á viðkvæmum persónuupplýsingum og erfðarannsókna. Samkvæmt 5. tölul. sömu greinar þarf vinnsla upplýsinga um hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga og önnur sambærileg einkalífssatriði auk þess að byggjast á slíku leyfi. Eins og tekið er fram í ákvæðinu á það þó ekki við ef vinnslan telst nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila. Þá þarf ekki leyfi ef aflað er samþykkis hinna skráðu eða ef vinnslan byggist á lagaheimild, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir má almennt ætla að vinnsla ættfræðiupplýsinga þurfi ekki að byggjast á leyfi Persónuverndar. Að því gefnu að fyrirhuguð vinnsla þín taki ekki til einkalífssatriða á borð við ættleiðingar, fóstursamninga og þess háttar verður því ekki séð að þú þurfir leyfi stofnunarinnar til vinnslunnar. Hins vegar ber almennt að tilkynna rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 31. og 32. gr. laga nr. 77/2000, sbr. nánari ákvæði í reglum nr. 712/2008. Í því felst að fyllt er út sérstakt eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar sem sent er beint þaðan (sjá hér: <http://www.personuvernd.is/tilkynning/tilkynna-vinnslu>) og birtist í skrá sem aðgengileg er almenningi, sbr. 17. gr. laga nr. 77/2000. Bent skal á að vinnsla persónuupplýsinga er í ákveðnum tilvikum undanskilin tilkynningarskyldunni, sbr. 6. gr. reglna nr. 712/2008. Ætla má að vinnsla ættfræðiupplýsinga byggist oft á gögnum sem gerð hafa verið almenningi aðgengileg, en þá getur átt við undantekningin samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. Þar er nánar tiltekið mælt fyrir um að ekki þurfi að senda tilkynningu þegar um ræðir upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.

2.

Þegar litið er til framangreinds verður ekki, eins og á stendur, séð að um sé að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem byggjast þurfi á leyfi Persónuverndar, enda hefur ekki komið fram að þú hyggist vinna með upplýsingar um einkalífssatriði á borð við ættleiðingar, fóstursamninga, samvistarslit og hjónaskilnaði. Ef svo ber undir - og hvorki er byggt á samþykki né unnt að fella vinnsluna undir sérstaka lagaheimild - þarf hins vegar slíkt leyfi. Er þér þá leiðbeint um að sækja um það sérstaklega með útfyllingu leyfisumsóknar (sjá hér: <http://www.personuvernd.is/umsoknir-og-eydublod/>) þar sem fram komi fyllri lýsing á vinnslunni en er í erindi þínu frá 4. desember sl.

Þegar ekki þarf leyfi Persónuverndar til vinnslu persónuupplýsinga getur engu að síður þurft að tilkynna vinnsluna til stofnunarinnar, eins og rakið er hér að framan. Er þér því leiðbeint um að gera það nema við eigi einhver af undantekningunum frá tilkynningarskyldunni, sbr. framangreint ákvæði 6. gr. reglna nr. 712/2008.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeirri svartöf sem orðið hefur, en hún stafar af miklum öllum Persónuverndar.“

3.2.51. Öflun fjárhagsupplýsinga um maka – mál 2012/633

Persónuvernd barst erindi A þar sem greint var frá því að Drómi hefði gert kröfu um að fá fjárhagsupplýsingar um hana þegar samið var við maka hennar (B) um stöðu skulda hans. Að öðrum kosti yrði ekki gengið til samninga við B. Upplýsingarnar hafði B sent Dróma með tölvupósti. A taldi hafa verið um afarkosti að ræða en ekki frjálst samþykki.

Niðurstaða Persónuverndar var á þá leið að fjármálastofnun væri óheimilt að afla persónuupplýsinga um annað hjóna, í tengslum við samningsgerð við hitt hjóna, nema uppfyllt væri einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá hefði ekki verið sýnt fram á í málinu að A hefði veitt samþykki samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. Þá var tekið fram í svari Persónuverndar að hvorki hefði verið tekin afstaða til þess hvort uppfyllt hafi verið eitthvert annað af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna né hvort vinnsla hafi að öðru leyti samrýmst ákvæðum þeirra.

3.2.52. Reglur fyrirtækis um aðgang að tölvupósti starfsmanna – mál nr. 2012/1403

Persónuvernd svaraði fyrirspurn fyrirtækis um fyrirhugaða setningu reglna um skoðun á tölvupósti starfsmanna sinna. Í svarinu benti Persónuvernd á að öll slík skoðun þyrfti að eiga sér heimild, þ.e. styðjast við eitthvert af ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Mat á því hvort slík heimild væri fyrir hendi væri tilviksbundið. Um framkvæmd skoðunar var svo bent á reglur Persónuverndar nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

3.2.53. Umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara – mál nr. 2013/1247

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að uppljóstrurum, sem miðla upplýsingum um misgerð eða það sem þeir eru í góðri trú um að sé misgerð, yrði veitt vernd gagnvart lögsóknnum og annars konar aðgerðum. Persónuvernd taldi eðlilegt að skilgreint yrði hver skyldi taka við tilkynningum um meintar misgerðir, vega þær og meta og ákveða viðbrögð við þeim, sem og að réttindi þeirra sem bornir væru ávirðingum yrðu skilgreind. Þá taldi Persónuvernd sérstakt tilefni til athugasemda við 7. gr. frumvarpsins um refsileysi gagnvart trúnaðar- og þagnarskylduákvæðum laga. Að mati stofnunarinnar var í frumvarpinu litið fram hjá því að friðhelgi einkalífs manna njóti verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Með tilliti til framangreindra athugasemda og fleiri atriða taldi Persónuvernd að gera þyrfti umtalsverðar breytingar á frumvarpinu til þess að það gæti talist fela í sér viðunandi og skýran lagaramma á umræddu sviði.

3.2.54. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár – mál nr. 2013/1238

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um sjúkraskrár. Með frumvarpinu voru lagðar til breytingar og viðbætur á lögnum um að ákvæði um aðgang að eigin sjúkraskrá og sjúkraskrá látins aðstandanda á grundvelli ríkra ástæðna fæli í sér rétt til afrits af skránni. Þá var lögð til viðbót við lögina um að allar synjanir um aðgang skyldu kærnanlegar til landlæknis og ef synjað væri um veitingu aðgangs að eigin sjúkraskrá skyldi leiðbeint um að kæra mætti slíka ákvörðun til landlæknis. Samkvæmt frumvarpinu yrði ekki lengur hægt að kæra umræddar ákvarðanir til ráðherra heldur yrðu úrskurðir landlæknis endanleg niðurstaða á stjórnarsýslustigi. Loks var lagt til að starfsmenn, sem vinna að þjónustu við tölvu- og upplýsingakerfi, gætu fengið nauðsynlegan aðgang að sjúkraskrárkerfi í þeim tilgangi að sinna vinnslu, uppfærslu og viðhaldi kerfisins.

Persónuvernd áréttaði athugasemdir sínar um samhljóða frumvarp sem áður hafði verið lagt. Í því fólst að ekki voru gerðar athugasemdir við frumvarpið að því undanskyldu að bent var á að

mæla mætti fyrir um skyldu til að leiðbeina um kærurétt þegar synjað væri um aðgang að sjúkraskrá látins aðstandanda, eins og þegar um væri að ræða eigin sjúkraskrá. Þá benti Persónuvernd á að tilefni kynni að vera til að endurskoða einnig reglur um aðgang að sjúkraskráum vegna vísindarannsókna en samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga væri sá aðgangur háður leyfi Persónuverndar. Í umsögninni kom fram að það kynni að einfalda stjórnslu að nægilegt væri að tilkynna umræddan aðgang til Persónuverndar, en stofnunin setti reglur um það hvernig öryggis við meðferð rannsakenda á gögnum úr sjúkraskráum skyldi gætt og var um það vísað nánar til kafla 2.2 í umsögn Persónuverndar til velferðarráðuneytisins, dags. 14. febrúar 2012, um drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði og drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn (mál nr. 2011/381).

3.2.55. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands – mál nr. 2013/782

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja til seðlabankans til að hann gæti „sinnt hlutverki sínu“, þ.e. að stuðla að stöðugu verðlagi og virku og öruggu fjármálakerfi. Auk þess yrði það hlutverk seðlabankans að stuðla að fjármálastöðugleika. Skilningur Persónuverndar á frumvarpinu var sá að breytingarnar fælu í sér að skerpt yrði á skyldu fjármálafyrirtækja til að afhenda seðlabankanum þau gögn sem hann óskaði eftir. Þá væri tilgangur þess bundinn við að afla upplýsinga um viðkomandi lögaðila – en ekki persónuupplýsinga um einstaklinga. Persónuvernd taldi að afmarka þyrfti ákvæði frumvarpsins nánar þar sem orðalag þess gæti falið í sér opna heimild til að vinna með víðtækar upplýsingar um einstaklinga.

3.2.56. Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar – mál nr. 2013/805

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar. Með frumvarpinu var m.a. lagt til að heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að afla upplýsinga um umsækjendur um bætur yrði víkkuð út og ekki lengur að öllu leyti háð samþykki þeirra. Lagðist Persónuvernd gegn þessum ákvæðum þar sem sjálfsákvörðunarréttur viðkomandi einstaklinga yrði skertur að ófyrirsynju, sem og yfirsýn þeirra yfir vinnslu persónuupplýsinga um sig. Þá lagði Persónuvernd til að við þágildandi lög yrði bætt skilyrði um samþykki fyrir öflun og sköðun sjúkraskráupplýsinga. Loks lýsti Persónuvernd þeirri afstöðu sinni að alvarleg ógn við grunnréttinn til friðhelgi einkalífs gæti falist í þeirri þróun að því lengra sem gengið sé þá braut að veita stjórnvöldum víðtækar heimildir til öflunar persónuupplýsinga án samþykkis, þeim mun erfiðara yrði að hafa yfirsýn yfir hvar unnið sé með upplýsingarnar og þar með veita þeim viðunandi vernd.

Umsögnin er svohljóðandi:

„Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 26. júní 2013 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar og lögum nr. 129/1999 um málefni aldraðra (þskj. 40, 25. mál á 142. löggjafarþingi). Þau ákvæði frumvarpsins, sem einkum varða starfssvið Persónuverndar, er að finna í 2. gr. þess þar sem lagðar eru til breytingar og viðbætur við ákvæði um eftirlitsheimildir Tryggingastofnunar ríkisins (TR) samkvæmt lögum nr. 100/2007.

1.

Að nokkru leyti felst í framangreindu að ákvæði, sem nú eru í 52. gr. laga nr. 100/2007, verði færð til innan laganna, en einnig er ráðgert samkvæmt frumvarpinu að veita TR stórauðnar heimildir til upplýsingaöflunar. Ákvæði þar að lútandi er að finna í 1. mgr. g-liðs 2. gr., en þar segir:

„Skattýfirvöld, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá Íslands, hlutaðeigandi lífeyrissjóðir, dvalar- og

hjúkrunarheimili, sveitarfélög, Lánasjóður íslenskra námsmanna og aðrar stofnanir og fyrirtæki, eftir því sem við á, skulu láta Tryggingastofnun í té upplýsingar að því marki sem slíkar upplýsingar teljast nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögum þessum.“

Í 2. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2007 er þegar að finna ákvæði um heimild TR til að afla, að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda, nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattfyrvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, Vinnumálastofnun eða sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Þá segir að þegar um hjón sé að ræða sé TR heimilt, að fengnu skriflegu samþykki beggja, að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær geta haft áhrif á fjárhæð bóta.

Gert er ráð fyrir því í d-lið 2. gr. frumvarpsins að sams konar ákvæði um upplýsingaöflun með samþykki viðkomandi einstaklinga verði áfram í lögum nr. 100/2007 en að þau færist til og verði í 1. og 2. mgr. 40. gr. Ekki liggur annað fyrir en að slíkt upplýsingaöflun hafi gengið greiðlega, en engu að síður er nú fyrirhugað samkvæmt frumvarpinu að lögfesta áður nefnt ákvæði um frekari heimildir TR til upplýsingaöflunar án þess að afla sé samþykkis. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpsathugasemdum er ekki að finna rökstuðning fyrir því hvers vegna slíkt fyrirkomulag sé álitid nauðsynlegt. Þá hefur umrætt ákvæði hvorki að geyma tæmandi upptalningu á þeim aðilum sem upplýsingaskylda hvílir á, né heldur nokkurs konar tilgreiningu á þeim upplýsingum sem afhenda skal. Einungis segir að um sé að ræða upplýsingar sem teljast nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögnum. Þess má þó geta að í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að auk upplýsinga um tekjur, sem hingað til hefur verið aflað á grundvelli samþykkis, geti reynst nauðsynlegt að afla upplýsinga um eignir. Að öðru leyti gefur frumvarpið enga vísbendingu um hvaða upplýsingar geti fallið undir ákvæðið. Þá verður ekki annað séð en að umræddra upplýsinga um eignir mætti hæglega afla á grundvelli samþykkis með sama hætti og tíðkast hefur um tekjuupplýsingar.

Að auki minnir Persónuvernd á að með ákvæðinu væri sjálfsákvörðunarréttur umsækjenda um bætur og bótaþega skertur verulega og þeim myndi reynast örðugt að hafa yfirsýn yfir vinnslu persónuupplýsinga um sig. Þá ber að hafa í huga að í ákveðnum tilvikum kynni afhending upplýsinga á grundvelli ákvæðisins að skjóta mjög skökku við. Sem dæmi má taka það ef umboðsmaður skuldara væri beðinn um að afhenda nöfn þeirra sem til hans hefðu leitað og hann grunaði að fengju ofgreiddar bætur. Í því sambandi verður að líta til þess hlutverks umboðsmanns skuldara að veita þeim sem eiga í verulegum greiðsluferfðileikum aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar, sbr. a-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 100/2010. Sá sem veitir slíka aðstoð á að sjálfsögðu að stuðla að því að skjólstæðingar hans hagi tekjuöflun sinni með löglegum hætti og veitti stofnunum á borð við TR réttar upplýsingar. Hins vegar mætti telja það óeðlilegt, í ljósi þess trúnaðarsambands sem myndast milli hins ráðgefandi aðila og skjólstæðingsins, að viðkomandi aðili afhenti sjálfur stjórnslustofnunum upplýsingar um samskipti sín við hann svo að þær gætu beitt hann íþyngjandi stjórnsluúrræðum. Að þessu leyti má í raun segja að hlutverk umboðsmanns skuldara sé að mörgu leyti hliðstætt hlutverki lögmanna eða endurskoðenda sem oft hafa með höndum ráðgjöf um lagaleg og skattaleg málefni sem veitt er í trúnaði.

2.

Í i-lið 2. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að nýrri 45. gr. laga nr. 100/2007. Meðal annars er ráðgert að samkvæmt hinu nýja ákvæði skuli TR sannreyna reglubundið réttmæti bóta og greiðslna og þeirra upplýsinga sem ákvörðun um réttindi byggist á. Þá sé stofnuninni heimilt í þágu eftirlits að óska eftir öllum gögnum sem talin séu nauðsynleg til að sannreyna réttmæti ákvarðana og greiðslna.

Persónuvernd bendir á að í framangreindu ákvæði er enga afmörkun að finna á því frá hverjum

afla má upplýsinga á grundvelli þess. Í athugasemdum frumvarpsins við ákvæðið kemur fram að það geti m.a. nýst til að fá upplýsingar um búsetu viðkomandi einstaklings, en að öðru leyti hefur frumvarpið ekki að geyma neina afmörkun á því hvaða upplýsingar geti fallið þar undir. Þá er ákvæðið því sama marki brennt og fyrrnefnt ákvæði d-liðs 2. gr. að horfið er frá því að byggja á samþykki viðkomandi einstaklinga. Þær athugasemdir, sem raktar eru í 1. kafla umsagnar þessarar, eiga því einnig við hér.

3.

Í f-lið 2. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að nýrri 42. gr. þar sem mælt verði fyrir um skyldu þeirra sem bera ábyrgð á vörslu sjúkraskráa að veita læknum, eða eftir atvikum heilbrigðisstarfsmönnum TR, þær upplýsingar sem TR eru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um greiðslu bóta og vegna eftirlitshlutverks hennar. Þá segir að læknum TR, eða hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum þegar það á við, sé heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegur er vegna eftirlits og reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Skoðun skuli fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt.

Ákvæði um framangreint er nú að finna í 52. gr. laga nr. 100/2007 og felur framangreind frumvarpstíllaga ekki í sér efnislegar breytingar. Persónuvernd telur hins vegar að auka megi við löggin skilyrði um að umrædd öflun á sjúkraskrárupplýsingum, sem og skoðun sjúkraskrár, fari fram á grundvelli samþykkis hins skráða, en auðvelt ætti að vera að afla þess með sama hætti og samþykki fyrir öflun tekjuupplýsinga hefur hingað til verið aflað.

4.

Með vísan til framangreinds er það álit Persónuverndar að með samþykkt [g]- og i-liða 2. gr. umrædds frumvarps yrði sjálfsákvörðunarréttur umsækjenda um bætur hjá TR og bótaþega skertur að ófyrirsynju, sem og yfirsýn þeirra yfir vinnslu persónuupplýsinga um sig. Leggst Persónuvernd því gegn umræddum ákvæðum. Jafnframt leggur stofnunin til að við lög nr. 100/2007 verði bætt skilyrði um samþykki fyrir öflun og skoðun sjúkraskrárupplýsinga.

Síðar kann að koma til frekari athugasemda við frumvarpið ef talin verður þörf á, en umsagnarfrestur var afar skammur. Þá gerir Persónuvernd þá athugasemd að þeim mun lengra sem gengið er á þá braut að veita stjórnvöldum víðtækar heimildir til öflunar persónuupplýsinga án samþykkis, s.s. í formi samkeyrslna, þeim mun erfiðara verður að hafa yfirsýn yfir hvar unnið er með upplýsingarnar og þar með veita þeim viðunandi vernd. Getur slík þróun falið í sér alvarlega ógn við grunnréttinn til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og í raun gert það að verkum að mikilvægar reglur um þagnarskyldu stjórnvalda og annarra aðila, sem og trúnað við skjólstaðinga, verði marklausar.“

3.2.57. Drög að reglugerð ESB um vernd persónuupplýsinga – mál nr. 2012/1235

Persónuvernd veitti innanríkisráðuneytinu umsögn sína um drög framkvæmdastjórnar ESB að persónuverndarreglugerð, sem kæmi í stað gildandi tilskipunar á því réttarsviði nr. 95/46/EB, en lög nr. 77/2000 voru byggð á þeim grundvelli sem lagður var í tilskipuninni. Sagði í umsögninni að í reglugerðardrögunum væri að finna ýmis nýmæli, m.a. um það sem nefnt væri rétturinn til að gleymast. Þá gerðu drögin ráð fyrir mjög víðtæku landfræðilegu gildissviði, þ.e. að þeir sem bjóða fram vöru eða þjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna myndu falla undir reglugerðina þó svo að þeir hefðu staðfestu utan aðildarríkja, en þetta myndi einkum skipta máli í viðskiptum sem fram fara á Netinu. Miklar breytingar yrðu á fyrirkomulagi stjórnsýslu, en persónuverndarstofnanir aðildarríkja yrðu að hafa mjög nána samvinnu sín á milli, auk þess sem vald ESB yrði verulega aukið.

Umsögnin var svohljóðandi:

„Persónuvernd vísar til bréfs ráðuneytisins, dags. 23. október 2012, þar sem óskað er umsagnar hennar um drög framkvæmdastjórnar ESB að annars vegar almennri reglugerð um vernd

persónuupplýsinga og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og hins vegar tilskipun um meðferð persónuupplýsinga í refsivörslukerfinu. Verði drögin samþykkt koma þau í stað persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB og rammaákvörðunar um upplýsingavinnslu við refsivörslu nr. 2008/977/JHA. Umsagnarinnar var óskað fyrir 1. febrúar 2013, en með bréfi, dags. 3. janúar s.á., fór Persónuvernd fram á viðbótarfrest til 1. apríl. Fallist var á þá beiðni með bréfi, dags. 11. febrúar. Nú er nokkuð um liðið frá því að viðbótarfresturinn rann út, en töf á á að veita umbeðna umsögn stafar af miklum önnum stofnunarinnar. Beðist er velvirðingar á þeirri töf.

Á fundi hinn 4. apríl sl. kom fram af hálfu ráðuneytisins að nægilegt væri að svo stöddu að veita umsögn um reglugerðardrögin. Afmarkast því athugasemdir Persónuverndar við þau. Þá er tekið mið af þeirri ósk, sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins, dags. 23. október 2012, að sérstaklega verði metin áhrif reglna í umræddum drögum á íslenskar persónuverndarreglur, hvort líklegt sé að þær feli í sér aukinn kostnað á hendur stjórnvöldum og hvort í reglunum sé að finna ákvæði sem vekja þurfi sérstaka athygli á með vísan til íslenskra hagsmuna og stjórnskipunar.

I.

Almennt

Umrædd reglugerðardrög fela m.a. í sér viðbrögð við þeirri miklu tækniþróun sem orðið hefur frá gildistöku tilskipunar 95/46/EB, en síðan þá hefur Netið stóraukist að umfangi. Að baki drögunum býr það sjónarmið að þegar um ræðir vinnslu persónuupplýsinga, sem þar fer fram, sé örðugt að framfylgja reglum tilskipunarinnar og laga aðildarríkja settra á grundvelli hennar. Til þess að slíkt verði unnt gera drögin ráð fyrir mun rýmra landfræðilegu gildissviði en tilskipunin. Hún tekur til vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á vegum aðila með staðfestu í einhverju aðildarríkjana. Samkvæmt reglugerðardrögunum fellur vinnsla hins vegar undir þau þegar hún hefur það að markmiði að bjóða einstaklingum í aðildarríkjunum vöru eða þjónustu óháð því hvar viðkomandi aðili hefur staðfestu. Hið sama á við ef vinnslunni er ætlað að fela í sér vöktun með hegðun einstaklinga í umræddum ríkjum.

Samkvæmt gildandi tilskipun ber þeim sem vinna með persónuupplýsingar almennt að tilkynna um vinnsluna til persónuverndarstofnunar í aðildarríki og eru tilkynningar birtar almenningi. Móttaka og birting tilkynningar felur ekki í sér staðfestingu á því að vinnsla persónuupplýsinga samrýmist lögum heldur þjóna tilkynningar fyrst og fremst því hlutverki að vera til upplýsingar, bæði fyrir almenning og eftirlitsaðila. Öðlist reglugerðardrögin gildi verður tilkynningarskyldan afnumin, enda var við samningu draganna byggt á því að tilkynningarnar hefðu ekki haft teljandi áhrif til að styrkja vernd persónuupplýsinga. Þar á ofan hefðu þær leitt til óþarfa skrifinnsku og kostnaðar og því væri rétt að afnema þær. Í stað núverandi vinnslutilkynninga er hins vegar gert ráð fyrir að ábyrgðaraðilar að vinnslu persónuupplýsinga tilkynni persónuverndarstofnunum um það þegar alvarlegur öryggisbrestur verður.

Meðal annars þess sem fram kemur í reglugerðardrögunum er ákvæði um „réttinn til að gleymast“, en sá réttur myndi fela í sér að í ákveðnum tilvikum geti einstaklingar fengið upplýsingar um sig afmáðar af Netinu að því leyti sem unnt er fyrir tilstilli ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga. Þá er í drögunum m.a. að finna ákvæði um rétt einstaklings til að fá afrit af gögnum um sig í heilu lagi, sem varðveitt eru hjá tilteknum ábyrgðaraðila á grundvelli samþykkis eða samnings, svo að viðkomandi einstaklingur geti afhent þau öðrum ábyrgðaraðila, en gögnunum skal þá að meginreglu eytt hjá þeim sem upphaflega varðveitti þau.

Ein meginbreytingin, sem felast myndi í samþykkt reglugerðardraganna, er stóraukið samræmi í löggjöf milli einstakra aðildarríkja, þ.e. að í stað sérstakrar löggjafar í hverju aðildarríki, sem felur í sér útfærslu á tilskipun, fengju ríkin samræmda heildarlöggjöf. Samhliða þessu er ráðgert að stórauka samvinnu persónuverndarstofnana ríkjanna, auk þess sem ESB fengi tiltekið vald til að hlutast til um ákvarðanir þeirra.

Svonefndur 29.-gr.-vinnuhópur, þ.e. ráðgefandi vinnuhópur fulltrúa persónuverndarstofnana aðildarríkja sem starfar samkvæmt 29. gr. gildandi tilskipunar nr. 95/46/EB, hefur m.a. bent á að ákvæði reglugerðardraganna eru til þess fallin að auka álag á persónuverndarstofnanir. Á þetta er einnig bent í umsögnum einstakra persónuverndarstofnana, þ. á m. þeirrar dönsku og norsku. Eins og fram kemur í umsögnum kann einnig að vera illframkvæmanlegt að framfylgja ákvæðum á grundvelli reglugerðardraganna gagnvart aðilum með staðfestu utan aðildarríkja, sbr. það sem fyrr segir um afmörkun á landfræðilegu gildissviði. Þá hefur komið fram í umsögnum að forræði löggjafarvaldsins yfir málaflokknum yrði umtalsvert minna. Fleira mætti nefna, en um einstök atriði, þ. á m. framangreind, vísast nánar til athugasemda við einstök ákvæði hér á eftir.

II.

Athugasemdir við einstök ákvæði

1.

Landfræðilegt gildissvið

Í 3. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir að reglur á grundvelli þeirra gildi um aðila sem ekki hafa staðfestu á landsvæði aðildarríkja þegar vinnsla persónuupplýsinga á þeirra vegum hefur að markmiði að bjóða einstaklingum í aðildarríkjunum vöru eða þjónustu. Hið sama á við ef vinnslunni er ætlað að fela í sér vöktun með hegðun einstaklinga í umræddum ríkjum. Í svonefndri Albrecht-skýrslu frá 16. janúar 2013, þ.e. skýrslu nefndar í Evrópuþinginu, sem fjallað hefur um drögin, er lögð til viðbót þess efnis að framangreint sé óháð því hvort þjónusta sé veitt gegn greiðslu eða að kostnaðarlausu, sbr. 82. breytingatillögu. Þá er þar lagt til að skilyrðið um að vöktun lúti að hegðun verði afnumið þannig að hvers kyns vöktun á vegum aðila með staðfestu utan aðildarríkja falli undir evrópskar persónuverndarreglur.

Ætla má að einkum sé hér um að ræða aðila sem bjóða vöru eða þjónustu á Netinu eða halda úti heimasíðum sem með einhverjum hætti vakta þá sem þær sækja. Mjög algengt er að við skoðun á heimasíðum berist svonefndar kökur (e. cookies) í tölvur netnotenda sem senda þeim sem heldur úti heimasíðu tiltekna upplýsingar, t.d. um IP-tölu, en tilgangurinn með slíki upplýsingasöfnun getur t.d. verið sá að nota þær til markaðssetningar eða telja heimsóknir á heimasíðu. Þá geta kökur verið óhjákvæmilegar í ákveðnum tilvikum til að netnotandi geti framkvæmt tiltekna aðgerðir. Af þessu má sjá að ákvæðum á grundvelli umræddra reglugerðardraga er ætlað mjög víðtækt gildissvið utan landsvæðis aðildarríkja og að tillögur framangreindrar þingnefndar eru til þess fallnar að útvíkka það frekar.

Persónuvernd telur sérstaklega verða að huga að því hvort umrædd afmörkun á gildissviði sé raunhæf, þ.e. hvort unnt verði að framfylgja ákvæðum á grundvelli reglugerðardraganna gagnvart aðilum með staðfestu utan aðildarríkja. Það getur dregið úr trausti á vægi löggjafar um vernd persónuupplýsinga ef illmögulegt er að framfylgja henni og því þarf að meta framangreint vandlega. Þá skal tekið fram að hið víðtæka landfræðilega gildissvið, sem reglugerðardrögin gera ráð fyrir, er til þess fallið að auka álag á persónuverndarstofnanir, en það myndi kalla á aukin fjárframlög til persónuverndarmála.

2.

Skilgreining á viðkvæmum persónuupplýsingum

Í 9. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir að upplýsingar um refsíðoma séu viðkvæmar, en upplýsingar um grun séu það hins vegar ekki. Þar er um að ræða þrengri skilgreiningu en samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna þar sem mælt er fyrir um að upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad séu viðkvæmar. Sú breytingatillaga er lögð til í Albrecht-skýrslunni að umræddu ákvæði draganna verði breytt þannig að upplýsingar um grun um refsiverða háttsemi verði viðkvæmar með sama hætti og upplýsingar um refsíðoma. Persónuvernd telur það eðlilega nálgun, en að öðrum kosti teldust til dæmis margs kyns upplýsingar í málaskrá lögreglu ekki viðkvæmar. Afstaða Persónuverndar er því sú að styðja beri

umrædda breytingatillögu í Albrecht-skýrslunni.

Umrætt ákvæði reglugerðardraganna gerir ráð fyrir því að upplýsingar um stéttarfélagsaðild séu viðkvæmar. Sams konar regla er í tilskipun 95/46/EB og lögum nr. 77/2000, en telja má að hún sé í nokkru ósamræmi við íslenska réttarhefð. Að sama skapi má líta að svo á að það samrýmist illa hérlendum viðhorfum að upplýsingar um félagsleg vandamál séu ekki skilgreindar sem viðkvæmar í drögunum, sbr. og einnig tilskipunina og lögin.

3.

Rétturinn til að gleymast

Í 17. reglugerðardraganna er fjallað um skyldu til að eyða upplýsingum, sem ekki er lengur málefnalegt að varðveita, og rétt til að gleymast. Ákvæði um eyðingu persónuupplýsinga hafa lengi verið í gildi í löggjöf um slíkar upplýsingar, en rétturinn til að gleymast hefur ekki verið orðaður í löggjöf fyrr. Þar er nánar tiltekið um að ræða réttinn til að upplýsingar á Netinu séu fjarlægðar þannig að þær verði ekki aðgengilegar lengur. Af tæknilegri uppbyggingu Netsins leiðir að slíkt getur verið erfiðleikum háð. Orðalag draganna tekur að nokkru leyti tillit til þess, sbr. 3. mgr. 17. gr. sem afmarkar réttinn til að gleymast svo að ábyrgðaraðili, sem gert hefur upplýsingar opinberar, geri allar viðeigandi ráðstafanir til að hlekkjum á Netinu og afritum verði eytt, þ.e. með því að senda þeim sem ábyrgð bera á viðkomandi hlekkjum eða afritum skilaboð um ósk hins skráða þar að lútandi, enda kosti slíkt ekki óhóflega fyrirhöfn. Í 147. breytingatillögu í Albrecht-skýrslunni er lagt til að framangreint eigi aðeins við þegar persónuupplýsingar hafa verið birtar án samþykkis. Persónuvernd telur ekki tilefni til athugasemda við þá afstöðu nefndarinnar, enda hafi hinn skráði verið lögráða þegar samþykki var veitt.

4.

Réttur til að fá afrit af gögnum

Í 18. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir rétti hins skráða til að fá afrit af öllum upplýsingum um sig, þegar vinnsla þeirra byggist á samþykki eða samningi, í því skyni að fá þær öðrum í hendur. Veita beri upplýsingarnar á aðgengilegu formi og skuli ábyrgðaraðilinn, sem hafði upplýsingarnar til varðveislu, eyða þeim nema aðrar heimildir en samþykki standi til varðveislu upplýsinganna. Persónuvernd telur að hér sé um réttarbót að ræða. Í Albrecht-skýrslunni er gert ráð fyrir að 18. gr. verði felld brot en efni hennar færist yfir í 15. gr. þar sem fjallað er um rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig, sbr. 141., 142. og 154. breytingatillögu. Ekki er tilefni til athugasemda við þá nálgun sem slíka, en bent skal á að ef reglugerðardrögunum verður breytt í samræmi við tillögur nefndarinnar verður ekki lengur afdráttarlaust að hinn skráði eigi rétt á afriti af upplýsingum um sig. Í persónuupplýsingalöggjöf hefur aðeins verið mælt fyrir um rétt til að fá skriflega skýrslu um vinnslu persónuupplýsinga, en ekki hefur verið mælt skýrlega fyrir um rétt til afrita eins og gert er í reglugerðardrögunum.

5.

Innbyggð persónuvernd

Í 23. gr. reglugerðardraganna er m.a. mælt fyrir um skyldu til að gera viðeigandi ráðstafanir, þegar unnið er að undirbúningi að vinnslu persónuupplýsinga, til að vinnsluferlið tryggi nægilega vernd. Tilgangurinn með þessu ákvæði virðist vera sá að kerfi til vinnslu persónuupplýsinga verði ávallt hönnuð með það að markmiði að persónuupplýsingar verði nægilega verndaðar, þ.e. gætt sé að því að persónuvernd sé innbyggð í hönnun kerfa (e. privacy by design). Lögð hefur verið á það áhersla hjá 29.-gr.-vinnuhópnum að gætt sé að slíku við hönnun hugbúnaðar. Í Albrecht-skýrslunni, þ.e. 178. breytingatillögu, er lögð til viðbót þess efnis að framleiðendur beri þess háttar skyldu og telur Persónuvernd það fallið til að skýra orðalag ákvæðisins sem telja má fela í sér réttarbót.

6.

Undantekningar fyrir lítil fyrirtæki

Í ýmsum ákvæðum reglugerðardraganna, m.a. 25., 28. og 35. gr., 6. mgr. 12. gr. og 7. mgr. 14. gr., er gert ráð fyrir undantekningum frá reglum fyrir fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn, t.d. reglum um að tilnefna skuli sérstakan persónuverndarfulltrúa og skjalfesta margvísleg atriði varðandi vinnslu persónuupplýsinga. Þegar um ræðir aðila, sem ekki hafa með höndum vinnslu sem telja má viðamikla, íþyngjandi eða líklega til að skaða einkalífshagsmuni að öðru leyti, telur Persónuvernd rök geta staðið til þess að vægari kröfur séu gerðar en ella. Fjöldi starfsmanna ætti hins vegar ekki að skipta höfuðmáli í því sambandi, enda er vel hugsanlegt að fyrirtæki, sem hefur mjög fáa starfsmenn, hafi með höndum vinnslu persónuupplýsinga sem lúta þurfi ströngum skilyrðum. Ef reglugerð á grundvelli draganna yrði þess efnis, sem hér um ræðir, er jafnvel hugsanlegt að sumir þeirra aðila, sem hafa með höndum hvað mesta vinnslu persónuupplýsinga hér á landi, t.d. þeir sem stunda erfðarannsóknir, verði undanþegnir mikilvægum ákvæðum. Persónuvernd telur því brýnt að breytingar verði gerðar á umræddu ákvæði. Fyrir liggur breytingatillaga frá Spáni, þess efnis að undantekningar gildi ekki þegar viðkomandi aðili hefur með höndum vinnslu sem getur falið í sér verulega ógn við grundvallarréttindi manna. Þá hefur Albrecht-nefndin lagt til að í stað þess að miðað verði við starfsmannafjölda verði miðað við fjölda hinna skráðu, þ.e. að undantekningar gildi ef þeir eru færri en 500. Persónuvernd telur spænsku breytingatillöguna ákjósanlegri, enda getur vinnsla persónuupplýsinga falið í sér viðamikla íhlutun í réttinn til friðhelgi einkalífs þó svo að hún lúti ekki að mörgum einstaklingum.

7.

Tilkynningar um brot

Í 31. og 32. gr. reglugerðardraganna er mælt fyrir um skyldu ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga til að tilkynna persónuverndarstofnun um það þegar upp kemur öryggisbrestur. Upphaflega var gert ráð fyrir að öryggisatvik skyldu tilkynnt óháð alvarleika þeirra, en nú er aðeins gert ráð fyrir að tilkynningarskyldan verði virk þegar um ræðir alvarlegan öryggisbrest. Þá var upphaflega gert ráð fyrir að senda skyldi tilkynningu innan 24 tíma, en nú er miðað við 72 tíma. Þess má og geta að í Albrecht-skýrslunni er lögð til viðbót við ákvæðið, þess efnis að umræddar tilkynningar skuli birtar í skrá aðgengilegri almenningi, sbr. niðurlag 198. breytingatillögu. Persónuvernd telur umrætt ákvæði geta falið í sér réttarbót. Þó þarf að huga að því að ef ákvæðið leggur þá skyldu á aðila að tilkynna um atvik sem leggja sök á þá sjálfa kann að vera brotið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. dóm mannréttindadómstólsins í máli Saunders gegn Bretlandi frá 17. desember 1996 (mál nr. 19187/91).

8.

Persónuverndarfulltrúar

Í 35.–37. gr. reglugerðardraganna er fjallað um persónuverndarfulltrúa sem ábyrgðaraðilar að vinnslu persónuupplýsinga tilnefni til að koma fram fyrir hönd þeirra gagnvart persónuverndarstofnun. Í Albrecht-skýrslunni eru lagðar til vissar breytingar á þessum ákvæðum, sbr. 223.–234. breytingatillögu, sem ekki er ástæða til að rekja hér. Umrætt fyrirkomulag kæmi – ásamt tilkynningum um öryggisatvik, sbr. 7. tölul. hér að framan – í stað þess fyrirkomulags sem fram að þessu hefur gilt að tilkynna skal um vinnslu persónuupplýsinga til persónuverndarstofnunar, en það felur í sér að viðkomandi stofnun er send tilkynning á þar til gerðu formi sem lýsir því hvernig staðið er að vinnslunni, hver tilgangur hennar sé, hver beri ábyrgð á henni o.s.frv. Ekki verður séð að það fyrirkomulag hafi í raun orðið til þess að auka virkni löggjafar um vinnslu persónuupplýsinga svo nokkru verulegu nemi. Með fyrirvara um það sem rakið er í 6. tölul. hér að framan telur Persónuvernd því ekki tilefni til sérstakra athugasemda við umrædd ákvæði að svo stöddu að öðru leyti en því að þau geta falið í sér réttarbót, en skipun umræddra fulltrúa getur orðið til þess að meðvitund um mikilvægi verndar persónuupplýsinga aukist hjá viðkomandi aðilum.

9.

Samvinna milli persónuverndarstofnana

Í 55. og 56. gr. reglugerðardraganna er fjallað um samvinnu milli persónuverndarstofnana. Í

samráðsferlinu felst að ef persónuverndarstofnun fær til meðferðar mál, sem getur varðað einstaklinga í fleiru en einu aðildarríki, sendir hún stofnunum í öðrum ríkjum beiðni um samvinnu sem getur falið í sér að veittar séu upplýsingar um ákveðin atriði en einnig að gerðar séu úttektir og valdheimildum beitt. Þá er í Albrecht-skýrslunni gert ráð fyrir að ein tiltekin persónuverndarstofnun fái ávallt það hlutverk með formlegum hætti að leiða samvinnuferlið, sbr. 277. breytingatillögu, og geti m.a. lagt ágreining milli stofnana undir Evrópsku persónuverndarnefndina sem geti þá tekið ákvörðun í málinu, sbr. nánari umfjöllun um þá nefnd í 10. kafla hér á eftir. Fyrir liggur að sænska persónuverndarstofnunin telur, eftir könnun á málum sínum á árinu 2011, að um 1.500 mál hjá henni gætu fallið undir samráðsferlið á ári hverju. Því má ætla að þetta ferli gæti aukið verulega álag á persónuverndarstofnanir og myndi því kalla á auknar fjárveitingar. Þá má benda á að það fyrirkomulag að erlend persónuverndarstofnun taki bráðabirgðaákvörðun, sem gildi hér á landi og ella félli undir Persónuvernd að taka, samrýmist að öllum líkindum ekki EES-samningnum. Hið sama ætti væntanlega við um bindandi ákvarðanir Evrópsku persónuverndarnefndarinnar. Að öðru leyti vísast til 10. kafla þar sem fjallað er um eftirlit nefndarinnar, sem og framkvæmdastjórnarinnar, með réttarframkvæmd í aðildarríkjunum, en 55. og 56. gr. verður að skoða í samhengi við ákvæði draganna þar að lútandi.

10.

Evrópska persónuverndarnefndin og frestunarvald framkvæmdastjórnarinnar

Í 57.–62. gr. reglugerðardraganna er fjallað um eftirlit Evrópsku persónuverndarnefndarinnar (e. European Data Protection Board) með starfsemi persónuverndarstofnana í því skyni að tryggja samræmda og rétta framkvæmd, sem og valdsvið framkvæmdastjórnarinnar í því sambandi. Samkvæmt drögunum væri nefndin skipuð fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum, sbr. ákvæði um skipun hennar og starfshætti í 64.–72. gr. draganna, og kæmi hún þá í stað áður nefnds 29.-gr.-vinnuhóps (e. Article 29 Working Party) sem samsettur er með sama hætti. Honum er ætlað að gegna ráðgjafarhlutverki fyrir stofnanir ESB og stuðla að samræmdri túlkun á tilskipuninni í aðildarríkjum með því að tjá sig um almenn álitæfni. Fyrirhugað er að Evrópska persónuverndarnefndin taki við þessu hlutverki af vinnuhópnum, en auk þess er gert ráð fyrir virkri aðkomu hennar að úrlausn einstakra mála sem á borð persónuverndarstofnana koma.

Er þá um að ræða mál sem heyra undir samráðsferlið sem lýst er í 9. kafla hér að framan, en einnig önnur mál, sbr. 60. gr. draganna þar sem gert er ráð fyrir að einstakar persónuverndarstofnanir og framkvæmdastjórnin geti óskað umfjöllunar nefndarinnar um hvaða mál sem er, auk þess sem nefndin geti tekið mál upp að eigin frumkvæði. Aðkoma nefndarinnar að einstökum málum fælist í að gefa út álit sem ekki væru lagalega bindandi, en við samningu draganna var hún ekki álitin ESB-stjórnvald sem fela mætti valdheimildir samkvæmt Lissabon-sáttmálanum. Hins vegar gerir 60. gr. draganna ráð fyrir að framkvæmdastjórnin geti frestað réttaráhrifum ákvarðana einstakra persónuverndarstofnana í allt að eitt ár ef ekki hefur verið farið að áliti nefndarinnar. Þess má geta að í Albrecht-skýrslunni er lagt til að vald framkvæmdastjórnarinnar færist til nefndarinnar sem að undangenginni tiltekinni málsmeðferð geti endurskoðað ákvarðanir persónuverndarstofnana, en að svo búnu megi bera mál undir Evrópudómstólinn (sjá m.a. breytingatillögur 289, 291 og 292).

Þær valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar og nefndarinnar, sem hér hefur verið lýst, myndu væntanlega ekki samrýmast EES-samningnum. Það myndi hins vegar betur tryggja sjálfstæði persónuverndarstofnana ef hið formlega vald væri hjá nefndinni, enda yrði hún skipuð fulltrúum þeirra líkt og 29.-gr.-vinnuhópurinn nú. Í því sambandi skal nefnt að Persónuvernd hefur, eins og systurstofnanir hennar í öðrum EFTA-ríkjum, aðeins haft áheyrnaraðild að þeim vinnuhópi. Telur stofnunin mikilvægt, hvort sem umræddri nefnd verður falið vald til bindandi ákvarðana eður ei, að stofnunin hafi fulltrúa í henni með fullum réttindum og skyldum. Þá skal tekið að samfara umræddum valdheimildum gæti álag á persónuverndarstofnanir aukist vegna þeirra miklu samskipta sem eiga þyrfti við handhafa þeirra, en það myndi kalla á aukin fjárframlög Íslands til persónuverndarmála.

Reglusetningarheimildir framkvæmdastjórnarinnar og heimild til vinnslu á grundvelli hagsmunamats

Í mörgum ákvæðum reglugerðardraganna, alls 26 talsins, er gert ráð fyrir heimild framkvæmdastjórnarinnar til að setja frekari reglur um tiltekin atriði. Yrði þar um mikla breytingu að ræða frá tilskipun 95/46/EB sem aðeins hefur að geyma eina slíka heimild. Af hinum mörgu reglusetningarheimildum í drögunum leiðir að framkvæmdastjórnin gæti haft mikil áhrif á hvað fælist efnislega í ákvæðum settum á grundvelli draganna. Einkum á það við um heimild, sem gert er ráð fyrir í 5. mgr. 6. gr. draganna, til setningar reglna um hvenær vinnsla persónuupplýsinga telst heimil á grundvelli hagsmunamats samkvæmt f-lið 1. mgr. sömu greinar. Þar er nánar tiltekið um að ræða reglu þess efnis að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil á grundvelli lögmætra hagsmuna sem vegi þyngra en grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Slík regla er einnig í tilskipun 95/46/EB og lögum nr. 77/2000, þ.e. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., en nánara inntak hennar hefur að miklu leyti verið ákveðið með stjórnarsýslu- og réttarframkvæmd í einstökum aðildarríkjum. Ef framkvæmdastjórnin fær heimild til að ákveða inntak reglunnar verður að mörgu leyti óljóst – þegar og ef reglugerðardrögin öðlast gildi – hvert inntak hennar sé.

Þess má geta að í Albrecht-skýrslunni er gert ráð fyrir að þessi reglusetningarheimild falli brott, sbr. 104. breytingatillögu. Þess í stað er hins vegar lagt til að í reglugerðinni sjálfri verði fjallað mun ítarlegar um hvenær vinnsla sé heimil samkvæmt hagsmunamati, sbr. 99.–103. breytingatillögu. Af þessu tilefni vill Persónuvernd benda á að í drögunum er gert ráð fyrir að reglugerð á grundvelli þeirra hafi mjög víðtækt gildissvið, sbr. 1. og 4. mgr. draganna, en hinu sama gegnir um tilskipun 95/46/EB. Af þessu víðtæka gildissviði leiðir að vinnsla persónuupplýsinga félli undir ákvæði draganna þó svo að upplýsingarnar væru mjög almenns eðlis og vinnslan ekki til þess fallin að skaða hagsmuni hins skráða. Ljóst er að í mörgum tilvikum verður, í ljósi grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs, að binda vinnslu persónuupplýsinga ströngum skilyrðum. Að sama skapi er hins vegar mikilvægt að löggjöf um vinnslu persónuupplýsinga sé sveigjanleg þannig að ýmis meðferð persónuupplýsinga, sem bæði er nauðsynleg og felur ekki í sér teljandi einkalífsáhættu, geti farið fram án óþarfra takmarkana. Ákvæði um heimild til vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli hagsmunamats hefur hingað til skapað þennan sveigjanleika og Persónuvernd sér ekki nauðsyn á að þrengja þá heimild.

Auk framangreinds má geta þess að ólíkt tilskipun 95/46/EB og lögum nr. 77/2000 hefur umrætt ákvæði reglugerðardraganna gert ráð fyrir að einungis hagsmunir ábyrgðaraðila að vinnslu, þ.e. þess sem ákveður markmið og aðferðir við vinnslu, geti rennt undir hana stöðum. Fyrir liggur breytingatillaga á grundvelli athugasemda frá Tékklandi, Þýskalandi, Hollandi, Svíþjóð og Bretlandi, þess efnis að lögmætir hagsmunir þriðja aðila geti einnig skapað grundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga, en í tilskipun 95/46/EB og lögum nr. 77/2000 er gert ráð fyrir að líta megi til slíkra hagsmuna. Í samræmi við framangreint styður Persónuvernd þessa breytingatillögu.

Reglur um hvar má leggja fram kvörtun og um málsóknir gegn systurstofnunum

Í 73. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir að unnt sé að leggja fram kvörtun yfir meðferð persónuupplýsinga hjá persónuverndarstofnun í hverju aðildarríkjanna sem er, óháð því hvar vinnsla hefur farið fram. Þá er í 74. gr. gert ráð fyrir að skráður einstaklingur, sem ósáttur er við afgreiðslu persónuverndarstofnunar á máli sínu í öðru ríki en þar sem hann er búsettur, eigi rétt á að stofnunin í heimalandi hans höfði mál á hendur stofnuninni sem ákvörðunina tók. Í Albrecht-skýrslunni eru ekki gerðar tillögur að breytingum á þessum tilteknu reglum.

Hvað fyrrnefndu regluna varðar telur Persónuvernd eðlilegast að kvörtun sé send þeirri stofnun sem til þess er bær að taka ákvörðun í máli, en annars konar fyrirkomulag gæti m.a. leitt til misskilnings um hvaða aðili ber ábyrgð á málsmeðferð. Ef mál heyri ekki undir þá stofnun, sem kvartandi leit til, hvíli hins vegar sú skylda á henni að leiðbeina honum um hvert hann eigi að beina erindi sínu. Hvað síðarnefndu regluna varðar telur Persónuvernd eðlilegast að hinn skráði

fari hina venjubundnu leið til að höfða mál, þ.e. geri það í eigin nafni, enda verður ekki séð hvernig það getur talist eðlilegur þáttur í starfsemi persónuverndarstofnunar að hafa með höndum málarekstur gegn systurstofnun. Hins vegar skal tekið fram að Persónuvernd telur mikilvægt að skráðir einstaklingar hafi greið réttarræði séu þeir ósáttir við niðurstöðu eða málsmeðferð persónuverndarstofnunar, en heppilegt væri að finna annars konar leið til þess en að framan er lýst, t.d. setningu sérákvæða um dómsmeðferð. Þá skal tekið fram að umræddar reglur eru til þess fallnar að auka álag á persónuverndarstofnanir og gætu því kallað á aukin fjárframlög til þeirra.

13.

Reglur um hver geti lagt fram kvörtun

Í 73. gr. reglugerðardraganna er – auk þess sem fyrr er rakið, sbr. 12. kafla hér að framan – m.a. mælt fyrir um umboð aðila, sem hafa það hlutverk að gæta hagsmuna tiltekins hóps einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, að kvarta til persónuverndarstofnunar fyrir þeirra hönd yfir meðferð upplýsinga um þá. Í Albrecht-skýrslunni er lögð til breyting á þessu ákvæði, þess efnis að allir aðilar, sem komið hefur verið á fót til að gæta almannahagsmuna, geti kvartað til persónuverndarstofnunar, óháð því hvort þeir sjálfir hafi það hlutverk að gæta hagsmuna viðkomandi einstaklinga, sbr. 310. breytingatillögu. Persónuvernd telur umrætt ákvæði draganna fela í sér réttarbót og að jafnvel mætti rýmka orðalag þess þannig að nóg sé að viðkomandi aðili hafi það með höndum að gæta hagsmuna viðkomandi hóps almennt, en ætla má að í t.d. samþykktum stéttarfélagi sé það sjaldnast sérgreint sérstaklega í ákvæðum, sem mæla fyrir um almenna hagsmunagæslu fyrir hönd félagsmanna, að hún nái til þess þegar unnið er með persónuupplýsingar um þá. Hins vegar telur stofnunin engu að síður að breytingatillaga Albrecht-skýrslunnar gangi of langt, enda felur hún í sér að aðilar, sem ekki hafa neins konar umboð frá skráðum einstaklingum, geti fengið verkstjórnarvald yfir persónuverndarstofnunum, þ.e. með því að leggja fyrir þær að taka tiltekin mál til meðferðar þó svo að viðkomandi aðilum sé ekki ætlað að gæta neinna hagsmuna í því sambandi. Ljóst er að slíkt gæti aukið álag á persónuverndarstofnanir og því kallað á aukin fjárframlög til þeirra.

14.

Sjálfstæði persónuverndarstofnana

Í 47. gr. reglugerðardraganna er fjallað um sjálfstæði persónuverndarstofnana gagnvart utanaðkomandi, en einnig er lögð rík áhersla á slíkt sjálfstæði í tilskipun 95/46/EB. Eins og greinir í 10. kafla hér að framan gera drögin hins vegar ráð fyrir að framkvæmdastjórnin geti frestað réttaráhrifum ákvarðana persónuverndarstofnana í aðildarríkjum. Slíkt fyrirkomulag samrýmist ekki kröfunni um sjálfstæði eins og fyrr er rakið og leggst Persónuvernd því gegn því að framkvæmdastjórnin fái umrætt vald. Tekið skal hins vegar fram að tillögur reglugerðardraganna eru að öðru leyti til þess fallnar að styrkja sjálfstæði persónuverndarstofnana, sbr. m.a. 7. mgr. 47. gr. draganna um fjármál slíkra stofnana. Í Albrecht-skýrslunni er lögð til viðbót við 47. gr., þess efnis að eftirlit með fjárreiðum persónuverndarstofnana heyri undir viðkomandi þjóðþing. Persónuvernd styður þá viðbót.

15.

Vald til að leggja á sektir

Í 79. gr. reglugerðardraganna er gert ráð fyrir að persónuverndarstofnanir fái vald til að leggja á sektir þegar brotið hefur verið gegn persónuupplýsingalöggjöf. Í Albrecht-skýrslunni eru lagðar til vissar breytingar á þessu ákvæði, sbr. 318.–323. breytingatillögu, sem ekki er ástæða til að rekja hér. Persónuvernd telur ákvæðið til þess fallið að efla eftirlit með framkvæmd slíkrar löggjafar, en jafnframt telur stofnunin að með setningu sektarheimilda verði nauðsynlegt að auka fjárframlög til persónuverndarmála og gera videigandi breytingar á stjórnsýslu. Í því felst að ákvarðanir persónuverndarstofnana verði kærnanlegar til annars stjórnsýslustigs með svipuðum hætti og ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eru kærnanlegar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Raunar má halda því fram að óháð þessu sé þörf á kærustigi með sama hætti og almennt er í stjórnsýslu, en

samhliða því skal tekið fram að gera yrði sömu kröfur til sjálfstæðis stjórnvalds á kærustigi og til persónuverndarstofnunarinnar sjálfrar. Í þessum efnum mætti líta til þeirrar leiðar sem farin hefur verið í Noregi, en ákvarðanir, sem þarlend persónuverndarstofnun tekur, þ.e. Datatilsynet, eru kærarlegar til sérstakrar nefndar, þ.e. Personvernemnda. Ljóst er að samhliða því að komið væri á fót kærunefnd yrði að auka fjárframlög til persónuverndarmála.

16.

Vísindarannsóknir

Í ýmsum ákvæðum reglugerðardraganna er fjallað um heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í þágu vísindarannsókna, sbr. m.a. b-lið 5. gr. og i-lið 2. mgr. 9. gr. Albrecht-skýrslan hefur að geyma breytingatillögur sem gera strangar kröfur til þess að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu vísindarannsókna byggist á samþykki (sjá einkum 27., 227., 238., 334., 336. og 337. breytingatillögu). Þessar tillögur hafa sætt gagnrýni frá aðilum sem telja þær þrengja um of svigrúm til rannsóknarstarfs. Þar sem á Íslandi fara fram mjög víðtækar vísindarannsóknir á heilbrigðissviði má telja að þetta sé atriði sem íslensk stjórnvöld kynnu að vilja móta afstöðu til.

III.

Samantekt

Eins og sjá má af umfjölluninni hér að framan myndu ákvæði umræddra reglugerðardragna framkvæmdastjórnar ESB hafa mikil áhrif á réttarumhverfið hérlandis á sviði persónuverndarverndarmála. Þá eru ákvæði draganna til þess fallin að leggja aukin kostnað á hendur Íslandi vegna þess málaflokks. Kemur þar til stórukið álag vegna hins víðtæka landfræðilega gildissviðs sem gert er ráð fyrir í ákvæðum draganna, þeirrar miklu samvinnu á milli persónuverndarstofnana einstakra ríkja sem drögin gera ráð fyrir og mikilla samskipta sem eiga þyrfti við Evrópsku persónuverndarnefndina og framkvæmdastjórn ESB, sem og nauðsynlegar breytingar sem gera yrði á stjórnslu vegna sektarheimilda, sbr. 1., 9., 10. og 15. lið II. kafla hér að framan. Þau atriði, sem fjallað er um í 12. og 13. lið, gætu einnig haft aukinn kostnað í för með sér eins og fram hefur komið. Þegar á allt þetta er litið gæti gildistaka reglugerðar á grundvelli draganna kallað á grundvallarbreytingar eða í raun endurmat á rekstri Persónuverndar.

Telja má að ýmis ákvæði reglugerðardraganna, sem og tillögur að breytingum á þeim, séu þess eðlis að íslensk stjórnvöld kynnu að vilja móta sérstaka afstöðu til þeirra með vísan til íslenskra hagsmuna og stjórnskipunar. Í því sambandi mætti skoða sérstaklega hvort unnt væri að framfylgja ákvæðum draganna gagnvart aðilum með staðfestu utan landsvæðis aðildarríkja, sbr. 1. tölul. II. kafla hér að framan. Þá má telja tilefni til athugasemda við tillögur þess efnis að fyrirtæki séu undanþegin ýmsum kröfum þar sem fjöldi starfsmanna eða skráðra einstaklinga sé undir ákveðnu marki, sbr. 6. lið. Auk þess leikur vafi á hvort þær valdheimildir, sem gert er ráð fyrir að erlendir aðilar hafi í íslenskri lögsögu, samrýmist EES-samningnum, sbr. umfjöllun í 9. og 10. lið. Þær tillögur að breytingum á reglugerðardrögunum, sem raktar eru í 16. lið og eru til þess fallnar að þrengja heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsóknum, eru einnig þess eðlis að íslensk stjórnvöld kynnu að vilja skoða þær sérstaklega. Sama máli gegnir um þau atriði sem rakin eru í 7. og 14. lið, sem og fyrrgreind ákvæði um hina miklu samvinnu milli persónuverndarstofnana einstakra ríkja.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við reglugerðardrögin að svo komnu máli, en tekið skal fram að til þeirra kann að koma síðar.“

3.2.58. Umsögn um reglugerð um netöryggissveit – mál nr. 2012/1012

Persónuvernd veitti umsögn um drög að reglugerð um málefni CERT-ÍS-netöryggissveitar. Í umsögninni var vikið að því að samkvæmt fjarskiptalögum væru þeirri sveit atlaðar heimildir sem fælu í sér víðtæka íhlutun í friðhelgi einkalífs. Lögð var áhersla á það í umsögninni að ekki yrði í ákvæðum reglugerðarinnar farið út fyrir þann ramma sem lögin afmarki í því sambandi. Meðal annars í ljósi þess voru í umsögninni gerðar athugasemdir við tiltekin ákvæði.

Umsögnin var svohljóðandi:

„Persónuvernd vísar til bréfs ráðuneytisins, dags. 5. apríl 2013, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um drög að reglugerð um málefni CERT-ÍS-netöryggissveitar, sbr. lagastoð fyrir setningu slíkrar reglugerðar í 6. mgr. 47. gr. a í fjarskiptalögum nr. 81/2003. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Valdsvið netöryggissveitarinnar

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðardraganna tekur valdsvið netöryggissveitarinnar, þ.e. svonefnt netumdæmi, til ómissandi net- og tæknikerfa íslenskra fjarskiptakerfa og samkvæmt sérstökum þjónustusamningum til ómissandi upplýsingainnvíða landsins. Er þessi skilgreining á valdsviði í samræmi við 1. og 2. mgr. 47. gr. a í fjarskiptalögum, en þar kemur fram að sveitin gegni hlutverki öryggis- og viðbragðshóps til verndar ómissandi upplýsingainnvíðum gegn netárásum, sem og að hún skuli leitast við að greina öryggisatvik á frumstigi og fyrirbyggja að þau breiðist út og valdi tjóni á ómissandi upplýsingainnvíðum sem falla undir netumdæmi hópsins.

Í 3. mgr. 3. gr. reglugerðardraganna kemur hins vegar fram að íslensk netlögsaga í heild sinni utan netumdæmisins geti fallið undir lögsögu nefndarinnar. Svo virðist af orðalagi ákvæðisins að það eigi einkum að ná til fræðslu um öryggismál, ábendinga um öryggisógnir og þess háttar. Í ljósi þess að reglugerðardrögin hafa að geyma ýmis ákvæði, sem fela í sér víðtæka íhlutun í friðhelgi einkalífs, telur Persónuvernd hins vegar að framangreint þurfi að koma ótvírætt fram í ákvæðinu. Þá minnir Persónuvernd á að skýrar lagaheimildir þarf til ef t.d. á að skoða innihald fjarskiptasendinga. Ákvæði 1. og 2. mgr. 47. gr. a í fjarskiptalögum veitir aðeins slíkar heimildir þegar um ræðir ómissandi upplýsingainnvíði og verða ákvæði reglugerðar að afmarkast af því.

2. Öryggisvottanir lögreglu

Í 5. gr. er fjallað um hæfiskröfur starfsmanna netöryggissveitar. Segir þar m.a. að um öryggisvottanir af hálfu Ríkislögreglustjóra fari samkvæmt lögum þar um. Slík lög um öryggisvottanir hafa ekki verið sett. Telur Persónuvernd edlilegt að ákvæði um öryggisvottanir séu ekki færð í reglugerðir nema fullnægjandi lagastoð liggji fyrir. Þá áréttar stofnunin þá afstöðu sína að gætt skuli meðalhófs við setningu sérstakra lagaheimilda um vinnslu persónuupplýsinga og framkvæmd á grundvelli þeirra.

3. Leynd um verklag

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. er netöryggissveitinni ekki skylt að gera verklag sitt opinbert, enda geti upplýsingar þar að lútandi ella komist í hendur óæskilegra aðila. Vísað er til 1. tölul. 10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 í því sambandi, þess efnis að takmarka megi aðgang almennings að gögnum þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, enda hafi þau að geyma upplýsingar um öryggi ríkisins eða varnarmál.

Líta verður til þess að umrætt ákvæði reglugerðarinnar gæti skert möguleika skráðra einstaklinga á að fá vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda ákvæði þar að lútandi í þeim lögum ekki um vinnslu sem varðar m.a. almannaoöryggi, landvarnir og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Engu að síður telur stofnunin edlilegt, í ljósi grunnreglu stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, að metið sé í hvert sinn hvort einstakir þættir vinnslu persónuupplýsinga, sem slíkt varða, séu þess edlis að synja bæri beiðni hins skráða um vitneskju um þá. Í orðalagi umrædds ákvæðis reglugerðardraganna mætti taka tillit til þessa, s.s. með því að fella brott orðin „Með tilliti til“ í 2. máls. ákvæðisins en setja þar í staðinn „Að því marki sem nauðsynlegt er gegna“.

4. Sambefing aðgerða aðila utan þjónustuhóps

Í 8. gr. er fjallað um það hlutverk netöryggissveitarinnar að samhæfa aðgerðir aðila í svokölluðum þjónustuhópi, þ.e. þeirra sem ábyrgir eru fyrir ómissandi upplýsingainnvíðum. Þá kemur fram að sveitin geti haft sama hlutverk með höndum fyrir aðila utan þjónustuhópsins samkvæmt sérstökum þjónustusamningum. Af þessu tilefni er áréttað það sem greinir í 1. lið hér að framan

að þær heimildir þjónustuhópsins, sem fela í sér íhlutun í friðhelgi einkalífs, geta aðeins átt við að því marki sem fyrir þeim er skýr lagaheimild. Þá ber einnig að hafa í huga hina almennu lögmætisreglu stjórnsluréttarins sem felur í sér að athafnir stjórnvalda skulu byggjast á lögum. Meðal annars í ljósi þess hvernig valdsvið sveitarinnar er afmarkað í 47. gr. a í fjarskiptalögum telur Persónuvernd ekki með öllu ljóst hvað umrætt ákvæði á að fela í sér.

5. Heimild til að greina innihald gagna

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. er netöryggissveitinni heimilt að greina innihald gagna sem tengjast meintum öryggisatvikum. Ekki eru í ákvæðinu orðaðar neinar takmarkanir við þessari heimild. Af því tilefni minnir Persónuvernd á að í 3. mgr. 47. gr. a í fjarskiptalögum er það gert að skilyrði fyrir skimun stýrigagna fjarskiptapakka að uppi sé grunur um stórfellda netárás. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að rökstuddur grunur þurfi að vera um að sending innihaldi spillikóta til að heimilt sé að greina efni einstakra fjarskiptasendinga. Þá er gerð krafa um samþykki rekstraraðila einstakra ómissandi upplýsingainnviða, auk þess sem ekki er heimilt að skoða sendingar í almennum fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja. Persónuvernd telur orðalag 1. mgr. 15. gr. reglugerðardraganna ekki taka nægt tillit til þessa og að því þurfi að gera á því viðeigandi breytingar. Í tengslum við þær yrði einnig að hafa í huga þær athugasemdir sem fram koma í 9. lið hér á eftir þar sem fjallað er um tilkynningar til sendenda og móttakenda sendinga um að þær verði skoðaðar.

6. Heimild til samkeyrslu og uppflettinga

Í 3. mgr. 16. gr. draganna segir að heimilt sé að vinna með og meðhöndla IP-tölur o.fl. sem fram koma í haus IP-fjarskiptapakka og samkeyra slík gögn. Sömuleiðis sé heimilt að fletta tilsvarendi nöfnum aðila eða þjónustu og öðru sem að notum geti komið í aðgerðum gegn meintum öryggisatvikum í opinberum skrám, t.d. lénaskráningu og rekstraraðila IP-talna. Af þessu tilefni minnir Persónuvernd á bann 3. mgr. 47. gr. a í fjarskiptalögum við persónugreiningu gagna, en af 4. mgr. sömu greinar verður ráðið að frá því banni megi aðeins víkja þegar rökstuddur grunur leikur á um að fjarskiptasending innihaldi spillikóta.

Persónuvernd telur ekki tekið nægt tillit til framangreinds í umræddu ákvæði draganna. Þá bendir Persónuvernd á að í ákvæðinu er ekki að finna skýringu á því við hvaða upplýsingar samkeyra megi upplýsingar í haus IP-fjarskiptapakka. Slíkar samkeyrslur yrðu ávallt að virða þau mörk sem grundvallarregla 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs setur, en einn liðurinn í að tryggja það er að afmarka skilmerkilega í löggjöf til hvers samkeyrsluheimild náí.

7. Miðlun upplýsinga úr landi

Í 2. mgr. 15. gr. og 18. gr. draganna er fjallað um heimildir til að miðla gögnum, sem til verða við eftirlit netöryggissveitarinnar, til erlendra samstarfsaðila. Persónuvernd minnir á að ef um ræðir aðila í löndum utan EES, sem ekki hafa fengið viðurkenningu framkvæmdastjórnar ESB sem örugg þriðju lönd, þ.e. lönd sem veita fullnægjandi persónuupplýsingavernd, sbr. 29. gr. laga nr. 77/2000, má ekki miðla slíkum upplýsingum þangað nema einhverju af skilyrðum 30. gr. sömu laga sé fullnægt. Í umræddum ákvæðum mætti vísa til þeirrar lagagreinar með orðalagi á bord við að miðlun sé heimil innan ramma hennar. Það ákvæði, sem þar gæti einkum átt við í ljósi aðstæðna, er 7. tölul. 1. mgr., þess efnis að miðlun sé heimil sé hún nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.

8. Heimild til að skoða lifandi umferðargögn

Í 20. gr. fjallað um heimild netöryggissveitar til að fá tímabundinn aðgang að lifandi umferðargögnum varðandi alvarlega netárás sem rökstuddur grunur leikur á um að sé á ferðinni, s.s. gögn um á hvaða IP-vistföng mestri umferð sé beint hverju sinni og hvaðan mest af þeirri umferð komi. Ekki er tilefni til athugasemda við að sveitinni sé veitt umrædd heimild í ljósi þess hvernig valdsvið hennar er afmarkað í fjarskiptalögum. Hins vegar telur Persónuvernd eðlilegt að

í umræddu ákvæði komi fram tilvísun til þeirrar kröfu að sendanda og móttakanda sendingar sé gert viðvart og veitt færi á að vera viðstaddir ef greina á efni viðkomandi fjarskiptasendingar, sbr. 4. mgr. 47. gr. a í fjarskiptalögum sem nánar er fjallað um í 9. lið hér á eftir.

9. Heimild til að skoða innihald fjarskiptasendinga

Samkvæmt 23. gr. draganna er heimilt að setja upp nema sem greina innihald fjarskiptasendinga við tengihlið ómissandi upplýsingainnviða. Þá er þar fjallað um skilyrði þess að slíkar upplýsingar séu skoðaðar, þ.e. að í verklagsreglum netöryggissveitar skuli m.a. koma fram hvernig eigi að láta ábyrgðaraðila sendinga vita áður en skoðun fer fram. Af þessu tilefni minnir Persónuvernd á að samkvæmt 4. mgr. 47. gr. a í fjarskiptalögum á ekki aðeins að láta sendanda fjarskiptasendingar vita þegar skoða á innihald hennar heldur einnig móttakanda. Þá er þar tekið fram að þeim skuli gefið tækifæri á að vera viðstaddir skoðun sé slíkt mögulegt. Orðalag umrædds ákvæðis draganna tekur ekki nægt tillit til þessa.“

3.2.59. Umsögn um frumvarp til nýrrar stjórnarskrár – mál nr. 2012/1419

Persónuvernd veitti umsögn um frumvarp til nýrrar stjórnarskrár. Í umsögn sinni fjallaði Persónuvernd einungis um ákvæði um réttinn til friðhelgi einkalífs og takmarkanir á honum. Þá vakti hún athygli á 8. gr. Mannréttindaskrár Evrópusambandsins, sem hafi mætti hliðsjón af.

4. Erlent samstarf

4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Hinn 5. mars fóru Björg Thorarensen stjórnarformaður og Þórður Sveinsson lögfræðingur fyrir hönd Persónuverndar á ráðstefnu á vegum Nordforsk sem bar yfirskriftina "Responsible Data Sharing Across Borders".

Ráðstefnan laut að því hvernig samnýta mætti gagnagrunna með heilbrigðisupplýsingum sem haldnir eru á Norðurlöndunum. Nánar tiltekið var fundarefnið hvort ekki væri unnt að búa til einhvers konar samnorrænt rannsóknarsvæði þar sem öllum hindrunum væri ýtt úr vegi fyrir því að vísindamenn í einu Norðurlandanna gættu nýtt gögn í öðru. Rætt var um ýmis álitæfni í því sambandi, þar á meðal hvernig framangreint horfði við réttarreglum um meðferð persónuupplýsinga.

4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

25. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Sarajevó, dagana 2.-3. október. Fundurinn var ekki sóttur.

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Brussel 18. apríl. Fundurinn var ekki sóttur.

Hinn 19. mars hélt Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA), sem hafði eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu, fund í Brussel. Fundurinn, sem ekki var sóttur af hálfu Persónuverndar, var síðasti fundur stofnunarinnar. Hefur hún nú verið lögð nú niður og hefur Evrópski persónuverndarfulltrúinn (e. European Data Protection Supervisor (EDPS)) tekið við hlutverki hennar. Samhliða þessu hefur orðið til ný útgáfa af Schengen-upplýsingakerfinu, þ.e. SIS II (Schengen Information System II). Fellur það í hlut EDPS að hafa eftirlit með miðeiningu þess kerfis, en persónuverndarstofnunum í einstökum aðildarríkjum Schengen ber að sinna eftirliti með landseiningum. Á vegum EDPS eru reglulega haldnir sameiginlegir fundir stofnananna þar sem eftirlit er samhæft og voru þeir tveir á árinu, haldnir í Brussel 11. júní og 17. október. Sá fyrri var ekki sóttur af hálfu Persónuverndar. Þórður Sveinsson lögfræðingur sótti hinn síðari.

Á vegum EDPS eru einnig haldnir fundir hóps til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvukerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þar á meðal fingraför viðkomandi og ljósmyndir af þeim. Í hópnum eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu, þ.e. 11. apríl og 16. október. Sá fyrri var ekki sóttur af hálfu Persónuverndar. Þórður Sveinsson lögfræðingur sótti hinn síðari.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu. Í það kerfi eru skráðar upplýsingar um fingraför hælisleitenda, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarsamningsins sem fjallar um ákvörðun þess hvaða aðildarríki fari með hælisumsóknir. Framangreind nefnd vegna eftirlits með þessum gagnagrunni hélt tvo fundi á árinu, þ.e. 12. og 16. október. Sá fyrri var ekki sóttur af hálfu Persónuverndar. Þórður Sveinsson lögfræðingur sótti hinn síðari.

4.3. Alþjóðlegt samstarf

35. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin 23.-24. september 2013 í Varsjá í Póllandi. Ráðstefnan var ekki sótt.

4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt 30. fund sinn í Strassborg 15.-18. október. Fundinn sótti f.h. Persónuverndar Hörður Helgi Helgason settur forstjóri. Meðal annars var rætt um nettengda þjónustu og áhættuþætti í tengslum við tækninýjungar er varða einkalíf og persónuvernd. Evrópuráðið greiddi ferða- og gistikostnað.

Þá hélt ad hoc nefnd ráðsins um endurskoðun á samningi ráðsins nr. 108/1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, sinn 1. fund í Strassborg 12.-14. nóvember. Fundurinn var ekki sóttur.

4.5. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þar á meðal Íslandi.

Á árinu 2013 voru haldnir 5 fundir: 89. fundur var 26.-27. febrúar; 90. fundur var 15.-17. apríl; 91. fundur var 5.6. júní; 92. fundur var 1.-2. október; og 93. fundur var 4.-5. desember. Forstjóri mætti á 89. fundinn. Aðrir voru ekki sóttir.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB.

Helstu skjöl, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2013, eru eftirtalin:

- Starfsáætlun 2014-2015, skjal nr. WP 210.
- Álit nr. 04/2013 um fyrirmynd að mati á áhrifum snjallorku- og snjallorkumælingakerfa á vernd persónuupplýsinga, útbúna af sérfræðingahópi 2 á vegum vinnuhóps um snjallorkuveitur (skjal nr. WP 209).
- Vinnuskjal nr. 02/2013 með leiðbeiningum um öflun samþykkis fyrir vefkökum (skjal nr. WP 208).
- Álit nr. 06/2013 um opin gögn og endurnot upplýsinga frá hinu opinbera (skjal nr. WP 207).
- Álit nr. 05/2013 um snjalllandamæravörslu (skjal nr. WP 206).
- Álit nr. 04/2013 um fyrirmynd að mati á áhrifum snjallorku- og snjallorkumælingakerfa á vernd persónuupplýsinga, útbúna af sérfræðingahópi 2 á vegum vinnuhóps um snjallorkuveitur (skjal nr. WP 205).
- Leiðbeinandi skjal um bindandi fyrirtækjareglur fyrir vinnsluaðila (skjal nr. WP 204).

- Álit nr. 03/2013 um afmörkun tilgangs (skjal nr. WP 203).
- Álit nr. 02/2013 um öpp í snjallbúnaði (skjal nr. WP 202).
- Álit nr. 01/2013 með frekara framlagi til umræðu um drög að tilskipun um vernd persónuupplýsinga hjá lögreglu og í refsivörslukerfinu (skjal nr. WP 201).
- Vinnuskjal nr. 01/2013 um tillögur að innleiðingargerðum (skjal nr. WP 200).

5. Ýmislegt fréttæmt af erlendum vettvangi

5.1. Vinnuhópur um upplýsingasöfnun Bandaríkjastjórnar á Netinu

Persónuvernd og systurstofnanir hennar í öðrum Evrópuríkjum eiga með sér náið samstarf á ýmsum sviðum, einkum á vettvangi svonefnds 29. gr. starfshóps. Í kjölfar fréttu af ýmsum verkefnum Bandaríkjastjórnar sem lúta að söfnun og vinnslu persónuupplýsinga af Netinu, úr fjarskiptakerfum, greiðslumiðlunarkerfum og öðrum kerfum var í júlí komið á fót vinnuhópi ESB og Bandaríkjanna og var formaður 29. gr. starfshópsins meðal meðlima vinnuhópsins, sbr. <http://www.personuvernd.is/efst-a-baugi/ymislegt-frettnaemt/2013/nr/1660>. Fylgdist Persónuvernd eftir bestu getu náið með framþróun málsins á vettvangi starfshópsins.

Hinum sameiginlega vinnuhópi ESB og Bandaríkjanna var ætlað að afla upplýsinga um hvert sé eðli, umfang og lagagrundvöllur nánar tiltekinnar vinnslu bandarískra stjórnvalda, einkum bandarísku þjóðaröryggisstofnunarinnar, á persónuupplýsingum um almenning í ríkjum á EES, einkum upplýsingum sem aflað er hjá eða frá fjarskiptafyrirtækjum, t.d. í svonefndu PRISM verkefni þjóðaröryggisstofnunarinnar.

Í kjölfar þess að vinnuhópurinn lauk störfum og skilaði niðurstöðum sínum kallaði framkvæmdastjórn ESB, með hliðsjón af skýrslu hópsins, eftir aðgerðum í sex liðum sem ætlað var að auka traust í samskiptum ESB og Bandaríkjanna á þessu sviði:

1. Að fyrirliggjandi drög að nýrri reglugerð ESB um persónuvernd verði samþykkt án tafar.
2. Að reglur um svonefndar „öruggar hafnir“ í Bandaríkjunum verði hertar.
3. Að persónuvernd í samstarfi lögreglufirvalda verði efl.
4. Að upplýsingaöflun bandarískra stjórnvalda um evrópska borgara fari ekki fram beint frá þeim fyrirtækjum sem búa yfir þeim upplýsingum heldur í samræmi við ákvæði milliríkjasamninga við ESB.
5. Að sú rannsókn sem forseti Bandaríkjanna hafði boðað á starfsemi þjóðaröryggisstofnana tæki einnig til upplýsingavinnslu um evrópska borgara.
6. Að Bandaríkin ættu að gerast aðilar að samningi Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga (ETS 108/1981).

Loks lýsti framkvæmdastjórnin því yfir að réttarreglur ESB um persónuvernd væru ekki meðal þess sem yrði ráðstafað með þeim viðskiptasamningi ESB og Bandaríkjanna sem unnið var að á árinu.

Skýrslu vinnuhópsins, ásamt fréttatilkynningu framkvæmdastjórnar ESB og umfjöllun um ýmis önnur samskipti ESB og Bandaríkjanna um vinnslu persónuupplýsinga, var að finna á slóðinni: http://ec.europa.eu/justice/newsroom/data-protection/news/131127_en.htm.

5.2. Úttekt persónuverndarstofnunar í Lúxemborg á öryggi gagna hjá Skype og Microsoft

Systurstofnun Persónuverndar í Lúxemborg stóð á árinu fyrir úttekt á vinnslu persónuupplýsinga hjá dótturfyrirtækjum bandarísku fyrirtækjanna Skype og Microsoft þar í landi.

Úttektin leiddi ekki í ljós að þessi dótturfélög hefðu veitt bandarísku þjóðaröryggisstofnuninni aðgang að upplýsingum um evrópska viðskiptavinum fyrirtækjanna. Þá benda niðurstöður úttektarinnar til þess að flutningur persónuupplýsinga frá fyrirtækjunum til tengdra félaga í

Bandaríkjunum fullnægi þeim skilyrðum sem gerð eru fyrir flutningi upplýsinga í svonefndar „öruggar hafnir“ (e. Safe Harbour Principles).

5.3. Rannsókn evrópskra persónuverndarstofnana á öryggi SWIFT greiðslumiðlunar

Persónuverndarstofnanir í Hollandi og Belgíu hófu á árinu úttekt á alþjóðlega greiðslumiðlunarkerfinu SWIFT, í ljósi ábendinga um að erlendar leynipjónustur, hugsanlega bandaríska þjóðaröryggisstofnunin, kynni að hafa öðlast ólögmatan aðgang að kerfinu. Höfuðstöðvar SWIFT eru í Belgíu og önnur starfsstöð mun vera í Hollandi.

6. Lög og reglur

6.1. Lög nr. 77/2000

Hér að neðan eru lög nr. 77/2000 birt eins og þau voru í árslok 2013:

I. kafli.

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. *Skerá*: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. *Vinnsluaðili*: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. *Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.]¹⁾
7. *Samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar*:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
 - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.

- e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
9. *Sértæk ákvörðun*: Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.

¹⁾ L 46/2003, 1. gr.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

4. gr.

[Rafræn vöktun.

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.] ¹⁾

¹⁾ L. 46/2003, 2. gr.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta.

Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu] ¹⁾ eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.] ²⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi. ¹⁾

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.³⁾

¹⁾ L. 72/2003, 5. gr. ²⁾ Augl. 228/2010. ³⁾ L. 90/2001, 1. gr.

II. kafli.

Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]¹⁾

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.¹⁾

²⁾ L. 90/2001, 2. gr.

8. gr.

[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.¹⁾
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

...²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem

hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 3. gr. ²⁾ L. 46/2003, 3. gr.

9. gr.

[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]¹⁾

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]¹⁾

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.²⁾

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]²⁾ telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur³⁾ um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykki þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

¹⁾ L. 90/2001, 4. gr. ²⁾ L. 81/2002, 1. gr. ³⁾ Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 853/2010.

10. gr.

Notkun kennitölu.

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

[Ábættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur¹⁾ og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.]²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 5. gr.

12. gr.

Innra eftirlit.

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli¹⁾ um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]²⁾

¹⁾ Rgl. 299/2001. ²⁾ L. 90/2001, 6. gr.

13. gr.

[Trúnaðarskylda vinnsluadila við meðferð persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluadili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu¹⁾ í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.]²⁾

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.]⁴⁾

¹⁾ Augl. 228/2010. ²⁾ L. 90/2001, 7. gr. ³⁾ L. 72/2003, 6. gr.

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af [ráðherra]¹⁾ með reglugerð.

¹⁾ L. 162/2010, 164. gr.

III. kafli.

Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörunarskylda. Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;

2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og móttæknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsóknna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki,
 - c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 81/2002, 2. gr.

21. gr.

[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
 - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
 - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
 - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,

2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.]¹⁾

¹⁾ L. 81/2002, 3. gr.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvörðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónusniða.

Þegar persónusnið sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannaferi skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. kafli.

Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða

þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkeri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum sammings.

28. gr.

[[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá [Þjóðskrár Íslands].¹⁾]²⁾

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[[Þjóðskrá Íslands]¹⁾ skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. [Ráðherra]³⁾ setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur⁴⁾ um gerð og notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.²⁾ Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár Íslands]¹⁾ til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er mótttekinn að um slíkan póst sé að ræða.]⁵⁾

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,

2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við [Þjóðskrá Íslands],¹⁾ sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

[Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]⁶⁾

¹⁾ L. 77/2010, 5. gr. ²⁾ L. 50/2006, 23. gr. ³⁾ L. 162/2010, 164. gr. ⁴⁾ Rgl. 36/2005. ⁵⁾ L. 30/2002, 23. gr. ⁶⁾ 90/2001, 8. gr.

V. kafli.

Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir¹⁾ í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]²⁾

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

¹⁾ Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. Augl. 228/2010. ²⁾ L. 90/2001, 9. gr.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. [ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja

réttarkröfur, eða

8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].¹⁾

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli²⁾ um flutning persónuupplýsinga úr landi.]¹⁾

¹⁾ L. 90/2001, 10. gr. ²⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

VI. kafli.

Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr.

Tilkynningarskylda.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið¹⁾ að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

¹⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010.

32. gr.

Efni tilkynninga.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.]¹⁾

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli²⁾ um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfrest eftir tegund og eðli vinnslu.³⁾

¹⁾ L. 81/2002, 4. gr. ²⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. ³⁾ Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

*33. gr.
Leyfisskyld vinnsla.*

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið¹⁾ að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið²⁾ að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

¹⁾ Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. ²⁾ Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003 og rgl. 853/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

*34. gr.
Forsendur leyfisveitingar o.fl.*

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

*35. gr.
Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.*

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar,

innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;

5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

VII. kafli. **Eftirlit og viðurlög.**

36. gr.

Skipulag Persónuverndar og stjórnsýsla.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir [ráðherra].¹⁾

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

¹⁾ L. 126/2011, 308. gr.

37. gr.

Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].¹⁾

Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,²⁾
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,³⁾
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

Persónuvernd setur reglur⁴⁾ um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.⁵⁾

¹⁾ L. 90/2001, 11. gr. ²⁾ Rgl. 340/2003. ³⁾ Augl. 1001/2001. ⁴⁾ Rgl. 837/2006, sbr. rgl. 394/2008. ⁵⁾ L. 81/2002, 5. gr.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafist ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra

hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirmælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrir en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.

Batur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluadili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða

vinnsluaðila.

VIII. kafli. Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnáslögum.

45. gr.

Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð¹⁾ skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfissskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð²⁾ mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

¹⁾ Rg. 246/2001. ²⁾ Rg. 322/2001, sbr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008.

46. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnáslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

6.2. Breyting á auglýsingu um flutning persónuupplýsinga til annarra landa

Þann 9. apríl 2013 var auglýsingu nr. 228/2010 breytt, með auglýsingu nr. 419/2013, á þann veg að Úrúgvæ var bætt í hóp svonefndra „öruggra þriðju ríkja“. Eftir þá breytingu er auglýsingin, um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, svohljóðandi:

1. gr.

Flutningur persónuupplýsinga úr landi. Fullnægjandi vernd.

Lög eftirtalinna ríkja teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er því heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra, að fullnægðum skilyrðum laganna:

- a. Aðildarríki EES og EFTA,
- b. Sviss,
- c. Kanada,
- d. Argentína,
- e. Guernsey,
- f. Mön,
- g. Jersey,
- h. [Færeyjar,
- i. Andorra,
- j. Ísrael.¹⁾
- k. Úrúgvæ]²⁾

¹⁾Auglýsing nr. 108/2012

²⁾Auglýsing nr. 419/2013

2. gr.

Öruggar hafnir.

Heimilt er að flytja persónuupplýsingar til aðila í Bandaríkjunum sem fara að reglum, útgefnum af viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna, um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 (Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7. (Ákvörðun nr. 108/00. (EES-viðbætur nr. 8/47, 15.2.2001). Gildistaka: 1.12.2000)).

3. gr.

Staðlaðir samningsskilmálar.

Við veitingu leyfis til flutnings persónuupplýsinga til lands, sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, getur Persónuvernd m.a. gert að skilyrði:

1. Að ábyrgðaraðili hér á landi geri skriflegan samning við erlendan viðtakanda í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun

95/46/EB frá (Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 34, og eins og henni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/915/EB frá 27. desember 2004 (Stjtið. EB L 385, 29.12.2004, bls. 74. (Ákvörðun nr. 9/2006. (EES-viðbætur 17/10, 30.3.2006). Gildistaka: 28.1.2006)).

2. Að ábyrgðaraðili hér á landi geri skriflegan samning við erlendan viðtakanda í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2010/87/EB frá 5. febrúar 2010 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi fyrri auglýsing um sama efni nr. 638/2005, eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 1041/2006 og 425/2009.

6.3. Breyting á reglum nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga

Þann 28. maí 2013 var reglum nr. 712/2008 breytt, með reglum nr. 548/2013, á þann veg að við 1. mgr. 4. gr. bættist nýr töluliður. Eftir þá breytingu eru reglurnar, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, svohljóðandi:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um leyfisskyldu vegna vinnslu persónuupplýsinga, um tilkynningarskyldu vegna rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga og um undanþágur frá þeirri skyldu.

Reglur þessar taka ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoýruggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000. Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

Reglurnar gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000.

Reglurnar gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem fer einvörðungu fram í þágu fréttamennsku.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

1. Persónuupplýsingar, sbr. 1. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. Viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða

- aðrar lífsskoðanir.
- b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
3. Almennar persónuupplýsingar: Persónuupplýsingar sem ekki teljast viðkvæmar í skilningi 2. tl.
 4. Dulkóðun: Umbreyting orða eða talna í leynilegan kóða sem dylur merkingu þeirra.
 5. Miðlæg skrá: Skrá með upplýsingum um alla einstaklinga hér á landi sem uppfylla ákveðin viðmið, óháð búsetu.
 6. Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með fólki með fjarstýrðum eða sjálfvirkum rafrænum búnaði og leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga.
 7. Upplýst samþykki: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
 8. Vinnsla: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn. Til vinnslu teljast m.a. söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging.
 9. Ábyrgðaraðili, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
 10. Vinnsluaðili, sbr. 5. tl. 2. gr. laga nr. 77/2000: Aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

3. gr.

Ábyrgð ábyrgðaraðila.

Sé vinnsla persónuupplýsinga háð leyfi frá Persónuvernd, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að sækja um slíkt leyfi og haga vinnslunni ávallt í samræmi við útgefið leyfi. Sé vinnsla tilkynningarskyld, skv. ákvæðum laga eða reglna þessara, ber ábyrgðaraðili vinnslu ábyrgð á því að Persónuvernd berist tilkynning um hana og að vinnslu sé ávallt hagað í samræmi við innsenda tilkynningu.

Eftirlit Persónuverndar haggar í engu ábyrgð ábyrgðaraðila á vinnslu persónuupplýsinga. Þótt Persónuvernd geri ekki athugasemdir við innsenda tilkynningu hefur það ekki þýðingu fyrir mat á lögmæti vinnslunnar.

II. KAFLI

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

4. gr.

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga.

Eftirfarandi vinnsla persónuupplýsinga er háð skriflegri heimild Persónuverndar:

1. Samkeyrsla skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld:
 - a. ef einvörðungu er samkeyrt við upplýsingar úr þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer, eða
 - b. ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila, þó að undanskildum miðlægum skráum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.
2. Vinnsla persónuupplýsinga sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðæfni manns nema aðeins sé unnið með hluta af erfðæfni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.
3. Vinnsla upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.
4. Söfnun persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga í þeim tilgangi að miðla þeim til annarra.
5. Vinnsla upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsmáttíðni, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.
6. Vinnsla persónuupplýsinga sem felur í sér að nafn manns er fært á skrá eftir fyrirfram ákveðnum viðmiðum og upplýsingunum miðlað til þriðja aðila í því skyni að neita manninum um tiltekna fyrirgreiðslu eða þjónustu.
7. Miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga í þágu vísindarannsóknar, enda standi ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga sem miðlað er ekki að framkvæmd rannsóknarinnar.
8. **[Miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga, sem varðveittar eru hjá stjórnvöldum, í þágu rannsókna. Hið sama á við ef miðlun felur í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila. Persónuvernd getur ákveðið að leyfisskylda stjórnvalds falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skal við slíka miðlun.]⁴⁾**

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er vinnsla persónuupplýsinga ekki háð heimild Persónuverndar byggi hún á upplýstu samþykki eða fyrirmælum laga. [Þá þarf ekki leyfi til vinnslu persónuupplýsinga um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna þar sem unnið er með erfðæfni þeirra (DNA), enda sé:

Ekki um að ræða upplýsingar sem falla undir 2. tölul. 2. gr. reglna þessara.

Vinnslu hagað í samræmi við reglur nr. 1100/2008.

Ljóst að hinn skráði hafi hvergi með sannanlegum hætti andmælt vinnslu persónu-upplýsinga um sig í þágu vísindarannsókna.¹⁾

[Aðgangur að sjúkraskráum vegna vísindarannsókna er ávallt háður leyfi Persónuverndar, sbr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.]²⁾ [Hið sama gildir um aðgang að lífsýnum í lífsýnasöfnum í sama skyni, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um lífsýnasöfn nr. 110/2000.]³⁾

¹⁾ Reglur nr. 423/2010, 1. gr.

²⁾ Reglur nr. 927/2009, 1. gr.

³⁾ Reglur nr. 423/2010, 2. gr.

⁴⁾ Reglur nr. 548/2013, 1. gr.

III. KAFLI

Tilkynningarskyld vinnsla persónuupplýsinga.

5. gr.

Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga.

Rafræn vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld nema hún sé leyfisskyld samkvæmt ákvæði 4. gr. Þó er stjórnmalaflokkum, trúfélögum, stéttarfélögum og öðrum sambærilegum aðilum sem starfa ekki í hagnaðarskyni ekki skylt að tilkynna vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um félagsmenn sína, enda teljist vinnslan eðlilegur þáttur í lögmætri starfsemi þessara aðila.

6. gr.

Tilkynningarskyld vinnsla almennra persónuupplýsinga.

Rafræn vinnsla almennra persónuupplýsinga er tilkynningarskyld. Vinnsla er þó ekki tilkynningarskyld ef hún:

1. Er háð leyfi Persónuverndar samkvæmt ákvæði 4. gr.
2. Er nauðsynlegur, eðlilegur og venjubundinn þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
4. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
5. Lýtur að upplýsingum sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.

Skylt er að tilkynna vinnslu persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. frammistöðumat starfsmanna, vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í persónusnið eða kerfisbundna hljóðritun símtala.

7. gr.

Vinnsla sem fram fer með rafrænni vöktun.

Ábyrgðaraðila að vinnslu sem fram fer með rafrænni vöktun ber að senda Persónuvernd tilkynningu um hana. Það á þó ekki við sé vöktunin nauðsynleg, fari einungis fram í öryggis- og eignavörsluskyni, þeir sem eru vaktaðir, s.s. nemendur eða starfsmenn, hafi fengið fræðslu um vöktunina í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000 og aðrir hafi fengið viðvaranir í samræmi við 24. gr. sömu laga. Að öðru leyti fer um úrvinnslu efnis, s.s. hljóð- eða myndefnis, sem til verður við rafræna vöktun samkvæmt 4., 5. og 6. gr. reglna þessara.

[EKKI er skylt að senda Persónuvernd tilkynningu um sjálfvirka og óhjákvæmilega vöktun sem fram fer á netþjónum á vinnustöðum og í skólum.]⁴⁾

⁴⁾ Reglur nr. 927/2009, 2. gr.

8. gr.

Hvenær má hefja vinnslu.

Ábyrgðaraðili skal senda Persónuvernd tilkynningu um vinnslu tímanlega áður en hún hefst. Honum er heimilt að hefja vinnslu um leið og tilkynning hefur verið send en skal stöðva hana berist honum tilmæli frá Persónuvernd þar að lútandi.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

9. gr.

Form og efni tilkynninga.

Tilkynningu til Persónuverndar skal koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í samræmi við 32. gr. laga nr. 77/2000 skal í tilkynningu tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og, eftir atvikum, fulltrúa hans sem hefur staðfestu hér á landi skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt séu fyrir mæli 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000 um fræðsluskyldu.

Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu tilkynnanda. Verði vinnsla falin vinnsluáðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

10. gr.

Breytingar á tilkynntri vinnslu.

Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

IV. KAFLI

Um flutning persónuupplýsinga úr landi.

11. gr.

Leyfisskyldur flutningur persónuupplýsinga úr landi.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem telst veita fullnægjandi vernd samkvæmt lögum nr. 77/2000, er ekki tilkynningarskyldur.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki telst veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd er háður skriflegri heimild Persónuverndar, enda hafi ábyrgðaraðili veitt nægilegar tryggingar fyrir

vernd upplýsinganna. Þetta gildir ekki ef undanþáguákvæði í lögum nr. 77/2000 heimila slíkan flutning. Að öðru leyti fer um flutninginn eftir V. kafla þeirra laga.

V. KAFLI
Önnur ákvæði.
12. gr.
Eftirlit.

Persónuvernd fer með eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Um heimildir Persónuverndar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

13. gr.
Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., 3. mgr. 31. gr., 2. mgr. 32. gr. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

6.4. Breyting á reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga

Þann 28. maí 2013 var einnig breytt reglum nr. 299/2001, með reglum nr. 551/2013, á þann veg að við Í stað orðanna „ÍST BS 7799 Stjórnun upplýsingaverndar“ í 2. mgr. 1. gr. kemur: ÍST ISO/IEC 27001 Upplýsingatækni – Öryggis­tækni – Stjórnkerfi upplýsinga – Kröfur. Eftir þá breytingu eru reglurnar, um öryggi persónuupplýsinga, svohljóðandi:

I KAFLI
Markmið og gildissvið
1. gr.
Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Í því felst að tryggja eðlilega leynd upplýsinganna, lögmætan aðgang að þeim, gæði þeirra og áreiðanleika.

Að öðru leyti en kemur fram í reglum þessum má til hliðsjónar og leiðbeiningar styðjast við staðalinn [ÍST ISO/IEC 27001 Upplýsingatækni – Öryggis­tækni – Stjórnkerfi upplýsinga – Kröfur.]¹⁾

¹⁾ Reglur nr. 551/2013, 1. gr.

2. gr.
Gildissvið

Reglur þessar gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, taka til.

Persónuvernd getur veitt undanþágu frá fyrirmælum reglna þessara ef um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem ekki telst hafa í för með sér hættu fyrir friðhelgi einkalífs, t.d. þegar litið er til umfangs vinnslunnar, áhættu af vinnslunni og eðlis þeirra gagna sem verja á.

II. KAFLI
Öryggiskerfi
3. gr.

Ábyrgðaraðila ber að útbúa öryggiskerfi til að tryggja vernd persónuupplýsinga. Undirbúningur öryggiskerfis fer fram í þessum áföngum:

1. Ábyrgðaraðili setur sér skriflega öryggisstefnu. Í henni skal m.a. koma fram almenn lýsing á afstöðu æðsta stjórnanda ábyrgðaraðila til öryggismála. Við mótun öryggisstefnu skal taka mið af því hvaða persónuupplýsingar skuli vernda, hvernig skuli vernda þær og þeirri aðferð sem viðhöfð verður við vinnslu þeirra.
2. Ábyrgðaraðili gerir skriflegt áhættumat. Áhættumat er mat á hættunni á því að

óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingum, geti breytt upplýsingunum eða skert öryggi þeirra að öðru leyti. Áhættumat tekur einnig til athugunar á umfangi og afleiðingum hættunnar m.t.t. eðlis þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Markmið áhættumats er að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum, sbr. III. kafla reglna þessara. Þá skal tilgreina hvað geti farið úrskeiðis, hvaða áhrif slíkt geti haft á öryggi upplýsinganna og hvaða líkur séu á slíku. Áhættumat skal endurskoðað reglulega.

3. Ábyrgðaraðili velur hvaða öryggisráðstafanir skulu viðhafðar í samræmi við III. kafla reglna þessara og setja fram skriflega lýsingu á þeim. Í lýsingunni skal m.a. koma fram afstaða ábyrgðaraðilans til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna. Þá skal rakið hvaða öryggisráðstöfunum verði beitt og hvernig þær verði útfærðar, þ.á m. við hönnun, þróun, rekstur, prófun og viðhald þess kerfis, þ.m.t. hugbúnaðar, sem notað verður við vinnslu upplýsinganna. Þar skal og tekið fram hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri vinnslukerfisins, hvernig flutningi persónuupplýsinga milli vinnslukerfa verði hagað, þ. á m. mögulegum flutningi gagna milli ábyrgðar- og vinnsluaðila. Öryggisráðstafanir skal endurskoða reglulega.

Persónuvernd skal hvenær sem hún óskar hafa aðgang að öryggisstefnu ábyrgðaraðila, áhættumati og lýsingu á viðkomandi öryggisráðstöfunum.

III. KAFLI

Öryggisráðstafanir

4. gr.

Almennt

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir og ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður. Markmið skipulags- og tæknilegra öryggisráðstafana er til að tryggja nægilegt öryggi og vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólögumetri vinnslu.

Við val öryggisráðstafana skal taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Skulu þær tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Sé persónuupplýsingum miðlað um Netið skal taka mið af þeirri auknu áhættu sem sú aðferð hefur í för með sér.

5. gr.

Öryggisráðstafanir varðandi starfsmannamál

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum mannlegra mistaka, þjófnaðar, svika og annarrar misnotkunar, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

1. Kanna feril umsækjenda um störf.
2. Fá skjalfestar þagnaryfirlýsingar starfsmanna.
3. Skilgreina með skýrum hætti hlutverk og skyldur hvers starfsmanns sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, þ.á m. hverjir beri ábyrgð á einstökum skráasöfnum.
4. Gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að starfsmönnum sé með reglubundnum hætti gerð grein fyrir starfsskyldum sínum og þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér að brjóta þær.

6. gr.

Ytra öryggi

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum óheimils aðgangs, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

1. Stýra aðgangi að húsnæði með úthlutun lykla, aðgangskorta o.þ.h.
2. Viðhafa öryggisvörslu, t.d. með öryggisvörðum, viðvörunarkerfum eða rafrænni vöktun.

7. gr.

Skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum bilana og óheimils aðgangs að vinnslubúnaði, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

1. Stýra aðgangi að búnaði með úthlutun aðgangs- og lykilorða.
2. Dulkóða eða eyða persónuauðkennum, eða að setja númer í stað persónuauðkenna og varðveita greiningarlykil með tryggum hætti.
3. Tryggja rekjanleika uppflettinga og vinnsluaðgerða.
4. Varðveita persónuupplýsingar á ónettengdri tölvu.
5. Takmarka aðgang að persónuupplýsingum við lesaðgang (uppflettiaðgang), svo sem í þeim tilgangi að hindra óheimila eyðingu, afritun eða samkeyrslu.
6. Viðhafa sívirkar veiruvörnir.

IV. KAFLI

Innra eftirlit

8. gr.

Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur, þ. á m. þá skilmála sem Persónuvernd hefur sett um viðkomandi vinnslu.

Innra eftirlit skal m.a. beinast að:

1. Athugun á því hvort vinnslan sé heimil skv. lögum nr. 77/2000.
2. Hvort fullnægt hafi verið tilkynningar- eða leyfisskyldu þeirri sem kveðið er á um í lögnum.
3. Hvort uppfylltar séu reglur 7. gr. laganna um lögmæti vinnslu, þ. á m. ákvæði 5. tl. um eyðingu persónuupplýsinga sem ekki þarf að varðveita lengur, miðað við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.
4. Hvort virt séu í framkvæmd ákvæði um rétt hins skráða samkvæmt lögnum.
5. Hvort fylgt sé þeim öryggisráðstöfunum sem valdar hafa verið skv. c-lið 1. mgr. 3. gr. og III. kafla reglna þessara.
6. Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af eftirlitinu. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Að jafnaði skal viðhafa innra eftirlit samkvæmt fyrirfram skilgreindu kerfi.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega og hefur Persónuvernd rétt til aðgangs að þeim hvenær sem þess er óskað.

V. KAFLI
Vinnsluaðili

9. gr.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta til, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti viðhaft þær öryggisráðstafanir sem um vinnsluna gilda og framkvæmt innra eftirlit með vinnslunni.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og í að minnsta kosti tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðili skuli starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði reglna þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili framkvæmir. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru EES ríki en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000, þá skal jafnframt geta þess í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu, gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila, nema lög mæli fyrir á annan veg.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.
10. gr.

Tilkynning til Persónuverndar um öryggisráðstafanir

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. laga nr. 77/2000 skal koma fram með hvaða hætti ábyrgðaraðili fullnægir ákvæðum reglna þessara.

11. gr.
Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 11. og 12. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

